

32

Vilja rækta næm og léttstíggross



48

Flugvélar, orgel og handverk



22

Grænlenk fjölskylda tekur við sauðfjárbúi



34

Kakóbaunaraunir



Bændablaðið

23. tölublað 2023 • Fimmtudagur 14. desember • Blað nr. 647 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Bændablaðið óskar lesendum sínum um land allt gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Jólublaðið að þessu sinni er 96 síður, uppfullar af fréttum, fróðleik og skemmtiefni. Teikning / Hlynur Gauti Sigurðsson

Íslensku jólatrén sækja enn í sig veðrið

Pau íslensku jólatré sem höggvin verða til að skreyta híbýli og umhverfi landsmanna fyrir þessi jól verða væntanlega um 8 þúsund talsins. Sé miðað við árið í fyrra eru innflutt jólatré með um 57% markaðshlutdeild lifandi trjáa.

Alls voru rúm 18.600 lifandi jólatré keypt fyrir síðustu jól.

Fjöldi íslensku jólatrjána hefur risið heldur upp á við hin síðari ár, um tæplega 400 tré á árabílinu 2016 til 2022, skv. tölum frá Skógræktarfélagi Íslands.

Á sama tíma hefur sala á innfluttum dönskum normannspín dregist allmikið saman, úr rúmum 28 þúsund trjám 2016 í 10.600 tré í fyrra, eða um tæpan þriðjung. Innflutningur og sala á jólagreinum,

einkum af eðalþini, hefur aukist.

Í fyrra voru seld íslensk jólatré alls 8.016 stykki. Tré frá skógarbændum voru 1.700, frá Skógræktinni 1.600 og skógræktarfélagum landsins tæplega 4.700 að tölu. Höggvin voru jólatré og greinar að verðmæti 94 m.kr. og er þá miðað við söluverðmæti frá framleiðanda.

Sá varnagli er sleginn að inn í þessar tölur vantar þau jólatré sem koma úr einstaka heimasölu skógarbænda og þau sem fólk heggur sjálf á einkalóðum og -landi.

Minnkandi innflutningur

„Á tímabili voru einhverjir tugir þúsunda jólatrjáa fluttir inn til landsins en það hefur þó breyst, m.a.

með aukinni hlutdeild gervitrjáa,“ segir Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri Þjóðskóga hjá Skógræktinni. Stóru fyrirtækin kaupi normannspín úti og selji hér við fremur lágu verði og erfitt sé fyrir íslensku trén að keppa við það.

„Aðaljólatréð er stafafura, vegna barrheldni og kannski líka vegna verðs og aðgengileika,“ segir Hreinn og heldur áfram: „Rauðgrenið er þekkt fyrir að fella barrið nokkuð fljótt og fjallapínurinn er dýr. Blágrenið var dálítið notað en það voru vandræði með vaxtarlag og svo vorum við að fá svepp í barrið seint á haustin.“

Íslenski fjallapínurinn er líklega flottasta jólatréð en lítið er höggvið af honum, aðallega vegna þess

hversu lítið kemur af slíkum trjám úr reitunum.“

Hreinn tekur sem dæmi að sé plantað tíu þúsund plöntum á ha komi úr því eitt þúsund jólatré.

Íslensku jólatrén eru sums staðar tekin úr sérstökum uppeldissvæðum en annars staðar úr skógræktarreitum og hentar það ágætlega sem fyrsta grisjun. Ræktendur höggva þannig víða tré úr uppaxandi ungsökum og færa á markað.

Greinar væru góð aukabúgrein

Plantað er á móti öllum höggnum íslenskum jólatrjám og ríflega það, því að á milli sex og sjö milljónir trjáplanta eru gróðursett árlega en þó aðeins brotabrot af því í

jólatrjáareiti. Kolefnisspor innlendu jólatrjána er þannig hverfandi miðað við hin innfluttu, sem og plastjólatrjáa.

„Það sem vantar, og væri hægt að útvega miklu meira af, eru jólagreinar,“ segir Hreinn. „Við höfum aðeins verið að reyna að koma markaðnum í gang með að kaupa íslenskar greinar, og það gekk þokkalega í nokkur ár, en svo hefur áhuginn eitthvað dofnað aftur hjá kaupendum. Í það minnsta er hægt að útvega greinar af þin sem líkjast þessum innfluttu, sem og af blágreni og stafafuru. Stóri sigurinn væri ef við gætum farið að taka einhvern hluta af innflutningi á greinum. Það væri fín aukabúgrein fyrir bændur, sem dæmi,“ segir Hreinn. /sá

FRÉTTIR



Góð uppskera var af spergilkáli og blómkáli í haust, þrátt fyrir erfiðar aðstæður í vor. Mynd / Bbl

Útiræktun grænmetis:

Ágæt uppskera þrátt fyrir kalt vor

Samkvæmt uppskerutölum úr útiræktun grænmetis, sem bændur hafa sjálfir skráð, er heildaruppskeran heldur meiri í ár en undanfarin tvö ár.

Talsvert meiri uppskera var af blómkáli og spergilkáli en á síðasta ári, en svipuð í kartöflum, gulrótum og gulrófum. Minna er af kínakáli, hvítkáli og rauðkáli miðað við síðasta ár.

„Í heild mega bændur vera nokkuð ánægðir með uppskeruna þar sem voríð var blautt og kalt og fræ og plöntur fóru seint niður og vöxtur hægur til að byrja með,“ segir Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Uppskeran kom því seinna á markað en í meðalári, að sögn Helga.



Helgi Jóhannesson.

„En gott haust gerði það að verkum að heildaruppskera varð ágæt í mörgum tilvikum.

Tölur um hektara í ræktun liggja ekki fyrir og því ekki hægt að draga miklar ályktanir um ástæður þessara breytinga milli ára,“ segir Helgi.

/smh

Tegund	2020	2021	2022	2023
Kartöflur	7.379	6.355	7.180	7.290
Gulrófur	950	559	630	638
Gulrætur	659	754	980	1.030
Blómkál	90	105	89	120
Hvítkál	214	207	235	140
Kínakál	105	54	87	57
Spergilkál	90	93	85	104
Rauðkál	175	172	64	30
Samtals	9.662	8.299	9.350	9.409

Uppskerutölur úr útiræktun grænmetis samkvæmt skráningu bænda. Magn er í tonnum eftir tegundum.

Íslenskt kjarnfóður í öll mál

Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla

ISLENSKT

gjörð svo vel



- Úrvals hráefni og aðföng
- Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum
- Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja

Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Líflands í síma **540 1100** eða á **fodur@lifland.is**

LÍFLAND

fyrir lífið í landinu



Grímsstaðaket selur mest af lambakjöti en Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, sem hér sést við kjötsögun, segir vera vaxandi markað fyrir ærkjöt og sauðakjöt, eða kjöt af veturgömlu. Einnig folaldakjöt og hrossakjöt. Mynd / Aðsend

Jólahangikjötið rýkur út

– Eftirspurnin knýr hraðan vöxt Grímsstaðakets

Miklar annir eru nú hjá Grímsstaðaketi og hangikjötslærin fjúka út gegnum Beint frá býli. Eigendurna grunaði ekki hversu hröð uppbyggingin ætti eftir að verða þegar þau hófust handa.

Á Grímsstöðum í Reykholtssdal er rekið fjár- og hrossabú. Vetrarfóðraðar ær eru þar 350 talsins og hrossin 90. Árið 2020 settu Grímsstaðabændur, hjónin Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir og Hörður Guðmundsson, á fót kjötvinnslu.

„Á þeim tíma sem við opnuðum kjötvinnsluna vorum við nær eingöngu að vinna okkar kjöt og lítið fyrir aðra,“ segir Jóhanna. „Þegar við byrjuðum á kjötvinnslunni var komið í umræðuna að leyfa svokölluð heimaslaturhús og það var alltaf planið að hoppa á þann vagn þegar það yrði leyft. Okkur grunaði þó aldrei að það yrði strax á öðru starfsárinu okkar!

Við ákváðum að það væri ekki eftir neinu að bíða og fórum strax að stækka húsið þar sem kjötvinnslan er, til að koma fyrir slátruhúsi. Slátruhúsið fyrstu lömbunum þar í október 2021.“

Eftirspurn eftir folalda- og hrossakjöti eykst

Hún segir þau síðan hafa slátrað öllum þeim lömbum sem þau selja gegnum Beint frá býli þar heima.

„Löggiltu eldhúsi var svo bætt við haustið 2022, eftir að matarsmiðju, sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) stóðu að og var með starfsemi í Borgarnesi, var lokað,“ heldur Jóhanna áfram. „Þá bauðst mér að fá tækin frá þeim. Við gerðum samning við SSV um tækin og geta nú framleiðendur leigt af mér aðstöðuna fyrir sína framleiðslu.“

Þau vinna mest með lambakjöt en Jóhanna segir jafnframt vera aukinn markað fyrir ærkjöt og sauðakjöt, eða kjöt af veturgömlu. Eins sé vaxandi markaður með folaldakjöt og hrossakjöt. Lauslega reiknað sé framleiðslan hjá þeim 50% lambakjöt, 30% ærkjöt og 20% folalda- og hrossakjöt.

„Við höfum vaxið á hverju ári,“ segir Jóhanna. „Í ár slátruhúsið við 250 lömbum og 90 fullorðnu hér, og frystirinn er að tæmast. Það er því ljóst að ef við ætlum að geta verið með lamba- og ærkjöt í sölu allt árið þá þurfum við að stækka aðstöðuna hjá okkur enn meira til að geta vaxið frekar.“

Um það hvort Grímsstaðaket sé farið að framleiða eitthvað í löggilta eldhúsinu segir Jóhanna það ekki hafa verið mikið til þessa.

„Ég sé fram á að geta nýtt þá aðstöðu frekar í vetur. Það stendur til að fara í framleiðslu á þurrkuðu ær- og hrossakjöti, og fyrir það hef ég fengið styrk frá SSV til að geta staðið vel að þróun á þeirri vöru. Einnig ætlum við að framleiða kæfu, kjötfars og bjúgu,“ segir hún.

Of fáir dagar og stuttir

Þau eru innan vébanda Beint frá býli. „Við seljum allt okkar kjöt sjálf, mest fer í gegnum Facebook-síðu Grímsstaðakets og svo hefur fólk líka samband sem hefur séð okkur á síðu Beint frá býli. Margir koma til okkar og sækja sínar vörur en við erum líka að fara með til fólks sjálf og mest í Reykjavík og á Akranes. Þetta gengur ljómandi vel og virkilega gaman að hitta þá sem eru að kaupa af okkur vörur.“

Hún segir kostinn við þessa aðferðafræði tvímælalaust þann

að vera í beinum samskiptum við viðskiptavininn. „Gallinn er hins vegar sá að dagarnir eru bara ekki nógu langir á haustin og haustið sjálft líður allt of fljótt! Það er mikið að gera þessar vikur sem slátrun, vinnsla og afhending fer fram.“

Þau hjónin eru einu föstu starfsmenn Grímsstaðakets. „En þegar við erum að slátra erum við sex meðan á því stendur og við vinnslu og úrbeiningu oftast þrjú,“ segir Jóhanna.

Að hrökkva eða stökkva

„Þetta hefur allt gengið mjög vel, og eiginlega miklu betur en við þörðum að vona,“ heldur Jóhanna áfram.

„Samt sem áður er reksturinn okkar orðinn það stór að við erum farin að velta fyrir okkur að stækka slátruleyfið okkar í næsta flokk,“ segir hún. Það sé til að geta slátrað fleira fé á dag því að í reglugerð fyrir örslátruhúsi sé eingöngu leyft að slátra 30 gripum hvern dag.

„Með því að verða stærri eigum við möguleika á því að taka að okkur slátrun fyrir aðra hér á svæðinu og auka rekstrartekjur fyrirtækisins með því. Eins og staðan er nú höfum við ekki tíma til þess, vegna takmarkana sem eru á fjölda, en líka vegna plássleysis á kæli þar sem við látum allt kjöt hanga í fimm daga áður en við setjum í frost,“ bætir hún við.

„Því að stækka fylgja líka aukin útgjöld varðandi leyfi og þjónustu dýralækna, og núna eru úrgangsmál sveitarfélaganna í skoðun svo það er ekki víst að það verði rekstrargrundvöllur fyrir stækkun,“ segir Jóhanna. /sá

Breytingar á verðskrá Bændablaðsins

Nú um áramót breytir verðskrá auglýsinga og áskriftar hjá Bændablaðinu.

Upplagi Bændablaðsins er dreift um allt land og geta lesendur því nálgast eintak af blaðinu frítt. Dreifingarstaði blaðsins má nálgast á vefnum okkar, bbl.is. Til þess að tryggja sér eintak af blaðinu mælum við með að gerast áskrifandi. Áskrifendur fá þá eintak af blaðinu sent heim að dyrum gegnum þjónustuaðila. Hægt er að gerast áskrifandi gegnum vefsíðuna bbl.is eða með því að hringja til okkar í s. 563-0300. Árgjald áskriftar árið 2024 verður 17.500 kr. en 13.900 kr. fyrir eldri borgara og öryrkja.

Þeim sem þykir ekki verra að lesa blöð á vefnum er bent á að PDF áskrift Bændablaðsins er gjaldfrjáls, en hægt er að skrá sig í áskrift á forsiðu Bændablaðsvefsins, bbl.is. Áskrifendur fá þá póst um leið og blaðið kemur út.

Verðskrá auglýsinga 2024

- Smáauglýsingar m. mynd: grunnverð 6.500 kr. m/vsk.
- Smáauglýsingar án myndar: grunnverð 2.800 kr. m/vsk.
- Smáauglýsingar á netinu: grunnverð 1.300 kr. m/vsk.
- Dálksentímetri, almennar auglýsingar: 1.908 kr. án vsk.
- Dálksentímetri, síða 3 og baksíða: 2.150 kr. án vsk.
- Dálksentímetri, síða 2, 4 og 5: 2.000 kr. án vsk.
- Vefauglýsing í 2 vikur efsta svæði: 75.000 kr. án vsk.
- Uppsetning auglýsinga kr. 7.500 kr. pr. hálftríma.

Fyrsta Bændablað ársins 2024 kemur út 11. janúar en útgáfudaga ársins má nálgast hér í blaðinu á næstöftustu síðu. Mælt er með að kippa síðunni úr blaðinu og hafa á áberandi stað. /ghp



TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN



Toyota RAV4 verð frá: 6.450.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.850.000 kr.
Toyota RAV4 plug-in Hybrid verð frá: 9.950.000 kr.



KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 154.000 kr. á mánuði.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTIR

Ístex:

Gæðaulur úr haustrúningi

Um 20 prósent fleiri sauðfjábændur höfðu skráð ullina sína inn á Bændatorgið núna í byrjun desember en á sama tíma í fyrra, að sögn Sigurðar Sævars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra ÍSTEX.

„Þetta eru góðar fréttir og við ítrekum til ullarinnleggjenda að skrá ullina sína sem allra fyrst. Ef ull er skráð fyrir 1. febrúar greiðum við fyrir hana í lok maí eða byrjun júní. Önnur ull sem er skráð síðar greiðum við í lok ágúst eða byrjun september,“ segir Sigurður.

Gagnlegar skráðar upplýsingar

„Við notum þessar upplýsingar um skráningu ullar mikið, til dæmis til að láta ullarsöfnunaraðila vita hversu mikið ull er á hverju svæði svo þeir geti skipulagt sig sem allra best.

Sums staðar er sá misskilningur í gangi að skrá eigi ullina þegar hún er sótt. Best er að skrá hana strax eftir rúning. Ef það gleymist að skrá flækir það ansi mikið fyrir alla aðila og getur tafið bæði greiðslur og verk. Í lok sumars eru oft í kringum 50 aðilar sem við þurfum að hafa upp á. Hins vegar eru langflestir bændur mjög góðir í að skrá rétt og tímanlega og sér í lagi í ár,“ heldur Sigurður áfram.

„Ullarárið byrjar ágætlega og ullin er góð frá þeim svæðum sem ull hefur borist af, það er Húnavatnssýslum, Skagafirði, Dölunum, Skaftafellssýslum, Ströndunum og Vestfjörðum.

Það er smá pirrandi að vera ekki alveg komin með fullan framleiðslukraft á Blönduósi og við krossleggjum fingur að ekkert komi fyrir sem gæti tafið vinnsluna.“



Sigurður Sævar Gunnarsson.

Ullarmat.is vinsæl síða í útlöndum

Í maí hækkaði ullarverð til bændur í öllum vinnsluhæfum flokkum í gildandi verðskrár ÍSTEX um 48 prósent að meðaltali á milli ullarára. Þá hefur ÍSTEX nýlega staðið fyrir tveimur námskeiðum í rúningi og ullarflokkun í því skyni að hámarka gæði ullarinnar og frágangsins. Spurður um hvort þetta hafi leitt til betri flokkunar og frágangs á ull, segir Sigurður að flestir bændur skili ullinni alltaf frá sér vel flokkaðri og merktri og eiga allar þakkir skildar fyrir það.

„Ullarmat.is er nokkuð vinsæl síða á haustin. Það er greinilegt að margir nota hana sér til upplýsinga, þá sér í lagi á undirsdögum um ullarflokkana og töfluna „Flokkar og gallar“. Þá eru myndböndin alltaf nokkuð skoðuð. Yfir árið er Ullarmat.is hins vegar um fjórfalt vinsælli í öðrum löndum en Íslandi, þrátt fyrir að vefurinn sé aðeins á íslensku.“

/smh



Gert er ráð fyrir að stuðningsgreiðslurnar gagnist þeim fjölskyldubúum sem eiga í hvað mestum vanda til skemmri tíma lítið vegna hækkaðs fjármagnskostnaðar og langvarandi afkomubrests.

Mynd / Bbl

Rekstrarvandi í landbúnaði:

Stuðningur við fjölskyldubú í fjárhagserfiðleikum

Í nefndarálit fjárlaganefndar Alþingis frá 11. desember um frumvarp til fjárukalaga er lagt til að heildarstuðningur til bændur vegna fjárhagserfiðleika verði 2,1 milljarður króna.

Þann 5. desember skilaði hópur ráðuneytisstjóra matvælaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og innviðaráðuneytis tillögum um slíkan stuðning að heildarupphæð 1,6 milljarða króna vegna núverandi efnahagsástands.

Þær 500 milljónir sem bætast við er ætlað að koma til móts við erfiða stöðu í mjólkurframleiðslu og er bætt við greiðslur vegna innveginar mjólkur kúabænda fyrstu ellefu mánaða yfirstandandi árs og eingöngu til þeirra sem skiluðu inn mjólk í nóvember síðastliðnum. Þannig verði komið til móts við hallarekstur kúabænda á árinu.

Gert er ráð fyrir að stuðningsgreiðslurnar verði greiddar út fyrir árslok þessa árs.

Stuðningur við fjölskyldubú

Í tilkynningu úr matvælaráðuneytinu, þar sem greint er frá tillögnum, kemur fram að áhersla sé á að stuðla að nýliðun og kynslóðaskiptum í greininni með aðstoð við yngri bændur. Jafnframt sé lögð áhersla á að stuðningskerfi styðji við atvinnugreinina með skilvirkum hætti í samræmi við áherslur stjórnvalda og gagnist þeim fjölskyldubúum sem eiga í hvað mestum vanda til skemmri tíma lítið vegna hækkaðs fjármagnskostnaðar og langvarandi afkomubrests.

Samtals renna 600 milljónir króna til ungra bændur í formi álags á fjárfestingar- og samþykktum umsóknum um nýliðunarstuðning á árunum 2017–2023.

Viðbótarfjárfestingarstuðningur að upphæð 450 milljónir verður greiddur sem álag á fjárfestingu í samþykktum umsóknum um fjárfestingarstuðning í sauðfjárrækt og nautgripærækt á árunum 2017–2023. Hann skiptist þannig að 386 milljónir fara til nautgripæræktar og 64 milljónir til sauðfjárræktar.

Sauðfjábændur fá viðbótarbýlisstuðning, en 450 milljónir verða greiddar til þeirra sem stunda sauðfjárrækt að meginatvinnu og eru með 300 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri.

Einnig er í tillögnum gert ráð

fyrir viðbótargripagreiðslum, samtals að upphæð 100 milljónir, fyrir ræktun á holdakúm til þeirra bændur sem fengu slíkar gripagreiðslur á þessu ári.

Áhyggjur af því að aðgerðirnar dugi skammt

Bændasamtök Íslands brugðust við tillögnum á vef sínum, þar sem fram kemur að merkur áfanga sé náð í kjarabaráttu bændur. Greiningu ráðuneytanna er fagnað og er hún talin vera í öllum meginatriðum sú sama og Bændasamtökin hafi haldið fram um langt skeið. Sameiginlegur skilningur muni án vafa hjálpa til við næstu skref í samtalinu.

„Þó þær aðgerðir sem ríkisstjórn boðaði í morgun muni hafa jákvæð áhrif fyrir þá hóp sem þær ná til, hafa samtökin áhyggjur af því að þær dugi skammt. Þá eru stórir hópar bændur sem ekki njóta þessara aðgerða og eru það bæði vonbrigði og mikið áhyggjuefni. Verður að velja því upp hvort skynsamlegt hefði verið fyrir stjórnvöld að eiga þetta samtal við Bændasamtökin, sem fara með fyrirsvar fyrir bændur lögum samkvæmt. Margir bændur eru til að mynda skuldsettir vegna fjárfestinga sem tengjast hagræðingu sem stjórnvöld hafa krafist, bæði á grundvelli lægri framlaga til búvörusamninga og á grundvelli lögbundinna kvaða.

Rétt er að líta fram á veginn. Niðurstöður ráðuneytisstjórahópsins ríma við greiningar Bændasamtakanna og er því kominn góður grunnur að samtali við stjórnvöld um endurskoðun búvörusamninga. Bændur treysta því að þeirri vinnu verði fram haldið strax í næstu viku enda ljóst að bændur eru með miklar væntingar til viðbótaraðgerða á stærri skala með endurskoðun samninganna,“ segir á vef samtakanna.

Tollverndin þarf að halda gildi sínu

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að tillögurnar séu að hans mati viðurkenning á alvarlegri stöðu bændur, ekki bara ungra bændur heldur heilt yfir afkomunni.

Hann segir einnig brýnt að stjórnvöld hugi að því að tollverndin haldi gildi sínu með endurskoðun



Ingvi Stefánsson. Mynd / HKr.

á krónutolli landbúnaðarvæðing, sem hafi verið óbreyttur í meira en 23 ár og sé ekki nema um 29 prósent af upphaflegu verðgildi.

Stjórnvöld vilja eingöngu styðja við kúa- og sauðfjárbúskap

Ingvi Stefánsson, formaður búgreinadeildar svinabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir í aðsendri grein hér í blaðinu að honum sé algjörlega óskiljanlegt hvernig hægt sé að fjalla um stöðu íslensks landbúnaðar út frá svona þröngu sjónarhorni, eins og birtist í greinargerð starfshópsins með tillögnum. „Það er nú einu sinni þannig að hvítu geirinn (kjúklingur og svín) er með um 57% markaðshlutdeild á seldu kjöti innanlands síðustu 12 mánuði skv. mælaborði landbúnaðarinnar,“ segir Ingvi.

Margt komi til sem skert hafi afkomu bændur síðustu misserin en stóra kýlið sé tollverndin, sem enginn virðist þora að stinga á, en hún virki í dag mjög illa og sé stöðugt að rýrna að verðgildi. Hann segir að til að bregðast við harðnandi samkeppni við innflutning hafi búum „hvíta geirans“ fækkað og einingar stækkað. Því séu þeir sem starfa í þeim geira ekki taldir vera bændur lengur, að mati sjálfskipaðra sérfræðinga, heldur verksmiðjuframleiðendur.

Stjórnvöld vilji eingöngu styðja við hefðbundinn kúa- og sauðfjárbúskap en sé nokk sama um „hvíta geirann“. Þannig séu gerðir búvörusamningar sem gangi út á að styrkja „hefðbundnu“ greinarnar.

Á sama tíma sé slakað á tollverndinni af því hvítu geirinn megi missa sín.

Ingvi spyr að lokum hvort ekki sé kominn tími til að ráðast að rót vandans.

/smh

Noregur:

Tollvernd á kartöflur efl

Í nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi hafa Norðmenn breytt frá föstu innflutningsgjaldi fyrir hvert kíló kartafna.

Með því að láta tollinn miðast við ákveðið prósentuhlutfall af verði vörunnar vonast stjórnvöld til að styrkja stöðir innlendrar framleiðslu. Björn Gimming, formaður norsku bændasamtakanna, fagnar þessum breytingum. Þá er jafnframt búið að breyta tollaumbhverfi á landbúnaðarafurðum eins og íssalati, gulrófum, rauðrófum og sellerí. Í viðtali á heimasíðu norsku bændasamtakanna leggur Gimming sérstaka áherslu á að þetta sé aðeins fyrsta skrefið, því að breyta þurfi tollavernd á fleiri

vörum til að tryggja áframhaldandi norska matvælaframleiðslu og auka sjálfsafhlutdeild landsins.

Gagnrýnendur hafa spáð því að smásöluverð á kartöflum geti hækkað um helming, eða úr 257 íslenskum krónum upp í 515. Geir Pollestad landbúnaðarráðherra segir í frétt á heimasíðu NRK að þetta muni ekki gerast, því annars vegar hafi verið settur fram ákveðinn varnagli sem verði til þess að tollurinn falli niður ef meðalverðið fer upp fyrir ákveðið viðmiðunarverð.

Þá eru kartöflur hins vegar í samkeppni við önnur matvæli eins og hrisgrjón og pasta sem veiti kartöflubændum aðhald í verðlagningu.

/ÁL



FÓÐURBLANDAN

Gæði fyrir dýrin og þig!
















FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is



Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að helgum tíðum.

Við óskum landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublaðið) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

LEIÐARI

Peð

Bónði er ekkert borðleggjandi hugtak. Samkvæmt *Íslensku nútímamálsorðabók* Árnastofnunar er bónði sá eða sú sem rekur bú í sveit og er með búfénað eða stundar ræktun. Bónði er sá sem hefur atvinnu af landbúnaði eða fiskeldi samkvæmt vefuppflettingu *Wikipedia*. Í *Lögfræðiorðasafninu* er skilgreiningin einfaldlega: „Sá sem býr á jörð.“ ChatGPT sagði mér að „í mörgum samfélögum er bónði líka hluti af menningararfi og hefur verið grundvöllur landbúnaðar og búskapar um aldir.“ *Íslenska orðsifjabókin* skilgreinir bónða sem mann sem rekur búskap, sem húsbónða eða – sem peð í skák. Í Þýskalandi og Danmörku er reyndar það orð sem merki bónði notað yfir peðið, þennan lítilljórlaga taflmann sem þó getur reynst bjargvættur á skákborðinu.

Bændur stunda landbúnað og hér á landi eru starfandi um 3.000 bændur. Landbúnaður er ein af mikilvægustu atvinnuvegum landsins samkvæmt stjórnvöldum en undir hann falla alifuglarækt og eggjaframleiðsla, garðyrkja og geitfjárrækt, hrossarækt, landeldi, jarðrækt, loðdyrarrækt, nautgriparrækt, sauðfjárrækt, skógarframleiðsla, svínarækt og æðarrækt.

Til að styðja við atvinnugreinina teflir ríkisstjórnin fram tveimur stjórnáttum; opinberum stuðningsgreiðslum og tollvernd. Hlutfall stuðnings milli búgreina er hins vegar misskipt; á meðan tiltekna búgreinar treysta á greiðslur úr búvörusamningum þurfa aðrar að reíða sig á tollvernd. Báðar leiðirnar virðast ekki tryggja bændum viðeigandi starfskilyrði eins og staðan er í dag og því hrikur í stöðum fæðuöryggis landsins.

Fyrir helgi var tilkynnt um stuðningsgreiðslur til bænda sem eiga í fjárhagsferðileikum vegna efnahagsástandsins. Stuðningurinn nær til 982 bænda og verður meirihluta fjármagnsins úthlutað til nautgripa- og sauðfjárbænda. Í skýrslu starfshóps ráðuneytisstjóra kemur fram að tillögurnar séu í „ágætu samræmi við aðgerðir í nálægum ríkjum“. Mun þá einna helst hafa verið litið til Noregs í því samhengi og aðgerðirnar bómur saman við þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi. Umfang landbúnaðarframleiðslu í Noregi er umtalsvert meira en á Íslandi en Norðmenn, þvert á pólitískar línur, styðja sína landbúnaðarframleiðslu; í orði, verki og með fjármagni. Tillögnum er ætlað að styðja við fjölskyldubú. Eru fjölskyldubú eingöngu í tilteknum búgreinum? Hér í blaðinu má finna gagnrýni frá fulltrúum búgreina sem stunda ekki nautgripa- eða sauðfjárrækt sem lýsa miklum vonbrigðum yfir því að stjórnvöld velji ekki að styðja við fjárhagsvanda allra bænda sem standa í ströngu. Þar spyr bónði: Er ég ekki bónði?

Umræður um landbúnað árið 2023 hafa meðal annars snúist um hvernig landbúnaðurinn er mál í þeirri stöðu sem hann er í gagnvart því kerfi sem honum er ætlað að spila innan. Kerfið virkar ekki sem skyldi þegar endurtekið neyðarviðbragð þarf til að bjarga lífsviðurværi fólks fyrir horn um stund. Engum er hollt að tefla djarft þegar velferð og fæðuöryggi er í húfi. Skilvirk matvælaframleiðsla þarf að byggja á fyrirsjáanleika og öryggi til langs tíma. Bændur búa ekki við það rekstraröryggi sem eðlilegt væri í atvinnugrein sem ætlað er að stuðla að fæðuöryggi þjóðarinnar og um leið matvælaöryggi með framleiðslu á heilnæmum mat. Því er ekki að undra að heildarendurskoðun á styrkjakerfi í landbúnaði virðist yfirvofandi. Enda voru 200 milljónir kr. af þeirri fjárveitingu sem tilkynnt var fyrir helgi meðal annars eymamerkt slíkri vinnu. Þá vinnur Landbúnaðarháskóli Íslands nú að skýrslu um styrkjaumhverfi landbúnaðar á Íslandi þar sem lögð er áhersla á samannburð við styrkjaumhverfi annarra landa sem og árangursmælikvarða. Því eru afskaplega áhugaverðir tímar fram undan á næsta ári, svo ekki sé meira sagt.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.

Samstaðan mun halda

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Fyrir tveimur árum náðist stór áfangi í hagsmunabaráttu bænda þegar Bændasamtökin urðu sameinuð.

Búgreinafélög hinna fjölbreyttu greina landbúnaðarins urðu þá formlega hluti samtakanna. Eins og gengur og gerist þarf að yfirstíga ýmsar hindranir í svo stórra aðgerð. En árið 2023 hefur verið árið þar sem sameiningin hefur óumdeilanlega skilað árangri. Og ekki hefur veitt af þegar sótt er að atvinnugreininni úr öllum áttum. Ef það eru ekki aðfanga- eða vaxtahækkanir þá er það krafa um meiri innflutning, kröfur frá EES, meiri kröfur með blýhúðun og inn á milli pólitískar ákvarðanir. Fyrir samtökin og hagsmunagæslu landbúnaðarins hefur það verið lyklatríði að hafa gott fólk í brúnni, á skrifstofu samtakanna sem er reiðubúið að berjast fyrir heildarhagsmunum landbúnaðarins.

Íslensk matvælaframleiðsla og íslenskur landbúnaður eru í fremstu röð, hvort heldur er um að ræða kjöt, fisk, mjólkurafurðir, grænmeti, nú eða jólatré! Hér á landi er nægt jarðnaði og mikið af hreinu vatni, þess vegna viljum við nýta landið undir framleiðslu sem við sem þjóð getum verið stolt af. Þó veður séu válynd hérna heima þá hafa bændur aðlagð sig að þeim aðstæðum. Kaldara loftslag hefur líka sína kosti þó það takmarki líka möguleikana. Við getum þó öll verið sammála um að það sé skynsamlegt að framleiða matvæli á Íslandi, þó ekki væri nema vegna sjónarmiða um sjálfsafhlutfall þjóðarinnar í fæðuframleiðslu – fæðuöryggi þjóðarinnar. Framleiðsluvirði íslenskra landbúnaðarafurða er líka verulegt, eða um 90 milljarðar, og atvinnugreinin skapar yfir 10.000 störf, það munar um minna.

Einn besti mælikvarðinn á hversu vel hefur tekist til í hagsmunagæslu bænda og með sameiningu Bændasamtakanna er að þessa dagana er reynt að reka fleyg í þá samstöðu



Á fardegi Stekkjastaurs komu fjórir bræður hans færandi hendi í Bændasamtökin. Vigdís Häsler framkvæmdastjóri veitti þessu glaðværa föruneyti móttöku þar sem hún fékk ýmsan glaðning úr heimasveit frá íslenskum jólasveinum úr Dölnum. Ekki amaleg gjöf það. Íslenskt og gott, já takk.

Mynd / HGS

sem hefur skapast meðal okkar. Nú síðast með aðgerðum ríkisstjórnarinnar á grunni vinnu ráðuneytisstjórahópsins. Þar hefði stjórnvöldum farnast betur á því að ráðfæra sig við Bændasamtökin til að útfærslan og aðgerðirnar væru í samræmi við þá alvarlegu stöðu sem er í landbúnaði, og greiningar samtakanna og hópsins hafa leitt í ljós.

Afkomuvandi bænda hefur nú verið viðurkenndur og á honum bera stjórnvöld ábyrgð lögum samkvæmt. Fyrst aðeins hluti vandans verður leiðréttur með aðgerðum ráðuneytisstjórahópsins, þá verður að leysa afganginn eftir öðrum leiðum. Endurskoðun búvörusamninga er opin og ekkert því til fyrirstöðu að stjórnvöld komi þar með ásætlanlegar lausnir að borðinu. Við sem höfum verið valin til að leiða hagsmunabaráttu bænda erum boðin og búin að finna lausnir með stjórnvöldum, svo lengi sem við heyrum ekki í öðru hverju orði að ekkert sé hægt að

gera. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á dögum sýna nefnilega og sanna að ýmislegt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Við sem störfum við íslenskan landbúnað getum verið stolt, þrátt fyrir að verkefnið sé á stundum vanþakklátt og verkin erfið. Okkur hefur á þessu ári tekist að skapa öflugan meðbyr með atvinnugreininni því við erum samstíga og samheldin í hagsmunabaráttu okkar fyrir lífi okkar og atvinnu.

Kæru bændur og búalið, um leið og ég óska ykkur gleðilegrar hátíðar vil ég halda þeirri einörðu skoðun minni á lofti að það er samstaðan sem mun skila okkur í endamarkið. Með samstöðu höfum við fengið fyrir sjónarmið bænda og náð fram hluta þeirrar leiðréttingar sem þörf er á, og saman munum við ná fram leiðréttingu á kjörum bænda.

Áfram íslenskir bændur.

JÓLAMYNDIN



Ritstjórn Bændablaðsins óskar lesendum gleði og gæfu um hátíðirnar og þakkar ánægjuleg samskipti á árinu. Bændablaðið hefur staðið fyrir útgáfu á 23 tölublaðum á líðandi ári og samantekinn síðufjöldi telur 1.640. Á dögum brá ritstjórnin undir sig betri fætinum og fór í jólabiltúr á skínaní finum Landrover, árgærd 1981. Frá vinstri: Sigrún Pétursdóttir, Þórdís Una Gunnarsdóttir, Þórdís Una Gunnarsdóttir, Steinunn Ásmundsdóttir, Guðrún Hulda Pálsdóttir, Sigurður Már Harðarson og Ástvaldur Lárusson. Á myndina vantar Huldu Finnsdóttur.

Mynd / HGS



Ásgeir Trausti Einarsson: Bara mjög klassískt, hangikjöt og uppstúfur, grænar baunir, laufabrauð og malt og appelsín með. Svo er heima-gerði isinn sem mamma gerir það besta sem ég veit um.



Auður Sjöfn Ólafsdóttir: Mér finnst kalkúnn bestur en mig langar að prófa hamburgarhygg! Svo man ég best eftir á gamlárskvöld þegar litli bróðir minn var eins árs en þá fékk hann gat á hausinn og mamma og systir pabba fóru með hann á bráðamóttökuna.



Úlfur Harryson: Rjúpur eru besta jólamaturinn! Skemmtilegasta jólaminningin er svo eiginlega síðan í fyrra þegar við byggðum risa snjóhús í garðinum heima hjá ömmu og afa á Stokkseyri.



Jökull Harryson: Rjúpa er uppáhaldsjólamaturinn minn og besta jólaminningin mín er þegar Tinna og Brooks voru hjá okkur og ég fékk róbotinn.



Snorri Atlas Ólafsson: Kalkúnn er uppáhaldið mitt og svo humarinn sem er á gamlárskvöld. Eiginlega á ég svo alltaf góðar minningar frá því að opna alla pakkana sem ég fæ.



Kristjana Stefánsdóttir: Jólaminningarnar sem mér þykir vænst um urðu til eftir að ég eignaðist hann Lúkas minn og upplifði jólin í gegnum augu barnsins. Hvað varðar jólamatin er ég alltaf til í að prófa eitthvað nýtt en annars er ég voðalega mikil meðlætamanneskja.

Gleðilega hátíð

Nú þegar jólin eru á næsta leiti fannst okkur við hæfi að spyrja dygga lesendur Bændablaðsins um eftirlætishátíðamatinn þeirra og kannski deila með okkur jólaminningu ef svo bæri undir. Viðbrögðin létu ekki standa á sér eins og þið sjáið. Þökkum ykkur, kær landsmenn nær og fjær, fyrir árið sem er að líða og megið þið njóta hátíðanna sem allra best. /SP



Æsa Írina Frost: Mér finnst nú eiginlega best að borða pasta á jölnum!



Andrea Jónsdóttir: Hangikjöt með orabaunum, rauðkáli, kartöflum og hvítum jafningi og líka kartöflumús ef maður nær og nennir að gera og græja hana. Ofbakaður silungur kemur líka til greina (alveg hætt í laxinum af augljósum ástæðum). En það verður alltaf að vera hangikjöt.



Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir: Mínar kærstu jólaminningar eru þegar mamma opnaði inn í stofuna klukkan sex á aðfangadag og svo jólalyktin af eplunum sem pabbi kom með frá Stykkishólmi eftir að við fjölskyldan fengum bíl.



Kolbeinn Óskar Bjarnason: Rjúpa og ís eru klassik í jólamatin.



Gunnar Þorgeirsson: Rjúpa er minn jólamatur, nú eða svokölluð jule-önd, tveggja kílóa stykki. Það gerist ekki betra.



Arnar Már Eliasson: Á jölnum hef ég alla tíð borðað rjúpur. Þær urðu svo enn sérstakari eftir að við fluttum á Sauðárkók og ég fór að veiða þær sjálfur. Veiðin sjálf, verkunin og svo eldamennskan eru allt jafnmikilvægir þættir og skapa ómetanlega upplifun með fjölskyldunni á aðfangadag. **Aldís Hilmarsdóttir:** Ég er alin upp við hamburgarhygg en er mjög sveigjanleg. Svo lengi sem ég fæ blaðlaukssúpuna hennar mömmu í forrétt!



Hörður Kristjánsson: Það er eiginlega flest sem kemur til greina sem uppáhaldsmatur minn á jólin, svínahamburgarhyggur eða Londonlamb eru þó ofarlega á blaði. Hins vegar eru svið líka mikill hátíðamatir í mínum huga og voru oft í matinn á gamlársdag á árum áður. Í dag sjóðum við hjónin alltaf svið á gamlársdag og borðum þau svo köld á nýársdag með rófstöppu. Algjörlega ómissandi réttur um áramót.



Vigdís Häsler: Eftirlætisjólaminningin mín er frá árinu sem ég fór seint á aðfangadagskvöld á lögreglustöðina á Hverfisgötu að redda mér sigarettum (eru alltaf með tóbak fyrir fangana). Sat á tröppunum á lögreglustöðinni gegnt Hlemmi með félagamínunum sem þá var aðalvarðstjóri, hann í hátíðarbúning, ég príðbúin í kjól og pels. Við ræddum um heima og geima. Ég fór svo þaðan í miðnæturmessu í Frikirkjunni þar sem Páll Óskar og Monika Abendroth sungu og léku undir messu.



Anna Kristjánsdóttir: Varðandi jólamatin, þá hefur gamaldags hangikjöt með uppstúf og tilheyrandi ávallt verið í uppáhaldi hjá mér og neytt á jóladag. Hamburgarhyggurinn hefur oft verið í matinn hjá mér á aðfangadagskvöld, en það er of þungur matur til að neyta tvo daga í röð, þ.e. hamburgarhyggur og síðan hangikjöt, svo það verður venjulegt læri hjá mér á aðfangadagskvöld þetta árið.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Þessi hinn seinasti þáttur ársins hefst með þremur vísum góðskáldsins **Kristjáns frá Djúpalæk**. Kristján annaðist um skeið ritstjórn Verkamanssins, sem útgefið var á Akureyri. Kristjáni þótti aðstoðarmaður sinn, Þorsteinn Jónatansson, hirðulítill og hugsjónarýr og ekki nægjanlega hollur flokknum. Til hans orti Kristján:

*Vissi ég ekki verri mann
vera dýpra sokkinn.
Hugsjón eina hefur' ann,
hún er að drepa flokkinn.*

*Áður fyrr var öldin glöð,
enginn reið sig skakkan,
Þórunn hýrna heitti mjöð,
Helgi magri drakk' ann.*

Og Kristján orti svo í tilefni fimmtugsafmælis dagblaðsins Íslendinga:

*Hækkar aldur hjá' onum,
hefur í mörgu lent og ströngu.
Ellimörkin á' onum
allir sáu fyrir löngu.*

Og þessi snjalla vísa Kristjáns verður að fljóta með líka: Ort til Jakobs Ó. Péturssonar ritstjóra Íslendinga:

*Mér í brjósti hugur hló,
hárra fjalla sonur.
Ég er eins og Jakob Ó,
jafn á vín og konur.*

Til Ingibjargar í Forsæludal orti Sveinn frá Elivogum næstu tvær hringhendur:

*Hún ei sporin hafði teygt
heims um forarvegi,
heimaborinn unað eygt,
elsk að vori og degi.*

*Glæsimeyjan gáfnaffjörg
glúpnar ei við þrætur,
eitthvað segir Ingibjörg
áður en beygjast lætur.*

Í vísnaðbók ungrar stúlku orti Andrés Björnsson:

*Haltu jólin hress og kát
við hangiket og bolaspáð.
Eigðu þetta leirílát
og láttu aðra fylla það.*

Þessa mergjuðu hringhendu orti Marta E.Stefánsdóttir um eitthvert flagaragrey:

*Gengur slunginn, gæðasmár
girndum þrunginn þúki,
sprundin ungu flekar flár
flagarinn tungumjúki.*

Mitt eðla uppáhald fær svo að ljúka þessu vísnaári. Rósberg G. Snædal sendi Karli Kristjánsyni alþm. afmælikveðju:

*Elda metur munabáls,
mundar leturstingi.
Fáir betur brandi máls
brugðið geta á þingi.*

*Glitra á legi gullin bönd,
grætur feigin jörðin,
seint á degi sólarönd
signir Eyjafjörðinn.*

Eina pillu fékk svo góðvinur hans og skáldbróðir:

*Ei þótt súpir sjenever,
sótt mun drjúpa í brækur,
aldrei krjúpa kann ég þér
Kristján Djúpilækur.*

*Nú sjáið þið vinir mitt síðasta pár
því samfylgd er lokið minni,
með kærstu þökk fyrir umliðin ár,
einstök og farsæl kynni.*

*Með einlægum jóla- og nýársóskum,
Arni Geirhjórtur Jónsson.*

Umsjón:
Arni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Niðurskurður á Stórhóli:

Ásættanlegar bótagreiðslur

Skorið var niður fé á bænum Stórhóli í Húnaþingi vestra á fimmtudaginn, vegna riðutilfells sem þar greindist í haust.

Hafa bændur undirritað samning við matvælaráðuneytið um bætur, þar sem gert er ráð fyrir ræktunaráætlun á nýjum stofni með verndandi arfgerðir gegn riðu.

Rúmlega hundrað kindur voru arfgerðagreindar á bænum með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðusmiti og var því hlíft við niðurskurðinum, samkvæmt nýrri nálgun í baráttunni gegn riðuveiki í sauðfé.



Maríanna Eva Ragnarsdóttir og Garðar Valur Gíslason á Stórhóli.

Hærrí afurðatjónsbætur

Ad sögn Garðars Vals Gíslasonar, bónda á Stórhóli, var sett upp ræktunaráætlun í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem var skilyrði fyrir því að hægt væri að hlífa þessum kindum og byggja upp nýjan stofn með verndandi arfgerð. „Við erum sátt við niðurstöðuna, það er mikill munur á samtalinu við ráðuneytið nú og þegar við lentum í riðu í desember 2006 þegar allri hjörðinni var fargað, sem var um 550 fjár.“

Við fáum nú afurðatjónsbætur til lengri tíma en bara tveggja ára til að standa straum af uppbyggingu á nýjum stofni á meðan það ferli er í gangi, en þær bætur lækka í samræmi við stærri bústofn og aukna framleiðslu á bænum.“

Heimilt að aflétta einangrun eftir tvö ár

Á meðan uppbyggingin stendur yfir eru í gildi takmarkanir, til að mynda

þarf allt fé sem hlíft var undan niðurskurði að vera innan fjárheldra girðinga á bænum í allt að sjö ár frá niðurskurði. Enda er skylt að rækta upp hjörðina á þessum sjö árum með það að markmiði að hún verði ónæm fyrir riðu.

Þrátt fyrir sjö ára takmörkunartíma er Matvælastofnun heimilt að aflétta einangrun þegar 75 prósent hluti hjörðarinnar ber hina verndandi ARR/ARR-arfgerð og afgangurinn er með verndandi samsætu og mögulega verndandi samsætu í arfgerðinni. Þó aldrei fyrr en að tveimur árum liðnum frá niðurskurði og að önnur skilyrði hafi verið uppfyllt.

Bændur þurfa að standa skil á upplýsingagjöf til Matvælastofnunar og leyfa sýnatökur á bænum.

Veittur er stuðningur við kaup á fé með verndandi arfgerð og á meðan uppbyggingu stendur.

Vegna hinnar nýju nálgunar er slakað á kröfum um tiltekin atriði hreinsunar og niðurrifs í fjárhúsum, þó bændurnir þurfi að hlíta ströngum reglum varðandi þrif og sóttþreinsun.

/smh

Færri hryssur í blóðtöku

– Yfirlit um starfsemi Ísteka árið 2023

Magn blóðs sem safnað var í blóðtöku á fyllfullum hryssum stóð í stað á milli árunna 2022 og 2023.

Fjöldi blóðtökuhryssa á Íslandi í ár var 4.088 og hefur þeim fækkað örlítið frá því í fyrra þegar þær voru 4.141 talsins. Starfsstöðvarnar voru níutíu talsins líkt og í fyrra, að því er fram kemur í yfirliti frá Ísteka ehf. um starfsemi fyrirtækisins á blóðtökutímabilinu í ár.

Þar kemur fram að skilaverð blóðs úr meðalhryssu hafi verið um 112.000 kr. án vsk. sem er hækkun frá því í fyrra þegar það var 95.000 krónur. Að meðaltali fóru hryssur 5,1 sinni í blóðtöku en alls var tekið blóð í ríflega 24.000 skipti.

Þar er jafnframt sagt að hlutfall úrvalsgóðra hryssna fari stækkandi, en skilgreining þeirra eru þær sem eru tækar í blóðtöku sjö og átta sinnum. „Hlutfall þeirra var 54,7% á nýliðnu tímabili en 47,7% að meðaltali á viðmiðunartímabilinu. Bændur stunda kröftuga framþróun í þessum búskap sem lýtur jú sömu lögmálum og annar búskapur, afurðir hámarkaðar með sem fæstum gripum. Heilbrigði þeirra og heilsa spilar þar lykilhlutverk. Frjósemi hryssanna í ár var yfir 85% sem er töluvert betri en sést almennt í hrossarækt (70–80%). Blóðnytjabúskapurinn kemur einnig vel út í flestum öðrum samanburði, svo sem í almennu heilsufari stofnsins og í þroska folaldanna.“

Eftirlit haft með starfsemi

Bæði dýralæknar og starfsmenn Ísteka hafa eftirlit með öllum blóðtökum. Að öðru eftirliti segir í skýrslunni að eftirlitsdýralæknir á vegum Ísteka hafi heimsótt um 40% starfsstöðva á tímabilinu auk heimsóknna að vetri til. Þá hafi eftirlitsaðilar á vegum erlendra kaupenda á lyfjaefni Ísteka heimsótt þriðjung bænda. Einnig hafði Matvælastofnun eftirlit með starfsemi.

„Blóðtaka fer fram 12 dagsparta ár hvert hjá hverjum bónda og byggt á ofangreindum tölum um



Fjöldi blóðtökuhryssa á Íslandi í ár var 4.088. Að meðaltali fóru hryssur 5,1 sinni í blóðtöku en alls var tekið blóð í ríflega 24.000 skipti. Mynd /ghp

eftirlitstíðni hefur meðalbóndinn mátt eiga von á um tveimur formlegum eftirlitsheimsóknum í ár á þessu 12 daga tímabili,“ segir í skýrslunni.

Vinnumaður fékk tiltal

Samkvæmt reglugerð nr. 90/2022 um blóðtöku úr fyllfullum hryssum sem fylgt var í sumar ber að skrá öll frávik sem verða við blóðtöku, þar með talið tilvik um áberandi ótta eða streitu hjá merunum.

Skráð frávik voru 144 talsins samkvæmt skýrslunni og voru endurtekin frávik skráð hjá átján hryssum, fjórtán með tvö frávik og fjórar með þrjú frávik. „Ráðleggingar Ísteka eru að eigendur hryssna, þar sem skráð eru frávik þrisvar sinnum eða oftar, þjálfari hryssuna betur aður en hún er tekin til blóðtöku aftur eða finni henni nýtt framfarhlutverk. Fyrir mistök gáfu 2 hryssur blóð 9 sinnum. Þeim varð ekki meint af því.“ Þá var eitt tilvik skráð sem „ofbeiting valds“ og varðaði það ungan vinnumann sem fékk í kjölfarið tiltal að því er fram kemur í skýrslunni. „Hrossum var ekki hætta búin af frávikinu en Ísteka lítur það þó alvarlegum augum og brýnir fyrir öllum að höfuðáhersla sé ávallt lögð á virðingu og nærgætni í umgengni við hryssurnar.“

Sex hryssur drápu

Sex hryssur drápu á blóðtökutímabilinu samkvæmt skýrslu Ísteka en þar er fullyrt að ekki væri hægt að tengja dauðsföllin við blóðtöku. Þrjár hryssur voru krufnar og niðurstæða þeirra leiddi í ljós að ein hafði drepist úr hrossasótt, en „í hinum tveimur tilvikunum fékkst ekki skýring á dánarorsök og þar með ekki hvort hún tengdist blóðtöku“.

Ellefu slys á hrossum voru skráð á blóðtökutímabilinu og samkvæmt skýrslunni tengdust tvö þeirra blóðtöku. Sautján veikindi voru tilkynnt og tengdust nú þeirra blóðtöku viðkomandi grips.

„Í öllum tilfellum jafnaði hryssa sig fljótt og vel, ýmist með eða án aðkomu dýralæknis.“ Í skýrslunni má einnig finna kafla um hryssur á vegum Ísteka.

Þar kemur fram að fyrirtækið hafi haldið um 300 hryssum í blóðnytjum í ár í fimm hópum á þremur stöðum á landinu og telji það rífleg 6% af heildarfjölda hryssna. „Meðalhryssan í stöðum Ísteka gaf 5,9 einingar og 6,6 sé eingöngu miðað við fyljadar hryssur. Þetta er nokkuð yfir landsmeðaltalinu sem var [...] 5,1 og 6,1 í sömu röð.“

/ghp

Eyja- og Miklaholtshreppur:

Þurrkun á korni gekk vel

– 70 tonn þurrkuð í þurrkstöð sem bændur á fimm jörðum keyptu

Fyrsta starfsár Gullkorn þurrkun ehf. byrjaði með sóma og tókst nýjum eigendum vel að að læra á tækjabúnaðinn.

Þetta segir Karen Björg Gestsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins og bóndi á Kaldárbakka í Kolbeinsstaðahreppi. Á bak við fjárfestinguna standa jafnframt bændur frá Hundastapa á Mýrum, Brúarhrauni og Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi, ásamt Stakkhamri í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Sjötú tonn af korni fóru í gegnum þurrkstöðina í haust, en Karen segir það vel undir afkastagetu þurrkarans, sem er átján rúmmetrar að stærð. Þurrkstöðin eigi að ráða við talsvert magn þó Karen nefni ekki nákvæma tölu. Til að byrja með standi aðallega til að þurrka bygg, en svo megi skoða aðrar korntegundir.


Lélegt kornár kom í veg fyrir fulla nýtingu á þurrkstöðinni, en margir bændur hafi ýmist ekki getað sett niður sáðkorn eða ekki fengið uppskeru að neinu magni. Að þessu sinni hafi einungis þeir bændur sem stöðu á bak við kaupin nýtt stöðina en til standi að hún verði nýtt til að



Karen Björg Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Gullkorns þurrkunar ehf.

þjónusta fleiri bændur á svæðinu. Karen telur mikilvægt að hafa fleiri valkosti en að sýra allt bygg.

Geymsluplássið við stöðina dugði vel fyrir það korn sem þurrkað var í haust. Með kaupum á stöðinni fylgdi bíll til kornflutninga, sem opni möguleika á að blása korninu beint upp í síló heima á bæjunum. Þá ætli bændurnir að valsa korn sem verði sett í stórsekk. Stefnit sé að því að stöðin standi undir kostnaði sem allra fyrst og ætli allir eigendurnir að efla eigin kornrækt. Sárafá vandamál hafi komið upp og verkefnalistinn fyrir næsta haust sé ekki langur. /ÁL



Þurrkstöðin.

Myndir / AL

MEIRAPRÓF ALLIR RETTINDAFLOKKAR

FJARKENNSLA



MEIRAPRÓF Í FJARFUNDI HEFST 11. JANÚAR

VERKLEG KENNSLA SKRÁNING HAFIN OG Á GAMLA VERÐINU Í REYKJAVÍK, AKUREYRI, OG Á SAUÐÁRKROKI

AKTÚ ÖKUSKÓLI
Skráning á aktu.is



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

**Við erum alltaf
á vaktinni**

Gleðilega hátíð

FRÉTTIR



Fermingarborn tindu birkifræ í Vesturbyggð.

Myndir / Aðsendar

Birkifræjauppskeran best í Vesturbyggð

Kristinn Þorsteinsson, verkefnastjóri landsátaks í söfnun og dreifingu birkifræ, segir að í flestum landshlutum hafi vorið einkennst af óheppilegum veðurskilyrðum, með bleytu, kulda og roki, sem spillti frævexti birkisins.

Vesturbyggð var einn af fáum stöðum landsins þar sem nóg var af fræjum. Í byrjun nóvember fór Kristinn á Bíldudal, Tálknafjörð og Patreksfjörð og safnaði fræjum ásamt sjálfbóðaliðum. Þau fræ verða svo eyrnamerkt svæðinu og notuð til áframhaldandi skógræktar þar. Skógræktarfélagin á svæðinu og kirkjan stóðu á bak við söfnunina, en margir sjálfbóðaliðanna voru fermingarborn.



Kristinn Þorsteinsson.

Betri nýting fræja

Með því að sá markvisst á þennan hátt sé hægt að koma fleiri birkifræjum fyrir við kjöraðstæður, en sé þessu kastað beint á bera jörðina geti holklaki komið í veg fyrir að plantan nái að þroskast. Það sama geti gerst þegar fræin fjúka um á náttúrulegan hátt.

Á öllu landinu sé þó talsverð framvinda af sjálfsáðu birki, og bendir Kristinn á að íslensk yfirvöld hafi ákveðið að auka útbreiðslu birkiskógana úr einu og hálfu prósentu lands upp í fimm prósent fyrir árið 2030. Það sé aukning um þrjú þúsund og fimm hundruð ferkílómetra, en til samanburðar sé flatarmál allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Kjós rúmí þúsund ferkílómetra.

Kristinn vonar að vinna við heildarúttekt á árangri landsátaksins geti hafist eftir þrjú ár, sem verði svo fylgt eftir út líftíma verkefnisins. Þar sem hann hefur unnið sýnist honum vel hafa tekist til. Landsátak í söfnun og dreifingu birkifræja hófst árið 2020 og er til tíu ára. /ÁL



Óskum viðskiptavinum okkar Gleðilegra Jóna og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Svansson ehf, björgunartæki og búnaður
Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími : 697-4900

„Hangikjötið“ skal vera taðreykt

– Áratugagamalt tað á Húsavík á Ströndum

Líklegast er hangikjötið einn þjóðlegasti og vinsælasti íslenski jólamaturinn, enda hafa kannanir sýnt að það er enn meðal þess sem algengast er á borðum landsmanna á jóladag – og hefur lengi verið.

Í reglugerð um kjöt og kjötvörur (331/2005), í viðauka II um heiti sem taka til nafnverndar og sérákvæði um merkingu, kemur fram sú skilgreining á „hangikjöti“ að það skuli vera saltað og kaldreykt lambakjöt að einhverju eða öllu leyti taðreykt. Heimilt sé að nota kjöt af veturgömlu og sauðum og skal það tilgreint í vörueiti.

Með öðrum orðum þá er ekki leyfilegt að markaðssetja „hangikjöt“ nema það hafi verið taðreykt að einhverju leyti. Óli Þór Hilmarsson, verkefnastjóri hjá Mátis, hefur gefið út leiðbeiningar um góða starfshætti og innra eftirlit við framleiðslu hangikjöts hjá smáframleiðendum. Þar skilgreinir hann tvær ólíkar afurðir hangikjöts. Önnur er saltað og reykt kjöt sem skal sjóða áður en af neyslu þess getur orðið. Hin er söltuð, reykt og þurrkuð (hráverkuð), er stundum nefnd tvíreykt og þarfnast ekki suðu fyrir neyslu.

Leyndardómsfullar leiðir við reykingu

Matthías Sævar Lýðsson er sauðfjárbóndi á Húsavík á Ströndum og kunnur kjötverkandi sem selur afurðir sínar meðal annars beint frá býli. Hann og kona hans, Hafdís Sturlaugsdóttir, hafa unnið til verðlauna fyrir kjötafurðir sínar og eru þau þekkt fyrir hangikjötið sem þykir gæðavara.

„Jú, ætli það sé ekki nokkuð til í því,“ segir Matthías þegar hann er spurður um hvort það sé rétt sem heyrst hafi að aðgengi að góðu sauðdataði hafi minnkað með árunum. „Þessi verkunaraðferð, að reykja kjöt, er auðvitað hluti af íslenskri matarmenningu og aðferðir okkar bændur eru að mörgu leyti mjög sérvískulegar hjá hverjum og einum – það hafa allir sínar leyndardómsfullu leiðir við þetta.

Að mínu mati, sem er mín sérvíska, þarf taðið að vera nokkurra ára gamalt í það minnsta. Það þarf að vera vel stungið, hafa veðrast úti og það verður að vera vel þurrt. Ég sting út úr gömlum og aflögðum fjárhúsum, það sem varla er hægt að kalla tað því það er svo gamalt – kannski tuttugu til þrjátíu ára gamalt



Matthías Sævar Lýðsson, sauðfjárbóndi á Húsavík á Ströndum, með hangikjöt úr eigin verkun.

Mynd / Aðsend

– og þurrka það úti í norðanáttinni á vorin þegar sólin skín og skítakuldi er. Svo nota ég stundum furugreinar hér úr skógræktinni aðeins, til að bragðbæta reykefnið.“

Matthías telur að smekkur fólks hafi smám saman verið að þróast í þá átt að nú sé sóst eftir minna söltuðu og minna reykta kjöti. Hann hafi tekið mið af þeirri þróun í sinni verkun, en bendir á að hlutverk saltsins og reyksins sé að úthýsa öllum slæmum örverum úr afurðunum – og hann muni ekki eftir því að upp hafi komið tilfelli um matarsýkingar af hangikjötsáti.

„Við seljum okkar vörur mest hér í nágrenninu, til dæmis til fastra viðskiptavina eins og veitingastaða. Við seljum líka nokkuð í gegnum vefinn. Við höfum ekki farið mikið á jólamarkaði því það er talsverð fyrirhöfn að fara með afurðir á slíka markaði. Við erum með nokkuð fjölbreytt vöruúrval fyrir jólin og það fer talsverður tími í framleiðslu á því í október og nóvember.

En við fórum þó nýlega á jólamarkað á Hvanneyri sem var ánægjulegt. Aðalskemmtunin í því er að hitta aðra sem eru að fást við sömu hluti og við.

Verkunarferill hangikjöts

Í áður nefndum leiðbeiningum Óla Þórs er verkun á hangikjöti skipt í þrjá

meginþætti; söltun, þurrkun og reykningu. Hver þáttur hefur sinn tilgang í framleiðsluferlinu. Söltunin breytir bragði, dregur úr örveruvexti, lækkar vatnsvirkni, bindur vatn við kjöt og fitu og breytir lit. Það kjöt sem fer í hráverkun, tvíreykt, er með lengri söltunartíma. Þurrkun á hráverkuðum afurðum snýst meðal annars um yfirborðsþurrkun með hitameðhöndlun.

Með reykningu á kjötinu er dregið úr vexti örvera og þránun fitu, bragði og lit breytt, auk þess sem hún eykur geymsluþolið á því.

Verkunarferillinn felst í vali á kjöti til framleiðslunnar, uppþöngu, söltun, reykningu og stundum úrbeiningu og öðrum frágangi.

Við val á kjöti ber að hafa kjötið sem ferskast, hvort heldur úr nýju ófrosnu kjöti eða uppþöddu. Kjöt sem hefur hangið ætti alls ekki að nota sem hráefni í hangikjöt, því upphafsgerlamagn þess getur verið of mikið og þá hentar það illa þar sem verkunarferill hangikjöts felur í sér hraða fjölgun gerla.

Næst er kjötið uppþítt, en langoftast er unnið með frosið kjöt. Síðan er saltað, ýmist þurr- eða þækilsaltað. Þá reykning, að einhverju leyti með taði, og svo kælingin undir fjórar gráður. Að lokum er kælt kjötið úrbeinað, ef framleiða á slíka vöru og það sett í net.

/smh

Heiðmerkurbændur ræktendur ársins

Hjónin Óli Finnsson og Inga Sigríður Snorradóttir voru útnefnd Ræktendur ársins meðal garðyrkjubænda.

Þau tóku við garðyrkjjustöðinni Heiðmörk í Laugarási í júní 2021 og hafa síðan komið með ýmsar nýjungar inn á markaðinn, eins og eldþipar og ýmsar gerðir af papriku, til dæmis snakkpapríkur og sætpapríkur, auk þess að halda áfram með framleiðslu á steinselju og salati sem stöðin er löngu kunn af. Einnig eru ræktaðar gúrkur og tómatar í Heiðmörk.

Óli er menntaður garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskólanum á Reykjum, en hann á einnig starfsferil sem kvikmyndagerðarmaður. Hann situr í stjórn deildar garðyrkjubænda innan Bændasamtaka Íslands. /smh



Sölufélag garðyrkjumanna útnefndi árlega Ræktendur ársins meðal garðyrkjubænda sinna. Inga Sigríður Snorradóttir og Óli Finnsson, garðyrkjubændur í Heiðmörk, hlutu þá nafnbót í ár.

Mynd /SFG


FJÓRHJÓL 2024



- Nýtt Boddý
- Nýjir 500 og 700 Rotax mótórar
- Slagmeiri fjöðrun
- Fjölhæfara, kraftmeira og léttara

can-am

SEXHJÓL 2024




- Nýtt lyklakerfi
- Reistari fjöðrun
- Sverari demparar
- Ný 26" ITP Terra Cross dekk
- Uppfærður 4Lok 100% framlás
- Ný LED framljós
- Stillanleg mótorbremsa



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR



Fáir gerðu ráð fyrir því fyrir 20 árum að nytjaskógar myndu vaxa úr grasi svo norðarlega. Mynd / Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Nytjaskógrækt:

Snemmgrisjun á rússalerki í Kelduhverfi

Í haust voru grisjaðir nokkrir hektarar í lerkiskógi í Garði í Kelduhverfi.

Guðríður Baldvinsdóttir, skógræktarráðgjafi Skógræktarinnar á Akureyri, segir að um merkisatburð hafi verið að ræða, því þetta sé í fyrsta skipti sem ungskógur sé snemmgrisjaður í Norður-Þingeyjarsýslu.

„Þetta er áhugavert fyrir þær sakir að fáir gerðu ráð fyrir því fyrir 20 árum að nytjaskógar myndu vaxa úr grasi svo norðarlega, en þessi skógur á rætur að rekja til fyrstu ára Norðurlandsskóga.“ Í sýslunni eru samningsbundin skógræktarsvæði rúmlega þúsund hektarar að stærð sem eru um 0,5 prósent af heildarflatarmáli gróins lands.

Lítill áhrif beitar á nytjaskógin

Skógrækt í Garði hófst árið 2001, en eigendur jarðarinnar eru þau Rúnar Tryggvason og Hrunn Ásgeirsdóttir. Snemmgrisjunin nú var í rússalerki sem gróðursett var 2002 til 2003. Þar sem áður var hefðbundið mólendi er að vaxa upp vöxtulegur skógur og þar sem snemmgrisjunin fór fram er kafgras áberandi í skógarbotninum,“ segir Guðríður, sem gerði einmitt sauðfjárbaitartilraunir fyrir átta árum á sama svæði.

„Í skóginum voru könnuð möguleg áhrif sauðfjárbaitar á ungan lerkiskóg og var beitin þyngst

þar sem nú var snemmgrisjað. Á þeim tíma voru áhrif beitarinnar á skóginn lítil. Því má sjá fyrir sér að hægt verði að nýta skóginn til sauðfjárbaitar samhliða því sem skógurinn vex upp og gefur af sér viðarnytjar í framtíðinni.

Hún segir að í haust hafi grisjunin náð til 2,5 hektara af skóginum. Fjöldi trjáa á hektara fyrir snemmgrisjun hafi verið á bilinu 2.800 til 4.300, en það hafi verið grisjað niður í um 1.500 tré á hektara.

Aukið vaxtarrými

Að sögn Rúnars skógar eiganda er synd að sjá viðinn grotna niður og æskilegt að til væru góðir nýtingarmöguleikar. Að einhverju leyti er hægt að nýta hann í staura, kurl og eldivið en það er spurning um gott aðgengi að skóginum og að hafa tíma í verkið.

Áður en lerkiskógur er grisjaður þarf hæð trjáanna helst að vera komin í fimm til sex metra og þéttleikinn þarf að vera meiri en 2.300 plöntur á hektara. Viðarnytjar af trjám sem fellð eru við snemmgrisjun eru litlar því tilgangurinn er að auka gæði skógarins og fjárfesting til framtíðar fyrir skógar eigandann. Tilgangurinn er meðal annars að auka vaxtarrými þeirra trjáa sem eftir standa og fjarlægja gölluð tré, eins konar ásetningsval. /smh

Jólatré:

Höggvið á Snæfoksstöðum

– Skógarhöggmaður til fjörutíu ára og enn með sögina á lofti

Bergur Björnsson á Selfossi hefur unnið hvað lengst allra Sunnlendinga við skógarhögg á jólatrjám. Hann er farinn að hugsa fyrir jólatrjám sem höggvin verða laust eftir 2030.

„Ég hef unnið við skógrækt og landgræðslu nánast alla mína tíð,“ segir Bergur. Hann er fæddur árið 1967 í Þjórsárdal í Gnúpverjahreppi hinum forna og því búinn að leggja gjörva hönd á plóg um langa hríð. „Ég ólst þar upp í skóginum og fór að vinna í skógræktinni upp úr fermingu og allt fram til 1997 eða þar um bil. Þá tók ég pásu frá þessu og fór að vinna við smíðar og sitthvað fleira, vann t.d. í Vatnsfelli í tvö ár og tók þátt í að reisa þar virkjun. Ég fór svo í Garðyrkjuskólann 2008 þegar hrúnið varð,“ segir hann og bætir við að þar hafi hann verið á námsbrautinni skógum og náttúru í tvö ár og svo annað eins á skrudgarðyrkjubraut í fjarnámi. Þá lá leiðin austur í Gunnarsholt þar sem Bergur starfaði hjá Landgræðslunni um sjö ára skeið. Fyrir þremur árum tók hann svo við sem framkvæmdastjóri Skógræktarfélagis Árnesinga.

Hálft þúsund jólatrjáa

Bergur er því í skóginum alla daga. „Ég er búinn að sveifla keðjusög meira og minna í einhverja áratugi,“ segir hann og hefur auðvitað tekið þátt í jólatrjáaavertíðinni eins og vera ber. „Maður þarf að hugsa átta til tíu ár fram í tímann í þeim efnum. Maður plantar trjám í ár til að höggva þau eftir átta til tíu ár og ég er því að hugsa til jóla 2031-2 á þessu ári!“ segir Bergur og hlær við.

„Við byrjum yfirleitt að höggva jólatré í byrjun nóvember, á jörðinni Snæfoksstöðum, sem er í eigu Skógræktarfélagis Árnesinga og er í Grímsnesinu. Ætli við séum ekki að höggva þar hátt í fimm hundruð tré allt í allt,“ bætir hann við.

„Við seljum til Þallar, Skógræktarfélagis Hafnarfjarðar og eitthvað í Garðheima. Svo erum við með jólatrjáasölu á Snæfoksstöðum helgarnar fyrir jól frá kl. 11 til 16 og bjóðum upp á kakó og lummur.



Bergur Björnsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagis Árnesinga, hefur snúist í kringum tré meira og minna allt sitt líf. Hér er hann á Snæfoksstöðum í Grímsnesi og mundar sög sína í jólatrjáaavertíðinni. Mynd / Aðsend

Þar er líka handverksmarkaður. Auk þess að velja sér tré úr því sem við höfum þegar hoggið, getur fólk fellt tré sjálf, ef það kys svo.“ Einkum er þetta stafafura en Bergur segir líka fást eitthvað af blágræni.

Trjátískan tekur breytingum

Spurður hvort jólatrjáatíska landsmanna hafi tekið breytingum gegnum árin segir hann svo vera.

„Fyrst var það rauðgrenið en nú er það alveg dottið út nema hjá einstaka sérvitringi. Langmest er hoggið af stafafuru á innanlandsmarkað, af því að hún er barrheldin,“ segir hann og spyrðir við að kannski hafi tískan bara breyst. Hann tiltekur að blágrænið sé einnig barrheldið og því góður kostur. Hans eigið uppáhalds tré verði þó alltaf þinur.

„Hvert tré er með sína lykt, svo sem furan og blágrænið, en mér finnst lyktin af þínum best.“ Hann setur því stundum þin í stofuna fyrir jólin en þar sem tegundin er ekki á hverju strái notar hann oft furu sem jólatré. „Ég tek allavega greinar af þin, bara til að fá lyktina,“ bætir hann við. /sá

Vélagengi í skógarhöggið

Bergur hefur auðvitað lent í ýmsu brasi eins og allir skógarhöggsmenn. Segir stundum hafa fallið á sig tré þegar hann var að byrja eða vandaði sig ekki nóg. En aðallega sé hann orðinn nokkuð lúinn á skrokkin eftir að munda sögina alla þessa áratugi. „Nú fengum við Letta í vor með sérstakar vélar til að fella tré, afkvista þau og saga í búta,“ útskýrir hann. „Svo keðjusagarvinna fer nú bara mikið til minnkandi héðan í frá, hugsa ég.“

Bergur segir Lettana hafa felld um 200 rúmmetra á þremur dögum. Meðalmaður sé að höggva um fjóra rúmmetra á dag.

Að lokum er Bergur spurður hinnar gullnu spurningar skógarhöggsmannsins: hvaða tegund af sög hann noti.

„Í vinnunni nota ég Stihl, en mín einkasög er Husqvarna,“ segir hann hlæjandi.

„Ég hallast meira að Husqvarna, það eru nokkrir smágallar við Stihl sem eru hálfleiðnilegir,“ segir Bergur að endingu. /sá

Byggðasaga Skagafjarðar

heildarútgáfa 1.-10. bindi.

Stakar bækur kr. 6.000 hvert eintak.

Fyrsta bindi er ekki selt stakt.

Tilboðsverð,
öll bindin 1.-10.
á aðeins 50.000 kr.

Sögufélag Skagafjarðar
kt. 640269 - 4649
banki: 0310 - 26 - 017302.



Upplýsingar og pantanir í
síma 453 6261 / 897 8646
eða á saga@skagafjordur.is

Frí heimsending ef keyptar
eru tvær bækur eða fleiri.



COP28:

Orð verði gjörðir tafarlaust

Í sögulegu samkomulagi sem hartnær 200 þjóðir heims náðu á COP28-loftslagsráðstefnunni er fjallað um jarðefnaeldsneyti.

Lengi var tekist á um endanlegt orðalag samkomulagsins en miklu þótti skipta að orðið jarðefnaeldsneyti næði inn í það, jafnvel þótt ekki sé talað um að hætta notkun þess, heldur er um að ræða að ríki heims leggi sig fram um að færa sig úr jarðefnaeldsneyti yfir í aðra orkugjafa með skipulögðum hætti. Þetta þykir risastórt skref fram á við þótt margir hafi viljað ganga enn lengra. Þá einkum varðandi að hætta alveg notkun jarðefnaeldsneytis í skrefum en mörg ríki, vísindamenn og félagasamtök höfðu knúið á um slíkt. Stærstu losunarríki heims, Kína og Bandaríkin, samþykktu að uppfæra langtíma stefnu sína í orkumálum.

1,5 °C enn innan seilingar

Sultan al-Jaber, forseti þingsins, sagði sáttmálann grunn að miklum umskiptum, þar væru ýmis nýmæli og vísindi höfð að leiðarljósi. Fyrst



Nýja COP28-samkomulagið þykir marka tímamót. Mynd / COP28-Walaa Alshaer

og fremst væri enn innan seilingar að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 °C og ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050. Hann minnti þó á að orð væru annað en gjörðir og undir það tók Simon Stiell, yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, sem hvatti öll stjórnvöld og fyrirtæki til að umbreyta orðum í aðgerðir tafarlaust.

Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fagnaði samkomulaginu og sagði markmið Evrópu um að þrefalda

endurnýjanlega orku og tvöfalda orkunýtingu fyrir árið 2030 væru nú sameiginlegt markmið alls heimsins.

Guterres svartsýnn

„Hvort sem ykkur líkar það betur eða verr er óhjákvæmilegt að hætta notkun jarðefnaeldsneytis. Við skulum vona að það verði ekki of seint,“ skrifaði António Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á Twitter eftir að samkomulagið var í höfn. /sá

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Gleðilega hátíð!

Við óskum landsmönnum öllum, til sjávar og sveita, gleðilegra jóla og þökkum öll ánægjuleg samskipti. Við vonum að árið fram undan og framtíðin öll verði farsæl og björt.



FRÉTTIR

Aðgerðaráætlun:

Hlutfall af lífrænt vottuðu landbúnaðarlandi verði 10% árið 2040

– Formaður framleiðenda í lífrænum búskap fagnar áætlun stjórnvalda en þykir tíminn of langur til að ná markmiðum

Gefin hafa verið út drög að fyrstu íslensku aðgerðaráætluninni til eflingar lífrænnar matvælaframleiðslu.

Íslensk stjórnvöld hafa fram til þessa ekki sett sér markmið um hlutfall lífræns vottaðs lands af landbúnaðarlandi á Íslandi, en með útgefni aðgerðaráætlun er nú stefnt að því sem meginmarkmiði að hlutfallið verði tíu prósent árið 2040.

Þetta hlutfall hefur á undanförmum árum verið metið vel undir einu prósentu á Íslandi. Evrópusambandið hefur í tengslum við landbúnaðarstefnu sína, Farm to Fork, sett sér markmið um að hlutfall af lífrænu landbúnaðarlandi í löndum sambandsins verði komið í 25 prósent árið 2030. Þetta hlutfall var talið vera 10 prósent árið 2021.

Stuðningsaðgerðir við framleiðendur frá 2027

Aðgerðaráætlunin var unnin í matvælaráðuneytinu en hún byggir á tillögu Umhverfissráðgjafar Íslands sem var falið að vinna að undirbúningi áætlunarinnar í september 2022. Hún samanstendur af 14 tölusettum aðgerðum sem eru á ábyrgð matvælaráðuneytisins, auk átta annarra aðgerða sem heyra undir önnur ráðuneyti. Hún liggur nú í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Tímarammi aðgerða sem miða að beinum stuðningi við framleiðendur er í flestum tilvikum frá árinu 2027, eftir að endurskoðað stuðningsfyrirkomulag við landbúnað hefur tekur gildi, með vísan til íslensku landbúnaðarstefunnar.



Eygló Björk Ólafsdóttir.

Skilvirkari aðlögunarstuðningur yfir lengri tíma

Fyrsta aðgerðin miðar að því að endurskoða núverandi aðlögunarstuðning í þeim tilgangi að gera hann skilvirkari og lengja tímabilið. Í stað núverandi aðlögunarstyrkja verði boðið upp á fimm til sjö ára aðlögunarstuðning. Styrkir verða einnig veittir yfir tveggja til þriggja ára tímabil til að mæta kostnaði nýrra framleiðenda vegna lögbundinnar aðlögunar að lífrænni framleiðslu undir eftirliti vottunarstofu.

Meðal annarra aðgerða má nefna að kannað verður sérstaklega að lífrænum framleiðendum verði greitt sérstakt álag á almennar stuðningsgreiðslur, eftir aðlögunartímabil, að framleiðendum verði boðnir sérstakir fjárfestinga- og tækjastyrkir, afurðastöðvum verði boðnir sérstakir styrkir til að mæta auknum kostnaði og að tryggja verði að gerðar verði nauðsynlegar greiningar á möguleikum notkunar á lífræns efnis til áburðar- og fóðurgerðar.

Gert er ráð fyrir að aðgerðaráætlunin verði endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, í fyrsta skiptið ekki seinna en 1. janúar 2029.

Ísland er eftirbátur annarra þjóða

Eygló Björk Ólafsdóttir er formaður VOR (Verndun og ræktun) – félag um lífræna ræktun og framleiðslu. Hún segir það mjög ánægjulegt að búið sé að leggja fram þessi drög að fyrstu aðgerðaráætlun hér á landi sem snýr að lífrænni matvælaframleiðslu.

„Þetta er þýðingarmikið skref fyrir alla. Ísland er eftirbátur annarra þjóða í umfangi lífræns vottaðs landbúnaðarlands, það hefur sýnt sig í öðrum löndum að markmið og aðgerðaráætlun stjórnvalda hefur hvað mest áhrif á vöxt og framgang á þessu sviði. VOR hefur oft bent á að það eru margir sem þurfa að koma að þessu verkefni, það þarf aðgerðir frá ýmsum hliðum.

Drögin taka á helstu þáttum sem þurfa að vera til staðar, það er endurskoðun á styrkjakerfinu, markaðsstarfi, leiðbeiningar og annar stuðningur við framleiðendur, sem og fræðslumál sem reyndar heyra undir annað ráðuneyti en eru einnig mjög mikilvæg undirstaða fyrir nýliðum. Af þeim 14 aðgerðum sem þarna eru tiltekna er fjármögnun þó ekki alveg skýr sem væntanlega er í ljósi þess að nýir búvörusamningar munu líta dagsins ljós árið 2027. Margir gera þær væntingar að þeir muni losa um ákveðna stífini í núverandi kerfi og endurspegli ný viðfangsefni á sviði



Samkvæmt aðgerðaráætluninni á að kanna sérstakar stuðningsgreiðslur, fjárfestinga- og tækjastyrki fyrir lífræna framleiðendur.

landbúnaðar. VOR mun leggja áherslu á að aðgerðaráætlunin, þegar hún liggur fyrir endanlega, komi sem fyrst til framkvæmda,“ segir Eygló.

Of rúmur tími

Eygló telur að það sé heldur rúmur tími, að setja markið á að þessi tíu prósent náist ekki fyrir

en árið 2040. „Evrópusambandið er í tíu prósentum í dag en okkur hefur fundist að það ætti að vera raunhæft fyrir Ísland að ná þessu markmiði á 10 árum. Það er fullt tilefni til að hefja skipulagða vinnu í þá veru að gera Ísland meira gildandi í lífrænni framleiðslu með tilheyrandi tækifærum fyrir íslenska bændur um leið og áhrif á umhverfi og lýðheilsu eru mjög jákvæð.“/smh

Kaupfélag Skagfirðinga:

Pungur rekstur sláturhúsa

Í byrjun desember tók Sigurður Bjarni Rafnsson til starfa sem sláturhússtjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga (KS).

Um nýja stöðu er að ræða innan KS sem varð til eftir að Ágúst Andrésson lét af störfum sem forstöðumaður kjötafurðasviðs, eftir 27 ára starfsaldur þar innanbúðar.

„Ég er mjög ánægður yfir því að vera kominn aftur til Kaupfélags Skagfirðinga, þetta er eins og að koma aftur heim eftir gott sumarfrí. Það að fá tækfæri til að koma aftur til starfa við kjötafurðastöðina var vissulega áskorun sem erfitt er að segja nei við, ég var búinn að vera framleiðslustjóri hér í 18 ár og þekki nú innviðina nokkuð vel. Nú kem ég aftur ferskur til starfa og hlakka til að takast á við þau verkefni sem bíða,“ segir Sigurður.

Sér um daglegan rekstur á Saudárkróki

Sigurður segir að hann muni sjá um allt sem viðkemur daglegri stjórnun í sláturhúsinu á Saudárkróki og svo um öll samskipti við Sláturhús Kaupfélags Vestur-Húsvetninga á Hvammstanga, sem er í helmingsseigu KS. Stórgripasláturhúsið á Hellu, sem einnig er í eigu KS, verður

undir stjórn kjötvinnslunnar Esju gæðafæðis, sem er dótturfyrirtæki KS. „Með nýjum mönnum verða vissulega einhverjar breytingar og vissulega komum við til með að endurskoða með hvaða hætti það verður, en enn sem komið er hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir hvernig við ætlum að standa að þessu en stefnan er að þjónusta bændur og alla okkar viðskiptamenn eins vel og hægt er.“

Möguleikar opnast með vinnslu og sölu hliðarafurða

Spurður um rekstrarskiptir og -afkomu sláturhúsa í dag, segir Sigurður að þótt staðan sé ekki björt sem stendur séu möguleikar í auglýsni. „Rekstrarumhverfi sláturhúsa á Íslandi er verulega þungt og við verðum að leita allra leiða til að ná að hagræða eins og hægt er.

Ég er sannfærður um að með samvinnu um úrvinnslu og sölu á öllum hliðarafurðum sem fellur til í landinu þá opnast möguleikar til hagræðingar og bara það að geta selt vörurnar í stað þess að borga fyrir förgun, þar getum við gert betur í krafti stærðarinnar og með því er hugsanlega hægt að bæta rekstrarafkomu sláturhúsa.



Sigurður Bjarni Rafnsson.

Það er því miður svo að sauðfé heldur áfram að fækka og allt útlit fyrir að því fækki enn frekar og við verðum að bregðast við því og leita leiða til að gera slátrun á eins hagkvæman hátt og ef það þýðir fækkun á sláturhúsum þá er það skylda okkar að skoða alla möguleika sem eru í boði þar en gæta þess að þjónustan við bændur og aðra viðskiptamenn verði ávallt eins góð og kostur er.

Það er klárlega fullt af krefjandi verkefnum fram undan. Það þarf að velta við fullt af steinum, líta í öll horn, skoða alla möguleika hvar er hægt að gera betur svo við getum skilað af okkur betri afurðum og afkomu.“ /smh

nú fáanleg á netinu og í bókabúðum

Kjarni kristinnar trúar

C.S. LEWIS

QR code


panta á www.saltforlag.is



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Sigrún Kjartansdóttir

Liðirnir slæmir eftir mikið álag

Sigrún Kjartansdóttir, leikfimi-, jóga- og Zumbakennari, hefur hreyft sig mikið alla tíð. Mikið hefur reynt á hné og aðra liði líkamans sem hefur ágerst með aldrinum. Sigrún segir að eftir að hún byrjaði að taka **Active JOINTS** frá Eylíf hafi henni farið að líða miklu betur í liðunum og öllum líkamanum.

„Ég get vel mælt með **Active JOINTS** frá Eylíf. Það hefur reynt mér einstaklega vel og ég finn mun þegar ég tek það ekki,“ segir hún. „Ég er búin að taka **Active JOINTS** í ár vegna eymsla og verkja í hnjúnum, það er eins og bein sé komið í bein enda sýndi myndataka það. Ég ákvað þó að leita annarra leiða en að fara í enn eina aðgerðina. Ég fæ oft mjög sára verk í hnén en eftir að ég fór að taka **Active JOINTS** liður mér mun betur. Það er eins og liðirnir mýkist,“ segir Sigrún sem er mikil ofurkona og líkamsræktardrottning.

Hafði engu að tapa

„Ég hafði engu að tapa með að prófa mig áfram með bætiefni en ég hafði ekki verið nógu dugleg að taka þau inn né önnur vítamín. Ég hafði prófað aðrar tegundir af bætiefnum fyrir liðina en fann lítinn sem engan mun. Ég er að kenna líkamsrækt hjá World Class í Breiðholti og Ólöf Rún sem framleiðir vöruna var í tímum hjá mér. Hún sagði mér frá **Active JOINTS** sem væri sérstaklega framleitt fyrir liði. Ég þekki bætiefni nokkuð vel og hef mikla trú á því sem Ólöf er að gera. Mér finnst ekki verra að varan er að fullu unnin hér á landi úr íslensku hráefni. Miklir verkir skerða lífsgæðin,“ segir Sigrún og bætir við að endalast álag á líkamann í mjög mikilli hreyfingu geti komið niður á liðum þegar fólk eldist. „Svo er bara falleg hugsun í kringum það að varan sé að fullu unnin úr hreinum íslenskum hráefnum á Íslandi og af Íslendingum. Fyrst og fremst er það þó virkin sem skiptir máli.“

**Hrein óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust**

Mikið álag á æfingum

„Mér hættir til að æfa of mikið. Ég elska að hreyfa mig og það er mín slökun og hugarró. Ég hef hlaupið fjögur heilmarafon og nokkur hálf marafon og áður en ég fór að hlaupa hafði ég keppt í samkvæmisdönsum þar sem maður æfði tvo til þrjú tíma á dag á háhæluðum skóm. Ég var auðvitað yngri þá en þetta var samt svolítið mikið,“ segir Sigrún sem er 65 ára og hefur farið í aðgerðir á báðum hnjúm og báðum öxlum vegna álags.

„Ég myndi mæla með **ACTIVE JOINTS** frá Eylíf fyrir fólk sem er í mikilli hreyfingu og alla þá sem finna fyrir verkjum í liðum,“ segir Sigrún sem kennir Zumba og jóga auk annarra tíma í World Class. Dóttir hennar, Anna Claessen, er sömuleiðis líkamsræktarkennari enda fóru þær mæðgur saman í Zumba-kennaranám árið 2010. Zumba sem er dans með fitness ívafi hefur verið mjög vinsæll hér á landi. „Ég fór að kenna frekar seint en finnst það ótrúlega skemmtilegt,“ viðurkennir Sigrún og er ekkert að spá í að hætta kennslunni.

Tímarnir hafa breyst en Sigrún segir að líkamsrækt hafi varla þekkt þegar hún var barn að aldri fyrir utan skólaleikfimi. Krakkar hafi hins vegar leikið sér mikið úti í brennibolta og þess háttar leikjum. „Maður sá ekki fólk hlaupa þegar ég var að alast upp og ef einhver gerði það var hann talinn skrittinn,“ segir hún og hlær.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynt fólk vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukæfnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Helliðshéið
- Kollagen frá Grindavík
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði



Ragnar Alfreðsson
Trésmiður

Mælir hiklaust með Stronger LIVER

Ragnar Alfreðsson trésmiður notar bætiefnið **Stronger LIVER** með frábærum árangri. „Blóðið í mér hefur verið að hlaða upp járn og fylgjast þarf náði með gildunum því ef þau verða of há þarf að fara í aftöppun. Ég fer því í blóðprufur á þriggja mánaða fresti en eftir að ég fór að taka inn **Stronger LIVER** frá Eylíf hafa lífrargildin, sem voru áður ekki upp á tíu, snarbreyst til hins betra. Það er einfaldlega allt í topplagi eftir að ég fór að taka inn þetta magnaða bætiefni sem hefur breytt ótrúlega miklu fyrir mig,“ segir Ragnar, alsæll með árangurinn.

„Ég mæli 100 prósent með **Stronger Liver** því ég þekki það af eigin raun. Ég er yfirleitt ekki ginnkeyptur fyrir töflum eða bætiefnum en fékk ábendingu um **Stronger LIVER** frá Eylíf. Í fyrstu var ég hikandi og hafði enga trú á áhrifum þess en eftir að ég fór að lesa mé til um bætiefnið ákvað ég að prófa. Ég var nýkominn úr blóðprufu þar sem lífrargildin voru alltof há og fannst ég ekki hafa neinu að tapa að gefa þessu séns. Eftir þriggja mánaða skammt varð ég svo nánast orðlaus yfir því hvað gildin höfðu breyst mikið þegar ég fór næst í blóðprufu. **Stronger LIVER** var greinilega að svinvirka,“ segir Ragnar, og læknirinn hans var líka hissa á betri lífrargildum. „Ég sagði lækninum að ég væri að taka inn **Stronger LIVER** og hann sagði það greinilega virka mjög vel, sem eru sannarlega góð meðmæli. Vitaskuld má maður ekki vera með fordóma fyrirfram og dæma það sem maður veit ekki um. Það heillaði mig líka að bætiefnið er unnið úr náttúrulegum og íslenskum hráefnum,“ segir Ragnar sem mælir eindregið með **Stronger LIVER**. „Nýrnastarfsemin var líka í þínu ólagi hjá mér en þetta virðist haldast í hendur því nýrnagildin hafa líka lagast eftir að ég fór að taka inn **Stronger LIVER**. Ég er mjög ánægður og mun halda áfram að taka inn þetta einstaka bætiefni inn fyrir heilsu mína. Ég mæli því hiklaust með **Stronger LIVER** fyrir alla sem glíma við ójafnvægi í járnþúskapnum því ég hef þurft að fara miklu sjaldnar í aftöppun.“

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



NYTJAR HAFSINS

Hvalastofnar við Ísland eru í góðu ástandi

– Guðjón Már Sigurðsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, tekinn tali

Umræða um hvali og hvalveiðar fór varla framhjá nokkrum manni síðastliðið sumar og snerist að hluta til um hvort við ættum að veiða hvali eða ekki.



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson.

Umræðan var að mestu á tilfinningalegum nótum og snerist um hvernig hvalir væru veiddir og þá hvort þær væru mannúðlegar eða ekki.

Hvergi komu fram, svo greinarhöfundur sé kunnugt um, sæmilegar upplýsingar um stöðu hvalastofna við Ísland eða í Norður-Atlantshafi. Til að bæta úr því fengum við Guðjón Má Sigurðsson, doktor í sjávarlíffræði og sérfræðing í hvalarannsóknunum hjá Hafrannsóknastofnun, í viðtal.

Helstu hvalastofnar við Ísland

Hvalir skiptast í tvær tegundir, tannhvali annars vegar og skíðishvali hins vegar. Skíðishvalir sífa sjóinn með skíðum sínum og nærast á dýrasvífi sem og smærri tegundum fiska, s.s. síli og loðnu, en þar slæðast einnig með stærra fiskar.

Tannhvalir nýta tennurnar til veiða sem eru aðallega ýmsar tegundir fiska, smokkfiska og kolkrabba, og sumir þeirra, s.s. háhyrningar, veiða aðra hvali og seli. Steypireyður er langstærsta dýr jarðar og vegur allt að 200 tonnum. Dýrið verður allt að 100 ára og kynþroski verður um 15 ára aldur. Aðalfæðan eru svífur ýmiss konar og fæðuþörf dagsins er um 4 tonn. Aðrir helstu skíðishvalir við landið eru langreyður, hnúfubakur og hrefna. Hafrannsóknastofnun gefur út veiðiráðgjöf á hrefnu og langreyði. Langreyður er að fjölga en hrefnu hefur heldur fækkað við landið og er líkleg skýring að fæðustofnar hennar, einkum sandsíli, hafa dregist saman við Ísland en á sama tíma hefur þeim fjölgað við Jan Mayen.



Hnúfubakur hefur fjölgað sér mikið við landið. Í fyrstu talningu, fyrir 35 árum, voru þeir um 1.000 en nú eru þeir á milli 10–15.000 talsins. Mynd/Wikipedia

Helstu tannhvalir við landið eru búrhvalur, háhyrningar, andanefja, hnísa, grindhvalur og höfrungategundirnar hnýðingur og leiftur. Búrhvalurinn er stærstur og heldur sig mest í úthafinu en af einhverjum ástæðum er hann ein algengasta tegund hvalreka, það er að segja að hann reki dauður að ströndum landsins.

Staða flestra hvalastofna er góð

Meðal umhverfisverndarsamtaka, einkum erlendis, er talað um að hvalir séu í útrýmingarhættu. En hver er staða þeirra tegunda sem halda sig við Ísland? „Það er bara hægt að segja að þeir séu allir í ágætu standi, jafnvel mjög góðu ástandi. Flestir hvalastofnar hafa stækkað mjög mikið síðan við byrjunum að telja þá fyrir um það bil 35 árum. Sumir hvalastofnar hafa margfaldast, eins og hnúfubakurinn.“

Það er helst steypireyðurinn sem hefur ekki alveg tekið við sér. Hann var veiddur ansi harkalega niður en hann er mjög langlífur og fjölgar sér hægt. Það tekur bara tíma að hann nái sér upp í fyrri styrk,“ segir Guðjón Már.

Rannsóknir á hvölum

Farið er í hvalatalningar á átta ára fresti að sumarlagi til að leggja mat á stofnstærð og útbreiðslu en lítið er vitað um útbreiðslu á veturna. Þá hefur verið reynt að meta fæðusamsetningu hvala með því að ná lífsýni úr húð þeirra.

Með því er unnt að greina hvað dýrið hefur verið að éta síðustu mánuði. Veiðar Hvals hf. á langreyð hafa veitt sérfræðingum aðgang að magasýnum til að skoða samsetningu fæðu en einnig er fæðuval hrefnu þekkt frá fyrri rannsóknum. Minna er vitað um fæðusamsetningu þeirra hvala sem ekki eru veiddir, svo sem hnúfubaks, sem fjölgað hefur mikið við Ísland

Aldursgreining tannhvala fer fram með því að skoða tennur þeirra en aldur hjá skíðishvölum er metinn með því að telja aldurshringi í eyrnamerki. „Í framtíðinni verður vonandi hægt að fylgjast betur með hvölum, til dæmis með því að telja þá úr drónum og að skjóta í þá merkjum sem senda staðsetningu og aðrar upplýsingar til gervihnatta,“ segir Guðjón Már.

Veiðar á hvölum

Flestir hvalastofnar við Ísland myndu þola veiðar út frá öllum mælikvörðum. Hafrannsóknastofnun gefur út veiðiráðgjöf á hrefnu og langreyð sem er mjög varkár, eða innan við 0,5% af stofnstærð. Alþjóðahvalveiðiráðið fer síðan yfir ráðgjöfina en þar situr fólk sem er bæði með og á móti hvalveiðum. „Hvalveiðar Íslendinga eru sjálfbærar og hafa engin áhrif á stofnstærð þeirra hvalategunda sem veiddar eru við landið. Flestir aðrir hvalastofnar eru stórir og myndu þola hóflegar veiðar ef vilji væri fyrir slíku,“ segir Guðjón Már.

Hnúfubakur og loðnuveiðar

Hnúfubakur hefur fjölgað sér mikið við landið. Í fyrstu talningu, fyrir um 35 árum, voru þeir um 1.000 en nú eru þeir einhvers staðar á milli 10–15.000 talsins. Þeim hefur því fjölgað gríðarlega.

Í fyrstu voru þeir aðallega á sumrin á loðnuslóð norður af landinu en nú halda þeir til hér stóran hluta ársins og fylgja loðnugöngu suður með austurströndinni og vestur um og inn í Breiðafjörð á veturna. Sjómenn hafa haldið því fram að hnúfubakur éti gríðarlegt magn af loðnu og sé einn áhrifa-valdur minnkandi loðnugengdar við landið.



Guðjón Már Sigurðsson.

Hvað segir Guðjón Már um það? „Það er erfitt að fullyrða um það. Við eigum magasýni úr hrefnu og langreyð en ekki úr hnúfubak. Við getum því ekki sagt mikið um hvað hann er að éta, en við vitum að hann fylgir loðnunni. Nýlega var birt grein þar sem heildarátt sjávarspendýra í Norður-Atlantshafi er metið 13 milljónir tonna á ári. Þar af er áætlað að hnúfubakar við Ísland séu að éta rúmlega 1,3 milljónir tonna. Það er áreiðanlega töluverður hluti þess loðna enda fylgir hnúfubakurinn loðnunni. En við höfum einfaldlega ekki gögn til að fullyrða neitt meira um þetta. Til þess vantar rannsóknir.“

En hvernig enda hvalir líf sitt?

Í ljósi umræðu um ómannúðlegt dráp hvalveiðimanna á hval, er eithvað vitað um hvernig hvalir enda líf sitt? „Nei, það er ekki mikið vitað um það. En því eldri sem þeir verða eru þeir viðkvæmari fyrir syklingum og sjúkdómum og á endanum geta þeir ekki étid eða andað og drepast þannig. Það er líka þannig að þegar þeir eru orðnir veikburða þá ráðast háhyrningar eða hákarlar á þá og drepa.“

Hákarlategundir hér við land eru ekki mikið þekktar af því að drepa, mun frekar af því að éta hræ. Háhyrningar eru aftur á móti þekktir af því að fara um í hópum þola hvali, einkum smáhveli og seli. Það virðist vera að sumir hópar háhyrninga veiði frekar hvali og seli en aðrir hópar séu frekar á eftir síld og öðrum uppsjávarfiskum. En hér við Ísland eru þeir meiri tækifærisinnar og éta bæði fisk og sjávarspendýr.“

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Segðu **BLESS** við óværuna!

YKKAR pest control

Músa baninn 2 x 50 gr

Inniheldur: Brómadiólón 0,0027%

YKKAR pest control


BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Skíðishvalir	Hámarks þyngd-tonn	Mesta lengd metrar	Hámarksaldur, ár	Kynþroski	Áætlaður fjöldi við Ísland (mið N-Atlantshaf)
Steypireyður	200	30	90 - 100	10 - 20	3.000
Langreyður	70	22	90 - 100	10 - 20	41.000
Hnúfubakur	40	17	50 - 60	5 - 10	14.000
Sandreyður	28	20	70	8 - 10	10.000
Hrefna	14	10	50	6 - 10	43.000
Áætlaður fjöldi samtals					111.000

Tannhvalir	Hámarks þyngd-tonn	Mesta lengd metrar	Hámarksaldur, ár	Kynþroski	Áætlaður fjöldi við Ísland (mið N-Atlantshaf)
Búrhvalur	60	20	60 - 70	7 - 20	20.000
Háhyrningur	10	10	50 - 80	10 - 15	15.000
Andanefja	5	10	30 - 40	7 - 13	20.000
Grindhvalur	2	6	60	9 - 14	350.000
Hnýðingur	400 kg	3	50	6 - 10	159.000
Leiftur	300 kg	3	20	6 - 12	131.000
Hnísa	70 kg	2	20+	2 - 3	43.000
Áætlaður fjöldi samtals					738.000

Yfirlitið sýnir helstu hvalastofna við Ísland og í mið Norður-Atlantshafi, áætlaðan fjölda, mestu lengd, hámarksaldur og kynþroska. Áætlað er að hvalir í Norður-Atlantshafi éti um 13 milljónir tonna af svífi, fiski og öðrum sjávarspendýrum.



Holda
KALKÚNN

REYKJABÚIÐ

- SÍÐAN 1947 -

Íslenskur kalkúnn
í veisluna



FRÉTTIR

Finnskir framleiða Reykjavíkurrkaffi

Í Finnlandi og Eystrasaltslöndunum er í matvörumörkuðum og víðar selt hversdagskaffi sem ber nafnið Reykjavík - Icelandic style roast.

Íslenskur ferðalangur á ferð í Norður-Karélíu í Finnlandi, skammt frá landamærunum að Rússlandi, rak á dögunum upp stór augu í matvöruverslun þegar við honum í hillu blasti röð af himinbláum kaffipökkum og nafnið Café Reykjavík, Icelandic style roast.

Er þarna um að ræða kaffi frá finnska fyrirtækinu Paulig sem stofnað var 1876 og hefur höfuðstöðvar í Helsinki. Paulig er matvæla- og drykkjavöruvafyrirtæki og selur vörur sínar einkum í Finnlandi og Eystrasaltslöndunum.

Á umbúðunum er kort þar sem getið er um Atlantshaf, Kjalarnes, Grafarvog, Árbæ, Laugaveg og Miklubraut og þar má sjá myndir af skipi, burstabæ, bíl, hafnsöguvita, fossi, Hallgrímskirkju, Sólfarinu, hesti, kaffibolla með íslenska fánanum og manneskju í vatni.

Reykjavíkurrkaffið er hluti af línu með borgarnöfnum, svo sem New York og Sydney.

Litrík þorpsstemning

Vörulýsingin aftan á kaffipakkanum er sköndin: „Paulig Café Reykjavík sækir innblástur til hinnar litríku og notalegu höfuðborgar sagnaeyjunnar. Kaffi er hluti af íslensku lífi heima og á kaffihúsum, sem og utandyra í hrifandi landslagi. Þessi meðaldökka kaffiblanda er ristud úr 100% Arabica-baunum og hefur ávaxtaríkt, sætt bragð með karamellu.“ Á vefsíðu fyrirtækisins segir einnig: „Þú getur fundið keim af karamellu í ávaxtaríku, sætu kaffinu. Paulig Café Reykjavík er innblásið af litríkri þorpsstemningunni í Reykjavík. Njóttu kaffisins með bragðmikilli rabarbarböku eða í náttúraskoðunarferð.“



Íslendingur á ferð í austurhluta Finnlands rakst á þetta skemmtilega Reykjavíkurrkaffi í þorpsbúðinni í byrjun aðventunnar. Mynd/sá

Uppáhellingur og export

Gárungar bentu á að karamella og ávöxtur væri hvorki sérlega reykvískt né heldur íslenskt og fremur hefði átt að hafa Reykjavíkurrkaffi með keim af mjólkursúkkulaði og lakkrís. Þá væri „Icelandic style roast“ út í hött þar sem söguleg íslensk kaffi hefð væri uppáhellingur og á harðæristímum export, þ.e. kaffibætir úr síkorúrot til að drýgja kaffið. Kaffi hefð Íslendinga hefði ekki þroskast fyrr en á tíunda áratugnum þegar kaffibrenslur hófu að starfa og landinn tók að drekka t.d. espresso og cappuccino.

Annar sagði Finna ekki mikla kaffiþjóð og þótt flest væri þar gott væri ekki það sama að segja um kaffimenninguna – og þar með líklega Reykjavíkurrkaffið sem fékk þá einkunn að vera hvorki gott né sérlega vont. /sá



Byggja á 90 íbúðir næstu fimm árin í Ísafjarðarbæ og 200 næstu 10 árin gangi spár eftir.

Myndir / Aðsendar

Vestfirðir:

Ör fjölgun íbúa kallar á hraðari uppbyggingu

Byggðastofnun stóð nýlega fyrir málþingi um atvinnuuppbyggingu og íbúabróun á Vestfirðum.



Arna Lára Jónsdóttir.

Þar kom meðal annars fram að húsnæðisáætlanir vestfirskra sveitarfélaga gera ráð fyrir að íbúum fjölgi um rúmlega tvö þúsund manns á næstu fimm árum. Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að spýta verði í lófana hvað varðar húsnæðismál og alla innviðaupbyggingu svæðisins.

Íbúum hefur fjölgað talsvert á Vestfirðum undanfarin ár. Íbúum í Ísafjarðarbæ hefur til að mynda fjölgað um 90 manns það sem af er þessu ári.

„Ég tel að þessi spá um mikla íbúafjölgun landshlutans geti vel raungest og sérstaklega ef horft er til fjölsfjölgunar í Vesturbýggð en þar hefur íbúum fjölgað um meira en 30% frá árinu 2011 eftir að góður gangur komst í uppbyggingu fiskeldis. Hér á norðursvæðinu erum við að horfa fram á mikinn uppgang, meðal annars í fiskeldi.“

Það er nýbúið að opna nýtt laxasláturhús í Bolungarvík og miklar fjárfestingar í fólki, framleiðslutækjum og búnaði,“ segir Arna Lára og minnir á að eitt stærsta viðskiptaævintýri ársins átti sér stað á Ísafirði í sumar þegar Coloplast keypti Kerecis fyrir 180 milljarða króna. „Kerecis hefur vaxið mikið undanfarin ár og eru plön um mikla uppbyggingu á Ísafirði. Þannig að það er ekki annað hægt að segja en að framtíðin sé björt,“ segir hún.

Byggja þarf 200 íbúðir á Ísafirði

Skortur er hins vegar á húsnæði og uppbygging þarf að ganga hraðar, að sögn Örnú Láru. Ýmsir ytri þættir hafi þó áhrif á uppbygginguna, til dæmis sé vaxtastigið ekki að vinna með samfélögunum, auk þess sem miklar kostnaðarhækkunar, herra verð á aðföngum og fleira hafi áhrif. Þá séu verktakar á svæðinu á haus í öðrum verkefnum.

„Við hjá sveitarfélagunum þurfum líka að vera klár með lóðir og tryggja skilvirkni kerfisins. Ef okkar plön ganga eftir þá þarf að byggja 90 íbúðir næstu fimm árin í Ísafjarðarbæ og 200 næstu tíu árin.“

Miðað við þann mikla vöxt sem er fram undan í atvinnulífinu mun okkur ekkert veita af öllum þessum íbúðum.

Í síðustu viku voru stúdentagarðar Háskólaaseturs Vestfjarða með 40 íbúðum opnaðir á Ísafirði og í sumar voru nemendagarðar fyrir 20 nemendur Lýðskólans opnaðir á Flateyri. Allt telur þetta,“ segir Arna Lára.

Samgöngur og aftur samgöngur

Samgöngumál eru heitasta málið á Vestfirðum eins og bæjarstjórinn veit manna best.

„Við Vestfirðingar opnum vart munninn án þess að tala um samgöngur. Miklar samgöngubætur hafa orðið undanfarin misseri en þar ber hæst brúin yfir Þorskafljórd, opnun vegarins um Teigsskóg og inn Djúpafjörð og uppbygging nýs vegarkafla á Dynjandisheiði. Það vantar samt töluvert upp á að við stöndum jafnfætis öðrum landshlutum. Það er verið að framleiða gríðarleg verðmæti hér á Vestfirðum sem eru að mestu flutt eftir vegakerfinu suður til útflutnings, en kerfið er ekki í stakk búið til að taka við þessum miklu þungaflutningum,“ segir Anna Lára og leggur í leiðinni áherslu á að stytta þurfi vegalengdir milli byggðarkjarna og gera vegi öruggari svo svæðið sé samkeppnishæft.

„Eitt af stóru málunum er að breikka Breiðadalslegg Vestfjarðaganga, sem er einbreiður, en það má þakka fyrir að ekki hafa orðið stórslys í göngunum. Þau eru illa upplýst og bera ekki þá umferð sem er. Það á sérstaklega við á sumrin þegar mikill fjöldi hópferðabíla blandast við vaxandi þungaflutninga. Mikil fjölgun hefur verið á komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar og njóta ferðir á Dynjanda mikilla vinsælda, auk þess sem ferðamönnum er almennt að fjölga. Þessari fjölgun fylgir stórkain slyshætta í einbreiðum göngum.“

Lífið í Ísafjarðarbæ

Arna Lára segir að Ísfirðingar taki vel á móti nýjum íbúum.

„Við vorum að setja í loftið nýja rafræna íbúahandbók undir nafninu „Lífið í Ísafjarðarbæ“ sem er um allt sem viðkemur lífinu eftir vinnu og skóla. Þar eru á einum stað upplýsingar um þær tómsundur, félagsstarf og menningu sem í boði er í sveitarfélaginu.“

Við erum ótrúlega stolt af nýju síðunni, ekki síst þar sem sést svart á hvítu hversu fjölbreytt og skemmtilegt tómsundalíf er í boði á svæðinu. Við vonum að íbúum og tilvonandi íbúum gagnist hún vel. Það eru fjölmörg atvinnutækifæri í boði á Vestfirðum og gott samfélag. Okkur vantar fólk til að móta með okkur spennandi og hjarta framtíð,“ segir bæjarstjóri Ísafjarðar. /MHH



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2023

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.



Knowledge grows



Við óskum landsmönnum nær og fjær gleðilegrar hátíðar og þökkum samfylgdina og viðskiptin á árinu

Ný verðskrá 2024 Verðlækkun á Yara áburði

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendarar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.



Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2024

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.





EINFALDLEGA HLUTI AF JÓLUNUM

VELJUM AÐEINS ÞAÐ BESTA UM HÁTÍÐARNAR

Íslenska lambakjötið á sérstakan stað í hjörtum þjóðarinnar um jólin, enda hefur það leikið aðalhlutverkið á hátíðarborðum landsmanna lengur en elstu menn muna. Það er órjúfanlegur hluti af hverju einasta jólahlaðborði og í hugum margra algjörlega ómissandi á aðfangadagskvöld.

Skoðaðu hátíðlegar lambauppskriftir á islenkslambakjot.is



LÍF & STARF



Lars Lund í fjárhúsunum á Hallgilsstöðum. Íslenska sauðféð ætti að vera nokkuð kunnuglegt, enda náskylt því grænlenka. Myndir / Aðsendar



Nú eru liðlega þrjú hundruð kindur á Hallgilsstöðum, en stefnan er að fjölga upp í sex hundruð.

Grænlenk fjölskylda tekur við sauðfjárbúi

– Hallgilsstaðir 1 í eigu Langanesbyggðar með nýja ábúendum

Lars Lund og Tupaarnaq Bjerger Motzfeldt tóku við búskap á Hallgilsstöðum í ágúst síðastliðnum. Þau eru bæði uppalín á sauðfjárbúum á Suður-Grænlandi.

Lars kynntist héraðinu þegar hann var í verknámi í tengslum við búfræðinám sitt fyrir áratug. Þá starfaði hann sem vinnumaður á Sauðanesi í Langanesbyggð.

Hann hefur haldið góðum tengslum við fólk í þar síðan þá og benti Ágúst Marínó Ágústsson, bóndinn á Sauðanesi, honum á að sækja um þegar sveitarfélagið auglýsti eftir nýjum ábúendum á Hallgilsstaði 1 í vor.

Gott tækifæri

Lars og Tupaarnaq gerðu sér ekki miklar vonir um að vera valin, enda voru sex aðrir umsækjendur sem sýndu jörðinni áhuga. Þau hlutu hins vegar ábúðina í sumar og höfðu skammt tíma til að flytja frá Grænlandi. Aðspurður af hverju þau

ákváðu að flytja til Íslands, segir Lars að tengdafaðir hans á Grænlandi sé enn ungur og ekki komið að ábúendaskiptum þar. Í Hallgilsstöðum hafi falist gott tækifæri sem þau ákváðu að grípa.

Börnin þeirra eru þrjú, drengurinn Inuik, sex ára, stúlkan Paarma, fjögurra ára og Anguik, tveggja ára drengur. Þau eru komin í grunnskóla og leikskóla og segir Lars að þeim gangi vel að læra íslensku. Þá er Lars afar þakklátur fyrir hversu vel nærsamfélagið hefur tekið fjölskyldunni.

Þrjú hundruð kindur

Nú eru liðlega þrjú hundruð kindur í fjárhúsunum. Þá eru tvær geitur, fimm hænur, fimm hestar og einn hundur á bænum. Þau keyptu sjötíu kindur frá fyrri ábúendum, en hinar hafi bæði komið frá sveitungum og bændum lengra að.

Stefnan sé að stækka stofninn upp í sex hundruð ær, sem sé sá fjöldi sem fjárhúsin rúma.

Tupaarnaq hefur ákveðin tengsl við Ísland, en systir hennar lagði stund á búfræðinám á Hvanneyri og fór faðir hennar í verknám á Ytra-Áland. Hún hefur þó ekki dvalið á Íslandi áður, nema á ferðalögum. Nú er Tupaarnaq við nám í ferðamálafræðum og vonast unga parið til að geta byggt upp ferðaþjónustu á bænum í einhverri mynd.

Úr landbúnaðarhéraði

Uppeldisstöðvar unga parsins eru í nágrenni Qaqortoq, sem er stærsti bærin á Suður-Grænlandi. Svæðið var áður nefnt Eystribyggd af norrænum mönnum.

Nokkuð er um sauðfjárbúskap í því héraði og segir Lars búskaparhættina mjög svipaða því sem hann hefur kynnt á Íslandi. Sauðfjárkynið þar sé náskylt því íslenska með smávægilegum áhrifum frá norsku fé. Í samanburði eru grænlenku kindurnar háfættari og segir Lars þær skila af sér ögn minna af kjöti. /ÁL



Nýju ábúendurnir á Hallgilsstöðum. Tupaarnaq Bjerger Motzfeldt og Lars Lund ásamt börnum sínum, Inuik sex ára, Paarma fjögurra ára og Anguik tveggja ára.



Fimm hestar eru á Hallgilsstöðum. Hér teymir Tupaarnaq einn með dótturina á baki.



Paarma er komin á leikskóla. Lars segir börnin sín vera farin að ná tökum á tungumálinu.

Allar almennar bílavíðgerðir

VÉLASTILLINGAR VARAHLUTIR SMURÞJÓNUSTA PÓSTJÓNUSTA HJÓLASTILLINGAR VIÐGERÐIR

UMHVERFISVÆNT VERKSTÆÐI

Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunartáðlinum og leggjum áherslu á að koma í veg fyrir mengun og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Smiðjuvegur 68, Kópavogi | Sími 587 1350 | bifkop.is



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.

MENNING

Jólasagan:

Litla stúlkan með eldspýturnar

„Það er nístingskuldi með fjúki, og það var orðið dimmt um kvöldið. Það var líka síðasta kvöldið á árinu, það var gamlárskvöld.“

Þannig hljóða fyrstu línurnar í ævintýrinu Litla stúlkan með eldspýturnar eftir H. C. Andersen, en sagan hefur fangað huga lesenda síðan árið 1845.

Saga litlu stúlkunnar með eldspýturnar varpaði ljósi á stóran hluta barna Evrópu sem áttu sér ekki málsvara en bjuggu við kúgun og örbirgð og gjarnan send af foreldrum sínum til þess að afla viðurværis á einhvern hátt eða betla á götum úti, á tíma þegar annað hvert barn lét lífið fyrir fimm ára aldur. Á þeim tíma sem sagan kemur út bjó almenningur við mikla hungursneyð og sjúkdóma og í raun mátti kalla stærstan hluta jarðarbúa undir fátæktarmörkum. Lífslíkur Evrópubúa voru um 40 ár, sem er svipað og í mörgum fátækustu ríkjum heims í dag.

Pung skref þeirra smáu

Rekur saga Hans Christians Andersen sögu lítillar stúlkunnar sem er send út í snjóhríðina á gamlárskvöld, klædd svuntugopa og ber á fótum sér klunnalega tréskó, bláfátæk og berhöfðuð. Gengur litla stúlkan um strætín og býður eldspýturnar til sölu við litlar undirtektir annarra vegfarenda. Á hún fótum sínum fjör að launa er vagnar keyra næstum yfir hana og missir af sér skóna. Hleypur drengur burt með annan skóinn en hinn finnur hún ekki.

„Þannig gekk nú veslings stúlkan á berum fótunum, þeir voru rauðir og bláir af kulda ... enginn hafði gefið henni einn einasta eyri; þarna gekk hún sársvöng og nötrand og var svo niðurdregin, veslings barnið.“

Ekki þorði hún heim því þar biðu hennar barsmiðar þegar illa gekk að afla fjár og hnipraði hún sig saman á milli tveggja húsa þar sem steikarilmurinn fyllti vitin og örlítið afdrepp var fyrir vindinum.

Kveikir litla stúlkan á eldspýtu til að ylja sér og þykir loginn sem undur-



fagurt ljós sem hlýjar henni eitt augnablik. Hún kveikir á annarri og ímyndar sér að hún sé komin inn í hlýjuna við matarborðið þaðan sem steikarilmurinn berst og að lokum, með þriðju eldspýturni sér hún fyrir sér stórt og fallegt jólatré. Hún réttir upp hendurnar til að snerta fallegu ljósin á jólatrénu en þá slokknar á eldspýturni og stúlkan sér stjörnu hrpa á himninum.

Nú deyr einhver, segir hún við sjálfa sig, því amma hennar sem alltaf var henni svo blíð og góð hafði sagt að þegar stjarna hrpaði á himnum færi sál til guðs.

Hún kveikir á fjórðu og síðustu eldspýturni og sér í loganum hana ömmu sína sem tekur hana í fangið.

Enginn vissi neitt um alla þá fegurð ...

Segir svo í textanum:

„Og amma hennar tekur litlu stúlkuna á handlegg sér, og þær lyftast í ljóma og fögnuði upp í hæstu hæðir, og þar var enginn kuldi, ekkert hungur og ekkert volæði.[...] En í skotinu milli húsanna sat litla stúlkan morguninn eftir með roða í kinnunum og bros á vörum, hún var dáin; hún hafði orðið úti á síðasta kvöldi ársins. Nýársmorgunninn rann upp yfir litla líkið, sem sat með eldspýturnar í kjöltunni; einu eldspýtmabréfinu hafði hún því nær eytt. „Hún hefur ætlað að hita sér,“ sögðu þeir, er fram hjá gengu.“



Ævintýrið vinsæla í formi teiknimyndasögu Alþýðublaðsins árið 1940 og auglýst sem biðsýning árið 1940 og auglýst sem biðsýning árið 1940. Myndir / Tímarit.is

Annar jóladag árið 1939 var svo saga litlu stúlkunnar auglýst sem litskreytt teiknimynd í Nýja bíói og sýnd reglulega í kvikmyndahúsum næstu árin. Um vorið 1940 birtist hún sem framhaldsteiknimynd í Alþýðublaðinu og er líða tók á öldina hófu skólar á borð við Melaskóla undir stjórn tónmenntakennaranna, Magnúsar Péturssonar og Helgu Gunnarsdóttur og Árbæjarskóla, undir stjórn Áslaugar Bergsteinsdóttur, að setja upp ævintýrið sem söngleik.

Í desembermánuði 1998 má finna grein í Morgunblaðinu þar sem sagt er frá unglingsdeild Leikfélags Keflavíkur, hátt á þriðja tug barna og unglinga á aldrinum 11–16 ára sem hófu að sýna, sem var kallað „Fjölskylduleikritið Litlu stúlkuna með eldspýturnar undir stjórn Huldu Ólafsdóttur.“

Vertu til staðar

Svona mætti lengi telja enda snertir saga stúlkunnar streng í brjósti okkar margra. Skulum við gæta þess að enn í dag er litla stúlkan með eldspýturnar á sveimi hjá okkur í þjóðfélaginu með von um að fá brauðmola af borði allsnægta.

Því skulum við hafa í huga að öll ættum við að geta veitt þeim sem standa verr en við sjálf. Þó ekki væri nema bros. Þeir sem eiga erfitt með að tjá sig á þann hátt geta þess í stað styrkt eitthvert eftirfarandi samtaka sem finna má á vefsíðunni www.styrkja.is, nú eða líta til fólks í samfélaginu sem líður skort. /SP

Öðrum til góða má styrkja ýmislegt

www.styrkja.is

Konukot

Neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur í Reykjavík og hægt er að leggja inn á gjafareikning þeim til heilla. Bankanúmer og kennitala eru eftirfarandi: bnr: 0133-26-001041, kt. 500513-0470. Vefsíða til gölgvunar www.rotin.is/konukot Einnig er hægt að versla kertastjakann Glóð sem hannaður var með það fyrir augum að ágóðinn styrkti starfsemi Konukots. Fæst í verslunum Epal, Kokku og PRAKT jewellery og á vefsíðunni www.smidsbudin.is.

Geðhjálp

Hægt er að gerast félagi í Geðhjálp og borga 2.400 kr. ársgjald. Einnig má styrkja samtökin í eitt skipti eða mánaðarlega eða eins og segir á vefsíðunni www.gedhjalp.is ... „lagt þitt af mörkum til að setja geðheilsu í forgang og gefa Geðhjálp skýrt umboð og styrk til að berjast fyrir bættari geðheilsu landsmanna.“

Undir hatti Geðhjálp má finna heilmörg samtök víðs vegar um landið og rétt að líta á síðuna www.gedhjalp.is/urraedin/ Má þar nefna samtökin Aðstandendur utangarðsfólks, Aðstoð eftir afplánum, Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, Draumasetrið, útleigurými fyrir heimilislausa og Lýðheilsu-setrið Ljósbrott – svo eitthvað sé nefnt.

Okkar heimur

Góðgerðarsamtök sem starfa í þágu barna sem eiga foreldra með geðvanda og bæta stöðu þeirra með það að markmiði að tryggja að þau fái þann skilning, umhyggju og úrræði sem þau eiga skilið. Hægt er að greiða eingreiðslu eða gerast mánaðarlegur styrktaraðili þessa verðuga málefnis í gegnum vefinn www.okkarheimur.is.

Stígamót

Stígamót eru baráttusamtök fyrir bættu samfélagi þar sem kynferðisofbeldi er ekki liðið. Bæði eingreiðsla og mánaðarleg greiðsla eru í boði en þangað er hægt að leita, fá stuðning, ræða við fagaðila og deila reynslu sinni. Ásóknin í ráðgjöf hjá Stígamótum hefur aukist undanfarin misseri en eins og staðan er núna er biðin eftir fyrsta viðtali því miður 7–8 vikur. Frekari uppl. má finna á vefsíðunni www.stigamot.is.

Þú færð snjóblásara frá Dalen hjá okkur

DALEN

PÓR
Reykjavík og Akureyri Thor.is
S 568-1513 og 568-1556

Við fjármögnum landbúnaðartæki



Náttúruvernd helsti fókusinn

– Með þjóðgarði séu tryggðir innviðir og utanumhald

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Fjölbreytt starfsemi er á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs. Mesta álagið er á sumrin, en veturnir eru ekki dauður tími fyrir heilsársstarfsmenn. Landverðir sinna náttúruvernd náttúrunnar vegna.

„Við erum uppi á hálendi þangað til við þurfum ekki að vera lengur. Við förum gjarnan til byggða þegar snjórinn kemur og það verður ófært,“ segir Stefánía Eir Vignisdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Það sé alltaf matsatriði hvenær landverðir fari af svæðinu, því það sé oft svokölluð jadartraffík langt fram eftir hausti. Í ár var svæðið yfirgefið í lok september, en lengst hafi landverðir verið fram í miðjan október. Síðustu dagarnir fari í að loka húsum, setja hlera fyrir glugga, blása úr lögnum, tæma moltusalernin og standsetja allt fyrir vorið svo starfsemin geti hafist um leið og landverðir komi næsta sumar.

Stefanía er ekki eini aðstoðarþjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs, heldur er hvert svæði með sinn þjóðgarðsvörð og aðstoðarmann. Þetta eru heilsársstörf og segir Stefanía veturnir ekki vera rólegheitatíma því þá sé nóg að gera í utanumhaldi, á meðan sumrin snúist um að halda sér á floti. Nú sé til að mynda verið að uppfæra stjórnar- og verndaráætlun, gera ný upplýsingaskilti, vinna að uppbyggingu nýrrar gestastofu og fleira. Hennar starfssvæði er hálendið norðan Vatnajökuls og er hún með starfsaðstöðu við Mývatn.

Gestastofa í gamla Skútustaðaskóla

Lengi stóð til að byggja nýtt hús undir gestastofu við Mývatn, en árið 2021 keypti ríkið Hótel Gíg, sem áður var Skútustaðaskóli, með því sjónarmiði að nýta húsnæðið undir starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs,



Vatnajökulsþjóðgarður rekur gestastofu í húsnæði sem áður hósti Hótel Gíg og skóla þar áður.

Umhverfisstofnunar og fleiri stofnana á svæðinu.

Stefanía segir sumarið hafa heilt yfir gengið vel. Eitthvað var um utanvegaakstur og var merkilega mikil aukning á ferðafólki á mótörhjólum. Nokkur slys hafi orðið á vélhjólafólki, enda yfirborð veganna oft sendið og alls ekki auðvelt yfirferðar á bifhjólum.

Veðrið hafi verið einstaklega gott í byrjun sumars, en þegar hitabylgjan gekk yfir hafi tíðarfarið verið hálf dapurlegt. Í sumar hafi verið aukning á ferðamönnum eftir að fjöldi þeirra féll í heimsfaraldrinum. Þó sé ekki eins mikil aukning uppi á hálendinu eins og á láglendi. „Það var nóg af fólki, en ekkert brjálæði.“

Landverðir hafsþjór upplýsinga

Stefanía starfaði sjálf sem landvörður frá 2009 til 2020.

Aðspurð um hvernig upplifunin sé af starfinu segir hún að það sé ólíkt eftir svæðum, sérstaklega á milli þeirra sem starfi á láglendi eða hálendi.

„Eins og ég upplifði mig, þá er þinn helsti fókus náttúruvernd,“ segir Stefanía, þótt starfið feli líka í sér að gæta að öryggi fólks. Hún vill hvetja fólk sem ferðast um þjóðgarða landsins til þess að tala við landverði þar sem þeir búi yfir miklum upplýsingum. Þá séu skipulagðar reglulegar fræðslugöngur yfir allt sumarið og sé hægt að nálgast dagskrána á heimasíðu þjóðgarðsins.

Landverðirnir á norðursvæðinu eru með aðsetur í Öskju og Herðubreiðarlindum þar sem mesta aðsóknin er. Til að sinna betur Gæsavatnaleið, Dyngjujfallaleið og Dyngjujfalladal eru jafnframt einn eða tveir landverðir sem fari um svæðið á bíl með tjaldi á pallinum og gisti í tvær nætur.

„Við erum svo fjarri allri þjónustu að við getum ekki gert annað en að njóta umhverfisins og hvert annars.“

Að jafnaði eru fimm til sex landverðir að störfum í einu, en samtals eru þrettán á norðursvæðinu sem skipta með sér vöktum. Vinnutarnir séu að hámarki tuttugu og einn dagur í einu, en yfirleitt eru þær tvær vikur. Áður fyrr var fólk oft lengur á vaktinni, en Stefanía segir starfið geta verið slítandi.

Lítið samfélag

Stefanía segir aðstöðu landvarða í Dreka, rétt hjá Öskju, vera sérstaklega góða. Landverðirnir reyni að halda uppi sínu litla samfélagi, ýmist með að elda eða fara í göngur, en svo sé fólk líka oft uppgæfið í lok dags. „Við erum svo fjarri allri þjónustu að við getum ekki gert annað en að njóta umhverfisins og hvert annars.“ Landverðir hverfi svo til misjafna starfa á veturna. Þetta sé fólk á öllum aldri og sumir séu namar, á meðan aðrir eru kennarar eða sjálfstætt starfandi í ýmsum geirum.

Einkennisfatnaður landvarða minnr að sumu leyti á klæðnað viðbragðsaðila. Aðspurð segir Stefanía nokkuð blandað tilfinningar um einkennisbúninginn, enda skjaldarmerkið mjög áberandi og ekkert endilega augljóst að sá sem honum klæðist sé landvörður en ekki lögregla. Stefanía segir þá ekki hafa valdheimildir, en taki skýrslur af fólki sem sé staðið að utanvegaakstri, sem séu svo sendar til lögreglu, sem vinni málið áfram.

Hægt að tryggja innviði

Aðspurð af hverju þjóðgarðar séu mikilvægir, segir Stefanía að með þeim sé hægt að tryggja að allir innviðir séu í lagi, að það sé utanumhald og einhver yfirbygging. Hún nefnir sem dæmi að ef eitthvert náttúruyfyrirbrigði verður skyndilega ofurvinsælt, þá geti þjóðgarðurinn stökkið inn og byggt upp innviði til þess að vernda náttúruna.

„Þjóðgarður er ekki ferðaþjónustubatterí. Það allra síðasta sem þjóðgarðar fara að gera er að



Landverðir eru með fræðslugöngur mjög reglulega yfir sumartímann.



Mars-Rover jeppi við prufanir á hálendinu í nágrenni Öskju.

Myndir / Aðsendar



Stefanía Eir Vignisdóttir.

búa til einhvern massatúrisma. Þetta snýst meira um að náttúran sé þarna og svæðið sé verndað náttúrunnar vegna,“ segir Stefanía.

Nokkrir hópar hafi verið sérstaklega gagnrýnir á stækkun þjóðgarðs á hálendinu, en hún segir samhljóð andstæðra fylkinga vera meiri en flestir telji.

Geimfarar við æfingar

Þótt venjulegt ferðafólk sé stærsti hópurinn sem komi í Öskju og Herðubreiðarlindir, þá segir Stefanía líka algengt að vísindafólk sinni störfum þarna. „Það er svo skemmtilegt við norðurhálendið hvað þetta er mikið rannsakað svæði, og ekki minna núna þegar Askja er að rísa.“

Undanfarin ár hafi verið mikið af starfsfólki NASA við geimrannsóknir. Í fyrrasumar hafi könnunarjeppi, sem er ætlað að ferðast um yfirborð Mars, verið við prófanir og í sumar voru gerðar tilraunir með flygildi sem muni vinna með ádurnefndum jeppa. Bíllinn var látinn keyra um í sandi á meðan honum var fjarstýrt úr mikilli fjarlægð.

„Í fyrra voru þau sem eru í þjálfun til að fara til geimsins með geimbúninga. Þau voru að æfa sig í að ganga, taka sýni og bera hitt og þetta,“ segir Stefanía. Þessi NASA-teymi gefi jafnframt mjög mikið af sér og var starfsfólkinu á svæðinu boðið í grillveislu þar sem þau fengu fræðslu um hvað þau væru að gera. Þá var geimfarinn Jasmin Moghbeli við þjálfun við Dreka fyrir tveimur árum, en núna er hún við störf í Alþjóðlegu geimstöðinni. Stefanía segir þetta skemmtilegt í ljósi þess að tunglfararnir æfðu þarna á sjöunda áratugnum og sagan sé því orðin löng.

Þú færð
harðari
pakka
hjá okkur

QR Code

PÓR HF
Reykjavík og Akureyri Thor.is
S 568-1500



Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum og 5% afslátt af rúlluvélum til 05. janúar 2024



Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar		Fjöldi	Vinnsla	Þyngd	Afl	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	diska	breidd m	kg	þörf há	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reindrifi	8	3,10	711	56	1.998.000	2.477.520	1.698.000	2.105.520
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.690.000	3.335.600	2.287.000	2.835.880
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	3.170.000	3.930.800	2.695.000	3.341.800
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	3.290.000	4.079.600	2.797.000	3.468.280
GMD 310 F	Framsáttuvél	8	3,1	1010	43	3.090.000	3.831.600	2.627.000	3.257.480
GMD 3525 F	Framsáttuvél	8	3,5	1180	49	3.939.000	4.884.360	3.348.000	4.151.520
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk)	21	8,2-8,8	2648	122	8.175.000	10.137.000	6.949.000	8.616.760
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk)	23	9,1-9,5	3405	135	10.562.000	13.096.880	8.978.000	11.132.720
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk)	24	9,5-9,9	3530	141	11.114.000	13.781.360	9.447.000	11.714.280
FC 3515D	Med knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.687.000	5.811.880	3.984.000	4.940.160
FC 3125 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	4.057.000	5.030.680	3.448.000	4.275.520
FC 3525 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	4.460.000	5.530.400	3.791.000	4.700.840
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	12.790.000	15.859.600	10.872.000	13.481.280
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	14.280.000	17.707.200	12.138.000	15.051.120
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.702.000	7.070.480	4.847.000	6.010.280
FC3561TCD	Dragtengd með knosara, miðjutengd	8	3,5	2480	84	6.468.000	8.020.320	5.498.000	6.817.520
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	2,5	710	54	1.669.000	2.069.560	1.419.000	1.759.560	
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	3,03	920	78	1.999.000	2.478.760	1.699.000	2.106.760	
BPR 305	Hagasláttuvél fram- og afturvél	3,03	1100	100	2.645.000	3.279.800	2.248.000	2.787.520	

Heytætlur		Fjöldi	Vinnsla	Þyngd	Afl	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	arma	breidd m	kg	þörf há	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.387.000	1.719.880	1.179.000	1.461.960
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	2.088.000	2.589.120	1.775.000	2.201.000
GF 6502	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	920	30	2.387.000	2.959.880	2.029.000	2.515.960
GF 7903	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	3.127.000	3.877.480	2.658.000	3.295.920
GF 7903T	8 stjörnu lyftutengd á vagni	5	7,8	1515	40	4.068.000	5.044.320	3.458.000	4.287.920
GF 8703	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1430	55	3.528.000	4.374.720	2.999.000	3.718.760
GF 8703 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1810	50	4.292.000	5.322.080	3.648.000	4.523.520
GF 10803	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1675	55	4.680.000	5.803.200	3.978.000	4.932.720
GF 10803T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1980	55	5.281.000	6.548.440	4.489.000	5.566.360
GF 13003	12 stjörnu lyftutengd	6	13,0	2050	80	6.694.000	8.300.560	5.690.000	7.055.600
GF 13003T	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2800	80	7.480.000	9.275.200	6.358.000	7.883.920



Múgavélar		Fjöldi	Fjöldi	Vinnsla	Þyngd	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	arma á stj	tinda á arm	breidd m	kg	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GA 3006M	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	2,26	286	858.000	1.063.920	729.000	903.960
GA 4201	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	2,56	560	1.491.000	1.848.840	1.267.000	1.571.080
GA5031T	Einnar stjörnu dragtengd m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	2.349.000	2.912.760	1.997.000	2.476.280
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	4.314.000	5.349.360	3.667.000	4.547.080
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	5.488.000	6.805.120	4.665.000	5.784.600
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	6.290.000	7.799.600	5.347.000	6.630.280
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	6.786.000	8.414.640	5.768.000	7.152.320
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	11.750.000	14.570.000	9.988.000	12.385.120
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	3.285.000	4.073.400	2.792.000	3.462.080
GA 7932	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	12	4	4-7,65	1620	4.585.000	5.685.400	3.897.000	4.832.280
GA 9032	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	15	4	4,6-8,8	1621	5.363.000	6.650.120	4.559.000	5.653.160
GA 8830	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	13	4	8,8	2640	6.775.000	8.401.000	5.759.000	7.141.160

Herfi, tætarar og sáðvélar		Vinnsla	Þyngd	Aflþörf há.	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	breidd m	kg	lágmark	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.468.000	3.060.320	2.098.000	2.601.520
HR 304D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.880.000	3.571.200	2.448.000	3.035.520
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	2.995.000	3.713.800	2.546.000	3.157.040
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	3.410.000	4.228.400	2.899.000	3.594.760
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.810.000	4.724.400	3.239.000	4.016.360
HR5004DRC	Samambriðjanlegt rótherfi með öllu	5,0	2625	130-250	6.680.000	8.283.200	5.678.000	7.040.720
HR6004DRC	Samambriðjanlegt rótherfi með öllu	6,0	3350	180-350	7.764.000	9.627.360	6.599.000	8.182.760
EL92/180	Jardtætarei	1,8	525	51-100	1.496.000	1.855.040	1.272.000	1.577.280
EL92/230	Jardtætarei	2,3	605	58-100	1.598.000	1.981.520	1.358.000	1.683.920
EL122/250	Jardtætarei, gaddakefli kr. 370.000 án vsk	2,5	955	65-125	2.090.000	2.591.600	1.777.000	2.203.480
EL122/300	Jardtætarei, gaddakefli kr. 440.000 án vsk	3,0	1105	75-125	2.294.000	2.844.560	1.950.000	2.418.000
EL162/300	Jardtætarei með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	3.022.000	3.747.280	2.569.000	3.185.560
EL282/400	Jardtætarei með gaddakefli "packer"	4,0	2565	130-270	5.562.000	6.896.880	4.728.000	5.862.720
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780	l fræbox, herfi	2.928.000	3.630.720	2.489.000	3.086.360
	Grasfræbox innifalið	3,0						

Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar		Verðlistaverð		Tilboðsverð			
Tegund	Útbúnaður	Sépvinda	Dekkjustærð	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hólf, netbúnaður, 14 hnifar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	12.578.000	15.596.720	11.949.000	14.816.760
i-BIO OC23	23 hnifar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	13.093.000	16.235.320	12.438.000	15.423.120
Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+	bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilum					980.000	1.215.200
FBP3135-23	23 hnifar sjálfv.smurkerfi, tandem 500/45-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjörnb. Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilum 3D (prividdar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	500/45-22,5	16.780.000	20.807.200	15.941.000	19.766.840

ATH. Þetta er aðeins lítið brot af vörurvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200



Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 145 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

Í DEIGLUNNI

Íslenski fæðuklasinn:

Verður rekinn á viðskiptalegum forsendum

Unnið hefur verið að undirbúningi Íslenska fæðuklasans um nokkurt skeið og stefnt að því að hann taki til starfa snemma á næsta ári.

Að sögn Ingibjargar Davíðsdóttur, sem haft hefur forgöngu um stofnun klasans, eru nánast öll formsatriði frágengin og viðræður við helstu bakhjarla starfsmennar vel á veg komnar.

„Hún verður á viðskiptalegum forsendum,“ segir Ingibjörg, spurð um hvers eðlis starfsmennar verði. Hugmyndin er að hún þjóni frumkvöðlastarfi og verðmætasköpun á landsvísu og verði þannig ekki bundin við einstaka landshluta.

Eiga undir högg að sækja

Landbúnaður og fæðuframleiðsla hafa verið stunduð á Íslandi frá fyrstu tíð og segir Ingibjörg að hvoru



Ingibjörg Davíðsdóttir.

tveggja hljóti að teljast lykilþáttur í íslensku atvinnulífi og menningu. Á sama tíma sé fullkomlega ljóst, að sem atvinnugrein, hafi landbúnaður og fæðutengd starfsemi átt undir högg að sækja. Staðan sé þung, starfsskilyrði bænda erfið og nýliðun í stéttinni á undanhaldi. Það sé erfitt að vera „eingöngu“ bóndi og matvælaframleiðandi – að leggja sitt af mörkum til fæðuöryggis og á sama

tíma að reyna að ná endum saman. Hugmyndin með Íslenska fæðuklasanum er að hann nái yfir hvers kyns verðmætasköpun í landbúnaði og fæðutengdri starfsemi; ræktun, framleiðslu og vinnslu, en einnig til sviða sem tengjast sölu og neyslu. „Við munum leggja áherslu á frumkvöðla- og sprotastarfsemi auk nýsköpunar og verðmætaskapandi samstarfsverkefnum,“ segir hún.

Samstarfsverkefni eiga meðal annars að stuðla að styrkingu byggða með starfsemi verkefna á landsbyggðinni og klasinn mun taka þátt í alþjóðlegum verkefnum þegar það á við.“

Mun sjálf stýra starfsemi frá byrjun

Þegar Ingibjörg er spurð um hvort neikvæð rekstrarskilyrði í landbúnaði og matvælaframleiðslu

– og rekstrarafkomu í þessum greinum – sé ekki hamlandi fyrir stofnun fæðuklasans, segir hún að það sé kannski einmitt ein af ástæðum þess að hún ákvað að ráðast í verkefnið. Hún segist hafa mætt miklum skilningi og stuðningi hjá stjórnvöldum, ekki síður en atvinnulífinu, hún nefnir að ríkisstjórn og innviðaráðuneytið hafi hjálpað henni að taka fyrstu skrefin. Enn fremur segist hún hafa notið góðs af samstarfi við háskóla- og rannsóknarsamfélagið, sveitarfélög, aðra klasa, fyrirtæki og samtök af ýmsu tagi, en játar því að hafa enn ekki komist yfir að ræða við alla þá sem lagt gætu lóð á vogarskálarnar.

Hún gerir ráð fyrir því að stýra sjálf klasanum – og fylgja eftir hugmyndum sínum um starfsemi. „Ég er í leyfi núna frá störfum í utanríkisþjónustunni og útiloka ekki að snúa þangað aftur í framtíðinni.

Á þessu stigi er þó forgangsmál að koma Íslenska fæðuklasanum á legg. Það er mikil gerjun í þessum geira og fjölmargar góðar hugmyndir sem þarf að fóstura. Innan klasans verður hægt að fá stuðning og ráðgjöf réttara aðila; einstaklinga, fyrirtækja, fjárfesta, stofnana og annarra sem sýna hugmyndinni áhuga til áframhaldandi þróunar.

Það hefur vantað hvetjandi vettvang fyrir hugmyndir og verkefni innan landbúnaðarins og fæðutengdrar starfsemi.

Íslenska fæðuklasanum er ætlað að mæta þessari þörf og er hann settur upp á viðskiptalegum forsendum, til að koma góðum verðmætaskapandi hugmyndum í réttan farveg,“ segir Ingibjörg enn fremur.

Hún reiknar með að hægt verði að yta Íslenska fæðuklasanum úr vör fyrir lok janúar.

/smh

Hrogn komin í seiðaeldi Laxeyjar

– Fyrsta skrefið í landeldi í Vestmannaeyjum hafið

Uppbygging á laxeldi í Vestmannaeyjum er í fullum gangi. Fyrirtækið Laxey tók við fyrstu hrognunum í seiðaeldi sitt við höfnina í Vestmannaeyjum fyrir skemmstu.

Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar, segir að seiðin nái hundrað gramma þunga á tæpu ári. Þá verði þau flutt í eldistanka sem verið er að byggja í Viðlagafjöru. Þar með flytjast fiskarnir úr ferskvatni í saltvatn sem líki eftir æviferli laxa í ám. Þar nái fiskurinn sláturþunga á tæpu ári.


„Við erum að gera þetta á tveimur árum sem náttúran er að gera á fjórum til fimm árum,“ segir Lárus. Til samannburðar segir hann framleiðsluferlið þegar notast er við sjókvíar vera þrjú ár.

Fyrsta slátrunin verði haustið 2025 en Lárus segir að þá séu hrognin sem voru tekin inn fyrir tveimur vikum síðan orðin að glæsilegum fimm kílóa fiskum sem hafi fengið að alast upp við bestu skilyrði.

Viðlagafjara stendur á hrauni sem myndaðist í eldgosinu og er stutt að sækja volgan jarðsjó í borholur undir athafnasvæðinu. Með því að síast í gegnum gljúpt hraun verði sjórinn



Lárus Ásgeirsson.



Athafnasvæði Laxeyjar í Viðlagafjöru. Árleg framleiðsla á laxi á þessu svæði verður þrefalt meiri en framleiðsla kindakjöts í landinu.

Myndir / Aðsendar

VARAHLUTIR Í KERRUR





QUALITY FOR LIFE



Bílabúðin Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is



það hreinn að engin þörf verði á nýtingu varnarefna eða lyfja.

Afföll óveruleg

Tankamir verði yfirbyggðir, öll kerfin lokað og hver tankur sjálfstæður sem geri líkur á smiti óverulegar. „Þegar þú ert kominn með fiskinn upp á land þá getur þú stýrt umhverfinu algjörlega,“ segir Lárus. Á líftíma fiskisins sé gert ráð fyrir tvö til þrjú prósent afföllum, sem sé lítið í samannburði við fiskeldi í sjó, þar sem tíu til tuttugu prósent framleiðslunnar glatist.

Tveir þriðju hlutar vatnsins verði endurnýttir og er stefnt á að úrgangsefni fari í lífræna áburðarframleiðslu.

Framkvæmdir í fullum gangi

Framkvæmdir eru í fullum gangi við að koma upp fyrsta svokallaða tankfleanum í Viðlagafjöru sem samannstandi af átta eldistönkum. Lárus segir hvern tank verða tuttugu og átta metra breidd og þrettán metra háan, eða fimmtíu þúsund rúmmetrar. Áætlanir Laxeyjar geri ráð fyrir að einn tankfleki verði byggður á ári, þar til þeir verði orðnir sex.

Starfsemi Laxeyjar mun fara fram á fjórtán hekturum og segir Lárus nægt rými í Viðlagafjöru. Þetta sé góð

nýting á landi, en framleiðsla Laxeyjar verði nálægt þrjátíu þúsund tonn á ári þegar fullum afköstum verði náð. Lárus bendir á að þetta sé þrefalt á við alla sauðfjárræktina í landinu, en framleiðsla á kindakjöti síðustu tólf mánuði var 8.200 tonn. Afkastageta Laxeyjar verði sambærileg og annarra stórra laxeldisfyrirtækja.

120 störf

Áætlað sé að hundrað og tuttugu bein störf verði við fiskeldið og annað eins af óbeinum störfum. Mikil hefð sé fyrir veiði og vinnslu sjávarafurða í Vestmannaeyjum og falli þessi starfsemi ágætlega í það samfélag. Öll virðisdeðjan verði í Vestmannaeyjum og nálægð við helstu markaði sé góð en flutningaskip á leið til Evrópu komi við í Eyjum.

Lárus segir að á bak við Laxey standi félag sem sé að mestu í eigu Eyjamanna. Stersti fjárfestirinn sé fjölskylda í Eyjum sem rak útgerðarfélagið Ós, sem átti meðal annars skipið Þórunni Sveinsdóttur.

Fyrir á árinu hafi þau selt kvóta, skip og fisvinnslu til annars félags í Vestmannaeyjum og hafi fjölskyldan nýtt hagnað þeirrar sölu til að byggja upp fiskeldið. Þeirra markmið sé að efla byggð og bæta við einni stoð í Vestmannaeyjum.

/ÁL

**Bændablaðið kemur næst út
11. janúar**

Traustur félagi yfir hátíðirnar

Skeljungur óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Skeljungur þakkar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.



Í DEIGLUNNI

Hótel Rangá:

Besta sveitahótel í heiminum

Hótel Rangá hlaut nýlega viðurkenningu, sem besta sveitahótel í heiminum, sem veitt er af hótelkeðjunni Small Luxury Hotels of the World (SLH).

Sérstaða hennar er að leggja áherslu á lítil lúxushótel með frumlega hugsun, mikla áherslu á umhverfisvernd og persónulega þjónustu. „Ég átti ekki von á því að okkur hefði hlotnast sá heiður að verða valið og umsagnirnar voru þannig að þakklæti til starfsfólks hótelsins varð mér efst í huga þar sem frábærir starfsmenn eiga vitanlega stærstan þátt í velgengni okkar,“ segir Friðrik Pálsson, hótelstjóri og eigandi, aðspurður um sín fyrstu viðbrögð við viðurkenningunni.

Þúsund aðildarumsóknir á hverju ári

„Samtökin SLH samanstanda af yfir 500 lúxushótelum frá 90 löndum. Á hverju ári berast þeim yfir 1.000 aðildarumsóknir en þau samþykkja einungis fimm prósent af þeim. Að fá inngöngu í samtökin er því heiður út af fyrir sig. Viðmið þeirra eru ströng og er hver eign skoðuð rækilega til að tryggja gæðakröfur. Á hverju ári fáum við „hulduheimsókn“ þar sem farið er yfir 400 atriði á lista, ekkert er undanskilið og við þurfum að standast yfir 80% af viðmiðum. Við höfum verið vel yfir 90% síðustu ár.

Það að hafa verið valið besta sveitahótelinu af þessum frábæru



Hótel Rangá er nánast fullbókað yfir jól og áramót.

hótelum sem eru í keðjunni er alveg einstakt og mikill heiður,“ segir Friðrik alsæll og stoltur.

Þakkir til bænda

Þegar Friðrik var spurður hvort eitthvað sérstakt lægi á honum þá var hann fljótur til svars.

„Ég vil þakka íslenskum bændum fyrir fórnfúst starf við erfiðar fjárhagslegar aðstæður og hæla þeim frábæru vörum sem þeir framleiða fyrir okkur og við höfum mikla ánægju af að kynna fyrir gestum okkar. Það er gríðarlega mikilvægt að landsmenn allir standi vörð um íslenskan landbúnað og skilji nauðsyn þess á viðsjárverðum tímum að fæðuöryggi þjóðarinnar verði tryggt. Þar treystum við á íslenskan sjávarútveg og landbúnað.“

/MHH



Friðrik Pálsson, eigandi og hótelstjóri á Hótel Rangá.

Myndir / Aðsendar



Verðlaunaðir hrossaræktendur og knapar að lokinni hrossaræktarráðstefnu fagráðs.

Myndir / hf

Hrossarækt:

Framúrskarandi árangur verðlaunaður

Hrossaræktarráðstefna fagráðs var haldin sunnudaginn 3. desember í Félagsheimili Fáks í Víðidal. Þar var farið yfir ýmis málefni tengd hrossaræktinni og voru hin ýmsu verðlaun veitt knöpum og ræktendum.

Rúmlega 50 manns sóttu ráðstefnuna og fljótt litid yfir var meirihluti fólks þar að fara að taka við viðurkenningum. Elsa Albertsdóttir, ræktunarleiðtogi íslenska hestsins, byrjaði á að fara yfir hrossaræktarárið þar sem hún fór yfir framtíðarhorfur í erfðamengjaúrvali. Nanna Jónsdóttir, formaður fagráðs og búgreinadeildar hrossabænda hjá BÍ, kynnti niðurstöður SVÖT greiningar sem framkvæmd var fyrr á árinu. Þá kynnti Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarinnar, niðurstöður þjónustukönnunar.

Endurgreiðsla sýningar-gjalds óviðunandi

Pallborðsumræður fóru hægt af stað en náðu ágætis flugi í lokin. Mest var rætt um sýningargjöld kynbótasýninga og endurgreiðslu á þeim.



Jón Ársæll Bergmann hlaut sérstök hvatningarverðlaun fyrstur knapa.

Greinilegt var að málefnið liggur þungt á hrossaræktendum og sýnendum. Skiptar skoðanir voru á því hvort gjaldið þyki of hátt eða ekki en flestir sammála því að endurgreiðsla á gjöldunum er óviðunandi eins og hún er í dag.

Kynbótaknappar verðlaunaðir

Eftir að pallborðsumræðum lauk voru knapar og hrossaræktendur verðlaunaðir. Þráinn frá Flagbjarnarholti hlaut fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og ellefu hryssur hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Stóð Verona frá Árbæ efst í þeim hópi en nánari útlitum á þeim er hægt að sjá á síðu 66–67 í þessu tölublaði.

Árni Björn Pálsson var útnefndur kynbótaknapi ársins og er það í sjötta sinn sem hann hlýtur þann titil. Árni sýndi alls 56 hross í 58 fullnaðardómum, meðalaldur þeirra hrossa var 6,1 ár og meðaleinkunn 8,19. Efta hrossið sem Árni sýndi er Katla frá Hemlu II en hún var efst í elsta flokki hryssna á Heimsmeistaramótinu í sumar.

Sú nýlunda var í ár að sérstök hvatningarverðlaun voru veitt ungum knapa sem þótti standa sig vel á árinu á kynbótabrautinni. Þessi verðlaun eru komin til þess að vera og verða veitt af búgreinadeild hrossabænda þegar tilefni þykir til. Fyrstur til þess að taka við þessum verðlaunum var Jón Ársæll Bergmann. Hann vakti mikla athygli í sumar á kynbótabrautinni þar sem hann sýndi á faglegan hátt mörg góð hross. Má þar að öðrum ólöstuðum nefna hina 4 vetra Seytlu frá Íbshóli sem hann sýndi í 8,44 fyrir hæfileika, Viskustein sem er fimm vetra og hlaut m.a. 9,5 fyrir tölt og Díönu frá Bakkakoti sem hlaut 10 fyrir stökk og 9,5 fyrir brokk.

Tvö ræktunarbú ársins

Í fyrsta sinn voru tvö hrossaræktarbú verðlaunuð sem Ræktunarbú ársins en það eru hrossaræktarbúið Þúfur og Fákshólar. Ræktendur í Fákshólum eru Jakob Svavar Sigurðsson og Helga Una Björnsdóttir. Sex hross voru sýnd frá búinu og var meðalaldur þeirra 5,67 ár. Efta hrossið sýnt frá búinu var Hrönn frá Fákshólum sem stóð efst á Heimsleikum í flokki sex vetra hryssna með 8,66 í aðaleinkunn. Ræktendur á Þúfum eru þau Mette Mannseth og Gísli Gíslason. Tíu hross voru sýnd frá búinu og var meðalaldur þeirra 4,9 ár. Efta hrossið sýnt frá búinu var heimsmethafinn Strengur frá Þúfum en hann setti heimsmet þegar hann hlaut 8,65 í aðaleinkunn fjögurra vetra.

Hæstu einkunnir ársins

Eins og venja er voru einnig veitt verðlaun fyrir hæstu einkunnir ársins. Elvar Þormarsson fékk eftirsótt verðlaun en þau eru hæsta hæfileikaeinkunn ársins án áverka. Hann sýndi Djáknar frá Selfossi á miðsumarssýningu á Rangárbökkum þar sem hann hlaut 8,94 fyrir hæfileika þar af 9,5 fyrir hægt stökk og samstarfsvilja.

Einnig fá aðstandendur hrossanna sem hljóta hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunnina með og án skeiðs viðurkenningu. Að þessu sinni var það Hylur frá Flagbjarnarholti sem var með hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunnina án skeiðs. Strengur frá Þúfum var með hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunnina, 8,95, en Strengur er einungis fjögurra vetra. Sýnandi Strengs var Mette Mannseth. /hf

DiBO®

MARPOL
HREINLÆTISVÖRUR



GRÆNN KRAFTUR

Bjóðum fjölbreytt úrval af háprýstidælum frá DiBO. Sérniðnar að þínum þörfum.

Dalbrekka 15 200 Kópavogur s. 544-5588
marpol@marpol.is

KRONE



Gleðilega hátíð kæru vinir og takk fyrir viðskiptin á árinu.

Við hlökkum til samstarfsins á því næsta!



Krone forpöntun 2024



Tryggðu þér þína vél fyrir næsta sumar.

Í samstarfi við Krone bjóðum við í ár allt að 20% afslátt frá verðlistaverðum af Krone heyvinnuvélum ef pantað er fyrir 5. janúar 2024. Að auki afhendum við öll forpöntuð tæki samsett heim á hlað án aukakostnaðar fyrir sumarið.



Verðlistinn er á vefsíðunni okkar hesja.is og er að berast á öll lögbýli þessa dagana.



Nýtt frá Segway!

Við kynnum nýja línu af fjórhjólum frá Segway - 500cc!

Snarler AT5L bætist við úrvalið okkar við hliðina á AT6L 570cc hjólunum. Verð aðeins 1.449.000 með vsk., götuskráð (T3b dráttartæki).

Þessi hjól eru nettari í sniðum en koma engu að síður virkilega vel útbúin, sem dæmi má nefna:

- Rafmagnsstýri og ótrúlega mjúk fjöðrun
- Læsanleg mismunadrif framman og aftan
- Spil að framan og dráttarkúla að aftan
- LED ljós, sætisbak og handahlífar
- Tenging við app
- 25" dekk á 12" felgum



HESJA

allt um Segway og Krone á hesja.is

Snarler AT5L

500cc fjórhjól

Verð aðeins

1.449.000 m/vsk.



hesja.is | hesja@hesja.is | Kópavogur: 546-0415 | Akureyri: 415-6415

Í DEIGLUNNI

Vilja rækta næm og léttstíg hross

– Mette Mannseth og Gísli Gíslason á Þúfum í Skagafirði eru hrossaræktendur ársins

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is



Í fyrsta sinn voru útnefnd tvö ræktunarbú ársins en bæði búin voru hnífjöfn að stigum.

Þetta eru hrossaræktarbúin Fákshólar og Þúfur. Ræktendur í Fákshólum eru þau Jakob Svavar Sigurðsson og Helga Una Björnsdóttir en það eru þau Mette Mannseth og Gísli Gíslason sem kenna sína hrossarækt við Þúfum í Skagafirði. Þetta er í annað sinn sem Þúfur hljóta þennan eftirsóttá titil en síðast var það árið 2020.

Ræktunarbú ársins er titill sem margir ræktendur stefna, leynt eða ljóst, að enda mikill heiður að fá viðurkenningu fyrir margra ára vinnu sem býr oft að baki hrossaræktinni.

„Þetta er fyrst og fremst viðurkenning á því að ræktunin og sýningarárið hafi gengið vel. Mér finnst þetta sérstaklega gaman núna því þetta voru eiginlega allt ný hross sem við vorum að sýna. Tvö voru áður sýnd en annars voru þetta átta hross sem við vorum að sýna í fyrsta skiptið og megnið fjögurra og fimm vetra,“ segir Gísli. Það að verða ræktunarbú ársins var ekki eitthvað sem þau stefndu beint að, enda erfitt að fylgjast með hvað önnur bú eru að gera og segja þau útnefninguna hafa komið sér ánægjulega á óvart þar sem svo mörg bú voru með frábæran árangur. „Hins vegar eru verðlaunin afar hvetjandi og maður hefur þau stundum bak við eyrað þegar sýningar byrja.“

Lýgna og Hróður fyrirferðarmikil í þeirra ræktun

Fyrstu hrossin sem þau Mette og Gísli kenna við Þúfum eru Friður og Lotning en þau eru fædd árið 2001 sem markar því upphafið að hrossaræktinni þeirra þar. Á undan því var ræktunin kennd við



Gísli Gíslason, sem tók við verðlaunum og Brynja Amble Gísladóttir, dóttir hans, eftir afhendingu verðlauna á hrossaræktarráðstefnu Fagráðs í Víðidal í Reykjavík. Mynd / hf

Stangarholt en úr þeirri ræktun hafa komið mörg merk hross, m.a. Baldvin, Kyrrð, Happadís og Lygna en allar þessar hryssur settu þau í ræktunina hjá sér

„Lygna frá Stangarholti er ein af stofnhryssunum okkar og er hún á bak við mjög margt hjá okkur. Hún eignaðist átta hryssur og fóru sjö af þeim í ræktun hjá okkur. Tvær dætur hennar hafa nú þegar hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, þær Kyrrð og Grýla,“ segir Gísli en þau hafa ræktað fjórar heiðursverðlaunahryssur í gegnum tíðina, þær Kyrrð frá Stangarholti (2020), Happadís frá Stangarholti (2020), Lýsingu frá Þúfum (2022) og Grýlu frá Þúfum (2022). Lýsing og Happadís eru undan Hróðri frá Refsstöðum sem er einnig áberandi

í ræktun þeirra Gísla og Mette.

Þau Gísli og Mette búa að því að hafa mjög svipaðan smekk á hrossum og eru því mjög sammála um hvernig hross þau vilja rækta en þar skiptir gangrými og geðslag mestu máli.

„Við erum bæði hrifin af léttleika í allri merkingu þess orðs. Við leitumst við að rækta hross sem við höfum gaman af að ríða sjálf. Hross sem eru létt, næm og léttstíg og eiga auðvelt með að bera sig. Þau eru ekki öll þannig okkar hross en það er samt markmiðið,“ segir Gísli.

Það að þekkja hrossin sem þú ræktar undan getur skipt sköpum þegar kemur að því að para þau saman og eru margir hrossaræktendur á því að það veiti þeim oft ákveðið forskot fram yfir aðra. Þar eru Gísli og Mette

engin undantekning en þau reyna að kynnast sínum hryssum sem best áður en þær eru settar í ræktun og eru því oftast ekki að halda þeim fyrir en þær eru orðnar sjö til átta vetra, þó eru undantekningar þar á.

„Við viljum fá að kynnast þeim vel og vita hvaða kostum þær búa yfir. Ekki er verra að geta komist í eins og eina hestaferð með þær til að kynnast þeim við alvöru aðstæður. Það er eins með stóðhestana.

Við notum sjaldan stóðhesta sem við höfum ekki prófað og aldrei hesta sem við höfum ekki séð með eigin augum. Það er líka þægilegt að þekkja foreldrana vel þegar maður fer að temja afkvæmin. Þú færð til dæmis eitthvað svipað vandamál og þegar þú varst að temja mömmuna. Þú hefur þá lært af mistökunum sem þú gerðir kannski þá og reynir að gera betur. Ekki síst kann maður að vinna úr styrkleikum sem skiptir eiginlega mestu máli. Það styttest í að við þekkjum fjóra og jafnvel fimm ættliði aftur í tímann og sú vitneskja kemur vonandi til með að fleyta okkur fram á veginn,“ segir Gísli.

Strengur hæstdæmda fjögurra vetra hrossið

Frá Þúfum voru sýnd 10 hross í kynbótadómi og var meðalaldur þeirra 4,9 ár. Fremstan í flokki má nefna stóðhestinn Streng frá Þúfum

en hann er hæst dæmdi fjögurra vetra hesturinn í ár og næsthæst dæmdi fjögurra vetra hesturinn frá upphafi dóma með 8,65 í aðaleinkunn.

Á hrossaræktarráðstefnu Fagráðs hlaut Strengur viðurkenningu fyrir hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunn ársins. Strengur er undan Trymbilssyninum Sóloni frá Þúfum og Kiljansdótturinni Hörpu frá Þúfum. „Strengur er með ofsalega skemmtilegt geðslag, mjög næmur en yfirvegaður og fljótur að læra. Hann var strax efnilegur og tömdum við Mette hann til skiptist í vetur og sumar. Ég vildi að Mette myndi sýna hann en hún samþykkti það með því skilyrði að ég ríði honum á yfirlitinu. Frábær hestur sem gaman verður að halda áfram með,“ segir Gísli.

Áhugi og vinna á bak við árangurinn

Það er mikið starf að reka hrossaræktarbú og árangur búsin ekki tilviljun. Að baki liggur mikil vinna og áhugi en þau hafa, ásamt starfsfólki, séð alfarið um tamningu hrossanna sem þau hafa verið að sýna undanfarin ár.

„Að baki svona árangri eins og í ár liggur mikill áhugi og vinna. Ég tel mjög mikilvægt að passa upp á það að klára verkefni. Ef maður hefur séð eitthvað í trippi einhvern tímann í uppeldinu, þá leitast maður við að ná því fram. Ekki gefast upp einhvers staðar á miðri leið.“

Það eru heldur ekki alltaf hrossin sem virðast mest spennandi í byrjun sem verða best. Allt í einu getur eitthvert hross sem þér leist minna á tekið fram úr öðrum á leiðinni ef þú gefur þeim sama tækifæri. Ekki afskrifa eitthvað eftir tvo mánuði þó það sé ekki farið að sýna þér eitthvað virkilega spennandi. Þau gætu orðið mikið betri en hin þegar upp er staðið.“

Mikill fjöldi ræktenda með góð hross

Það er ekki hægt að setjast niður með hrossaræktendum ársins án þess að spyrja þau hvernig þeim líst á ræktunastarfið í dag. „Kerfið er að verða betra að finna bestu hrossin. Hrossin í heild hafa stórbatnað og það er fjöldi ræktenda með góð hross. Eins og öll þessi bú sem voru tilnefnd núna og fleiri sem komust ekki á þann lista.“

Þetta er orðinn svo breiður hópur góðra hrossa og ef maður lítur til baka þá hefur svo margt breyst til batnaðar síðustu árin. Ég efast ekki um að það haldi bara áfram,“ segir Gísli að lokum.

Nýtt hjá Arctic Trucks

DAVANTI® dekk!

DAVANTI® dekk á kynningarverði!

Frábær dekk hönnuð í Evrópu. Vönduð efni og góð hönnun skila dekkjum með góða endingu, grip og áreiðanleika við alls konar aðstæður. Fáanleg í flestum stærðum fólksbíla, jepplinga og jeppa.



ALLTOURA® H/T 4-SEASONS

Öruggt heilsársdekk sem virkar vel við allar aðstæður, sumar og vetur.



WINTOURA.SUV

Frábært alhliða jeppingadekk sem hentar jafnvel á malbiki og á grófum slóðum. Gott grip í snjó og hálfu.



TERRATOURA A/T

Hörkufint jeppadekk sem veitir stöðugleika og gott grip þegar mest á reynir í erfiðum aðstæðum.



Gísli sýnir hér stóðhestinn Streng frá Þúfum, hæst dæmda fjögurra vetra hross ársins. Mynd / KollaGr.



SJÁUMST Í BREKKUNNI!

LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK

1.-7. JÚLÍ 2024

**FORSALA
TIL ÁRAMÓTA**

**VIKUPASSI
21.900 kr**

tix



landsmothestamanna



landsmot2024



landsmot.is



Tvö kakóaldin komu til Íslands heilu og höldnu árið 2013. Fræin reyndust lifandi og voru sett í mold. Ýmislegt henti í uppvexti þeirra og nú standa eftir nokkrar státnar kakóplöntur: Þrjár eru tíu ára gamlar og fjórar aðeins misserisgamlar, komnar úr fyrsta kakóaldini sem vaxið hefur á Íslandi og því fyrstu kynslóðar alíslenskar kakóplöntur.

Ræktun:

Kakóbaunaraunir

– Gafst ekki upp þrátt fyrir áratuga barning í kakótilraunum

Garðyrkjufraeðingarnir í Garðyrkjuskólanum á Reykjum-FSu fengu fyrsta íslenska kakóaldinið eftir tíu ára ræktunarstarf og nú vaxa alíslenskar kakóplöntur í bananahúsinu.

Nokkrar atrennur hafa verið gerðar að kakóbaunaræktun á Íslandi gegnum tíðina. Plöntur hafa misfarist vegna sveppasjúkdóms í aldinum en hann hefur valdið miklum skaða í kakóbaunarækt á heimsvísu. Þá er mjög erfitt að fá lifandi kakóplöntur þar sem víðast hvar er bannað að flytja þær út af samkeppnisástæðum og flókið að flytja lifandi aldin milli landa því að spírunarhæfni fræjanna minnkar mjög 2-3 dögum eftir að fræin eru tekin úr aldinu.

Sorgir og sigrar í ræktunarferlinu

„Í nokkur skipti fengum við aldin hingað til Íslands eftir ýmsum leiðum og í öllum tilfellum voru það aðilar sem ferðuðust frá suðlægum slóðum og stungu kakóaldini ofan í ferðatöskuna sína og settu í frakt.“ segir Gurrý, Guðríður Helgadóttir garðyrkjufraeðingur. En of kalt reyndist í fraktinni til að fræin lifðu það af.

„Árið 2013 var nemandi okkar, sem jafnframt er flugstjóri, á ferð frá Mið-Ameríku og hingað heim.“ heldur hún áfram. „Hann heimsótti félagi sinn sem vann á kakóplantekru, fékk hjá honum tvö aldin og kom með þau heim í handfarangri. Við fengum þau hingað beint í skólann og opnuðum við hátíðlega athöfn. Sáðum öllum kakóbaunum sem við fengum úr þessum aldinum og alls spírðu áttatíu plöntur.“ segir hún.

Plönturnar frá aldinfræjum til súkkulaðis. Omnom vann voru settar í sóttkví gómsæta súkkulaðibita úr aðeins 9 kakóbaunum í klefa í tilraunahúsi og telst það vera allra fyrsta íslenska súkkulaðið. Garðyrkjuskólans, ef ske

kynni að hinn skæði sveppasjúkdómur hefði fylgt þeim. „Síðan spíra þarna upp áttatíu plöntur en af því að við þurftum að hafa þær í gróðurhúsi sem er með steypu gólfi gekk okkur illa að halda lofrakanum nógu háum.“ segir Gurrý. „Svo þær drápu, hver af annari. Á endanum voru ekki nema þrjár plöntur sem lifðu af og þær voru settar upp í bananahús og þar hafa þær vaxið síðan.“

Fyrstu kynslóðar plöntur

Kakóplantan er runni eða lítið tré sem verður kynþroska um 7-10 ára gömul og blómstrar þá agnarsmáum blómum. Gurrý segir fyrstu blómin hafa komið á plönturnar í bananahúsinu einmitt þegar þær voru sjö ára. Blómgun hafi svo aukist ár frá ári og þær blómstrað ríkulega í sumar. Að fá aldin var hins vegar alveg óvænt.

„Við áttum alls ekki von á þessu. Í heimkynnum plöntunnar sjá litlar sveifflugur um að fræva blómin en hér eru engar slíkar flugur. Ég fékk um daginn póst frá frönskum kakósérfræðingi sem hafði frétt af fyrsta kakóinu á Íslandi og sagði að sjálfsfrjóvgun væri þekkt hjá kakóplöntum þó að hún væri óalgeng.“ segir hún.



Guðríður Helgadóttir garðyrkjufraeðingur, sem stundað hefur kakóræktar-tilraunir um langt skeið, heldur sigri hrósandi á kakóaldini. Í sumar bar, öllum að óvörum, kakóplanta sem sett var árið 2013 í mold í bananahúsi Garðyrkjuskólans að Reykjum, aldin – hið fyrsta á Íslandi. Myndir / Aðsendar

Kakóplöntur

Kakóplöntur geta orðið 100 ára gamlar en gefa flestar af sér vinnanlegar kakóbaunir í um 25 ár. Kakóbaunarækt á heimsvísu hefur ekki staðið undir eftirspurn síðan Asiubúar tileinkuðu sér súkkulaðiátt. Sveppur hefur einnig valdið skaða í ræktun og sömuleiðis eru þurrkar og hitar farnir að valda minnkandi uppskeru, einkum í Afríku. Þessu fylgir hærra verð og einnig að sífellt minna súkkulaðimagn er í súkkulaðivörum og meira af öðrum efnum til að drýgja þær. Gert er ráð fyrir að alþjóðlegur kakóbaunamarkaður muni hækka umtalsvert á komandi árum. Tekjur á kakómarkaði nema 12,8 milljörðum Bandaríkjadala í ár. Gert er ráð fyrir að markaðurinn vaxi árlega um 5,89% fram til 2030.

Aldinið var meðalstórt, innan við 20 cm á lengd og 8 cm í þvermál og í því leyndust 13 baunir. Allt að 40 baunir geta verið í einu aldinu. Af bauninum 13 voru 4 komnar með retur og voru þær gróðursettar og eru því fyrstu kynslóðar íslenskar kakóplöntur og dafna vel.

Súkkulaðið mjög gott

„Okkur fannst svo spennandi að fá fyrsta íslenska kakóðið að við töluðum við súkkulaðiframleiðandann Omnom um að búa til súkkulaði úr baunum.“ heldur Gurrý áfram. Búið var til handgert súkkulaði úr 9 baunum og komu úr því 7-8 molar. Frumherjarnir fengu auðvitað þann heiður að njóta molanna; Gurrý ásamt samstarfsfólkinu sem hafði annast plönturnar.

„Ég bjóst jafnvel við einhverju hræðilegu.“ svarar hún, aðspurð um hvernig fyrsta íslenska súkkulaðið hafi smakkað. „Ég er mest fyrir mjólkursúkkulaði og vil hafa það dísætt, en þetta var mjög gott dökkt súkkulaði og bragðið lá á milli kaffis og súkkulaðis. Auðvitað hafði verið sett í það smá kakósmjör til að mýkja, og sykur svo það var ekki biturt. Kakómeistarinn lýsti bragðinu eins og af aðeins brenndu poppi, sem er nærri lagi.“ segir hún.

„Við vonum að þessi óalgengi atburður í kakóplöntum, sjálfs-



Tveggja ára gömul kakóplanta.



Kakóplanta Garðyrkjuskólans á Reykjum bar yndisfögr og örsmá blóm í sumar. Úr því varð aldin.

frjóvgun, endurtaki sig og að við fáum fleiri aldin í framtíðinni.“ segir Gurrý. „Við eigum náttúrulega þrjár plöntur og fjóra nýgræðinga núna sem líta bara mjög vel út og það eru ekki nema tíu ár þangað til þeir fara mögulega að bera aldin!“

Garðyrkjuskólinn er með ýmis tromp á hendi þegar kemur að framandlegri ræktun. Kaffirunnar vaxa á Reykjum og hefur íslenskt kaffi verið selt á opnu húsi á sumardaginn fyrsta í nokkur skipti.


„Við eigum góðan slurk af baunum núna svo vonandi náum við að vera með kaffi í vor.“ segir hún og klykkir út með að vanilla sé næsta ræktunaráskorun. Hver veit nema vanillusúkkulaði með kaffikeimi verði á boðstólum í Garðyrkjuskólanum þegar fram líða stundir. /sá



Við óskum landsmönnum öllum til sjávar og sveita gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári


Kveðja frá starfsfólki Vatnajökulspjóðgarðs





Íslenska Klíníkin Búdapest

Kæru **bændur**
og **búalið**,
takk fyrir
ræktarsemina
á liðnu ári.
Gleðileg jó!



- Úrvals tannlæknar með framhaldsmenntun
- Tannlæknastofa búin þeim bestu tækjum sem völ er á
- Gisting á 4 stjörnu hóteli á sérkjörum
- Aðgangur að vatnagarði og gufu
- Nuddstofa, snyrtistofa, hárgreiðslustofa o.fl. innan veggja hótelsins
- Útsölumarkaðir innan seilingar við hótelið
- Íslensk ráðgjöf alla leið í gegnum ferlið og aðstoð við allt sem viðkemur því að njóta þess besta sem Búdapest hefur upp á að bjóða
- Sjálfsdekur og sparnaður í sömu ferð

Betri tannlækningar í Búdapest



Dagný Hermansdóttir í sínu náttúrulega umhverfi.

Kartöfluræktun:

Fjölbreytileikanum fagnað í kartöflufræi

– Áhugamál fyrir fagurkera og matgæðinga

Á Slow Food-hátíð í Grasa-garðinum á dögnum mátti sjá á einum básnum fjölskrúðugar kartöflur, sem reyndust hafa verið ræktaðar upp frá fræi – sem er mjög óvanalegt í almennri kartöfluræktun.

Í hefðbundinni kartöfluræktun er notast við útsæði, eins og margir þekkja, sem er í raun einræktun (klónun) á einni kartöflu og skiljanlega verða afkomendur hennar því einsleitir. Í kartöfluræktun af fræi er hins vegar um að ræða afkomendur kynæxlunar.

Allir eiginleikar mismunandi á milli fræja

Til að kynna þessa tegund kartöfluræktunar voru þær Svanhildur Sigfúsdóttir, garðyrkjufræðingur í Grasa-garðinum, og Dagný Hermansdóttir mættar við Kaffi Flóru þar sem hátíðahöldin fóru fram. Dagný, sem kunn er af súrkálsframleiðslu sinni undir vörumerkinu Súrkál fyrir sælkera, segir að þegar unnið sé með fræi í kartöfluræktun geti útkoman orðið gríðarlega fjölbreytt því systkini geti jú orðið mjög ólík.

Áhugi Dagnýjar á þessari tegund kartöfluræktunar vaknaði fyrir rúmlega áratug, þegar hún komst í kynni við fjöluþlár kartöflur á markaði í Nýju-Mexíkó. Hún komst að því að það var vandkvæðum bundið að panta til Íslands ný kartöfluyrki en mögulegt væri að kaupa fræ og flytja inn.

Í kjölfarið byrjaði hún að grúska og komst í samband við mikinn kartöflurfrömuð, sem lét hana fá sín fyrstu fræ sem hún hefur síðan byggt sína ræktun á. „Af þessum fræjum spruttu mjög óvenjulegar og litríkar kartöflur, þar sem erfðaeftið er mjög ólíkt þeim kartöflum sem við ólumst upp við. En það er ekki bara litir og lögun sem er áhugavert við kartöflurnar, því fjölmargir eiginleikar eru mismunandi frá einu fræi til annars – og bragðgæðin sémuleiðis.“

Hvert fræ er mögulegt nýtt yrki

Að sögn Dagnýjar er um stórskemmtilegt tólmstundagaman að ræða. „Það er auðvitað mjög gott að borða afkasturinn og svo er mikill bónus að vera með lifandi genabanka í gördum landsmanna. Hvert fræ er nefnilega í raun mögulegt nýtt yrki og það má segja að „teningunum sé kastað“ þegar fræinu er sáð, því allir eiginleikarnir geta komið upp ef þeir leynast í erfðaefti foreldranna.

Í hverju kartöflualdini eru því ótrúlegir möguleikar því hvert og eitt þeirra inniheldur á bilinu 100-300 fræ. Ef við sáum þessu er hvert fræ nýr einstaklingur, nýtt yrki,“ útskýrir Dagný.

Ýmsar áskoranir

En jafnframt því að vera einstaklega gjöful ræktunaraðferð að mörgu leyti, fylgja henni ýmsar áskoranir og vandamál, að sögn Dagnýjar, sem hefðbundnir kartöflubændur kjósa að vera lausir við. „Einhver fræjanna munu ekki spíra og önnur skila ekki uppskeru – þó flest geri það.

Einhver verða kannski mjög bragðvond en önnur mjög bragðgóð, flest einhvers staðar á milli. Sum verða mjölmikil, önnur vaxkennd, sum skila litlum kartöflum, önnur stórum. Þær geta orðið mismunandi í laginu, mismunandi á litinn, bæði



Kartöflur sem líta út eins og blandaðir ávextir og ber.



Kartöflur ræktaðar upp frá fræi, en þessar eru á litinn eins og rauðrófur.



Kartöflublómin eru líka allskonar og gullfalleg.



Alsystkini.



Franskar „frækartöflur“.

hýðið og að innan. Þær geymast misvel. Sumar afburðavel, aðrar illa og allt þar á milli. Sumar eru gjarnar á að fá ýmsa kvilla og plöntusjúkdóma sem herja á kartöflur eins og kláða, en aðrar ekki og hafa jafnvel góða mótstöðu.“

Dagný segir að eina leiðin til að fá úr því skorðið hvaða yrki séu góð sé að sá fræjunum úr vænlegri plöntu, grisja úr það sem ekki reynist vel og halda svo áfram með þau álitlegu. Það ferli sé einmitt hluti af ánægjunni við þessa ræktun. „Það er svo spennandi að sjá fjölbreytnina og ekki síst að setja þessar kartöflur svo niður að vori og komast að því hvaða yrki er þess virði að halda upp á áfram og hver ekki.

Öll kartöfluyrki sem við þekkjum í dag, eins og Gullauga og Rauðar íslenskar, eru þannig til komin að einhver ræktaði upp af fræi og þetta yrki stóð á einhvern hátt upp úr og var því haldið við og fékk útbreiðslu.

Það er alltaf spennandi að sjá hvað kemur upp úr moldinni á haustin, enda er eitt það skemmtilegasta við þetta hversu litríkar kartöflurnar verða og njóta sín vel í mismunandi matreiðslu. Bæði er litafjölbreytnin mikil en eins er litamyndunin mjög mismunandi og fallett að sjá í mismunandi kartöflurættum. Svo eru dökkfjöluþlár og dökkrauðar kartöflur fullar af andoxunarefnum og því alveg bráðhollar.

Í dag eru stórfyrirtæki og háskólar stöðugt að þróa ný yrki til að mæta þörfum markaðarinnar.“

Óformlegur félagsskapur

Að sögn Dagnýjar er óformlegur félagsskapur starfandi í kringum þetta áhugamál og á Facebook-síðunni Kartöflurækt af fræi skiptist fólk á skoðunum um þetta hugðarefni sitt.

„Við erum þrjú sem vorum dugleg við þetta fyrstu árin og höfum mest unnið að þessu innan Garðyrkjufélags Íslands, ég, Jóhanna Magnúsdóttir á



Litafjölbreytni.



Girnilegar kartöflufloğur.



Innri figurð.

Dalsá og Jón Guðmundsson – sem er þekktur ávaxtaræktandi á Akranesi.

Við höldum nokkrar kartöflusýningar og ég flutti erindi um ræktunina. Gegnum árin hef ég gefið talsvert af kartöflufræi í fræbanka Garðyrkjufélagsins svo áhugasamir hafi góðan efnivið að vinna með. Það er ekkert hlaupið að því að fá áhugaverð kartöflufræ sem henta vel hér á landi. Ýmsir fleiri eru farnir að gefa kartöflufræ í bankann svo það er auðvelt að nálgast spennandi fræ ef fólk hefur áhuga á að prófa þetta. Grasa-garðurinn kom svo inn í þetta fyrir nokkrum árum og Svanhildur Sigfúsdóttir garðyrkjufræðingur, Hjörtur Þorbjörnsson grasafræðingur og Björk Þorleifs-dóttir, upplýsingafulltrúi Grasa-garðsins, hafa sinnt þessu með miklum sóma síðan.

Þau rækta upp af fræi á hverju sumri og eru líka að halda við ýmsum áhugaverðum yrkjum.

Einnig höfum við haldið Dag kartöflunnar hátíðlegan undanfarin ár þar sem við sýnum afkasturinn og fræðum áhugasama.“

/smh

AUGLÝSING UM SKIPULAG

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 9. nóvember 2023 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og breytingu á deiliskipulagi í Borgarnesi fyrir landið Hamar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í þeirri röð.

Þéttbýlisuppdráttur Borgarness, svæði BL3 og O16 í landi Hamars (L135401 og L200623) – Breyting á aðalskipulagi

Hótelldóð, golfvöllurinn við Borgarnes frá árinu 2005 (L135401 og L200623) – Breyting á deiliskipulagi

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 1. desember 2023 að auglýsa nýtt deiliskipulag, Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri (L133853) – Nýtt deiliskipulag

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Tillögurnar eru í kynningu frá 14. desember 2023 til og með 25. janúar 2024.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með athugasemd við tillögur á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 14. desember 2023.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ

STÖÐLUÐ HÚS ÚR LÍMTRÉ OG STEINULLAR- EININGUM



160 m² — 11.400.000 m.vsk.*

Breidd 10,0m

Lengd 16,0m

Vegghæð 3,15m

Mænishæð 4,97m

Pakhalli 20°

1 x lónaðarhurð 3,5 x 3,25m

2 x Gönguhurðir

2 x Gluggar



240 m² — 17.300.000 m.vsk.*

Breidd 12,0m

Lengd 20,0m

Vegghæð 4,15m

Mænishæð 6,33m

Pakhalli 20°

1 x lónaðarhurð 4,0x4,0m

2 x Gönguhurðir

2 x Gluggar

■ Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja

■ Festingar og efni til uppsetningar innifalið

■ Útveggir og þak úr steinullareiningum

■ Úrval lita á þak og vegg

■ Íslensk framleiðsla

HAFÐU SAMBAND

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

*Tilboðsverð gilda til 31.12.2023 og miðast við snjóálagssvæði 2



Gróður:

Urtin þraukar allslaus

Nokkrum klukkustundum eftir vökvun er áður skraufburur og brún Jeríkórósinn orðin mjúk og græn og af henni leggur milda jarðarangan.

Myndir / SÁ



Bæklingur fylgdi Jeríkórósinni þegar hún var keypt á þýskum bændamarkaði fyrir jólaárið 1995 og þar segir af meðhöndlun og ýmsum helgisögnum henni tengdum.

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Upprisuplöntur eru merkileg fyrirbæri. Um þær hafa spunnið ýmsar sögur og helgisagnir.

Fyrir um þrjátíu árum bjó sú er þetta ritar í Þýskalandi, sunnan við Hamborg. Skömmu fyrir jólaárið var ég á rangli um bændamarkað og sá þá í kórfa liggjandi óhrjálegar, þurrar, brúnar kúlur, u.þ.b. 15 cm í þvermál, og var auglýst að þetta væri hin heilaga og eilífa Jeríkórós. Ég stóðst ekki mátið og keypti fáeinar; eina handa sjálfri mér og aðrar til jólagjafa fyrir mitt nánasta fólk uppi á Íslandi.

Í þýskri lýsingu með þessum skraufburru og brothættu vöndlum sagði að Jeríkórósinn væri eitt af undrum náttúrunnar. Aðeins þyrfti að leggja hana í vatn og þá sprangi hún út og yrði iðjagræn en annars gæti hún lifað í ár og aldir, og jafnvel endalaust, án vatns eða jarðvegs af nokkru tagi. Hún þyldi hvort tveggja mikinn hita og kulda. Ekki mætti hún þó standa lengi í vatni, eftir átta daga þyrfti að þurrka rósina aftur í þrjá daga minnst en svo gæti þessi hringrás: að þurrka og væta, átt sér stað út í það óendanlega ef eigandi rósarinnar kysir svo en ella mætti hún geymast þurr.

Tvær plöntur og jafnvel fleiri

Við nánari eftirgrensulan, árum síðar, áttaði ég mig á að hér var verið að rugla saman tveimur óskyldum eyðimerkurplöntum. Annars vegar Anastatica hierochuntica af sinnepsættinni (Brassicaceae), sem vex einkum í Mið-Austurlöndum og er kölluð hin sanna Jeríkórós og hins vegar Selaginella lepidophylla, upprisuþlöntu af tegund (mosa)jafna, sem vex m.a. í Chihuahuan-eyðimörkinum í Mexíkó og Bandaríkjunum og hefur verið nefnd Jeríkórós, Kristrós, eilífðarjurt (Siempre viva), fölsk Jeríkórós, upprisuþlanta, upprisumosi, risaeðluplanta og steinblóm, svo eitthvað sé nefnt. Ég var með þá síðarnefndu í höndum.

Upprisuplöntur geta lifað af mikla þurrka og síðan endurheimt eðlilega efnaskiptavirkni við endurvökvun. Vatnssvörunarhreyfingar plöntunnar stjórna af rakainnihaldi, eiginleikum vefja og stigskiptri dreifingu



Jeríkórósinn hefur legið algerlega skraufburur í pappasösku inni í skáp allt árið en á aðfangadag er hún vætt og lögd í skál með ylvögu vatni.

ákveðinna frumna sem hefur áhrif á sammiðja stíflaika og spíralmyndun. Ytri stillkar plöntunnar beygjast hringlaga eftir tiltölulega stuttan tíma án vatns. S. lepidophylla framleiðir hvorki blóm né fræ heldur fjölgar sér með gróum. Af henni blautri leggur sannkallaða jarðarangan, milda moldarlykt. Þessar plöntur losna auðveldlega úr sínum rýra jarðvegi og geta þá oltið um berangur með veðri og vindum eins og fisléttir boltar.

Látum liggja á milli hluta hvor plantan er hin eina sanna Jeríkórós og hugum að þeim sögnum sem orðið hafa til um hana.

Höfð í hávegum

Upprisuplantan þótti sjaldgæf og forvitnileg og óðlaðist slíkan orðstír að m.a. franskur aðalsfjölskyldur bættu henni við skjaldarmerki sín. Gamla þýska bændafjölskyldur miðla enn þann dag í dag Jeríkórósinni frá kynslóð til kynslóðar og er hún víða í Þýskalandi kölluð jólarós og Kristrós. Þar er gjarnan til síðs að sýna börnum þetta náttúruundur opnast undir jólatrénu á aðfangadagskvöld. Í öðrum löndum þekkist einnig að miðla rósinni sem fjölskyldudjásni milli kynslóðanna.

Sjálf hef ég fyrir síð að leggja Jeríkórósina mína í vatn einu sinni á ári, í hádeginu á aðfangadag meðan setið er að snæðingi jólagrauts. Viðstaddir sjá þá með eigin augum



Svona eru þær óhrjálegar við fyrstu sýn, Jeríkórósinnar, en sannkölluð undur og stórmerki gerast þegar þær eru bleyttar.

Þessa þurru og brothættu greinakúlu opnast, taka lit og verða silkimjúka og slétta. Við það tækifæri er í hljóði farið með bæn fyrir mannkyni öllu; um frið og kærleika á jörðu og jöfnuð meðal manna.

Um Rósina frá Jeríkó hafa orðið til margar sögur. Nokkrar tengjast Maríu mey. Sagt er að á ferð sinni frá Nasaret til Betlehem hafi hún blessað plöntuna sem þannig óðlaðist eilíft líf. Einnig er sögn um að rósinn hafi fylgt Maríu mey á ferð hennar frá Jerúsalem til Egyptalands og hafi jurttin af virðingu fyrir meynni opnast í hvert sinn er María staðnæmdest og svo lokað sér er hin helga mærlélt áfram ferðinni. María hafi grátið sárt og tár hennar vætt rósina svo hún varð ódauðleg vegna blessunar táranna. Sömuleiðis er til saga um að María mey hafi nærst af rósinni á leið sinni um hið hrjóstruga land.

Þá er sagt að nálægt Jeríkó, við lindina þar sem Elía spámaður er sagður hafa hreinsað beiskt vatn með salti, vaxi planta sem aldrei deyr. Hún opnast einu sinni á hverju ári, nákvæmlega á þeirri stundu sem drottinn hafi fæðst. Rósinn er einnig sögd vera tákun um þjáningar palestínsku þjóðarinnar og von hennar um betri tíma.

Að þorna upp og lifna aftur við

Plantan táknað upprisu, endurfæðingu, varanlega ást og langlífi í allmörgum trúarbrögðum. Hún

er sömuleiðis þekkt fyrir að veita vernd og heppni, jafnvel auð, og vera nytsamleg til að koma jafnvægi á neikvæða orku fólks. Dæmi eru um að Jeríkórósinn hafi verið notuð í álögum og göldrum til að hressa upp á rómantík eða fjárhagsstöðu. Hún hefur m.a. fundist í fornum grófum.

Biblíuborgin Jeríkó byggðist um 9.000 árum f.Kr. og var líklega í upphafi byggð af um 3.000 íbúum sem ræktuðu hveiti og bygg á ökrum. Þeir byggðu stóran steinvegg umhverfis byggðina til verndar. Borgin byggðist upp og var eyðilögð á víxl og þaðan mun tengingin við plöntuna koma ekki síst: að skrælna og lifna til skiptis.

Vekur forvitni vísindanna

Rósinni eru ætlaðir hinir ýmsu læknaði eiginleikar. A. hierochuntica þykir m.a. gagnast við fæðingarhjálp meðan S. lepidophylla er talin góð við kvefi. Rétt er þó að taka fram að engar vísindalegar rannsóknir eða sannanir finnast fyrir meintum lækningamætti Jeríkórósarinnar.

Vísindamenn hafa hins vegar lengi verið forvitnir um eiginleika upprisuþlantna enda gætu þær gefið vísbendingar um hvernig efla mætti þurrkþolnari nytjaplöntur til ræktunar.

Rósinn frá Jeríkó stingur allvíða upp kollinum í skáldskap því auðvitað er slík upprisuþlanta öflug samlíking fyrir líf, ást og endurfæðingu. Má til dæmis nefna ljóð eins og „To the Duke of York“ eftir Robert Herrick, „A Rose Plant in Jericho“ eftir Christina Georgina Rossetti og „The Resurrection Plant“ eftir Mollie Moore.

Jeríkórósaræktun á tunglinu

Allar Jeríkórósinnar sem ég gaf eru nú týndar og tröllum gefnar og hefur fólk líklega hent þeim, haldið að þetta væri eitthvert drasl. En ég hyggst láta mína Jeríkórós ganga áfram til barna minna í fyllingu tímans. Hún er jafn spræk og þegar ég eignaðist hana fyrir þrjátíu árum, þrátt fyrir að vera aðeins lögd í vatn einu sinni á ári hverju.

Lausleg könnun gefur til kynna að Jeríkórósinn fáiast hvergi hérlendis.

Þess má að lokum geta að hið ástralska Lunaria One Lunar Experiment to Promote Horticulture (ALEPH)-verkefni hyggst hefja tilraunir í ræktun m.a. upprisuþlantna á tunglinu árið 2025.


HIDROSTAL SNIGILDÆLUR

Fullkomin lausn þegar dæla þarf þunnum eða þykkum vökva og eru lausar við stífluvandamál

Dælnar henta vel fyrir t.d:

Veitukerfi, frárennsli, seyru, sláturúrgang, lifandi fisk, lensidælar, slógdælar o.fl. o.fl.

VINNUVÉLAR & ÁSAFL



Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær - Iceland - www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

PORSCHE

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
– starfsfólk Bílabúðar Benna.

Bílabúð
Benna

Kaupfélag Vestur-Hunvetninga:

Nýr kaupfélagsstjóri


Þórunn Ýr Elíasdóttir hefur verið ráðinn nýr kaupfélagsstjóri Kaupfélags Vestur-Hunvetninga á Hvammstanga eftir að Björn Líndal Traustason sagði upp störfum í haust.

Þórunn tekur við nýja starfinu 1. febrúar næstkomandi. Hún hefur víðtæka reynslu af uppbyggingu og rekstri fyrirtækja og stofnana. Hún var í yfir 30 ár rekstrar- og síðar fjármálastjóri hjá heildversluninni Kemis ehf. sem var fjölskyldufyrirtæki í eigu foreldra hennar. Einnig átti hún og rak blómaverslun í Breiðholtinu ásamt því að hafa starfað sem skrifstofu- og fjármálastjóri hjá félagsamtökunum Samhjálp. Síðustu ár hefur hún sinnt bókhaldsstörfum í ráðhúsi Húnaþings vestra.

Ættleidd frá Suður-Kóreu

Þórunn Ýr er fædd árið 1976 í Suður-Kóreu og er ættleidd þaðan. Hún var sótt þangað þegar hún var níu mánaða gömul og var alin upp í Breiðholti þar sem hún hefur búið lengst af. Hún er einkabarn foreldra sinna.

„Við hjónin réðum okkur svo í sláturtíð hjá sláturhúsi SKVH á Hvammstanga haustið 2020 og ætluðum okkur að vera í tvo mánuði, sem nú eru orðin þrjú ár og eftir þessa ráðningu er ekki fararsnið á okkur í bráð svo það teygist áfram á þessum



Þórunn Ýr Elíasdóttir.

tveimur mánuðum,” segir Þórunn Ýr hléjandi. Hjónin eiga sex börn, þrjár tengdadætur og átta barnabörn.

Fjörutíu starfsmenn

Þórunn Ýr segir að nýja starfið leggist ljómandi vel í sig. „Ég fæ að fást við fólk, þjónusta fólk, glíma við tölur og verð, markaðssetningu og öllu því sem svona rekstri fylgir. Vonandi verð ég góður kaupfélagsstjóri, sem held áfram að halda skútunni uppréttri og á fleygiferð. Ég vil ná fram því besta frá þeim mannaúði sem er þarna innandyrja og halda uppi góðu og háu þjónustustigi til kaupenda.“

Fjörutíu manns starfa hjá kaupfélaginu, sem er á Hvammstanga, en þar eru starfandi þrjár deildir; kjörbúð, byggingar- og búvörudeild og pakkhús. /MHH



Hluti af fjölskyldunni, sem er stór og myndarlegur, enda eiga Þórunn og maður hennar sex börn, þrjár tengdadætur og átta barnabörn. Myndir / Aðsendar



Sveinn Steinar Benediktsson og Kjartan Óli Guðmundsson söfnuðu geri úti í náttúrunni sem þeir nota í bjórbruggun. Mynd / Aðsend

Handverksbrugg:

Öl sem endurspeglar landslag

Náttúruvín hafa notið vaxandi vinsælda meðal neytenda á undanförunum árum. Náttúruleg gerjun þrúgna er þar eitt megineinkennið.

Nýlega kom á markað villiöl sem sækir bragðeiginleika sína í örveruflóru íslenskrar náttúru.

„Við höfum verið að grúska og pæla í bruggun, geri og gerjun og velt því fyrir okkur hvort til væru staðareinkenni. Við höfum áhuga á líffræði og vissum að það væri hægt að sækja villt ger og ákváðum að prófa,“ segir Kjartan Óli Guðmundsson, kokkur og vöruhönnuður, en hann og Sveinn Steinar Benediktsson hönnuðir eru mennirnir á bak við vörumerkið Grugg&Makk sem framleiðir bjór með aldagamalli bruggaðferð. Í því felst að safna geri á tilteknum stöðjum á landinu og brugga úr því súrbjór.

„Við fórum á tíu staði á Snæfellsnesi á tveimur mismunandi tímabilum, um hásumar og haust. Við völdum mismunandi landslag og

hæð frá sjávarmáli og settum þar út söfnunurvökva. Markmiðið var að fanga góða gerkultúra sem hægt væri að nota í bjórbruggun. Einnig þótti okkur áhugavert að athuga hvort hægt væri að kortleggja bragðflóru Íslands með þessum hætti, grípa bragð staðar á ákveðinni stund í tíma, svoltið eins og ljósmynd nema bara vera að grípa augnablikið í flösku,“ segir Kjartan en fyrstu bjórar framleiðslunnar komu á markað undir lok síðasta árs.

Drykkirnir heita eftir tilteknum stöðum hvar örverum bruggsins var safnað. Tveir eru nú fáanlegir; Djúpálónssandur og Svörtuloft, en von er á Kirkjufelli. „Ölið er smá fönki, smá eins og síder með trópískum ávaxtatónum, sem er greinilega það bragð sem gerið framleiðir í lífsferli sínum. Á meðan Svörtuloft er með meiri skógarbotn, minna súr og eins og niðursoðnir djúpir ávextir, þá er Djúpálónssandur bjartari, ferskari og súrari,“ útskýrir Kjartan.



Hann segir að það hafi í raun komið á óvart hvað staðareinkenni voru sterk.

„Við bjuggumst við að það kæmu mjög mismunandi niðurstöður milli árstíða, en það kom á óvart að það eru líkindi milli þeirra örvera sem safnað var á sama stað. Kannski bendir það til þess að það sé einhver tenging á milli umhverfis og örveruflóru.“

Kjartan undirstríkar þó að þeir félagar nálgist framleiðsluna sem hönnuðir og listamenn, frekar en út frá vísindum þó stutt sé í tengingu við náttúru- og líffræði.

„Villiölið er atlaða að því að sýna fram á líffræðilegan fjölbreytileika og vekja athygli á örverunum í kringum okkur. Þær eru mikilvægar fyrir heilsu okkar og jarðarinnar.“ /ghp

Handverk:

Útskorinn 20 punda lax

Vagn Ingólfsson í Ólafsvík er magnaður handverksmaður þegar kemur að útskorði og öðru slíku.

Nýjasta verkið hans er rúmlega 20 punda lax, sem hann skar út eins og um nýgenginn lax væri að ræða.

„Þetta var flókið en mjög gefandi og skemmtilegt verkefni. Mesta vinnan fór í að gera hreistrin í búkinn, sem eru á milli sex og sjö þúsund, allt frá 4 mm og upp í 9 mm en ég þurfti að brenna þau í fiskinn með sérstöku járn,“ segir Vagn. Hann fékk svo mann að nafni Danny Harris í Arkansas-ríki í Bandaríkjunum,

sem er fagmaður fram í fingurgóma, til að sprauta og handmála fiskinn.

„Ég sendi fiskinn út til hans, hann græjaði allt sem þurfti að gera og sendi mér svo aftur til baka. Ég gæti ekki verið ánægðari með útkomuna, þetta var meiri háttar vel gert hjá Danny.“

Fiskurinn sómir sér nú vel á fallega útskornum platta heima hjá Vagni og fjölskyldu í Ólafsvík og vekur þar athygli gesta og gangandi. /MHH

Vagn Ingólfsson með glæsilega laxinn sinn.

Mynd / Alfons Finnsson

Lilleseth Kjetting Finndu fyrir öryggi á veginum í vetur

SKRALLI ER UMBODSADILI FYRIR LILLESETH SNJÓKEDJUR

VÖRUBÍLAR

DRÁTTARVÉLAR

VINNUVÉLAR

Í meira en 70 ár hefur Lilleseth Kjetting framleitt hágæða snjókedjur fyrir norskar aðstæður. Fyrsta sendingin frá þeim er á leiðinni til Skralla og aðeins örfá pör óseld.



Upplýsingar á Facebook eða í síma 862 4046

skralli.is

ÞÚ finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA Á LÍMTRÉ OG STEINULLAREININGUM

Hjá okkur færðu burðarvirki og klæðningar
fyrir flestar byggingar



- Hesthús
- Gagnaver
- Flugskýli
- Reiðhallir
- Iðnarhús
- Íþróttahús
- Verslanir
- Geymslur
- Fjós
- Fjánhús
- Svínahús
- Vélargeymslur
- Lagerhús
- Geymslubíl
- Fiskvinnsluhús
- Knatthús

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

Mannlíf:

Ákvað að byrja aftur að berjast

– Smíðar hús á Íslandi og í Afríku en ræktar kartöflur og skóg í Lettlandi

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



Hann er að sumu leyti kynlegur kvistur, húsasmíðameistarinn í Hveragerði sem líka er kartöflu- og skógarbóndi í Lettlandi og byggir hús á einni fegurstu strönd Afríkuálfu.

Brynleifur Siglaugsson er fæddur árið 1970, bjó lengi á Vopnafirði en flutti suður 1996. Hann á tvo syni, fædda 1998 og 2004. Lengst af hefur hann byggt og selt hús hingað og þangað um landið en 2008 urðu verulegar breytingar á högum hans.

„Í hruninu fór allur byggingariðnaðurinn lóðrétt til helvítis,“ segir Brynleifur. „Það þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um hvað gerðist: í rauninni var bara öllu stolið af fólki. Við vorum með rekstur, áttum svölftið af atvinnuhúsnæði með erlendum lánnum sem þrefölduðust svo það fór bara allt lóðbeint til fjandans.“

Erfitt að búa hér

Brynleifur sendi frá sér opinbera yfirlýsingu þar sem hann vandaði ráðamönnum ekki kveðjurnar og sagðist vera farinn úr landi, hér væri ekki hægt að búa. Hann fór til Noregs en entist þar ekki nema í þrjú mánuði. „Það var ekkert mjög gaman af því,“ segir hann, nokkuð kaldranalega. Hann kom því aftur upp. „Ég ákvað að vera hér og byrja aftur að berjast.“

Hann segir hafa gengið fínt hjá sér síðan. Árið 2014 keypti hann gamalt hús í Hveragerði og gerði upp og hefur búið þar síðan ásamt sonum sínum. „Ég er með byggingafyrirtæki hér og búinn að byggja slatta af húsum í Hveragerði og Mosfellsbæ og taka að mér alls konar verk. Var m.a. að klára fbúðir í Mývatnssveit



Á lettneska akrinum við kartöfluupptöku. Um 500 kg fengust nú í haust.

núna.“ Honum sýnist þó að allt sé að fara á verri veg í þjóðfélaginu aftur. „Ég er með verkefni út næsta ár, er ekki með einhver erlend lán – maður lærði eitthvað af þessu hrúni – og er því rólegur.“ Hann segist sakna sterkra stjórnmálaleiðtoga á þingi og gefur lítið fyrir pólitíkina nú til dags, auk þess sem hann segist hafa illan bifur á hvernig ríki séu að gefa lýðræðisrétt sinn eftir til ýmissa alþjóðastofnana.

Byggði sér hús á bestu strönd álfunnar

Víkur þá sögunni út fyrir landsteina. „Ég fór til Brasilíu 2005 og varð alveg heillaður,“ heldur Brynleifur áfram. „Ég keypti mér svölftið land þar og ætlaði að byggja mér hús en svo varð hrúnið 2008 og setti strik í reikninginn.“

Hann seldi landið og ekki varð meira úr Brasilíuhugmyndinni. En



Brynleifur Siglaugsson.



Sérstakur kartöflubjór er bruggaður fyrir kartöfluhátíðina.



Híð myndarlega hús sem Brynleifur byggði á Diani-ströndinni í Kenía. Hún þykir ein fegursta strönd gjörvallrar álfunnar og er þó af miklu að taka.

„Við höfum þrjú ár í röð haldið sérstaka kartöfluhátíð í lok ágúst þegar kartöflurnar eru teknar upp. Og það er búið að vefja upp á sig!“

var þó ekki af baki dottinn. Hann hafi afar gaman af því að ferðast og helst til staða þar sem eru ekki margir Íslendingar. Árið 2019 fór hann til Kenía með vinum og hreifst af landinu. „Ég var búinn að bíta í mig og vinna að því í nokkur ár að geta keypt mér land einhvers staðar þar sem er almennilegt veður og byggt mér hús. Eftir fyrstu ferðina til Kenía gerðist allt mjög hratt: ég keypti mér lóð og fór svo bara að byggja, fyrir einu og hálfu ári síðan.“

Húsið stendur á Diani-ströndinni, í um klukkustundar akstursfjarlægð frá Mombasa, annarri stærstu borg landsins, og er ströndin sögð ein af fimm bestu og fegurstu ströndum allrar heilu Afríku. Brynleifur segir svæðið gríðarlega fallett. „Það er bara alveg dásamlegt að vera þarna,“ segir hann en reiknar þó með að setja húsið í leigu til ferðamanna, það sé allt of stórt fyrir sig. Ekki sé tiltakanlega flókið að kaupa sér landskíka í Kenía og hann hyggst byggja þar meira.

Skógar- og kartöflubóndi í Lettlandi

Fyrir þremur árum festi Brynleifur sér eignig litla jörð í Lettlandi.

„Ég hef alltaf verið dálítið hrifinn af Austur-Evrópu,“ segir hann og bætir við að hann hafi verið með mannskap frá Litháen í vinnu síðan 2005 og sumir þeirra séu enn að vinna hjá honum. „Þegar ég skoðaði Lettland í alvöru varð ég



Fánar Íslands og Lettlands blakta við húsið í lettnesku sveitinni.



Falleg innsetning við heimreiðina til að auglýsa karöfluhátíðina.

alveg heillaður af því líka,“ bætir hann við og heldur áfram: „Mig langaði alltaf að kaupa mér svolitla spildu og gamalt hús í einhverju af þessum löndum þarna. Ég keypti 21 hektara og þar er skógur, ræktarland og gamalt bjálkahús sem við feðgarnir stefnum á að gera upp.“

Jörðin er í um eins og hálf títma akstursfjarlægð í austur frá höfuðborginni Ríga.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HONDA

GÆÐI
FYRIR
40 ÁR

HONDA SNJÓBLÁSARAR
FÁST Í FAGVERSLUN BYKO

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 821-4152



Kristine, lykilmanneskja í kartöfluhátíðinni, dansar hér við föður sinn.

„Þegar ég var búinn að kaupa þetta gat ég náttúrulega ekki annað en sett niður kartöflur,“ segir Brynleifur og hlær dátt. „Það er ekki nóg að vera bara skógarbóndi, maður verður líka að vera kartöflubóndi!“ Hann segir það þó til gamans gert.

„Við setjum niður kartöflur á vorin og stundum kemur fólk frá Íslandi að hjálpa til. Við höfum svo þrjú ár í röð haldið sérstaka kartöfluhátíð í lok ágúst þegar kartöflurnar eru teknar upp. Og það er búið að hefja ansi mikið upp á sig,“ hnýtir hann við.

Kartöfluhátíð og sérbruggaður kartöflubjór

Í tilefni kartöfluhátíðarinnar er haldin heilmikil matarveisla með dúkuðum borðum og miklu skrauti í gamalli þaklausri hlöðu. Ekki er kastað til höndum í undirbúningi. „Þar er raðað upp, mikið lagt í skreytingar og komið fyrir sviði,“ útskýrir Brynleifur. „Fólk mætir yfirleitt daginn áður og kemur sér fyrir í kring, á hótelum og gistiheimilum. Núna í haust komu þrjátíu manns frá Íslandi og annað eins frá Lettlandi og Litháen. Svona sérvalið fólk!“

Á laugardagsmorgni mætir fólk svo í kartöfluupptöku. Og þá eru teknar upp kartöflur, sem tekur svona tuttugu mínútur til hálf tíma, og er gert með dyggri aðstoð nágrennabónda okkar sem kemur á gamalli dráttarvél og fræsir upp kartöflurnar,“ segir hann og bætir við að magnið hafi verið um 500 kg.

Brynleifur sér elliheimili í grenndinni fyrir bæði eldiviði og kartöflum auk þess sem foreldrar sérlegrar aðstoðarkonu hans starfa þar. Því fór allur hópurinn sem mættur var á kartöfluhátíðina þangað í skoðunarferð eftir kartöfluupptökuna.

„Aðbúnaður á lettnesku elliheimili er svolítið öðruvísi en á Íslandi,“ segir hann og bætir við að þótt húsnæðið sé gamalt og fólk deili herbergi sé áberandi hversu því líði vel, andinn sé góður og hugsað vel um mannskapinn. „Um kvöldið var svo vínkynning úr héraði fyrir borðhald, við fengum kokka sem komu og elduðu, og síðan mætti band og spilaði fyrir dansi fram á nótt.“ Hann segir þetta hafa verið gríðarlega skemmtilegt.

Rjúpur og takkaskór með til Kenía

Brynleifur segist munu halda jól í Kenía ásamt sonum sínum. Hátíðin þar sé látlaus. Hann segist ætla að taka með sér þrjár rjúpur í jólamáltíðina: „Það er spurning hvernig kokkurinn minn úti tekur því þegar ég fer að hamfletta þar á Þorláksmessu!“ Hann tekur líka með sér bjúgu og hákarl – og jafnvel hangikjötsbita og harðfisk.



Frá kartöfluhátíð Brynleifs bónda og húsasmíðameistara í Lettlandi sl. haust.

En það sem þyngst mun vega í farangrinum verða tvær fullar ferðatöskur af fótboltaskóm.

„Yngri sonur minn er mikið í fótbolta,“ segir Brynleifur. „Nú förum við með tvær ferðatöskur af takkaskóm sem vinur okkar, Gunnar Borgþórsson, fótboltaþjálfari á Selfossi, er búinn að safna. Í Ukunda, sem er lítið þorp á svæðinu þar sem ég bý, eru fótballalið sem fá takkaskóna. Í haust fór ég með tvær ferðatöskur af notuðum og nýjum fótboltaþúningum frá Selfossi og Hamri í Hveragerði. Það vakti gríðarlega lukku þarna úti. Það þarf lítið til að gleðja þau og þetta er mjög gaman.“

Brynleifur segist hafa tilfinningu fyrir að Kenía sé á barmi

mikilla breytinga. Þar sé nýr forseti sem vilji koma hlutum til betra horfs en gríðarleg spilling sé landlæg. Kenía sé þó eftirsótt til búsetu vegna þess að landið teljist sæmilega öruggt og efnahagur ekki sérlega óstöðugur. Veðursæld sé og mikil og fólkíð gott. Gestir hans hafi orðið yfir sig hrifnir af landi og þjóð.

Hann segist í framtíðinni ætla að vera heima á Diani-strönd á vetrum og á vorin og haustin heima í Lettlandi. „Svo í júlí og ágúst heima á Íslandi, það er planið,“ segir hann kankvís.

Hann ætli ekki að byggja upp í fleiri löndum í bili: „Ég verð að reyna að hemja mig eitthvað!“ segir Brynleifur húsasmíðameistari að lokum.

ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR GLEÐILEGRA JÓLA!



Úrval af Valtra dráttarvélum og snjómoksturtækjum til afgreiðslu strax



Úrval fjórhjóla

X WOLF 700
Verð 1690 þús m.vsk.

AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Í DEIGLUNNI

Óbyggðanefnd:

Þjóðlendum tæpur helmingur landsins

Óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð á 95% af meginlandi Íslands. Af því svæði telst um 39,2% til þjóðlendna og 60,8% eru eignarlönd, að teknu tilliti til dómsniðurstaðna. Yfir hundrað dómur hafa fallið um réttarsviðið. Nýlega var lokið við að kveða upp úrskurði um þjóðlendum í Ísafjarðarsýslum.


Óbyggðanefnd er sjálfstæð úrskurðarnefnd sem sett var á fóti árið 1998. Henni er falið það hlutverk að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu en einnig að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendum sem nýttur er sem afréttur sem og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Við vinnu óbyggðanefndar var landinu skipt niður í svæði og tók hún fyrir eitt þeirra hverju sinni. Svæðin eru sextán talsins á meginlandinu en eyjar og sker umhverfis landið er skilgreint sem sautjándi svæðið og á nefndin eftir að fjalla um þau. Nefndin hefur nú til meðferðar ágreiningsmál á Austfjörðum. Með úrlausn þeirra mála lýkur reglubundinni málsmeðferð nefndarinnar á meginlandinu.

Lögbundin gjafsókn

Á vef óbyggðanefndar er málsmeðferðinni lýst:

„Málsmeðferð hefst með því að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka tiltekið landsvæði til meðferðar og veitir honum frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum þess um þjóðlendum á svæðinu. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir gefur óbyggðanefnd út tilkynningu og skorar á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan tiltekins frests. Að lokinni opinberri kynningu á öllum þeim kröfum sem borist hafa á viðkomandi svæði er tekin ákvörðun um skiptingu svæðisins í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málin eru síðan tekin fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð fram og leitast við að skýra



Yfirlitskort yfir þjóðlendum á meginlandi Íslands. Lituð svæði eru skilgreind sem þjóðlenda samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla. Nánari upplýsingar um kortið má nálgast á obyggdaneftnd.is

þau að öðru leyti. Mikilvægur liður í málsmeðferðinni er kerfisbundin öflun gagna um ágreiningssvæðin, sem sérfræðingar á Þjóðskjalasafni Íslands annast að verulegu leyti.

Meðal annarra mikilvægra liða í málsmeðferðinni eru vettvangsferð og svonefnd aðalmeðferð. Það felur í sér að farið er á vettvang undir leiðsögn heimamanna, aðilar og vitni gefa skýrslur og að því búnu eru málin flutt munnlega. Almenn er aðalmeðferð hagað þannig að hún fari fram nærri þeim svæðum sem deilt er um, bæði til þess að óbyggðanefnd geti notið aðstoðar heimamanna við að upplýsa málin og til þess að heimamenn eigi þess kost að fylgjast með því sem fram fer. Eftir að gagnaöflun lýkur og fram komin gögn hafa verið rannsökuð

til hlítar eru úrskurðir kveðnir upp. Vegna umfangs mála liða gjarnan 1–2 ár frá því að málsmeðferð hefst og þar til úrskurðir eru kveðnir upp.“

Skriflegar heimildir hafa mest vægi við málsmeðferð óbyggðanefndar og eru landamerkjabréfin og Landnáma þar mikilvæg gögn. Nokkuð einstakt þykir meðal þjóða að til sé 900 ára gömul eignaskrá sem enn hafa slíka þýðingu í lögum. Staðhættir, gróðurfar og lega landsvæða skipta líka máli í málsmeðferð.

Meginreglan er sú að land sem tilheyrt hefur jörð sé skilgreint eignarland. Staða afrétta getur verið mismunandi eftir því hvort þeir hafa tilheyrt einstökum jörðum eða verið nýttir sameiginlega.

Við sönnun um hvort land teljist til jarðar og sé eignarland á þeim grundvelli hafa landamerkjabréf jarða reynst vera langmikilvægustu sönnunargögnin en þau voru flest gerð í kjölfar þess að landamerkjälög tóku gildi árið 1882 og yngri lög um sama efni árið 1919. Í svonefndum Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar, er lýst almennri afstöðu nefndarinnar til ýmissa sönnunatriða, m.a. með vísan til niðurstaðna Hæstaréttar í einstökum þjóðlendumálum. Fram kemur að nefndin telji almennt að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hvert og eitt bréf sé þó metið sérstaklega.

Nokkur dæmi eru um að landsvæði innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum jarða hafi talist þjóðlendum vegna þess að eldri heimildir hafa verið taldar mæla gegn lýsingum landamerkjabréfanna. Eitt dæmi um slíkt er mál sem varðaði landsvæði sem tengist jörðinni Stafafelli í Lóni en Hæstaréttur fjallaði um það í dómi 28. september 2006 í máli nr. 498/2005.

Fjöldi mála vegna ágreinings við landeigendur hafa komið upp en alls hafa 69 dómur fallið í Hæstarétti, átta í Landsrétti og 110 héraðsdómar. Hægt er að skoða úrskurði og dóma á vefsíðu óbyggðanefndar en niðurstöður óbyggðanefndar hafa verið staðfestar í miklum meirihluta þeirra. Nauðsynlegur málskostnaður landeigenda fyrir óbyggðanefnd og dómstólum er greiddur af ríkissjóði.

Þjóðlendumkröfum í Ísafjarðarsýslum að mestu hafnað

Af 45 svæðum sem ríkið gerði kröfur til við málsmeðferð óbyggðanefndar í Ísafjarðarsýslum teljast einungis níu svæði til þjóðlendna, að hluta eða heild, samkvæmt úrskurðum sem kveðnir voru upp í lok ágúst. Að öðru leyti hafnaði nefndin kröfum ríkisins á þeim grundvelli að um eignarlönd væri að ræða.

Í úrskurðunum kemur fram að ágreiningur milli ríkisins og landeigenda hafi í mörgum tilvikum snúið að því hvort efstu hlutar fjalla væru þjóðlendum, þ.e. svæði utan eignarlanda, eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna næðu saman uppi á fjöllum.

Ríkið hafi að miklu leyti byggt á því að fjallsbrúnir sem mynda skörp skil í landslagi, t.d. við frambrún kletta og fjalla, réðu merkjum eignarlanda gagnvart þjóðlendum. Nefndin hafi því tekið til sérstakrar skoðunar hvernig eignarréttindum væri háttað efst á fjöllum. Hvað það snertir komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kröfugerð ríkisins gengi í veigamiklum atriðum gegn fyrri réttarframkvæmd á sviði þjóðlendumála.

Í úrskurðum nefndarinnar segir að með þessu hafi fjöldi jarðeigenda að ofyrirsynju þurft að sæta málsmeðferð sem hafi reynst tímafret og þannig íþyngjandi fyrir viðkomandi málsaðila. Í því sambandi vísaði nefndin m.a. til þess að sú venja sé útbreidd víða um land að eignarlönd nái saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem staðhættir séu þannig að fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilji milli dala og fjarða. Séu merkjalýsingar landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki óljósar séu þær jafnan túlkaðar með hliðsjón af atriðum á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð.

Minni kröfur en ella hafi verið gerðar til skýrleika merkjalýsinga ef merki teljist glögg frá náttúrunnar hendi. Í þeim tilvikum sem ríkið byggði kröfur sínar á áður nefndum sjónarmiðum voru niðurstöður nefndarinnar þær að eignarlönd jarða næðu saman á fjöllum og því væru ekki þjóðlendum þar.

Allir jökklar þjóðlendum, nema einn

Umfang mála í Ísafjarðarsýslum var mun meira en í öðrum landshlutum sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um undanfarnar ár. Síðustu úrskurðir nefndarinnar á undan voru kveðnir upp árið 2020 og varða annars vegar landsvæði í Strandasýslum og hins vegar Barðastrandarsýslum.

Við hina reglubundnu málsmeðferð nefndarinnar í Strandasýslu var einungis deilt um þann hluta Drangjökuls sem tilheyrir sýslunni og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hann væri þjóðlenda.

Jökklar hafa nær alltaf talist til þjóðlendna samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar og dómstóla. Eiríksjökull er þó undantekning frá því en nefndin úrskurðaði árið 2016, við meðferð mála í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, að hann væri innan eignarlands. Í Barðastrandarsýslum gerði ríkið kröfur til fimm aðgreindra svæða.

Nefndin komst að niðurstöðum um að eitt þeirra og hluti annars þeirra væru þjóðlendum en að öðru leyti væri um eignarlönd að ræða.

Fyrirhuguð verklok óbyggðanefndar

Á vefsíðu nefndarinnar kemur fram að hún hafi veitt fjármála- og efnahagsráðherra frest til 1. febrúar 2024 til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendum á landsvæðum utan strandlengu meginlandsins. Loks hefur sérstök óbyggðanefnd nú til meðferðar tiltekin svæði á austan-, norðan- og vestanverðu landinu, þar sem málsmeðferð nefndarinnar var annars lokið.

Í samráðsgátt Stjórnarráðsins voru nýlega birt drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlendna (mál nr. 241/2023, birt 22. nóvember 2023). Þar er gert ráð fyrir að óbyggðanefnd verði lögð niður í núverandi mynd 1. janúar 2026. Eftir þann tíma verði þó unnt að skipa nefnd til að fást við beidnir um endurupptöku úrskurða óbyggðanefndar, í allt að þrjú ár frá uppkvaðningu þeirra. /ghp



fremst
fyrir bragðið
Síðan 1907

Búvörur

Fyrir Bú & Borg

Ert þú með áhuga á landbúnaði?

Starfsmaður óskast

Ráðgjafi í búvörudeild

Sláturfélag Suðurlands (SS) óskar eftir ráðgjafa í búvörudeild. Um er að ræða krefjandi ábyrgðarstarf í spennandi starfsumhverfi í metnaðarfullu fyrirtæki í matvælaíðnaði og innflutningi. Staðsetning búvörudeildar er á Fosshálsi 1, Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fagleg ráðgjöf við viðskiptavini
- Heimsóknir til bænda
- Sala á búrekstrarvörum
- Móttaka og úrvinnsla pantana

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Búfræðimenntun æskileg eða önnur þekking sem nýttist í starfi
- Reynsla og áhugi að þjónusta bændur
- Góð almenn þekking og reynsla við notkun skrifstofutengdra tölvukerfa
- Búi yfir sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum ásamt hæfni til að starfa í teymi

Umsóknir berist í tölvupósti á elias@ss.is

Búvörudeild Sláturfélags Suðurlands
Fosshálsi 1, 110 Reykjavík
www.buvorur.is - S: 575 6070

vfs.is

JÓLAGJAFA HUGMYNDIR

KAUPAUKAR Á MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST*

*Gildir aðeins í vefverslun

Kauptu vörur fyrir
14.900 kr. eða meira
og þá fylgir
derhúfa

Kauptu vörur fyrir
29.900 kr. eða meira
og þá fylgir
fjarstýrður
torfærubíll

SJÁÐU JÓLA-
GJAFU HUGMYNDIR
Í VEFVERSLUN.



VERKFÆRA
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



RÁÐGJAFARMIDSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi
og saman finnum við lausnir.

Gleðilega hátíð

Stjórn og starfsfólk Ráðgjafarmiðstöðvar
landbúnaðarins sendir bændum og landsmönnum
öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og farsælt
komandi ár með kærum þökkum fyrir góð
samskipti og samstarf á árinu sem er að líða.

Við þökkum einnig fyrir góða þátttöku á afmælisráðstefnu
okkar þann 23. nóvember síðastliðinn sem og þeim
viðburðum sem tengdust 10 ára afmæli RML.
Hafið það sem allra best yfir hátíðarnar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is



Bændahópur skoðar kornakur.

Myndir / Aðsendar



Eiríkur Loftsson ræðir við hóp bænda um tegundir á firnaköldum vordegi á Suðurlandi.



Þórey Gylfadóttir og Sigurður Magnússon frá Hnjúki skoða innihald í ólíkum heyrúllum.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Farsælir bændahópar

– Jafningjafræðsla og fagleg hóparáðgjöf

Frá ársbyrjun hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) staðið fyrir nýrri nálgun ráðgjafar sem snýst um samvinnu og samtal milli bænda þar sem þeir miðla þekkingu sinni og reynslu undir handleiðslu ráðunauta. Verkefnið hefur lagst vel í bændur.

„Ég kom til starfa hjá RML 1. september 2020 og eitt af fyrstu símtölunum sem ég fékk frá bónda var frá Þórnari Leifssyni í Keldudal. Erindið var að benda á frétt sem þá hafði birst í norska blaðinu Buskap þar sem mjög góðum árangri var lýst meðal bænda sem höfðu verið í stýrðri hóparáðgjöf í Finnlandi sem þá var verið að innleiða í Noregi. Þórnarinn benti á mikilvægi þess að þannig ráðgjöf stæði íslenskum bændum til boða og brýndi nýja starfsmanninn að gera eitthvað til þess að svo yrði,“ segir Þórey Gylfadóttir, sem hefur haldið utan um verkefnið ásamt Eiríki Loftssyni og Sigurði Torfa Sigurðssyni.

„Til að stytta mjög sögu um leit að fjármagni og umsóknarskrif og neitanir úr Matvælasjóði og Tækniþróunarsjóði að þá fékkst fjármagn m.a. úr þróunarfé nautgripaæktarinnar.

RML leitaði til finnsks sérfræðings, Anu Ella, sem hefur mikla reynslu á þessu sviði, til þess að koma að innleiðingu þessarar gerðar ráðgjafar sem á ensku gengur undir discussion groups en við ákváðum að nefna bændahópa. Anu hefur komið að kennslu og þjálfun afmarkaðs hóps starfsmanna RML í gegnum netfundi og fjórir starfsmenn RML farið til Finnlands til að fylgjast með hópum þar og Anu komið tvisvar til Íslands til að þjálfa starfsmenn RML.

Þessi gerð ráðgjafar krefst annarrar færni en sú hefðbundna ráðgjöf sem við almennt þekkjum og mikilvægt er að ná að tileinka sér það sem til þarf svo að bestur árangur náist.“

Lögðu áherslu á jarðrækt og fóðuröflun

Í bændahópum er beitt aðferðarfræði sem tengir faglega ráðgjöf við jafningjafræðslu í afmörkuðum hópum.

„Það er mikil og góð reynsla af þessari gerð ráðgjafar erlendis en fyrirkomulagið er aðeins breytilegt eftir löndum. Ákveðið var að leggja áherslu á þætti tengda jarðrækt og fóðuröflun svo sem bættu nýtingu áburðarefna en hægt er að aðlaga þessa gerð ráðgjafar að hvaða viðfangsefni sem er. Tveir ráðunautar eru með hverjum hóp sem samanstendur af einstaklingum frá tíu búum. Fleiri en einn getur mætt frá hverju búi en nauðsynlegt er að alltaf komi sami aðili frá búi til þess að samfella náist í vinnunni. Ráðunautarnir tveir skipta með sér ólíkum og fyrir fram ákveðnum hlutverkum, annar er lóðsi meðan hinn aðstoðar. Í upphafi velur hópurnir saman þau viðfangsefni sem hann vill leggja áherslu á, á þeim fimm fundum sem hópurnir hittast yfir árið. Mikil er lagt upp úr skipulagi þannig að í upphafi eru dagsetningar fundanna líka ákveðnar sem og tímasetningar þannig að hægt sé að skipuleggja fram í tímann enda getur verið mjög erfitt að ætla að finna sameiginlegar dagsetningar jafnóðum eins og fólk þekkir. Dagsetningar taka að hluta mið af störfum tengdum viðfangsefninu þannig að fundur er t.d. ákveðinn þegar líklegt er að menn séu byrjaðir að huga að jarðvinnslu að vori og því með hugann við þætti tengdum þeim vorverkem. Fyrsti fundurinn er í fundarsal en annars er hist á bæ einhvers úr hópnum. Skipulagður fundur hverju sinni eru 3 klukkustundir og er sú tímalengd ákveðin í samræmi við reynslu erlendis frá.“

Hægt er að hafa fyrirkomulag hópanna með aðeins mismunandi hætti en það tengist þá líka þróun þeirra í verkefninu þegar hópur hefur verið starfandi saman í aðeins lengri tíma.

Mikilvægt að fá innsýn í búskap kollega


RML bauð upp á fyrstu tvo hópana í ársbyrjun 2023.

„Vel hefur gengið og það hefur verið gaman að taka þátt í vinnu með þessum hópum og líka gaman að koma að því að geta boðið íslenskum bændum upp á nýja gerð ráðgjafar sem þeir kölluðu eftir. Erfitt er að sýna fram á mælanlegan árangur af eins árs verkefni þegar um er að ræða jarðrækt en við erum þess fullviss að bændur hafi haft bæði gagn og

Vinskapur og traust

Geir Árdal og Bjarni Árdal, Dæli:


Að taka þátt í bændahóp hefur haft mikil og góð áhrif. Við höfum kynnst nýju fólki frá ólíkum stöðum og hafa þau öll mismunandi áherslur í ræktun og búskap almennt. Þetta hefur bætt við þekkinguna og hefur verið virkilega gaman að koma heim á bæina, sjá og fræðast um hvað bændur eru að gera. Skemmtilegt uppbrot og tilbreyting í starfinu sem gefur manni nýja sýn og þekkingu og hvetur mann áfram til að gera enn betur. Það er gott að vera partur af hóp undir handleiðslu ráðunauta RML sem er passlega stór. Í hópnum hefur myndast vinskapur og traust þar sem hægt er að leita ráða. Einnig hefur verið hjálplegt að hægt hefur verið að koma með fyrirspurnir í gegnum Facebook-síðu hópsins ef einhverjar vangaveltur koma upp. Eftir þessa fundi höfum við prufað ýmislegt í sambandi við ræktun og munum klárlega reyna okkur áfram með fleira næsta sumar. Þetta hefur til dæmis fengið okkur til að endurhugsa hvernig við geymum og dreifum skít. Þá höfum við kynnst því hvernig aðrir hafa notað drenlagir til þurrkunar á túnum sem við höfum ekki gert mikið af.



Athyglisverð notkun á „naflastreng“

Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum:

Við vorum aðallega að fjalla um jarðrækt í bændahópnum. Ég lærði heilmargt bæði af öðrum bændum í hópnum og svo því sem ráðunautarnir miðluðu af þekkingu sinni. Svo er gaman að kynnst nýju fólki, suma í hópnum þekkti ég, aðra ekki. Einnig var gott og gagnlegt að fara í heimsókn á búi hjá öðrum í hópnum. Að taka þátt í þessu gerir mann vísýnni og áhugasamari um búskapinn ásamt því að komast í góðan félagskap. Ég fékk góða innsýn inn í kornræktina og einnig smára í fræðblöndum en náði lítið að prufa síðastliðið vor þar sem ég ákvað að vera í fremur lítilli jarðvinnslu vegna mikilla rigninga. Þá var einkar athyglisvert að sjá og heyra um svokallaðan „naflastreng“ til dreifingar á mykju á tún, en tveir úr hópnum höfðu reynslu af notkun svoleiðis búnaðar. Þetta er alveg ný tækni hér á landi.




Kaffispjallið góða

Halldór Gunnlaugsson, Hundastapa:

Maður lærir meira af þessum hóp heldur en að hlusta á fræðsluerindi, að hittast heima hjá hver öðrum og ræða hlutina. Hvernig þeir gera hlutina, læra af þeirra reynslu.

Ög gott að fara aðeins út fyrir sitt hérað. Allt var fræðandi, skemmtilegt og sérstaklega umræður í kaffinu eftir fundinn þar sem var rætt allt á milli heima og geima.



Þórey segir að bæði bændur og ráðunautar hafi lært inn á ný vinnubrögð. „Það er mjög gaman að upplifa breytinguna á hvorum hóp frá fyrsta fundi til þess síðasta. Þar sem meirihluti funda er haldinn á búum þá gefst gott tækifæri til að skoða og sjá hjá hver öðrum sem er mjög gott og það hefur sýnt sig að bændur hafa haft mikinn áhuga á því og finnst það vera mikilvægur þáttur.“

/ghp

Bændahópar

Vinum saman að markmiðum okkar og bætum árangur tengdan jarðrækt og gróffóðuröflun

Viltu taka þátt í skemmtilegu og uppbyggilegu starfi með öðrum bændum?

Í bændahópum miðla bændur þekkingu sín á milli og ná árangri saman, með ráðunautum RML.

Umsögn þátttakenda í bændahóp: „Þetta er skemmtileg samvera með jafningjum sem eykur vísýni og maður fær speglun á það sem maður gerir vel og getur gert betur á sínu búi“



Í hverjum hópi verða bændur frá 10 búum sem munu hittast 5 sinnum á ári. Fyrsti fundur verður um miðjan febrúar. Verð fyrir þátttöku er 115.000 kr. án vsk.

Ráðunautar sem lóðsa hópa eru: Eiríkur Loftsson, Sigurður Torfi Sigurðsson og Þórey Gylfadóttir.

Upplýsingar og skráningar á heimasíðu RML, hnappur merktur „Bændahópar“. Síðasti dagur skráninga er 15. janúar 2024.

Nánari upplýsingar gefur Þórey Gylfadóttir, thorey@rml.is

www.rml.is sími 516 5000





Óskum viðskiptavinum okkar
og landsmönnum öllum
glæðilegra jóla
og farsældar á komandi ári

 **VÉLFANG** - VERKIN TALA



Schäffer

FENDT

CLAAS

 **Kverneland**



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri



Husqvarna snjóblásarar - finndu kraftinn



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



FS400
Gólfisög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl

VIÐTAL

Flugvélar, orgel og handverk

– Fjölhæfir bræður sem hafa gefið sér tíma til að sinna sínum áhugamálum

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á Forsæti og Sandbakka í Flóa-hreppi búa bræðurnir Ólafur og Albert Sigurjónssynir. Þeir eru báðir húsasmíðameistarar og hafa unnið náð saman alla tíð. Þá eru þeir forfallnir flugáhugamenn og eru með flugvöll rétt utan við túngarðinn hjá sér.

Að auki við smíðarnar og flugið er Ólafur mikill handverksmaður og setti á fót safnið Tré og list ásamt eiginkonu sinni, Bergþóru Guðbergsdóttur, árið 2007. Þar er fjöldi gripa eftir hann, Siggú á Grund og fleiri. Merkasti munurinn á safninu er þó pípuorgel, sem er líklega það stærsta sem er í einkaeigu hérlandis. Ólafur er fæddur árið 1945 í Forsæti og hefur búið þar síðan. Albert er fjórum árum yngri og býr á Sandbakka, sem er hundrað metrum frá fyrrnefnda bænum.

Organisti í kirkjum fyrir tvítugt

„Ég er búinn að vera sjálfstætt starfandi síðan 1968,“ segir Ólafur, sem hefur lengst af haft smíðar sem aðalstarf. Hann hefur líka haft atvinnu af orgelleik og kórstjórn.

Ólafur lærði fyrst á orgel hjá Sigurjóni föður sínum í kringum tíu ára aldurinn, en sá var sjálfærður og kunnir að lesa nótur. Árið 1959 byrjaði Ólafur að sækja tíma á Selfossi og fyrir tvítugt var hann farinn að spila á orgel við athafnir í Villingaholtskirkju. Síðar þegar hann var orðinn sjálfstæður byggingameistari og búinn að stofna fjölskyldu fór hann að læra markvisst með því að sækja tónlistarnámskeið hjá söngmálastjóra og tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Um og eftir 1970 fór að mæða mikið á Ólafi á sumrin þegar aðrir organistar í héraðinu voru í orlofi. Hann spilaði nánast hverja einustu helgi við jarðarfarir því Ólafur var



Bræðurnir Albert og Ólafur við flugskýlið sitt á Sandbakka í Flóa. Fremri flugvélin er handverk Alberts á meðan sú aftari er smíðuð í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum og hafa þeir átt hana í sameign frá 1980.

Myndir/AL

sá eini sem gat hlaupið í skarðið fyrirvaralaust. „Mér telst til að ég hafi spilað í flestöllum kirkjum Árnassýslu einhvern tímann og stórum hluta Rangárvallasýslu.“ Þá spilaði hann oft í Vestmannaeyjum í forföllum organistans þar.

Safn í gömlu fjósi

Árið 1990 tók Ólafur að sér söngstjórn Karla-kórs Selfoss og gegndi hann því hlutverki í áratug. Hann segir að það hafi verið stórkostlegur tími og ógleymanlegt að starfa með þeim. Þegar handverkið var farið að leita á huga Ólafs steig hann til hliðar sem kórstjóri árið 2000, enda átti hann ekki mínútu aflögu til að smíða eitthvað að gamni sínu. Hann hefur sinnt tréhandverkinu af krafti síðan

þá og liggur eftir hann fjöldinn allur af gripum, flestir renndir úr tré. Ólafur notar gjarnan mismunandi viðartegundir til að ná fram mynstri og áferð og beitir sérstakri nákvæmni.

Árið 2007 fékk Bergþóra, eiginkona Ólafs, þá hugmynd að opna safn með handverki í gamla fjósinu á bænum, en á þeim tíma var það nýtt sem geymsla. Nú reka þau saman safnið Tré og list, þar sem eru sýndir munir eftir Ólaf, Siggú á Grund og fleiri. Þá eru hjónin búin að setja upp á einum stað í safninu trésmíðaverkstæði föður Ólafs sem áður var í kjallara gamla íbúðarhússins. Á safnið koma aðallega hópar og veitir Ólafur gestum leiðsögn um safnið sem feli nánast undantekningarlaust í sér að hann spili á orgelið, sem eins og áður



Ólafur við listaverkið Móðir jörð sem hann renndi úr 145 hlutum úr 65 viðartegundum. Líðlega 400 vinnustundir fóru í smíði verksins árið 2013.

segir er sennilega stærsta pípuorgel landsins sem er í einkaeigu. Það er sextán radda og var smíðað í Kaupmannahöfn árið 1953 fyrir Landakirkju í Vestmannaeyjum. Eftir eldgosið voru þrjár sérfræðingar sem dæmdu það of illa leikið að ekki svaraði kostnaði að koma því í fullkomið stand.

Orgelið sótt á vörubíl

Árið 1977 ákvað organistinn í Vestmannaeyjum að kynna sér verksmiðju úti á Ítalíu sem framleiddi orgel á hagstæðu verði. Þá var Ólafur organisti í Hveragerði og fór hann með í þá ferð, þar sem Hveragerðiskirkju vantaði líka orgel. Á leiðinni út kviknaði sú hugmynd hjá Ólafi að kaupa gamla orgelið sem sóknamefndin í Vestmannaeyjum tók vel í og lofaði hann að taka það niður í tæka tíð áður en nýtt kæmi.

Þegar kom að því að sækja gamla orgelið í Landakirkju fór Ólafur ásamt bræðrum sínum og frænda til Vestmannaeyja. Ólafur segir þá ferð hafa verið algert gerræði og bjartsýni, enda lögðu þeir af stað í vondu veðri á opnum vörubíl í lok nóvember, með afar skamman tíma til stefnu.

„Við komum til Eyja á sunnudagskvöldi og unnum sleitlútið í einn og hálfan sólarhring,“ en þeir þurftu að taka Herjólf snemma á miðvikudagsmorgni til baka. „Þetta er gríðarlegt fyrirtæki. Það er tvö og hálf tonn á þyngd og pípuarnar eru á annað þúsund, stórar og smáar.“ Þetta tókst og á leiðinni heim var komið logn og heiðrikja. Aðspurður hvort ekki hafi

verið erfitt að taka orgelið í sundur á þann hátt að hægt væri að setja það saman aftur, segir Ólafur að mikil hjálp hafi verið í yngsta bróður sínum, Katli, sem var að mennta sig í orgelsmiði á þessum tíma. Þá voru bræðurnir búnir að vera uppteknir af allri mekaník frá barnsaldri og hafði Ólafur oft gert við harmóníum orgel og skildi því hvernig hljóðfærið virkaði.

Hækkaði þakið á bílskúrnum

Fyrst setti Ólafur orgelið upp í bílskúrnum heima hjá sér og þurfti að hækka þakið upp um einn og hálfan metra svo það kæmist fyrir. Það var í bílskúrnum í áratugi, en fyrir nokkrum árum var orgelinu komið fyrir í viðbyggingu við húsnæðið sem hýsir safnið Tré og list.

„Fyrir mig var þvílíkur happdrættisvinningur að fá þetta og geta æft mig hérna heima,“ segir Ólafur. Hann þurfti ekki að gera mikið til að fá orgelið í gott stand og telur Ólafur erfitt fyrir sig að meta hvort það hafi sannarlega verið ónýtt, þó bæði fulltrúar frá orgelverksmiðjunni í Kaupmannahöfn og Viðlagasjóði hafi verið sammála um að Landakirkja þyrfti nýtt orgel.

Flugáhugi frá barnsaldri

Bræðurnir Ólafur og Albert eru báðir einkaflugmenn og hóf sá fyrrnefndi sitt flugnám á fyrsta flugnámskeiðinu sem var á Selfossi á áttunda áratugnum. Þegar hann útskrifaðist árið 1974 var hann að nálgast þrítugt en löngunin til að

Haltu á þér hita í vetur

Frí sending



Deerhunter rafhitað vesti bæði dömu og herra

kr 23.900



Olympia Merino ullarbolur
Olympia Merino ullarbuxur

kr 7.890
kr 6.990



Deerhunter Heat Padded 3 hitaplötur bæði dömu og herra

kr.31.900

Vesturröst

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is



Pípuorgelið sem er í safninu Tré og list er sennilega það stærsta í eigu einkaaðila hérlendis. Ólafur keypti það úr Vestmannaeyjum eftir að það var dæmt ónýtt eftir gosið.



Albert við flugvél sem hann smíðaði á árunum 2009 til 2019. Hann segir mikla lífsfyllingu fylgja því að búa til flugvél.

fljúga hafði blundað í honum frá því hann var strákur. „Ég var með augun alltaf upp í loft þegar ég heyrði í flugvél,“ segir Ólafur. Þá smíðaði hann jafnframt flugvélar úr við sem piltur og má sjá eina slíka á safninu. Albert varð fullnuma einkaflugmaður árið 1980.

Eins og áður segir er flugvöllur á einu túninu við bæinn. „Þetta er sérrektuð sjö hundruð og fimmtíu metra löng túnslétt,“ segir Ólafur og var flugvöllurinn upphaflega fullgildur hjá flugmálafirvöldum. Eftir að reglur voru hertar ákváðu þeir að endurnýja ekki þá skráningu, en flugmönnum er áfram heimilt að lenda þar á eigin ábyrgð. Það teljist að sumu leyti sem utanvallarlending.

„Við vorum svo framarlega í þessu að við settum ljós á völinn,“ segir Ólafur, en þeir fengu ljósabúnað úr Keflavík sem stóð til að henda. „Við flugum oft næturflug, meira að segja til Reykjavíkur í svartamyrkri.“ Ólafur

segir tiltölulega einfalt að útbúa flugvöll, en í þeirra tilfelli fengu þeir jarðytu til að jafna völinn, tættu svo moldina og sáðu fingerðu grasfræi sem bændur nota.

Heimasníðuð flugvél

Þá eiga bræðurnir flugskýli þar sem eru tvær flugvélar núna, önnur fjögurra sæta Piper Cherokee og hin heimasníðuð eftir Albert. Sú fyrrnefnda er framleidd í Bandaríkjunum árið 1976, en bræðurnir keyptu hana árið 1980 og byggðu flugskýlið á sama tíma. Heimasníðuða flugvélin er tveggja sæta og gerð eftir teikningum frá Claude Piel, frönskum flugvélahönnuði. Albert hóf smíðina árið 2009 og var henni flogið fyrst í desember 2019.

„Ég var ekki að þessu til að fá flugvél til að fljúga,“ segir Albert. „Það er allt annað sem liggur á bak við. Það er lífsfylling að smíða þetta

en auðvitað er bónus að geta flogið þessu. Manni líður aldrei betur en þegar maður er að dunda í þessu.“

Þetta er önnur flugvélin sem Albert smíðar, en hin er létt tvíþekja sem hann seldi eftir að hafa lagt lokahönd á þá nýrri. Honum finnst ólíklegt að það hafi verið verulegur peningasparnaður í að smíða sjálfur í staðinn fyrir að kaupa tilbúið úr verksmiðju. Nauðsynlegt er að vera í félaginu Flugsmíð, halda dagbók og taka myndir af öllum hlutum ferilsins þegar smíðuð er flugvél. Þá sendir félagið svokallaða eftirlitssmiði til að taka út hvern hluta verksins. Sé þessum skrefum ekki fylgt segir Albert að ekki hefði verið hægt að skrá flugvélin.

Til að smíða svona flugvél sé nauðsynlegt að vera mjög fjölhæfur. Það þýði ekki að vera góður í tré en geta ekki séð járn. Albert segist oft hafa leitað ásjár Google og Youtube við smíðina, en á vefnum sé hægt að finna leiðbeiningar um flest.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

LANDGRÆDSLAN

AUGLÝSIR STYRKI TIL VARNA GEGN LANDBROTI

Sjá nánar á land.is

Við forgangsröðun verkefna verður m.a. höfð hlíðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkja sem landbrotið ógnar.

Hámarksfjárhæð styrks er kr. 4.000.000

Umsóknarfrestur er til og með
31. janúar 2024

Frekari upplýsingar veitir Sigurjón Einarsson í tölvupósti: se@land.is eða í síma: 856-0432
www.land.is

 Landsvirkjun

2023

Gleðileg jóla og farsælt komandi ár!

Við hjá Landsvirkjun þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða. Hlökkum til að hittast uppfull af endurnýjaðri orku á nýju ári.





Félagar í Rótaryklúbbs Rangæinga og gestir við opnun Austurleiðarsýningarinnar.

Myndir / mhh

Samgöngusafn:

Sýning á sögu Austurleiðar

Sýning á sögu rútufyrirtækis opnaði nýlega í Skógum undir Eyjafjöllum.

Í tilefni af 60 ára afmæli rútufyrirtækisins Austurleiðar í Rangárvallasýslu fyrr á þessu ári ákvað Rótaryklúbbs Rangæinga að hafa það að markmiði sínu að koma upp sýningu um starfsemi fyrirtækisins á Samgöngusafninu í Skógum undir Eyjafjöllum.

Það hefur nú tekist því 16. nóvember var sýningin opnuð formlega að viðstöddum forsvarsmönnum safnsins og Rótaryklúbbsins.

„Á sýningunni er farið yfir fyrstu 20 árin eftir stofnun hlutafélagsins Austurleiðar á spjöldum með myndum og texta, sem ég veit að margir hafa gaman af því að skoða. Þá má geta þess að fyrsta rúta fyrirtækisins, L-502, er í eigu safnsins og til stendur að gera hana upp. Hún er illa farin en er nú komin í skjól og mun njóta þeirrar virðingar sem hún á skilið,“ segir



Rútan L-502 frá Austurleið árgærið 1963, sem er í eigu Samgöngusafnsins í Skógum, en til stendur að gera hana upp. Verður það eflaust mikil vinna miðað við ástand rútnunnar.

Sigurín Sveinbjarnardóttir, fyrrum forseti Rótaryklúbbs Rangæinga og ein af driffjöðrum verkefnisins í Skógum.

Hlutafélagið Austurleið var stofnað þann 1. apríl 1963 á Hvolsvelli af átta hluthöfum. Fyrirtækið var með áætlunarferðir

frá Reykjavík og að Múlakoti í Fljótshlíð og einn austur í Vík og á Kirkjubæjarklaustur.

Bílaeign var ekki almenn á þessum tíma og því þótti mörgum gott að geta brugðið sér til Reykjavíkur í dagsferð til að sinna margs konar erindum. /MHH



Alda Björk og Atli opnuðu verslun þar sem allt er íslenskt.

Myndir / AL

Selfoss:

Verzlun með íslenskri framleiðslu

Alda Björk Ólafsdóttir og Atli Lillendahl hafa opnað verslun á Selfossi sem selur einungis matvöru, handverk og minjagrip sem framleiddir eru á Íslandi.

Atli segir hjónin hafa orðið vör við að komin sé þreyta gagnvart öllum hinum svokölluðu lundabúðum. Hann segir eftirspurn vera eftir íslenskum mat og íslenskum kúltúr, en ferðamenn eigi erfitt með að finna slíkan varning. Eftir að hafa skoðað fjölmargar ferðamannabúðir hafi þau dregið þá ályktun að 95 prósent varanna hefðu ekkert með íslenskan kúltúr að gera. Því hafi vaknað sú hugmynd að opna verslun þar sem tryggir að allt sé íslensk hönnun og framleiðsla.

Upphaflega hafi ekki staðið til að opna þessa verslun og tóku þau rýmið fyrst til leigu til að hafa lageraðstöðu og eldhús til að forvinna fyrir matarvagn sem þau opna næsta vor. Þau hafi hins vegar fljótlega átt sig á að rýmið væri á besta stað og því ákveðið að gera eitthvað meira með það.

Þá benda þau á að það sé óhjákvæmilegt að íslenskir smáframleiðendur á matvöru þurfi að verðleggja sínar vörur hátt. Verulega hafi vantað búð þar sem þessir aðilar gætu komið sínum vörum á framfæri og fengið eitthvað fyrir sinn snúð. Annaðhvort leigi framleiðendurnir hillupláss eða þau taki þóknun.



Alda sýnir vörur úr verslun sinni.

Það sé ólíkt því sem tíðkast, en þau segja verslanir oft rukka fyrir bæði. Meðal þess sem verður selt eru matvörur frá Korngrísi, Hreppamjólk og Háafelli. Þá verða þau með landnámshæuægg og þrjá hunangsframleiðendur. Jafnframt hrossa- og folaldabjúgu frá Viltt og alið á Helli og reyktan og grafinn villtan lax. Þau verða enn fremur með mikið af vörum frá vernduðum vinnustöðum, eins og Skaftholti og Ásgarði, að ógleymsdu handverki frá fjölmörgum aðilum héðan og þaðan af landinu.

Þau taka sérstaklega fram að verslunin sé ekki einungis hugsuð fyrir erlenda ferðamenn, heldur geti nærsamfélagið fundið ýmislegt fyrir sig á þessum stað, bæði gjafavörur og matvæli. Verslunin Made in Ísland er á Austurvegi 44 á Selfossi og er opin alla daga vikunnar. /AL



Ekkert heyleysi í borginni

Bændur voru snöggir að bregðast við auglýsingu Reykjavíkurborgar sem birtist í Bændablaðinu í nóvember. Þar óskaði borgin eftir að fá að kaupa 200 heybagga til að hjálpa til við að skapa hlýlega og notalega stemningu á torgum á adventunni. Viðbrögðin urðu framar vonum, að sögn Guðrúnar Soffiu Björnsdóttur verkefnastjóra og brá Reykjavíkurborg á það ráð að þakka bændum fyrir með skilti sem var komið fyrir á Selfossi í byrjun desember.

Er jeppinn tilbúinn í jólafríið?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 577-1515 • Vefverslun: www.skorri.is

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði
Husqvarna byggingavörum
á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði
og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfsg
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsg
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Gleðileg Jól

Landbúnaðarháskóli Íslands sendir
öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól
og gæfuríkt nýtt ár, með þakklæti
fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Jólamatarmarkaður Íslands í Hörpu um helgina

Jólamatarmarkaður Íslands verður haldinn í Hörpu í Reykjavík um næstu helgi.

Þá koma bændur, smáframleiðendur matvæla og sjómenn í borgina til að kynna sínar vörur þar sem áhersla verður á uppruna matvæla, umhyggju framleiðenda fyrir sínum afurðum og upplifun neytenda.

Þær Eirný Sigurðardóttir og Hlédís Sveinsdóttir hafa haldið markaðinn í anda Slow Food-hugsjónarinnar fyrir jólin ár hvert allt frá árinu 2012, fyrstu tvö árin fyrir utan verslunina Búrið í Nóatúni

en síðan í Hörpu. Að sögn Eirnýjar er hugmyndin að tengja neytendur beint við framleiðendur og bjóða matvörur þar sem slagorð Slow Food hefur verið haft í hávegum við framleiðsluna, „Good, Clean and Fair“. Við höfum það til dæmis sem reglu að framleiðandi vöru verður að vera á markaðnum til að miðla þekkingu, svara spurningum og fá tengingu við neytendur. Margir framleiðendur hafa verið með okkur frá upphafi og hafa



mótað viðburðinn með okkur. En alltaf gaman að bjóða nýja framleiðendur velkomna í matarmarkaðsfjölskylduna. Af þeim sem koma nýir á markaðinn er gaman að segja frá geitabændunum á Brúnastöðum í Fljótum sem koma í fyrsta skiptið með ostaframleiðslu sína,“ segir Eirný. Aðgangur á markaðinn er ókeypis báða dagana, laugardag 16. og sunnudag 17. desember, en opið er frá kl. 11-17. /smh

Sjálfstætt framhald af bókinni „Stelpan sem fœk út um gluggann“

Á stærstu eyju veraldar, Grænlandi, býr tíu ára þjakkur sem heitir Emil. Búsettur í llulissat við friðlýstan ísfjörð á heimsminjaskrá UNESCO.

Hvert sem Emil fer er hann með fótboltann með sér. Undir höndinni, á lærunum, á ristinni, á tånun eða uppi á haus. Hann er nánast því rafmagnaður.

Þrátt fyrir hæfileika Emils í fótbolta, þá rennur einnig saltvatn í æðum hans, ásamt aldagömlu veiðieðli þjóðarinnar. Að veiða í matinn til að lifa af.


Einn daginn er Emil á netaveiðum með afa sínum og ömmu þegar hann fær óvænt stelpu í netið.

Það kemur honum í vanda og flækir málin töluvert en á sama tíma upplifir hann ótrúleg ævintýri.



Fæst hjá Forlaginu, Pennanum og Sölkunni

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Selárdalur: Meistari ævintýrabýgginga

Samúel Jónsson, bóndi í Selárdal, skildi eftir sig merkilega arfleifð sem var að hrúni kominn þegar velunnarar hófu endurreisnarstarf.


Í nýrri bók um Samúel, Steyptum draumum, er fjallað um líf hans og list og ljósi varpað á hver þessi maður var „sem byggði einn síns liðs þessar sérkennilegu byggingar og listaverk á þessum afskekktu stað á hjara veraldar, byggingar sem voru eins og stokknar út úr ævintýri eða konnar um langan veg utan úr heimi ...“, eins og segir í formála Ólafs J. Engilbertssonar, ritstjóra bókarinnar.

Byggði kirkju yfir altaristöfluna

Samúel Jónsson var fæddur 1884 og lést 1969. Hann var bóndi á Brautarholti í Selárdal í Ketildalahreppi í Arnarfirði.

Á bókarkápu segir: „Hann er einn þekktasti alþýðulistamaður sem Ísland hefur alið – þó ekki hafi verið fjallað um hann að neinu ráði í bókum um myndlist.“

Samúel var sjálfærður í listinni, en sem ungur maður teiknaði hann talsvert og málaði með vatnslit og olíulit. Listaverk hans hófst þó ekki fyrir alvöru fyrr en hann hafði efni á að kaupa sement fyrir ellilífeyrinn í þeim tilgangi að reisa listasafn og höggmyndagarð og svo bættist kirkja við, með býsönskum turni sem hann



Ólafur J. Engilbertsson, byggði einn síns

liðs, kominn hátt á áttáttisaldur. Þá kom vel í ljós að Samúel var mikill verkfræðingur í sér.

Kirkjuna reisti Samúel þegar sóknarnefndin vildi ekki þiggja altaristöflu sem hann hafði málað fyrir Selárdalskirkju.“

Mörg verk glatast

„Fjallaðer um ævi og listsköpun Samúels og birtar myndir af verkum hans sem flest eru í einkaeigu, en mörg hafa glatast. Einnig eru birtar myndir sem sýna Samúel á síðustu árum hans á Brautarholti og myndir af listasafninu eftir lát hans.“

Jafnframt segir af endurreisnarstarfinu frá því Félag um endurreisn listasafns Samúels var stofnað 1998.“

Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til áframhaldandi endurreisnarstarfs og til verndar verkum Samúels. /sá

Bækur:

Mannakjöt fyrir jólin

Nýverið gaf Magnús Jochum Pálsson, meistaranemi í ritlist, út sína fyrstu ljóðabók sem hlaut nafnið Mannakjöt.

Hrífur bókinn lesandann með sér á ferð um þær dökku hliðar mannkyns sem við öll könnumst við að einhverju leyti.

Segir höfundur kveikjuna að bókinni kjötframleiðslu og slátrunaraðferðir, en frekari hugmyndavinna leiddi hann svo að tengslum mannslíkamans sem kjöts og þeirri neikvæðu ferringu og neyslu sem frá okkur kemur. Tengir eitt ljóðanna við lensku nútímans sem felur í sér að segja frá alls konar áföllum og af breyskri hegðan sinni.

Segir þar frá manni, sem í almenningsvagni tekur upp á því að fletta ofan af sjálfum sér, bæði í andlegri og líkamlegri merkingu, hamfletta sig. Fer svo að fólkið sem situr með honum í vagninum er farið að þreifa á líffærum hans til þess að upplifa að fullnustu þau áföll sem maðurinn hefur orðið fyrir.



Magnús Jochum Pálsson.

Lýsir höfundur bókinni sem dystópískri framtíðarsýn þar sem allt fer til fjandans, gegnumgangandi tengingar þar sem allt fer úr böndunum.

Mannakjöt vekur lesandann til umhugsunar og malar sterka hugræna upplifun í bland við skemmtilegan leik að orðum. Var Magnús Jochum Pálsson annað tveggja skálda er hlutu Nýræktarstyrk íslenskra bókmennta nú í ár, sem veittur er til að hvetja nýhöfunda til frekari dáða. /SP

Veislumatur:

Hunangsleginn hestshaus

Í Veislumat landnámsaldar eru margar forvitnilegar uppskriftir.

Þær voru settar saman á grundvelli nútímaþekkingar á lífi fólks á Íslandi á árabílinu 870 til 930.

Bókin kom nýlega út hjá Drápu og eru höfundar hennar þeir Kristbjörn Helgi Björnsson sagnfræðingur, Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari og Karl Petersson ljósmyndari.

Íslendingasögurnar eru ekki margorðar um þær matarhefðir sem voru við lýði á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þar var ekki aðeins súrmatur, soðning og bragðlaust kjöt heldur kunnu menn að elda góðar steikir og bragðgóðan fisk. Kristbjörn rannsakaði matartilvísanir



í Íslendingasögunum og bar þær saman við þá þekkingu á matarvenjum landnámsaldar sem fornleifafræðin hefur bætt við.

Úlfar leitaði fanga víða og setur í bókinni fram uppskriftir að veislumat landnámsfólksins og Karl ljósmyndaði kræsingarnar.

Farið er í bókinni yfir ræktun og hráefni á landnámsöld, nýtingu kornmetis, sjávarfangs og kjötmetis og gerð mjólkurmatar. Jafnframt er farið stuttlega yfir þær Íslendingasögur þar sem leitað var fanga.

Meðal forvitnilegra uppskrifta er t.d. grillaður hunangshjúpaður hestshaus, rostungssúpa, sauðakjötsúpa með sílamávseggi, grillaður geirflugl, grilluð ált og mjöður. /sá



CATALYST 2024
Mountain
Riot



Catalyst er ný hönnun. Lægri þyngdarpunktur, mjórri tankur, léttastur og allur liprari í akstri.

ARCTIC SPORT

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 578-0820 - www.arcticsport.is

Áramótatilboð á malarvögnum og rúlluvögnum



H. HAUSSON EHF.

Rúlluvagn 140DIN

Burðargeta/hlass: 14 tonn
Pallur stærð: 10,5m x 2,55m
Verð kr. 3.390.000 með vsk.



ÁRAMÓTATILBOÐ kr. 3.220.500 með vsk.

Rúlluvagn 130BT

Burðargeta/hlass: 13 tonn
Pallur stærð: 9m x 2,46m
Verð kr. 3.220.000 með vsk.



ÁRAMÓTATILBOÐ kr. 3.059.000 með vsk.

Hardox Malarvagn 110DG

Burðargeta/hlass: 11 tonn
Verð kr. 3.490.000 með vsk.



ÁRAMÓTATILBOÐ kr. 3.315.000 með vsk.

Hardox Malarvagn 130DG

Burðargeta/hlass: 13 tonn
Verð kr. 3.800.000 með vsk.



ÁRAMÓTATILBOÐ kr. 3.610.000 með vsk.

Á heimasíðunni okkar hhauksson.is er hægt að sjá fleiri stærðir og gerðir af vögnum sem í boði eru frá Weckman.

Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

Á FAGLEGUM NÓTUM

Aukum kvígusæðingar – bætum árangur

Lengi hefur verið hamrað á mikilvægi kvígusæðinga fyrir ræktun íslenskra mjólkurkúa. Því miður hefur allt of lítið áorkast. Í frétt á vefsíðu NBÍ (nautaskra.is) 20. nóvember sl. mátti lesa eftirfarandi: „Við horfum líka upp á þá dapurlegu staðreynd að innan við 30% kvígna eru sæddar í dag, nokkuð sem íslensk nautgripærækt fær algjöra falleinkunn fyrir.“



Höskuldur Jensson.

Sæðingar gegna lykilhlutverki í ræktuninni. Í litlum stofni er mikilvægt að sem flestir gripir séu virkur hluti af ræktunarstofninum. Ræktun verður alltaf langhlaup, en stytting ættliðabils er eitt öflugasta tækið sem við höfum til að hraða erfðafrámförum. Ræktunin er samstarfsverkefni allra kúabanda. Allir njóta ávinningsins og æskilegt að sem flestir leggist á árarar.

Öruggara erfðamat með arfgerðargreiningu hvetur enn frekar til sæðinga á kvígum.

Sæðingar eru skráðar og því er meiri víska um væntanlegan burðardag. Þetta einfaldar mikilvægt eftirlit með kvígnum þegar kemur að burði!

Íslenskar kýr standa höllum fæti í samanburði við erlend kúakyn. Þeim mun mikilvægara er, að beita öllum ráðum til að flýta erfðafrámförum. Því eru bændur eindregið hvattir til að sæða kvígur í auknum mæli og leggja þar með sín lóð á vogarskálarnar.

Eftirfarandi upplýsingar eru hugsaðar sem hvatning og gagnlegar upplýsingar, til þeirra sem sjá möguleika á að hefja eða auka sæðingar á kvígum. Engin tvö bú eru eins. Því getur þurft að skipuleggja eftir aðstæðum hvers og eins. Hér verður reynt að lýsa grundvallaratriðum sem vonandi gagnast öllum.

Skynsamlegt er að setja raunhæf markmið út frá fjölda gripa og aðstöðu. Í sumum tilvikum kann að vera skynsamlegra að velja úr bestu kvígurnar og geta sinnt þeim vel.

Þó verður að gera ráð fyrir afföllum m.a. vegna ófrjósemi.

Gott getur verið að skilgreina tímaramma fyrir verkefni eins og þetta. Gróflega má segja að upphaf tímarammans markist af kynþroskaaldri. Lok rammans markast af efri mörkum aldurs við sæðingu.

Til að undirstrika mikilvæga þætti í ferlinu, er hér valið að skipta rammanum í 2 tímabil. Annars vegar undirbúningstímabil og hins vegar sæðingátímabil.

Undirbúningstímabil

Hvenær þarf að hefja undirbúning?

Segja má að undirbúningur hefjist strax við fæðingu kvígunnar. Vel heppnað eldi kvígukálfa allt frá fæðingu verður seint ofmetið. Lokaundirbúningur fyrir sæðingar ætti að hefja eigi síðar en við kynþroskaaldur kvígnanna. Talsverður breytileiki getur verið á kynþroskaaldri. Nefndar eru tölur frá 7-15 mánuðum. Æskilegur aldur kvígna við fyrsta burð er 22-24 mánuðir. Miðað við það þurfa kvígurnar að festa fang við 13-15 mánaða aldur. Til að ná því marki þyrfti sennilega að hefja fyrstu sæðingar á vel þroskuðum kvígum við 12-13 mánaða aldur. Athugið að samkvæmt reglugerð er óheimilt að kelfa kvígur yngri en 11 mánaða!

Æskilegt er að gefa kvígum a.m.k. 1-2 mánaða undirbúningstímabil við kjöraðstæður áður en byrjað er að huga að sæðingum.

Undirbúning ætti því að hefja við 10-12 mánaða aldur.

Almenn atriði sem gott er að hafa í huga:

Gott er að velja kvígur í hóp eða hópa strax í upphafi og halda samsetningu óbreyttri út sæðingátímabilið. Ef kvígurnar fá að venjast saman raða þær sér í virðingarröð og jafnvægi næst innan hópsins. Kvígurnar verða þá öruggari með sig. Þetta getur haft margvísleg jákvæð áhrif og m.a. aukið líkurnar á greinilegum beiðliseinkennum.



Eftirfarandi upplýsingar eru hugsaðar sem hvatning og gagnlegar upplýsingar, til þeirra sem sjá möguleika á að hefja eða auka sæðingar á kvígum.

Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Hafa hæfilegan fjölda í hópi/stú. Gæta þess að legu- og átláss sé nægjanlegt fyrir alla gripa. Gott er að nota undirbúningstímabil til að spekja kvígurnar og venja við læsigrindur.

Of stórir hópar auka hættu á að einstakar kvígur verði afskiptar eða útskúfaðar. Það tefur fyrir því að jafnvægi náist innan hópsins og hefur truflandi áhrif á beiðsligreiningu. Of litlir hópar geta líka haft þau neikvæðu áhrif að kvígurnar sýna ekki eins glögg beiðsli. Oft verða einkennin ákafari og greinilegri þegar fleiri kvígur eru að beiða á sama tíma.

Fóðrun

Meta verður ástand hvers hóps við upphaf undirbúnings. Æskilegt er að kvígurnar taki hæfilegum bata allt undirbúnings- og sæðingátímabilið án þess þó að verða of feitar. Þegar kemur að sæðingum ættu kvígurnar að vera í meðalholdum. Fróðleikur um uppeldi kvígna er aðgengilegur víða.

Í samtölum við frjótkæna hefur komið fram að í dag séu margar kvígur óhófliga feitar þegar kemur að sæðingu. Þetta hefur bein neikvæð áhrif á frjósemi en gerir líka sæðinguna sjálfa erfiðari í framkvæmd. Líklegasta skýringin er að kvígurnar séu að

jafnaði orðnar óþarflega gamlar. Samkvæmt gögnum er meðalaldrur íslenskra kvígna við fyrsta burð nú 27 mánuðir. Til að fleiri kvígur nái að bera 1. kálfi á kjöraldri þyrfti að jafnaði að hefja sæðingar fyrir en gert hefur verið.

Ormalyf?

Gera má ráð fyrir því að nautgripir smitist af íðraormum á beit. Mismikið eftir aðstæðum. Hafi kvígur, sem á að sæða, verið á beit en ekki fengið ormalyf, er eindregið mælt með að gera það.

Vítamín, steinefni og snefilefni

Skortur á þessum efnem getur m.a. haft neikvæð áhrif á frjósemi. Því er mikilvægt að huga vel að þessu á undirbúningstímanum og tryggja aðgang og upptöku eftir því sem hægt er. Taka þarf tillit til gæða og efnasamsetningar heyja hverju sinni. Ef kvígnum er gefið kjarnfóður eða korn getur verið valkostur að blanda við það steinefnablöndu.

Algengt er að láta kvígurnar hafa frjálstan aðgang að snefilefnabættum saltsteinum og/eða bætiefnafötum. Einnig má benda á þann kost að gefa forðastauta. Þeir hafa þá kosti umfram fótur og steina að tryggja öllum gripum jafna upptöku yfir lengri tíma.

Lýsing

Þrátt fyrir að kýr haldi að jafnaði uppi gangmálum allt árið, er þekkt að myrkur getur haft neikvæð áhrif á frjósemi. Sérstök ástæða er til að huga að þessu yfir vetrartímann. Mælt er með fullri lýsingu (75 lux) 12-16 tíma á sólarhring en daufri næturlýsingu. Sjálfvirk tímastilling er góður kostur.

Sæðingátímabil

Hvað þarf sæðingátímabilið að vera langt?

Ef vel tekst til, ættu flestar kvígur að vera farnar að sýna beiðsli að loknu undirbúningstímabilinu. Þá er ekki óraunhæft að koma kálfi í meirihluta þeirra á 2-3 mánaða sæðingátímabili. Eflaust munu skiptar skoðanir á því hve lengi er skynsamlegt að halda áfram sæðingum á kvígum sem ekki halda innan skikkanlegs tíma. Færa má nokkur rök gegn því að þrást of lengi við. Með hækkandi aldri er hætt við að þessar kvígur verði óhófliga feitar við burð. Þær taka líka pláss í fjósi og éta fóður sem e.t.v. væri betur varið í annað. Svo má spyrja sig hvers vegna þær hafa ekki haldið. Er skýringa að leita í erfðaþáttum? Er skynsamlegt að framrækta þannig galla?

Hvenær á að byrja að sæða?

Farsælast er að byrja ekki að sæða fyrir en regla er komin á beiðsli kvígunnar. Því er æskilegt að hefja eftirlit með beiðslum strax á undirbúningstíma.

Skrá á gangmáladagatal eða halda sérstaka skrá.

Kvígurnar geta að sjálfsgöðu haldið við sæðingu á fyrsta beiðsli en almennt er ekki mælt með að reyna það.

Fyrstu beiðsli geta verið óregluleg og erfitt að tímasetja sæðingu rétt. Æskilegt er að kvígan sé farin að halda upp reglulegum beiðslum og sæða fyrst þegar kvígan hefur sýnt 2 eða fleiri greinileg beiðsli með eðlilegu millibili.

Góð beiðsligreining er forsenda fyrir árangri. Bændur eru hvattir til að kynna sér og fylgjast með þróun á sjálfvirkum skynjurum. Skynjaratæknin hefur þróast þannig að margir bændur t.d. bæði í Danmörku og Noregi byggja beiðsligreiningar nánast alfarið á slíkri tækni og hafa góða reynslu af því.

Eftir að sæðingar hefjast er rétt að minna á mikilvægi þess að vera á varðbergi gagnvart uppbeiðslum. Fylgjast vel með þegar líður að því að kvígan gæti beitt upp. Vonast eftir því besta en gera alltaf ráð fyrir hinu.

Samstillingar

Samstillingar geta verið valkostur sérstaklega þar sem kvígur eru ekki hýstar með kúm í fjósi og beiðslisefirlit e.t.v. erfiðara í framkvæmd. Samstillingar eru þó engin tófralausn en hafa líka stundum fengið ósanngjarna gagnrýni. Mikilvægt er að þekkja kosti og takmörk samstillinga.

Ástæðan fyrir lakri útkomu sæðinga eftir samstillingar er í mörgum tilvikum sú, að kvígurnar hafa ekki verið nægjanlega vel undirbúnar. Samstilling er tæki til að stýra tímasetningu beiðsla hjá kvígum með virk og regluleg beiðsli. Stundum heyrst talað um að gangsetja kýr/kvígur. Í því getur falist sá misskilningur að lyfin geti sett í gang beiðsli hjá óvirkum kvígum. Kvígum sem annaðhvort eru ekki orðnar kynþroska eða eru með óvirka eggjastokka af öðrum orsökum. Forsenda fyrir góðum árangri við samstillingu er að kvígurnar séu þegar með virkan gangferil!

Aðstaða til sæðinga

Við hönnun á aðstöðu ætti að hafa eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- Að sæðing geti farið fram átakalaust og valdi kvígumni sem minnstri streitu.
- Að frjótkæknir hafi þægilega og örugga aðstöðu til verksins.
- Að fyrirhöfn bóndans við einstakar sæðingar sé sem minnst.

Þar sem kvígur eru lausar í stíum er eindregið mælt með að koma upp læsigrindum. Helst þannig að hægt sé að læsa allan hópinn í stíunni fram í grind samtímis. Best er að geta fyrirhafnarlítið lokkað allan hópinn fram í læsigrind t.d. með því að strá fyrir þær korni eða köggjum. Verkið verður einfaldara, fljótlegra og öruggara. Við slíkar aðstæður stendur kvígan sem er sædd yfirleitt róleg með stuðning til beggja hliða.

Kvígur og kyngreint sæði:

Kvígur eru markhópur nr.1 við sæðingar með kyngreindu sæði. Rökin fyrir því felast í styttingu ættliðabils og því að þær eru almennt frjósamari en eldri kýr. Árangur sæðinga með kyngreindu sæði hefur fram að þessu verið lakari en með hefðbundnu sæði. Því er almennt mælt með notkun þess á frjósmustu gripina. Þar eru kvígurnar efstar á blaði!

Forsenda fyrir því að hægt sé að réttlæta framleiðslu og notkun á kyngreindu sæði fyrir okkar litla markað er að fleiri kvígur verði sæddar!

Höskuldur Jensson,
dýralæknir á Nautastöð
Bændasamtaka Íslands

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BALEX METAL
YLEININGAR

Léttar stálklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauds- eða steinullarkjarna. Auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur
stálgrindarhús
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og
íbúðarverkefni

 kristjan@sulurehf.is

 www.sulurehf.is

 669 0803

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

LANDGRÆÐSLA



Búr sem notað er til að friða reiti fyrir beit.

Áhrif beitar á uppgræðslusvæði

Hér er fjallað um beitaráhrif sem hófst haustið 2018.

Markmið þessarar tilraunar er að a) kanna áhrif beitar/friðunar á uppgræðslusvæði til skemmri og lengri tíma og b) meta hvort friðun á mismunandi tímabilum sumars hafi áhrif á árangur uppgræðslunnar. Tilraunin var sett upp á mel á landgræðslusvæði á afrétti í Árnessýslu. Beit er á svæðinu frá mánaðamótum júní/júlí og fram undir miðjan september.

Í upphafi var gróðurþekja innan við 1%. Túnvingli var rásáð vorið 2018, borinn á tilbúinn áburður og í kjölfarið settir út rannsóknareitir þar sem færanleg búur voru notuð til að ná fram áhrifum friðunar á gróður á mismunandi tímum sumars. Gróðurþekja og gróðurhæð er mæld eftir að beit lýkur á haustin.

Gróður var styrktur með áburði (200kg/ha) 2019 og 2020 en 2021 var ekki borið á. Það ár sáust engin beitarummerki í tilrauninni. Aftur var gróður styrktur með áburðargjöf í júní 2022 og 2023. Töluverð beit var á svæðinu þau ár sem borið var á.

Búrin eru færð tvisvar yfir beitaráhrif til að fá fram mismunandi meðferðir, hvert tímabil stendur í um 3 vikur: Alls eru 5 meðferðir í tilrauninni:

- Viðmið = Beit allt tímabilið
- Alfriðað = Friðun allt beitaráhrifabilið
- Friðað snemmsumars, frá upphafi beitaráhrifa
- Friðað miðsumars
- Friðað síðsumars og út beitaráhrifum um miðjan september

Niðurstöður

Gróðurþekja varð fljótt meiri eftir að uppgræðslan hófst og jókst hraðar í friðuðum reitunum en beittum. Ekki virðist skipta máli hvort og þá hvenær land er friðað yfir beitaráhrifum. Beit hvenær sem er sumarsins dregur úr myndun gróðurþekju, þannig að ekki er ávinningur að því að friða landið hluta sumars, það þarf að friða allt beitaráhrifabilið til að sjá jákvæð áhrif á gróðurþekju.

Tilrauninni verður haldið áfram næstu ár og fylgst með gróðurframvindu.

Samsetning gróðurs var mismunandi í friðuðum reitum og þeim sem voru beittir. Haustið 2023 voru grös í friðuðu reitunum um 97% af gróðurþekjunni en aðeins 3% blómjurtir. Í reitum sem voru beittir allt sumarið eða hluta sumars voru blóm mun algengari, eða 17–26% af þekju. Að sama skapi var minna um grös.

Blómteygundir sem þarna vaxa, s.s. hundasúra, melablóm, holurt, lambagras og músareyra eru ekki lostætar og skýrir það að hluta af hverju þekja þeirra eykst við beit. Við friðun verða grösín hávaxnari og hafa betur í samkeppni, s.s. um pláss, ljós og næringu, en lágvaxnari plöntur. Þegar grös eru bitin og verða þar af leiðandi ekki eins stór, ná blómplöntur að vaxa en lenda ekki í sömu samkeppni við grösín eins og í friðuðum reitum. Væri um lostætar blómteygundir að ræða yrðu niðurstöður væntanlega á annan veg.

Eins og búast má við hefur beit áhrif á hæð plantna. Hæð er marktækt meiri í friðuðu reitunum en öllum hinum, en ekki hefur fundist marktækur munur á gróðurhæð milli mismunandi beitaráhrifa.


Rótarsýni

Haustið 2021 voru tekin rótarsýni úr tilrauninni og kom í ljós að rötarmassi í friðuðum reitum var marktækt meiri en í beittum reitum og reitum sem voru friðaðir um mitt sumar eða síðsumars en ekki var marktækur munur á milli friðaðra reita og reita sem voru friðaðir snemmsumars.

Niðurstöður benda til þess að ekki sé ávinningur af því að friða uppgræðslusvæði tímabundið yfir sumarið en töluverður ávinningur sé af því að friða landið alveg fyrir beit á fyrstu árum uppgræðslu.

Tilrauninni verður haldið áfram næstu ár og fylgst með gróðurframvindu.

Sigbrúður Jónsdóttir, beitaráhriffræðingur hjá Landgræðslunni



Gróðurþekja (%) og gróðurhæð (cm) eftir meðferðum 2018-2023.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Spá mjólkurskortu í heiminum innan fárra ára

IFCN (International Farm Comparison Network) samtökin, sem eru alþjóðleg samtök sem vinna m.a. að því að taka saman upplýsingar um ýmislegt sem snýr að mjólkurframleiðslu í heiminum, héldu sína fjórðu heimsráðstefnu um mjólkurframleiðslumál í lok nóvember.

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Þrengt að mjólkurframleiðslu á Vesturlöndum

Á ráðstefnunni kom fram að mörg Vesturlönd virðast nú vera að þrængja framleiðsluramma mjólkurframleiðslunnar, m.a. vegna aukins vægis sótsþors framleiðslunnar. Vesturlönd hafa verið áhrifamikil á heimsmarkaði mjólkurvara, þ.e. með viðskipti með mjólkurvörur á milli landa, og því hefur það mikil áhrif á heimsviðskiptin ef framleiðsla Vesturlanda eykst ekki í takti við eftirspurnina.

Þessi staða gefur aftur á móti nýjum löndum ákveðið tækifæri og hér horfir IFCN aðallega til

Alls tóku rúmlega 600 gestir, frá 80 löndum, þátt í ráðstefnunni. Ráðstefnan, sem haldin var á netinu, miðaði sérstaklega að þróunarlöndunum og hvernig þau munu hafa áhrif á heimsframleiðslu mjólkur á komandi árum.

Hægur vöxtur heimsframleiðslunnar

Á ráðstefnunni kom fram að árið 2022 jókst heimsframleiðsla mjólkur um 0,8% en það er minnsta aukning mjólkurframleiðslu heimsins í tvo áratugi, en árabilið 2001–2021 nam árleg meðaltalsaukning 2,3%. Þegar leitað er skýringa á minni aukningu mjólkurframleiðslunnar árið 2022 eru helstu skýringar mikil verðbólga í mörgum löndum, sem hefur vissulega haft áhrif á rekstrarumhverfi kúabúa heimsins, en breytingar á veðurfarinu í heiminum höfðu einnig neikvæð áhrif á framleiðslumöguleika margra kúabúa í heiminum.

Þannig varð aukning mjólkurframleiðslu Indlands, stærsta mjólkurframleiðslulands heims, einungis 2% í fyrra en áratuginn þar á undan var framleiðsluaukningin að meðaltali 5,3%. Þar í landi voru helstu skýringar mikil og alvarleg útbreiðsla á húðþrimlaveiki (Lumpy Skin Disease) í landinu. Húðþrimlaveiki er bráðsmítandi vírusjúkdómur sem gerir kýr mjög veikar og því snardregur úr mjólkurframleiðslu þeirra.

Mikill samdráttur í Nýja-Sjálendi

Í yfirliti IFCN eru öll 27 lönd Evrópu-sambandsins dregin saman í eitt framleiðslusvæði og þar varð 0,3% framleiðslusamdráttur árið 2022.

Það er í fyrsta skipti sem þar verður samdráttur á mjólkurframleiðslu síðan 2009. Helstu skýringarnar á þessari þróun eru raktar til slæmra veðurfarskilyrða en einnig mikilla áhrifa af hækkun aðfangakostnaðar kúabúanna. En fleiri framleiðslusvæði voru í vanda árið 2022.

Þannig dróst framleiðslan í Nýja-Sjálendi saman um 3,7% þar sem óhagstætt veðurfar olli minni sprettu og þar sem mjólk þar í landi er svo til eingöngu framleidd með beit þá var einfaldlega ekki nóg fóður til fyrir kýrnar. Samdráttur varð í ýmsum öðrum framleiðslulöndum en þó ekki Bandaríkjunum, þar sem framleiðslan jókst um 1,6%.

Eftirspurnin á pari við aukninguna

Eftirspurn eftir mjólk og mjólkurvörum var á pari við aukninguna árið 2022, þ.e. 0,8% en það er 0,2% minni aukning eftirspurnar en frá árinu áður.

Minni aukning eftirspurnar árið 2022 skýrist fyrst og fremst af því að verð mjólkurvara hækkaði mikið á markaði og því varð erfiðara fyrir þá sem hafa minna á milli handanna að kaupa sér mjólkurvörur.

Stór áhrifavaldur á minni aukningu heimseftirspurnar er þróunin sem varð í Kína árið 2022 en þá dróst neysla mjólkurvara saman um 2,6% og munar um minna.

en varla mikið meira en það. Þannig telur IFCN að í raun þá muni vanta 6 milljarða lítra af mjólk, eigi að svara eftirspurninni.

Skýringin á aukinni eftirspurn eftir mjólkurvörum á komandi árum felst fyrst og fremst í aukinni kaupgetu millistettarinnar í mörgum þróunarlöndum og þeirri staðreynd að mjólkurneysla, þ.e. meðalneysla á hvern íbúa, í mörgum af þessum löndum er mjög lítil núna.

Bjart framundan

Segja má að niðurstöður IFCN bendi til þess að framundan sé útlit fyrir aukna framleiðslu í öllum löndum sem geta bætt við sig.

Neysla mjólkurvara eykst ár frá ári á heimsvísu samhlíða stækkandi hópi fólks með betri tekjur. Það er þó dagljóst að vegna tiltölulega



Handmjaltir eru enn mjög útbreiddar og langalgengasta aðferðin við að mjólka í þróunarlöndum heimsins.

Mynd / Tadeu Jnr

þróunarlöndanna og sértaflega Afríku. Í flestum löndum Afríku er mjólkurframleiðslan frekar frumstæð enn sem komið er og land almennt ekki eins mikið notað og þekkt á Vesturlöndum.

Þetta gefur færi á því að efla mjólkurframleiðsluna með nútíma vinnubrögðum og tæknivæðingu.

Eftirspurnin mun aukast umfram framleiðsluna

Samkvæmt spá IFCN er útlit fyrir að innan fárra ára muni verða skortur á mjólk og mjólkurvörum í heiminum þ.e. að eftirspurnin muni verða töluvert meiri en framboðið. IFCN spáir því að mjólkurframleiðslan í þróunarlöndunum muni aukast um 126 milljarða lítra fram til ársins 2030 en eftirspurnin muni aftur á móti aukast um 140 milljarða lítra í þessum sömu löndum.

Þessa miklu aukningu í eftirspurn umfram framleiðslu geti Vesturlönd svarað upp að ákveðnu marki en ekki að öllu leyti. Þannig spáir IFCN því að af þessum 14 milljörðum sem munar á aukinni eftirspurn og aukinni framleiðslu í þróunarlöndunum þá muni núverandi útflutningslönd geta bætt við sig um 8 milljörðum lítra

nýtilkominn laga og reglugerða, sem skerða eða takmarka mjólkurframleiðslu marga kúabúa á Vesturlöndum, þá þarf að gera áttak í því að efla mjólkurframleiðslu þróunarlöndanna.

Núverandi form, þar sem oftast er um örþú að ræða með mjólkurframleiðslu sem oft er minni en 10 lítrar á dag, þarf að taka til endurskoðunar og horfa til náttúrulegrar aðferða við framleiðslu á mjólk.

Það var einnig rætt á ráðstefnunni, þ.e. hvaða leiðir væru ákjósanlegastar til þess að auka mjólkurframleiðslu þróunarlöndanna.

Hvaða leið er fær?

Þó það hafi ekki komið bein niðurstaða á ráðstefnunni með það hvaða leið sé rétt eða best að fara til þess að auka mjólkurframleiðsluna þá má benda á að í rauninni eru leiðirnar sem hægt væri að fara margar og líklega er engin ein rétt.

Ótal þróunarlönd eru með afar takmarkaða mjólkurframleiðslu þrátt fyrir að vera mögulega með afar ákjósanlegar aðstæður frá náttúrunnar hendi til að framleiða mikið magn mjólkur.

Skýring getur átt rætur að rekja til margra þátta en oft eru þessi lönd þannig í stakk búin að nokkuð auðvelt er fyrir íbúa þessara landa að lifa af landinu.

Fyrir vikið hefur verið lítill akkur í því að auka framleiðsluna umfram hóflega þörf heima fyrir. Í þessum löndum er landnýtingin oft frekar léleg og þó svo að rækta mætti nánast árið um kring eru landnotendur ekki að nýta landið þannig. Nú er aftur staðan að breytast og þá vantar mögulega bæði þekkingu, tæknibúnað og fjármagn til þess að stíga skrefið í rétta átt.

Bætt nýting landsins gæða fæst fyrst og fremst með aukinni þekkingu og bættri tæknivæðingu, bæði hvað varðar vélbúnað en ekki síður hvað varðar þær tegundir sem kúabændur nota til að sinna búskapnum. Þannig eru margir bændur enn að nota plöntur sem eru á engan hátt nógu afkastamiklar. Nefna má dæmi að margir bændur í hlýjum löndum nota maísafbrigði sem nær þroska á 120 dögum en í dag er samt til afbrigði sem nær sama þroska á 90 dögum. Þarna munar um 25%, ætti að muna um minna en samt eru til bændur sem kaupa hið seinþroska afbrigði líklega af gömlum vana og/eða vanþekkingu.

Þá eru til ótal kúakyn í heiminum í dag sem eru í raun alls ekki heppileg til mjólkurframleiðslu en eru samt notuð í þeim tilgangi. Skýringarnar fyrir áframhaldandi notkun kúakyns, sem er hreint ekki öflugt mjólkurframleiðslukyn, geta verið margs konar en mín reynsla er að oftast er um að ræða skort á ytra umhverfi. Þessir bændur eiga oft lítið annað val.

Mögulega hafa þeir ekki gott aðgengi að landi eða fódri, enginn að bjóða upp á sæðingarstarfsemi eða dýralækningar á svæðinu þar

” Stór áhrifavaldur á minni aukningu heimseftirspurnar er þróunin sem varð í Kína árið 2022 ...“

sem þeir búa, mögulega er engin afurðastöð í nágrenninu og því óvíst með sölu mjólkurinnar og fleira mætti nefna. Sé ytra umhverfið til staðar, þá ýtir það við flestum bændum og auðveldar þeim að gera betur. Þá kemur það svolítið af sjálfu sér að betra sé að vera með afkastamikil framleiðslutæki enda geta landkynin sem eru í notkun víða um heim í dag ekki nærri því komist með framklaufirnar þar sem afurðameiri kýr eru með lágklaufirnar.

En það er ekki nóg að vera með afurðamiklar kýr ef ekki er um leið til staðar tækni til að mjólka þær. Líklega standa handmjaltir undir 80-90% þeirrar mjólkur sem fer á markað í dag í þróunarlöndunum. Á meðan meðalframleiðsla hvers bús eða fjölskyldu er mögulega ekki nema um 10 lítrar á dag þá er þessi aðferð við mjaltir í raun mjög skynsamleg. Þegar mjólkurframleiðslan vex þarf þó að bæta úr og tæknivæða mjaltirnar. Mögulega fyrst með einföldu mjaltafötukerfi, þá rörmjaltakerfi o.s.frv. Þetta er þó á engan hátt sjálfgefin þróun, enda þarf töluverða tæknilega kennslu og þjónustu til þess að innleiða mjaltatækni í löndum þar sem mjaltatæki hafa vart sést áður.

Þetta verkefni sem er fram undan verður töluverð brekka en er vel fær og ætti að geta gefið neytendum um heim allan kost á því að njóta hollrar mjólkur og góðra mjólkurvara.

♥ JÓLAMARKAÐUR ♥

LAUGARDAGINN 16. DES.



Jóla-kaffi
í Bleika
salnum
2.450.-

5 - 14 ára
1.500.-



♥
JÓLASKRAUT
JÓLAGOTT
JÓLAGJAFIR
SKART
SÖNGUR
JÓLAGLÖGG & GLEÐI



GRÍMSNESI



KVÖLDVERÐAR
HLAÐBORD
MED
JÓLAÍVAFI
6.900.-



 ÍSFELL

Gleðilega hátíð!

Ísfell óskar viðskiptavinum og landsmönnum gleðiríkrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Ísfell wishes you a very happy holiday season and a peaceful and prosperous New Year.

Starfsfólk Ísfells / Greetings from Ísfell.



LESENDARÝNI

Framtíðin er okkar

Sú staðreynd að framtíð landbúnaðar á Íslandi standi á krossgötum virðist æ fleirum ljós og síðustu misseri hefur orðið áskynja dýpri skilnings á því hversu stórar áskoranirnar eru í raun og veru þrátt fyrir öll þau tækifæri sem við okkur blasa svo augljóslega.



Steinþór Logi Arnarsson.

Það er ánægjulegt að finna um leið í slíkum aðstæðum að rödd ungra bænda hafi mikinn og sterkan hljómgrunn í þjóðfélaginu. Við höfum virkilega fundið fyrir því og upplifað sterkt í framlínu Samtaka ungra bænda eftir að við blésum til baráttufundar í Salnum í Kópavogi í októberlok. Sá stuðningur og þær aðgerðir vegna fjárhagsvanda bænda sem stjórnvöld hafa nú kynnt bera með sér að rík áhersla sé lögð á að leiðrétta stöðu ungra bænda og þeirra sem hafa fjárfest til að stunda landbúnað til lengri framtíðar sem glæðir von okkar og kraft.

Stuðningur við baráttuna um laun fyrir lífi ungra bænda og íslenskra sveita er á breiðum grunni og viðtökurnar hafa raunar verið talsvert meiri og dýpri en jafnvel var búist við þegar ákveðið var að boða til fundar sem þessa. Fundargestir í Salnum í Kópavogi voru hátt í 300 talsins, 500

horfðu í streymi í rauntíma en nú hafa nokkur þúsund manns horft á upptöku fundarins.

Því að auki fjölluðu fjölmiðlar talsvert um fundinn fyrir og eftir hann. Og sannarlega var hraustlega tekið undir vel rökstudda kröfu okkar um „Laun fyrir lífi – ungra bænda og íslenskra sveita“. Við skorudum á stjórnvöld að opna augu sín og leggja við hlustir og í þeim efnum virðumst við hafa haft erindi sem erfiði.

Aflvakinn ungur og heiðarlegur

Á þeim nótum langar mig þó sérstaklega að þakka þeim sem komu að tilurð baráttufundar okkar í Salnum í október. Í fyrsta lagi má nefna að hugmyndin um að halda slíkan fund kom raunar frá landbúnaðarráðherranum fyrrverandi og dyggum stuðningsmanni landbúnaðar, honum Guðna Ágústssyni. Hann gaf sig á tal við stjórn Samtaka ungra bænda á þeim tímamarki þar sem hún spurði sig sjálf hvað væri til ráða í þeirri mjög svo döpru stöðu margra ungra bænda og ómöguleikanum sem blasti við

verðandi bændum. Hann reyndist verða mikill drifkraftur í því að koma fundinum á laggirnar en með það að leiðarljósi; að þó hann gæti titlað sig sem leyndan guðföður framtaksins þá væri mikilvægt að framtíðarsýn unga fólksins yrði ráðandi aflvaki í baráttunni fyrir kjörum og lífi bænda til framtíðar.

Það varð svo sannarlega þannig með virkilega frambærilegum og heiðarlegum erindum þeirra sem komu fram á fundinum sem eiga miklar þakkir skildar.

Þar áttu ungrir bændur frábæra fulltrúa sem tóku með vönduðum hætti til máls og margir þeirra rötudu einnig í fin fréttavíðtöl í tengslum við erindi sín. Auk mín komu úr okkar röðum þau Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar BÍ, frá Espiflöt, Reykholti, Ísak Jökulsson, úr stjórn SUB, frá Ósabakka, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Jón Helgi Helgason, frá Þórustöðum, Eyjafirði, Siggríður Ólafsdóttir, ráðunautur og bóndi frá Víðidalstungu, V-Húna- vatnssýslu, Stefán Geirsson, frá Gerðum, Flóahreppi, Þórólfur Ómar Óskarsson, frá Grænuhlíð, Eyjafirði og Þuríður Lillý Sigurðardóttir, frá Sléttu, Reyðarfirði.

Fundarstjóri var Bjarni Rúnarsson, frá Reykjum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í salnum voru svo áhugasamir gestir sem fjölmargir lögðu orð í belg og glæddu hann þannig lífi í pallborðunum sem voru tvískipt, um miðbik fundar og í lokin. Auk þess voru á fundinum þrjú erindi gestafyrirlsara. Ragnar Arnason hagfræðingur forfallaðist að vísu vegna veikinda á elleftu stundu en Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra og aflvaki íslensks fæðuklasa, flutti prýðilegt erindi og Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, lagði fundinum til afar fróðlegt efni um samburð við opinberan stuðning við landbúnað í nágrannalöndum okkar.

Rannsóknarvinnan sem þar lá að baki var augljóslega mikil. Í henni mátti glögglega sjá að framleiðsla matvæla í landbúnaðargeiranum fær tæplega þrífist í heiminum



Svalirnar í Salnum voru vel nýttar – pallborðsumræður.

án verulegs fjárhagslegs opinbers stuðnings frá neytendum þeirra. Ísland er þar vissulega engin undantekning en við skerum okkur heldur alls ekki úr í alþjóðlegum samanburði. Landbúnaður er einfaldlega grundvöllur fæðuöflunar og fæðuöryggis fólks um allan heim.

Með von í brjósti

Áheymin og viðbrögðin í kjölfar þessa hafa veitt okkur von um að við stjórnvölinn séu upp til hópa ágætt fólk sem muni beita sér fyrir hjartari framtíð íslensks landbúnaðar, enda sé margt hjart í henni nú þegar. En áfram munum við þurfa að láta rödd okkar heyrast, rödd okkar ungra bænda sem og þeirra eldri.

Við höfum nú séð skref í rétta átt en þau næstu verða ekki tekin af sjálfu sér og þar þarf sem allra flestar hendur á plóginn.

Að baki þessum undirtektum um að styrkja þurfi stöðir landbúnaðar á Íslandi liggja margar ástæður. Málefnið er mörgum hugleikið en er þó fjarri því að vera nýtt af nálinni. Til langs tíma hefur verið bent á margt sem betur mætti fara, til að mynda varðandi stuðning við landbúnað, og vandamálin hafa verið

viðurkennd að einhverju leyti með skammtímalausnum stjórnvalda. En við skammtímalausnirnar hefur of oft verið staldrað og ekki hugað nægilega að framtíð landbúnaðar.

Hver getur fundið sínar ástæður fyrir því að það sé mikilvægt að efla íslenskan landbúnað. Einum þykir það hreinlega þjóðhagslega mikilvægt og raunar öryggismál, öðrum þykir það órjúfanlegur hluti af menningu okkar og ásýnd landsins að byggð sé dreifð og sterk um landið á meðan þriðja gæti þótt það vera mikilvægt framlag okkar til umhverfismála að framleiða matvælin okkar sjálf með eins sjálfbærum hætti og hægt er.



Stefnum þurfa að fylgja leiðir

Við Íslendingar höfum þó sett okkur landbúnaðarstefnu og matvælastefnu sem ramma nokkuð vel inn hvert skal haldið og eru þær í eðli sínu framsýnar og taka á mörgum þeim áskorunum sem blasa við okkur sem mannkyni í heimi þar sem við þurfum að sýna aukna ábyrgð á því hvernig við til að mynda framleiðum matvæli. Enda er í þessum stefnum komið inn á styrkleika okkar og tækifæri á svo ótal mörgum sviðum.



Þéttsetið á fundinum í Salnum. Fjöldi þingmanna ásamt nokkrum ráðherrum á fundinum ber vonandi ávöxt um bætta framtíð.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463





Bjarni Rúnarsson fundarstjóri og Harpa Rut Sigurgeirsdóttir voru glaðbeitt á fundinum. Það er einmitt ánægja og bjartsýni sem knýr unga bændur hvað mest áfram.



Baráttan Laun fyrir lífi fékk góða fjölmiðlaumfjöllun. Þurður Lilly í sjónvarpsviðtali.

Það ástand sem blasir þó orðið við okkur í dag einkennist víða af langri bið. Tímabili þar sem bændur hafa haldið að sér höndum einfaldlega vegna þess að skilaboðin um að við ætlum virkilega að halda í öflugan landbúnað til framtíðar og raunverulegar aðgerðir þar að lútandi hafa ekki verið til staðar, jafnvel þótt stefnurnar og markmiðin séu til. En ekki verður beðið endalaust og ljóst er að eftir því sem biðin lengist þá dragi úr viðnámsþrótti landbúnaðar á Íslandi með hnignun innviða og hættu á glötu þekkingar og mannaúds. Áherslur stjórnvalda á nýliðun, kynslóðaskipti bænda og eflingu til framtíðar verður því mikilvæg til að veita eldri bændum kraft til að halda lífi í búum sínum, halda áfram uppbyggingu og framþróun enda sé nær öruggt að ungt og áhugasamt fólk muni koma til með að taka við keflinu og það muni í raun geta það.

Við vitum vel að hverju við búum á Íslandi og erum stolt af því sem við gerum. Það er drifkrafturinn sem hefur haldið okkur bændum gangandi svo lengi, ánægjan við starf okkar. Enn fremur blasir svo greinilega við okkur sem lítum um heiminn og nánasta umhverfi að aðstæður hér með okkar afbragðs góðu náttúruauðlindir og framúrskarandi mannauð ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að við getum haldið áfram á þeirri braut að framleiða ein þau bestu og hreinustu matvæli heims.

Tækifærin eru í höndum okkar

Það er því til heilmikils að vinna svo komandi kynslóðir geti notið góðs af því að landbúnaður blómstri á Íslandi enn betur um langa framtíð. Þar þurfum við unga fólk að taka það til okkar að vera leiðandi í umræðunni á komandi misserum. Til þess þarf að koma hugmyndum og sjónarmiðum á framfæri og vera óhrædd við að stinga upp á nýjum lausnum eða áherslum. Það verður því mikið tækifæri fyrir ungt fólk sem hefur það að markmiði að gerast bændur eða unga bændur að taka þátt í málefnavarfi Samtaka ungra bænda (SUB) á næstu misserum. Um þessar mundir eru landshlutafélög ungra bænda að undirbúa málefni og fulltrúa á aðalfund SUB sem haldinn verður helgina 12.–14. janúar á Hótel Dyrhólaey í Mýrdalshrepp þar sem línurnar verða lagðar og árhátíð ungra bænda verður haldin sömuleiðis. Ég vil því eindregið hvetja alla þá sem ætla sér að vera hluti af framtíð íslensks landbúnaðar að taka virkan þátt, vera hluti af þeirri sterku rödd sem ungir bændur hafa svo sannarlega í dag og finna sig í félagsskap hver annars.

Að því sögðu vil ég óska bændum, ungum sem öldnum, og öðrum landsmönnum gleðilegrar hátíðar, friðar og farsældar á komandi ári.

*Steinþór Logi Arnarsson,
formaður Samtaka ungra bænda.*

Allt sem þú þarft til að laga sprunguna eða plötuskilin sem leka.

inndælinga Pakkinn 24.845,-

Við sendum hvert á land sem er.

Endilega hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari uppl. Fagefni, Desjamýri 8, 4204010.

Fagefni

Fagefni



NÝR VÉLABÆKLINGUR!

Kemur inn um lúgur landsmanna yfir hátíðarnar!

Frábær áramótaverð til 19. janúar!



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Wendel
Stofnað 1957

Gleðilega hátíð
og gæfuríkt komandi ár
með þökk fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Starfsfólk A.Wendel ehf.

Tangarhökla 1 - 110 Reykjavík - 551-5464 - www.wendel.is - wendel@wendel.is



Þátttakendur á NSF skógarbændapönginu fyrir utan inngang í verksmiðju SÖDRA í Mörron.

Frábær skógrækt

Samstaða meðal skógarbænda á Norðurlöndum á sér aldalinga sögu. Þó hvert og eitt land eigi sína sérstöðu og sérhver landshluti hvers lands enn aðra sérstöðu þá standa allir saman í nafni skógræktar í blíðu og stríðu. Samstöðumátturinn er mikill og minnir á fjölskyldukærleika.



Dagbjartur Bjarnason.

Þann 14. október í Karlshamn í Suður-Svíþjóð var ársþing Norðurlandanna á skógarbændum. NFS Ráðsmöte (NFS, enska: Norwegian Forest Owners' Federation, skandinavíska: Norsk Skogierförbund).

Íslenskum skógarbændum er alla jafna boðið að senda fulltrúa á þingið og taka þátt í starfinu. Stjórn bógreinadeildar skógarbænda innan BÍ beið ekki boðanna og á þingið mætti stjórnarmaðurinn Dagbjartur Bjarnason og kona hans, Guðrún Steinþórsdóttir, skógarbændur á Brekku í Dýrafirði.

Það er engu líkara en það sé meiri samstaða um skógrækt héraðs heldur en er milli Skandinavíu og syðri hluta Evrópu. Ástæðurnar rekja rætur sínar í grunnhyggi og skilningartrega gagnvart mikilvægi skógarumhirðu. Málefnið er af ýmsum toga, allt frá LULUCF-orðaglingri yfir í ofsaverndun skóga. Þegar skógarbændur tala fyrir málstað skógarbænda eru þeir ekki síður að tala um málstað íbúa jarðarbúa, því líkt og fyrri daginn er skógur undirstaða lífs á jörðinni. Vel hirtur skógur er ekki bara sjálfbær heldur er hann líka frábær. Hér má skilja orðið „frábær“ að skógarauðlindin gefur FRÁ sér loft, við, mat, vöxt, skjól, vatn, fót, ... á sjálfbærann, arðbærann og reyndar frábærann hátt líka ef persónulegar skoðanir eru teknar með í umræðuna. Deilumál ytra snúast meðal annars um að friða þurfi skóginn til að vernda, á meðan verndarsinnar virðast ekki átta sig á öllum þeim hættum og neikvæðum afleiðingum sem af þess háttar vernd getur hlotist við að vanrækja hefðbundna umhirðu skóganna. Bersýnilega er stöðvun viðarnytja úr skógi ugandi og sést það best á aukinni tíðni skógarelda um heimshlutana. Auk þess er mikið deilt um óstjórn á skógarauðlindinni því Evrópusambandið vill miðstýra skógrækt í meira mæli sem dregur úr tækifærunum sem felast í stjórnun skóga heima í héruðum landanna.

Hefðbundin skógrækt er stöðugleiki inn í framtíðina. Hvergi er þó slakað slöku við í nýsköpun.

Það virðist alltaf vera hægt að vinna meira úr víði en maður hefði haldið. Fundargestum var boðið til bæjarins Mörrum að skoða nýstárlega viðarvinnslu, sprottin úr rifjum samvinnu sænskra skógarbænda. SÖDRA er samvinnufélag 52.000 skógarbænda í Suður-Svíþjóð og þar vinna þrjú þúsund manns. Þessi verksmiðja, SÖDRA, vinnur eftir kjörorðunum „Skila, skapa og skerða“ (return, revive, reduce) og framleiðir textíllöður búnað til úr trefjum sem samanstanda af 80% timbri (sellulósa) og 20% enduruninni bómull. Þessum textíllöðum hefur verið gefið nafnið OnceMore® og er hægt að vinna úr þeim þráð til tauframleiðslu sem hægt er að nota í fatasam og aðra tauvinnslu.

Þessi hringrás sem OnceMore hefur skapað gefur fyrirtækjum, samtökum og einstaklingum tækifæri á að taka þátt og leggja virðisbætur inn en frekar lið auk þess að leggja sitt af mörkum við umhverfið. OnceMore skapar fjölda starfa og á allt að þakka ábyrgri nýtingu skóga.

Stóru skógarþjóðirnar, Finnar, Svíar og Norðmenn, eru vitanlega mest áberandi í timburgeiranum en við litlu þjóðirnar, Danmörk og Ísland, getum lært töluvert af af þeim og mögulega þeir af okkur. Það er alveg spurning hvort ekki fari að koma tíma á að íslenskir skógarbændur gangi formlega til liðs við NFS skógarfjölskylduna. Þannig getum við haft áheyrn og jafnvel áhrif. Til dæmis geta íslenskir bændur átt töluvert möguleika á að leggja loftslaginu lið með kolefnisbindingu í nýskógrækt og timburnytjar í kjölfarið. Auk þess er skandinavíska þekkingin á t.d. skógarumhirðu mun tæknivæddari og skipulagðari en hér tíðkast.

Það er hermt upp á skógrækt að hún sé ákaflega tímafrek og taki ár og aldir uns hún verði að verðmætum nytjaskógi. Það má vel vera rétt, en þetta er þó allt spurning um hugarfar. Fjölskylduskógrækt er lýsandi og gott hugtak sem útskýrir með umhyggju og alúð það hugarfar sem skógrækt felur í sér. Tré skóganna munu standa vörð um komandi kynslóð og vonandi enn lengur. Ræktunin felur í sér alúð inn í framtíðina og allir fjölskyldumedlimir geta tekið þátt. Skógurinn verður miklu meira en nytjaskógur og íverustaður til leiks og starfa, heldur mótur hann faðm um jörðina, fólkíð og dýr merkurinnar líkt og kærleiksrik fjölskylda kynslóð fram á kynslóð. Skógrækt er frábær.

Dagbjartur Bjarnason, stjórnarmaður í bógreinadeild skógarbænda hjá BÍ.

Efnahagslegur veruleiki í takt við aðrar stéttir!

„Bændur búa ekki í sama efnahagslega veruleika og aðrir íbúar þessa samfélags og það gengur ekki.“



Reynir Þór Jónsson.

Þetta er bein tilvitnun í orð matvælaráðherra sem féllu á dögnum og birtust í fjölmiðlum. Skýrsla ráðuneytisstjórnarhópsins sem birt var nýlega staðfesti þessa fullyrðingu ráðherra og staðfesti jafnframt þann málflutning sem Bændasamtökin hafa haldið á lofti nær allt þetta ár um afkomuvanda kúabænda.

Skýrslan sýnir að staðan í mjólkurframleiðslu er grafalvarleg en þar kemur skýrt fram að áætlað er að greinin í heild skili tapi á árinu 2023, sem bætist við óviðunandi afkomu á síðustu árum. Það er einfaldlega staðan sem ríkisstjórnin er núna búin að staðfesta. Því miður er fátt sem bendir til að fjármagnskostnaður og fleiri gjaldaliðir í rekstri kúabúa lækki sem einhverju nemi á næstu mánuðum eða jafnvel árum. Það kom því vægast sagt á óvart að

ráðuneytisstjórnarhópurinn skyldi ekki sjá ástæðu til að bæta stöðu mjólkurframleiðenda nema að mjög litlum hluta.

Það er ekki hægt að ætlast til þess að við bændur framleiðum matvæli fyrir Íslendinga og ferðamenn á þessu landi án þess að hafa af því viðunandi afkomu. Það getur aldrei verið nein framtíð í því fyrir greinina að hún skili í heild umtalsverðum taprekstri því við vitum alveg hvert sú staða leiðir okkur. Sem fulltrúi bænda í verðlagsnefnd búvara sé ég mér því ekki annað fært en að fara fram á fulla leiðréttingu til kúabænda, afturvirkir frá 1. janúar 2023 í gegnum uppfærðan verðlagsgrundvöll. Það er engin draumastaða að senda út í verðlagið alla þá hækku á mjólk sem bændur þurfa á að halda. Þennan uppsafnaða fortíðarvanda er ekki hægt að flýja lengur. Hefði verið betra að taka fyrir á vandanum? Já, að sjálfsögðu, en það þýðir ekki að velja sér upp úr því. Það verður einfaldlega að vinna með þá stöðu sem blasir við núna.

Hversu mikill er vandinn? Samkvæmt nýgildandi verðlagsgrundvelli er kostnaður á bak við hvern framleiddan mjólkurlíttra rúmar 295 krónur. Því vantar bændur yfir 100 kr. á lítrann

eins og staðan er í dag. Flestir eru sammála um að ýmsar forsendur í gildandi verðlagsgrundvelli séu úreltar og ekki er víst að vandinn sé raunverulega svona mikill. Bændasamtökin hafa á síðustu mánuðum unnið að því að greina stöðuna, á forsendum sem samtökin telja að geti verið eðlilegur verðlagsgrundvöllur. Skýrsla ráðuneytisstjórnarhópsins styður þær greiningar.

Enginn samningur hefur verið gerður við kúabændur um að taka hækkanir síðustu ára á sig. Meira og minna allt í samfélaginu hefur hækkað á þessu tímabili og margt hækkað langt umfram hækkanir á mjólkurverði. Verðlagsgrundvöllur kúabúa byggir á forsendum sem eru taldar upp í búvörulögum og grundvöllurinn á að tryggja að sú staða geti aldrei komið upp að greinin í heild skili tapi. Ábyrgðin liggur hjá stjórnvöldum, sem hafa ekki tryggt að ákvarðanir um mjólkurverð til bænda byggir á réttum forsendum.

Árið 2023 er að líða án afkomu. Það verður að laga og tryggja framtíð greinarinnar í leiðinni.

Reynir Þór Jónsson, stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands.

Aðventukveðja

Það er á þessum árstíma sem er við hæfi að setjast niður og horfa yfir farinn veg, velja fyrir sér því sem náðist að framkvæma á árinu og huga að þeim verkum sem eftir eru.



Trausti Hjálmarsson.

Það er einmitt það sem gerir starf bóndans svo áhugavert, það eru alltaf áskoranir, sorgir og sigrar, ný og sfendurtekin verkefni og alltaf eru árstíðaskipti. Sömu verkin banka á dýrnar á hverju ári og þá er einmitt mikilvægt að ganga til sinna verka jákvæður og glaðsinna og takast á við verkefnið með þeim áskorunum sem þeim fylgja. Það er ekki alltaf auðvelt en sauðfjárbændur hafa sýnt á undanförunum árum einstaka þrautseigju og útsjónarsemi við erfiðar aðstæður. Það er einlæg trú mín að á næstu misserum munu sauðfjárbændur uppskera fyrir erfiði sitt. Því er mikilvægt að trúa. Það er nauðsynlegt að setja fram skýra stefnu í átt að bættari afkomu, bæði sem einstaklingar hver og einn fyrir sig og einnig á okkar félagslega grunni.

Vettvangurinn er á deildarfundi sauðfjárbænda sem haldinn verður dagana 12. og 13. febrúar.

Eitt stærsta verkefni sauðfjárbænda, á árinu sem senn er á enda, er baráttan við riðuna. Við munum flest eftir riðutilfellum í Miðfirði á vordögum og svo aftur í Húna- og Skagahólfi í haust. Það er áttakanlegt fyrir bændur að horfa á eftir sínum bústofni hverfa á braut og nístandi sorglegt að fylgjast með nýjustu tilfellunum.

En það eru nýir tímar að banka á dýrnar. Ræktun gegn riðu er hafin af fullum þunga um allt land og verður ekki annað séð en að allir villtustu draumar okkar um það hvernig við getum losnað við þennan vágast séu að raungerast.



Mynd / AL

Flest bendir til þess að við séum auðug af verndandi arfgerðum í íslenska sauðfjárstofninum með ARR genasamsætuna þar fremsta í flokki. Við erum að stíga örugg og vel undirbúin skref, smátt og smátt losnum við undan niðurskurði og riðukvíða sem hefur á mörgum svæðum haft veruleg neikvæð áhrif á samfélagi bænda. Með ræktun verndandi arfgerða eru sauðfjárbændur að stíga risastór skref í áttina að frelsi og umtalsvert breyttum starfsskilyrðum.

Það hefur verið ánægjulegt að finna fyrir því hversu samstillt samfélagið hefur verið í þeirri vinnu sem við kemur riðunni. Sveitarfélög, einstaklingar og stofnanir hafa sýnt ótrúlegan vilja til að koma að þessu verkefni með okkur. Ríkið hefur ekki látið sitt eftir liggja og tryggt sauðfjárbændum fjármagn til að kosta að hluta verkefnið „ræktun gegn riðu“. Nýjasta aðgerðin var að tilkynna bændum um niðurgreiðslu á sæði úr hrútum sæðingastöðvanna sem bera verndandi og eða mögulega verndandi arfgerðir. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir framgang þessa verkefnis að hafa ríkið með okkur á vagninum. Það mun auðvelda og

flýta fyrir ræktuninni og spara í framtíðinni mikla fjármuni ríkisins og samfélagsins alls. Við getum hlakkað til þess tíma þegar við verðum hætt að skera heilu hjarðirnar ásamt öllum þeim erfiðleikum sem því hafa fylgt.

Það var vitað að bændur myndu ekki láta sitt eftir liggja þegar kemur að notkun á verndandi og mögulega verndandi arfgerðum. Þátttaka í sæðingum hefur verið með allra mesta móti og hefur mikið mætt á starfsfólki stöðvanna og ekki síður á hrútakostinum.

Þegar sæðingavertíðin var hálfnuð var búið að senda umtalsvert meira sæði frá stöðvunum en á sama tíma í fyrra. Rétt um 53% af öllu sæði sem hefur verið sent frá Sauðfjár-sæðingastöð Suðurlands hefur verið úr ARR hrútum stöðvarinnar og 64% frá Sauðfjár-sæðingastöð Vesturlands. Til hamingju, íslenskir sauðfjárbændur!

Ég óska sauðfjárbændum góðrar fengitíðar, gleðilegra jóla, friðar og farsældar á nýja árinu.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands.



Mynd / ghp

Annáll

Mörg garðyrkjufyrirtæki eru að eiga gott ár í framleiðslu og sölu, á það við flestar þær greinar sem garðyrkjan snertir.



Axel Sæland.

Garðplöntu- og sumarblóma-framleiðendur, ylrækt blóma og grænmetis, kartöflubændur og aðrir útiræktendur, næstum allir bera sig vel eftir árið.

Á tímum sem þessum kemur sér vel hvað garðyrkjan er heilt yfir skuldlítill grein og með háan meðalaldur. Mikil reynsla og þekking er til staðar í því hvernig best er að gera hlutina. En þetta er einnig stærsta ógn greinarinnar, með hverju árinu fækkar fólki í garðyrkju þar sem mikil reynsla og kunnátta tapast en fáir sem koma inn. Þeir sem hafa tekið slaginn og komið inn í greinina á síðustu árum eru í hvað verstri stöðu, bæði hvað varðar kunnáttu og fjárhagsstöðu. Við þekkjum öll hvernig verðbólgan og vaxtastigð er að fara með samfélagið og því er skuldastaða ungra bændu mikið áhyggjuefni. Það er mín von og trú að aðgerðir ríkisstjórnarinnar núna verði til að bæta hag þeirra sem eru nýir í greininni og í hvað verstri skuldastöðu.

En það er ekki síður menntun og ráðgjöf sem við þurfum að varðveita og leita stöðugt nýrra leiða til að bæta okkur. Garðyrkjuskólinn á Reykjum gegnir þar lykilhlutverki í að fá nýtt fólk inn í greinina. Nú er búið að endurvekja fagnefndir námsbrauta skólans, garðyrkjubændur eiga sæti í þeim nefndum sem tengjast þeirra greinum. Með þessu er verið að tryggja að grasrótinni gefist tækifæri á að vinna með skólanum. Deild garðyrkjunnar innan BÍ hefur einnig unnið í nánú samstarfi við RML (Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins). Þar hafa verið tekin markviss skref í að bæta og aðlaga þjónustuna til handa garðyrkjubændum. Síðastliðið vor var kynnt skýrsla um rekstrarráðgjöf í garðyrkju. Þar fá bændur verulega góð tæki í hendurnar, þar sem þeir sjá svart á hvítu hvar þeir geta bætt sinn rekstur. Á þessu ári var svo farið af stað með annað verkefni í samstarfi

við Rml þar sem safnað verður saman upplýsingum um hvernig garðyrkjubændur geta fundið leiðir til að minnka kolefnisspor sitt. Þó svo að garðyrkjan sé afar umhverfisvæn miðað við aðra matvælaframleiðslu þá eigum við alltaf að stefna á að gera betur.

Nýtt ár, endurskoðaðir búvörusamningar

Lítið hefur þokast í að klára endurskoðun búvörusamninga á þessu ári en þeir eiga að taka gildi 1. janúar 2024. Bændasamtökin hafa lagt fram skýr markmið um hvaða aðgerðir þarf að fara í til að garðyrkjunnar farnist hvað best inn í framtíðina. Flest þau markmið ríma við þau áhersluatriði sem sett voru í stjórnarsáttmálann hjá núverandi ríkisstjórn.

- Festa niðurgreiðsluhlutfall á dreifingu raforku
- Hækka greiðslur til útiræktar
- Setja hærra greiðsluþöla á lífrænt ræktað grænmeti
- Endurskoða tollflokka og uppreikna á núvirði

Þetta eru stóru áhersluatriðin, tryggja rekstrarumhverfi og gera garðyrkjubændur samkeppnishæfari á markaði við innflutning. Það á ekki að vera sjálfsgagt að innlent grænmeti eigi að þurfa að kosta meira en innflutt. Við viljum að íslenskar garðyrkjuaufurðir séu á samkeppnishæfu verði. Ekki bara út í búð, líka fyrir veitingageirann og mótuneyti, þetta er gríðarlega stórt hagsmunamál. Aðhaldskrafan er svo mikil í mótuneytisgeiranum að þar stjórnast innkaup að langstærstum hluta af verði vörunnar, hvernig stendur íslenskt grænmeti sig þar eða íslensk matvæli yfir höfuð? Af hverju ekki að hafa kerfið þannig að íslensk matvæli séu ódýrari en innflutt?

Við garðyrkjubændur munum halda áfram að gera það sem við erum best í, framleiða framúrskarandi garðyrkjuaufurðir. Spurningin er því bara; á hvaða verði getum við boðið ykkur það?

Axel Sæland,
formaður búgreinadeildar
garðyrkjubænda.

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ÞARMAFLÓRUNA

HEILBRIGÐ MELTING HEILBRIGT LÍF

GALL- OG SÝRUPOLNIR MJÓLKURSÝRUGERLAR MEÐ ASÍDÓFÍLUS SEM MARGFALDA SIG OG NÁ GÓÐRI ÚTBREIÐSLU Í ÞÖRMUM



Útsolustaðir: Apótek, heilsuHillur stórmarkaða og Heimkaup.is.

Bændablaðið á Instagram & Facebook

EXIDE



Startaðu betur í vetur

Thomas A. Edison fann ekki bara upp ljósaperuna, hann kom einnig að þróun fyrstu rafgeymanna fyrir Exide. Allt frá því um aldamótin 1900 hefur Exide því verið í fararbroddi þegar kemur að traustum og áreiðanlegum rafgeymum fyrir allar tegundir bifreiða, landbúnaðartækja, lyftara og annarra farkosta.

Pantaðu á olis.is eða hafðu samband í síma 515 1100

olis



Séð yfir Landbúnaðarskóla Íslands á Hvanneyri.

Mynd / LbhÍ

Ný stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2024–2028

Ný stefna Landbúnaðarháskóla Íslands hefur verið samþykkt og tekur gildi 1. janúar 2024.



Ragnheiður Þórarinsdóttir.

Afram er unnið á þeim grunni sem lagður var með stefnu Landbúnaðarháskólans 2019–2024 með áherslu á gæða- og umbótastarf sem styður við stefnu stjórnvalda og áherslna háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra um nýsköpun, skilvirkni og gagnsæi í fjármögnun háskólastarfsins. Sérstaklega er horft til þess að auka gæði og skilvirkni kennslu með þróun náms og kennsluáferða og fjölga útskrifuðum nemendum. Evrópusamstarf verður eftt en frekar með sókn í samkeppnissjóði s.s. Horizon, Erasmus+ og Life, og doktorsnemendum þannig fjölgað sem og birtingum ritrýndra greina. Afram verður unnið að styrkingu innviða og góðu og framsæknu starfsumhverfi til að tryggja samkeppnishæfni háskólans í alþjóðlegu samhengi. Þá er mikilvægi samfélagslegs hlutverks Landbúnaðarháskólans dregið fram um eflingu byggða og sókn háskóla.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur á undanförunum árum unnið að því að efla kennslu, rannsóknir og aðstæður einstakrar og samþættingu innviða, fjölgun nemenda og auknu alþjóðlegu samstarfi. Háskólinn er staðsettur á alþjóðlegu fuglaverndarsvæði, Ramsar svæði, og aðstæður einstakrar og samþættingu innviða, fjölgun nemenda og auknu alþjóðlegu samstarfi. Háskólinn er staðsettur á alþjóðlegu fuglaverndarsvæði, Ramsar svæði, og aðstæður einstakrar og samþættingu innviða, fjölgun nemenda og auknu alþjóðlegu samstarfi.

1. Framsækið og spennandi nám
2. Rannsóknir, nýsköpun og alþjóðlegt samstarf
3. Traustir innviðir, hvetjandi starfsumhverfi og jafnrétti
4. Áhrif til framtíðar og ávinningur fyrir samfélagið

Framsækið og spennandi nám

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands miðar að því að styrkja nemendur til virkunar þátttöku í samfélaginu og aukinnar þekkingar, nýsköpunar og hagsældar innan atvinnugreina á sviðum háskólans. Áhersla er lögð á þróun náms og reglulega endurskoðun gæðaviðmiða, styrkingu þverfaglegs náms byggt á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og samþættingu náms við rannsóknir og nýsköpun. Stefnir er að fjölgun útskrifadra nemenda sem skila verðmætum, framsýni, þekkingu og áráðni út í samfélagið og eru eftirsóttir í atvinnulífinu.

Nemendur í hefðbundnu námi við Landbúnaðarháskóla Íslands eru nú um 400, þar af um 100 nemendur í meistara- og doktorsnámi, um 200 í grunnnámi og rúmlega 80 í starfsmenntanámi í búfræði. Auk þess stunda um 200 nemendur einingabært nám í Reidmanninum í gegnum Endurmenntun LbhÍ. Þá hefur Endurmenntun LbhÍ aukið til muna framboð einingabærra námskeiða og býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem á annað þúsund manns sækja á ári hverju. Tvær nýjar alþjóðlegar meistaranámsbrautir í umhverfisbreytingum á norðurlöndum og endurheimt vistkerfa hafa ásamt Erasmus+ samningum við fjölda háskóla í Evrópu leitt til vaxandi áhuga erlendra nemenda á að koma í meistaranám og skiptinám við Landbúnaðarháskólann.

Rannsóknir, nýsköpun og alþjóðlegt samstarf

Rannsóknir, nýsköpun og alþjóðlegt samstarf eru grunnurinn að framsækinni þróun og verðmætusköpun fyrir atvinnulíf og íslenskt samfélag. Áhersla er lögð á að tryggja gæði starfseminnar og að Landbúnaðarháskóli Íslands sé eftirsóttur samstarfsaðili. Afram verður lögð áhersla á að sækja fjármagn í samkeppnissjóði með áherslu á sjóði Evrópusambandsins og að efla hæfni starfsfólks til þeirrar sóknar.

Sókn í samkeppnissjóði hefur skilað nýju fjármagni til rannsókna og fleiri doktorsnemendum. Samhliða hefur birtum vísindagreinum í ritrýndum tímaritum fjölgað sem og skýrslum og álitgerðum sem eru unnar í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagaðila. Alþjóðlegt samstarf hefur styrkt til muna og er Landbúnaðarháskólinn aðili að UNIGreen, evrópsku samstarfsneti átta evrópskra lífvísinda- og landbúnaðarháskóla sem styður við enn frekari uppbyggingu á sviði kennslu, rannsókna, nýsköpunar og alþjóðasamstarfs.

Traustir innviðir, hvetjandi starfsumhverfi og jafnrétti

Innviðir háskólans eru annars vegar rekstrareiningar sem styðja við menntun, fræðslustarfsemi og rannsóknir og hins vegar stöðjónusta sem nauðsynleg er allri starfseminni. Áhersla er lögð á að tryggja góðan rekstur, sterka innviði og að háskólinn verði í fararbroddi með nýjan tækniástand. Þá er lögð áhersla á skilvirka og framúrskarandi stöðjónustu, að efla gæðamál, gera jafnréttismál sýnilegri, og tryggja hvetjandi og heilsuefandi starfsumhverfi. Á undanförunum misserum hefur rekstur verið í góðu jafnvægi og

býr Landbúnaðarháskólinn að öflugri og skilvirkri stöðjónustu. Metnaður hefur verið lagður í að tryggja góða vinnuástöðu fyrir nemendur og starfsfólk, og hvetjandi, öruggt og heilnæmt starfsumhverfi með jafnrétti og gæði í fyrirrúmi. Húsakostur hefur verið bættur í samvinnu við Framkvæmdasýslu-Ríkiseignir, en bryn þörf er á frekari umbótum bæði hvað varðar eldri friðaðar byggingar og nýrri skólabyggingar. Unnið er að undirbúningi nýrrar Jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri sem er mikilvæg eining til að tryggja framgang jarðræktar og tengdra greina.

Áhrif til framtíðar og ávinnings fyrir samfélagið

Landbúnaðarháskóli Íslands ber ábyrgð á að efla og miðla þekkingu og stuðla að verðmætusköpun á mikilvægum sviðum er varða umhverfi, samfélag, loftslagsmál, matvælaframleiðslu, skipulag, matvælaframleiðslu, náttúruverndar, loftslagsmála og skipulagsmála. Brynt er að rannsóknaraðilar, stjórnvöld, framleiðendur og aðrir hagaðilar standi saman um framþróun og aðgerðir sem miða að því að efla íslenskan landbúnað og fæðuöryggi, og tryggja jafnframt að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar og loftslagsmála. Uppbygging þverfaglegar nýsköpunar- og þekkingarmiðstöðvar sem styður við náttúru, sögu, menningu og samfélagið á Hvanneyri mun leiða saman þá aðila sem geta valdið straumhvörfum í stöðu Íslands á ofangreindum lykilsviðum.

Landbúnaðarháskóli Íslands hyggst vera í fararbroddi hvað varðar rannsóknir og hágæðanám á sviði sjálfbærrar nýtingar umhverfis og auðlinda. Námsumhverfi nemenda er í fyrirrúmi og góð aðstæða laðar fremstu vísindamenn víðs vegar að úr heiminum til samstarfs. Þannig styður Landbúnaðarháskólinn við markmið ríkisstjórnarinnar, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, einstaklingum, samfélagi og atvinnulífi til heilla.

Dr. Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor LbhÍ.

Bylting í byggkynbótum



Egill Gautason. Hrannar Smári Hilmarsson.

Eftir nokkurra ára hlé eru byggkynbætur aftur hafnar á Íslandi. Landbúnaðarháskóli Íslands hóf á vordögum samstarf um kornkynbætur við sænska samvinnufélagið Lantmännen.


Með opinberum stuðningi frá matvælaráðuneytinu. Samstarfið er byltingarkennt, þar sem nýjustu tækni verður beitt við úrval byggplantna. Nú er verkefnið komið á skrið og nýr stofn orðinn til þar sem kynbótamatið er að meðaltali hærra en á núverandi stofni. Hæsta kynbótamatið á einstaklingum í hinum nýja stofni er hærra en hjá einstaklingum með hæsta kynbóttagildið í núverandi stofni. Þetta segir okkur að vænlegir einstaklingar eru í hinum nýja stofni. Einstaklingar sem verður að prófa til sannreyningar aðferðafræðinnar við íslenskar aðstæður strax í vor.

Kynbætur fyrri ára

Plöntukynbætur hafa verið með svipuðu sniði í rúm hundrað ár. Þær fara þannig fram að kynbótamaður velur álitlegar foreldralínur sem hann víxlar. Afkvæmi eru síðan sjálfrjóvguð og sáð út í tilraun. Álitlegustu plönturnar eru valdar byggt á sjónrænu mati. Flestum plöntum er hent, en úrvalinu er fjölgað og þær prófaðar í dreifðum tilraunum. Það er nær ómögulegt að meta uppskerumagn þegar horft er á eina plöntu en auðveldara er að sjá og velja fyrir eiginleikum eins og skriði og strástyrk. Í dreifðum tilraunum er uppskera hins vegar mæld á áreiðanlegan hátt. Byggkynbætur á Íslandi tóku mið af uppskeru, rúmþyngd, þúsundkornaþyngd, skriðtíma og þurrefnishlutfalli við skurð. Lagðar voru út byggjarkjatilraunir víða um land með helstu yrkjum á markaði og úrvalskynbótalínur úr íslenska kynbótaverkefnum. Síðastliðin ár hefur tekist að halda þessum tilraunum áfram með styrkjum frá samkeppnissjóðum. Gögnin úr tilraunum síðustu áratuga eru gríðarlega verðmæt, til að mynda eru þau núna nýtt í erfðamengjaúrval.

Nýju aðferðirnar

Síðustu ár hafa nýjar aðferðir sem eiga sér uppruna í búfjárbótum rutt sér til rúms í plöntukynbótum. Helsta breytingin er að í stað þess að kynbótamaður ákveði með sjónrænu mati hvaða plöntum er hent og hverjum er haldið, þá er kynbótamat byggt á erfðagreiningum notað í staðinn. Yrki og kynbótalínur úr áralöngum tilraunum við LbhÍ og RALA hafa verið erfðagreindar. Þar með höfum við fyrrgreint gagnasafn af svipgerðagreiningum og erfðagreiningum fyrir þau yrki og línur sem hafa verið prófuð í tilraunum. Þetta gagnasafn er kallað þjálfunastofn. Slík gögn veita tækifæri til þess að reikna kynbótamat fyrir stakar plöntur byggt á erfðagreiningum. Í þessu felast mikil straumhvörf. Með því erfðagreina nýja kynslóð byggplantna, sem aldrei hafa



Tvíraða bygg í Gunnarsholti 2023.

litið dagsins ljós, hvað þá farið í dreifðar tilraunir víða um land, getum við fengið mat á frammistöðu þeirra við íslenskar aðstæður byggt á skyldleika þeirra við þjálfunastofninn. Plöntum sem fá hæsta kynbótamatið er haldið en öðrum hent. Í seinni kynslóðum sjálfrjóvgunar eru aðferðir þær sömu og hafa verið til þessa. Kynbótalínur er sáð í tilraunir víða um land þar sem uppskera og aðrir mikilvægir eiginleikar eru mældir.


Síðastliðið vor völdum við foreldralínur af íslenskum og norrænum uppruna til víxlana í kynbótahvelfingu Lantmännen í Svalöf, samkvæmt víxlunaráætlun okkar. Í raun eru um tvö kynbótaverkefni að ræða, annars vegar sexraða og hins vegar tveggjaraða bygg. Afkvæmi þessarar skipta þúsundum. Þau uxu upp og blaðsýni voru tekin og erfðagreind með örflögu.

Fyrsta erfðamengjaspá fyrir íslenskar plöntur

Tímamót urðu í sögu plöntukynbóta á Íslandi 7. nóvember síðastliðinn þegar niðurstöður erfðagreiningar bárust okkur. Þá var reiknað kynbótamat fyrir þrjá eiginleika; uppskeru (tonn þurrefnis / hektara), rúmþyngd (g/dL) og þurrefnishlutfall, sem er hið nýja kynbótamarkmið bygg kynbótaverkefnisins. Hver einstaklingur fékk kynbótateinkunn byggða á þessum þremur eiginleikum. Þar með var hægt að raða íslensku línunum í röð frá því besta (eða efnilegasta) til þess lakasta.

Nokkurt nýnæmi er fólgið í því að nú er notuð samsett kynbótateinkunn fyrir bygg á Íslandi. Þá er reiknað vegið meðaltal af stöðluðu kynbótamati fyrir eiginleikana þrjá. Vægið er 50% á uppskeru, 30% á þurrefnishlutfall og 20% á rúmþyngd. Þessi vægi eru ekki vísindalega ákvörðuð eins og stendur, en best væri að notast við hagræn vægi, líkt og gert er í nautgripærkt. Slík kynbótateinkunn byggð á hagrænu vægi skilar auknum ágóða til bænda. Þróun slíkrar kynbótateinkunnar kostar þó töluverða vinnu sem verður að ráðast í bráðlega.

Kynbótateinkunnin og erfðalegur skyldleiki línanna var síðan notaður til þess að útbúa víxlunaráætlun nýju kynslóðarinnar fyrir áframhaldandi stofnþróun. Nýja víxlunaráætlunin var útbúin með aðstoð svokallaðs kjörframlagaúrvals (e. optimum contribution selection).



Dreifing kynbótaeinkunnar íslensks byggs skipt eftir ræðgerð. Á myndinni sést dreifing hins upprunalega byggstofns, einnig kallaður þjálfunarstofn, og til samanburðar dreifing kynbótaeinkunnar hins nýja stofns sem vex upp í kynbótahævingum Lantmánninn í Svalöv á Skáni.

Kjörframlagaúrvalið er aðferð fræði sem á uppruna í búfjárrækt en hefur verið aðlöguð að plöntukynbótum. Tilgangur aðferðarinnar er að varðveita breytileika við úrval, þannig að erfðaframarar séu hámarkaðar til lengri tíma lítið. Það er því með nokkru stolti að við greinum hér frá því að verið er að beita nýjustu aðferðum í íslenskum plöntukynbótum.

Niðurstöður hermilíkana benda til þess að þær nýju aðferðir, sem notaðar eru, geti margfaldað hraða erfðaframarara miðað við það sem áður var. Því er það markmið okkar, að ný byggyrki líti dagsins ljós innan fárra ára.

Stjórnvöld skilja mikilvægi plöntukynbóta

Stjórnvöld gera sér grein fyrir mikilvægi plöntukynbóta. Um langt skeið hafa stjórnvöld styrkt búfjárbætur í gegnum búvörusamninga en ekki styrkt plöntukynbætur með beinum hætti. Nú virðist hafa orðið breyting þar á og stjórnvöld sjá að fjármögnun kynbótastarfs sé skynsamleg leið til að efla íslenskan landbúnað. Ýmiskonar afleiður ágóði er af kynbótaverkefnum. Þar er fyrst að nefna að byggja upp getu og hæfni til plöntukynbóta. Nær engin nýliðun hefur orðið í þeim ranni síðustu ár enda fór heil kynslóð fræðimanna á lífeyrisaldur án þess að tekið væri við keflinu. Með þeim gögnum og þeirri aðstöðu sem kynbótaverkefnið býr til getur íslenskt búvísindafólk tekið þátt í þeirri miklu tæknibyltingu sem er að verða í plöntukynbótastarfi. Þess ber að geta að kynbætur fyrir norrænar aðstæður eru ekki aðeins hagsmunamál fyrir Ísland. Heimsbyggðin öll hefur mikla þörf fyrir að aðlaga nýttjurtir og

búfé að breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga. Fyrirliggjandi er alvarleg staða í fæðuöflun heimsins. Sum landbúnaðarsvæði munu eyðast og önnur munu rýrna að gæðum og verða meira krefjandi. Enn önnur svæði munu verða hentugri til landbúnaðar. Til að fæðuframléiðsla heimsins nái að aðlagast er mikilvægt að flýta kynbótastarfi. Kornkynbætur fyrir íslenskar aðstæður er því dæmi um rannsóknarefni sem verður sífellt mikilvægara á heimsvísu.

Framkvæmd plöntukynbóta þarf að vera í gegnum skipulagðar jarðraktartilraunir sem þurfa að vera nákvæmar, vel undirbúnar, og með staðlaða sýnaúrvinnslu. Aðstaða til þessarar vinnu hefur aldrei verið sem best verður á kosið hér á landi.

Sem stendur er Jarðraktarmiðstöð Lbhí í svo döprum húsakosti að það er til skammar. Húsnæðið er ónýtt og heilsuspillandi og þar verður ekki unnið framur. Mikil eftirvænting er vegna fyrirhugaðrar byggingar nýrrar miðstöðvar til jarðraktarrannsókna á Hvanneyri.

En slík aðstaða er skilyrði fyrir framgöngu kynbótaverkefnisins. Auk þess yrði hún mikil lyftistöng fyrir íslenskar landbúnaðarrannsóknir sem hafa mátt standa höllum fæti. Ný aðstaða myndi laða að sér ungt fólk og fjármagn til frekar rannsókna og kennslu.

Starfsemi jarðraktarmiðstöðvar hefði það að markmiði að afla þekkingar um ræktun og miðla henni til bænda og annara hagaðila, þar með auka framleiðni á umhverfisvænan og hagrænt sjálfbæran hátt, íslenskum landbúnaði til heilla, Íslandi til dýrðar.

Egill Gautason, lektor í kynbótafræðum og Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrakt.

DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbíll
Burður 1280kg

TILBOÐSVERÐ 3.500.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

Lyftu á gæðum

CAT

KLETTUR

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is



SNOWEX®

VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðataeki sem endast.

MHG
VERSLUN

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

Tengsl milli fagurfræðilegrar birtingarmyndar borgarrýma og notkunar virkra samgöngumáta

Nýleg rannsókn um birtingarmynd borgarrýma á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt í ljós að bílmiðað umhverfi getur latt til notkunar virkra samgöngumáta, þ.e. að fara gangandi eða hjólandi vegna nauðsynlegra erinda.



Dr. Harpa Stefánsdóttir.

Til samantburðar eru vísbendingar um að borgarrými með mannmíðuð einkenni séu hvetjandi, en þau búa yfir mikilvægum fagurfræðilegum eiginleikum sem auka á ánægju þeirra sem fara um hjólandi eða gangandi.

Áskorun að sýna vísindalega fram á hlutdeild fegurðar

Upplifun fegurðar byggir á huglægu mati og er meðal óáþreifanlegustu eiginleika umhverfisins. Fagurfræði hefur verið skilgreind sem afleidd ástæða eða aukalegur tilgangur við að hafa áhrif á val samgöngumáta. Beinar ástæður eru tengdar virkni, eins og t.d. vegalengd eða þáttum sem hafa áhrif á hversu hagstætt er að komast leiðar sinnar. Það er því mikil áskorun að festa hendur á áhrif fegurðar á virka samgöngumáta á vísindalegan hátt. Hvernig fagurfræðileg gæði í hverfum skipta máli fyrir notkun virkra samgöngumáta hefur því skiljanlega fengið takmarkaða athygli í fyrri rannsóknum og því margt óljóst í því hvernig ætti að nálgast viðfangsefnið.

Bílmíðuð eða mannmíðuð borgarrými

Fræðileg skilgreining á bílmíðuð borgarrými tengist greiðum aðgangi með einkabílum, flæði þeirra og hraða. Þar sem bíllinn krefst mikils pláss, hafa innviðir fyrir bíla, bæði götur og bílastæði, tilhneigingu til að vera mjög víðfæðir og afgerandi



Umlykjandi götur í mannlegum mælikvarða hvetja fólk til að röla um og sinna erindum á leiðinni. Myndir/Harpa Stefánsdóttir

í borgarmyndinni. Bílmiðaðir áfangastaðir og nánasta umhverfi þeirra er hannað með aðgengi einkabílsins í forgangi. Sama á við um nánasta umhverfi íbúðarhúsnæðisins þar sem bílstjórar leggja upp að inngangi.

Mannmíðuð borgarrými vísa til mannlægs mælikvarða og endurspeglar forgang gangandi og hjólandi vegfarenda umfram bíla, þannig að götur fyrir rólega umferð bíla fái svipað eða minna pláss en innviðir fyrir gangandi og hjólandi. Rýmið fyrir framan íbúðarhúsnæðið og áfangastaðinn er skv. skilgreiningunni frátekið fyrir fólk og inniheldur örvandi einkenni fyrir skynfærni í nálægð, s.s. gróður og falleg sérkenni til að upplifa. Mannlegur mælikvarði tekur mið af því að umhverfið í nálægð sé uppörvandi fyrir hraða gangandi manneskju.

Fyrri rannsóknir hafa beinst að virkni innviða og notað magnbundnar aðferðir

Þótt fjarlægð frá áfangastað sé ein af mikilvægustu þáttunum til að hafa áhrif á líkurnar á því að velja að ganga eða hjóla þá er algengt víða að fara

stuttar vegalengdir á bíl. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, svo sem minni líkamleg áreynsla, bíllinn stendur klár fyrir utan dyrnar, veðurskilyrði eða hlutir sem þarf að bera. Það gæti líka verið afleiðing af bílmiðaðri borgarhönnun, en það var einmitt tilgangur umræddrar rannsóknar að festa hendur á þann þátt. Eigindlegar rannsóknaraðferðir, t.d. viðtöl, eru mikilvægar til að útskýra hvernig fagurfræðilegt gildismat getur haft áhrif á notkun virkra samgöngumáta. Þéttleiki byggðar (þ.e. fjöldi íbúa á flatarmálsseiningu) sem gjarnan leiðir til styttri vegalengda í þjónustu, segir lítið til um byggðamynstur, lögun borgarrýma eða það sem vegfarandi getur upplifað þegar hann ferðast um eftir götunum. T.d. getur háhýsabyggð leitt til hagstæðs þéttleika, en það þýðir ekki endilega að göturnar á jörðu niðri verði aðlaðandi fyrir gangandi og hjólandi.

Byggir á gögnum úr stærra rannsóknarverkefni

Rannsóknin byggir annars vegar á túlkun á rannsóknarviðtölum viðmælenda af höfuðborgarsvæðinu varðandi ferðir þeirra til að sinna



Tilhneiging er til að koma á bíl á bílmiðaða áfangastaði, þrátt fyrir örstutt göngufæri.

nauðsynlegum erindagjörðum í nærumhverfinu, s.s. verslun og þjónustu, og hins vegar eigindlegum greiningum á líklegustu leiðinni sem farin er í matvöruverslun meðal 137 svarenda úrtaks við könnun. Úrtakið tekur til þeirra sem hafa minna en 1 km í lágvöruverslun s.s. Bónus eða Krónuna. Vegalengdina ætti því að vera hægt að ganga á innan við 10-12 mínútum, a.m.k. hluta af þeim innkaupaferðum sem eru farnar. Bornar voru saman leiðir annars vegar þeirra sem keyra undantekningarlaust þrátt fyrir stutta vegalengd og hins vegar þeirra sem ferðast flestra ferða með virkum samgöngumátum. Úrtakið sem er skoðað er fundið meðal 1.146 svarenda við könnun sem send var til 10.000 manns á öllu höfuðborgarsvæðinu og tilheyrir stærra verkefni. Niðurstöður leiddu í ljós tilhneigingu til að fara stuttar vegalengdir akandi þar sem umhverfið var mjög bílmiðað, en fara frekar gangandi eða hjólandi þar leiðir sem voru gegnum mannmíðuð borgarrými.

Greindar voru fjórar tegundir samspils milli tegundar borgarrýmis og notkunar

Niðurstöður úr túlkun viðtalanna leiðir til fjögurra tegunda samspils milli borgarrýmisins og notkunar virkra samgöngumáta.

Í fyrsta lagi nota viðmælendur alls staðar á höfuðborgarsvæðinu opin græn svæði (skilgreind sem mannmíðuð í rannsókninni) til að komast erindagjörða í verslun eða þjónustu, en þá er ferðin samofin ósk um að fá hreyfingu og að njóta útsýnis eða náttúru í leiðinni. Leiðirnar virðast oftast ekki umtalsvert lengri en sú stýsta á áfangastaðinn.

Í öðru lagi er um að ræða umlykjandi götur í mannlegum mælikvarða sem eru með tíðum takti breytinga fyrir augað, svo sem smærri litríkum húsum með fjölbreyttu þjónustuframboði og gluggum sem snúa oftast beint út á götu. Þegar viðmælendur röltu um þessar götur var tilhneigingin sú að sinna ýmsum erindum á leiðinni. En rölt er skilgreint sem hægari tegund göngu, en ef tilgangurinn er eingöngu að komast milli staða.

Í þriðja lagi benda niðurstöðurnar til þess að bílmiðaðar leiðir víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu, séu notaðar af sumum vegna góðrar virkni þeirra á meðan aðrir velja að fara frekar keyrandi. Dæmi um góða virkni eru samfelldar og öruggar göngu- og hjólaleiðir meðfram götum, ásamt undringöngum eða brúum.

Í fjórða lagi kemur fram að í þeim tilfellum sem ferðast er með virkum ferðamátum er tilhneiging til að forðast yfirgnæfandi bílmiðaða áfangastaði, s.s. risastórar matvöruverslanir með stórum bílastæðum fyrir framan,

og velja mannmíðuð áfangastaði í staðinn þar sem það er mögulegt.

Nýnæmi að skoða heilt borgarsvæði

Með því að nota allt höfuðborgarsvæðið gafst möguleiki á að kanna hvernig fagurfræðilegt mat hefur áhrif á notkun virkra samgöngumáta í mismunandi hverfum, s.s. úthverfum og miðbæjum sveitarfélaganna. Niðurstöðurnar benda til skýringa á því hvernig fagurfræðileg sjónarmið eru tekin til greina og hafa áhrif á fólk til að velja mannmíðuð áfangastaði í stað bílmiðaðra þar sem það er mögulegt. En slík áhrif koma einkum fram í miðbæ Reykjavíkur og eldri hluta Hafnarfjarðar þar sem fjölbreytileiki í gerð borgarrýma og í verslun og þjónustu er að finna innan lítills radíuss, auk einstakra úthverfasvæða s.s. Hóláhverfi í Reykjavík og í Árbæ. Akstur í samgönguskyni er algengastur meðal fólks sem býr í úthverfunum skv. gögnum þessarar rannsóknar, þar sem líklegasta leiðin virðist yfirleitt mjög bílmiðuð. Notkun grænna svæða kann eftir sem áður að gegna mikilvægu hlutverki í að stuðla að tilfallandi virkum ferðum samofnum með ósk um hreyfingu eða til að njóta náttúru í úthverfum.

Heildrænni skipulagshugsun nauðsynleg til að stuðla að virkum samgöngumátum

Nálgun þessarar rannsóknar varpar ljósi á hvernig undirliggjandi skipulagshugmyndafræði eins og einkabíladrífín nálgun módermsmans hefur áhrif á heildar birtingarmynd borgarrýmanna og fagurfræðileg gæði þeirra. Sýnt er fram á að tengt hönnun og skipulagi byggðar, er ekki hægt að hvetja til notkunar virkra samgöngumáta með því að einblína eingöngu á hönnun innviða.

Höfundar greinarinnar kalla því eftir breytingu í átt að heildrænni og þverfaglegri nálgun á því hvernig hönnun umhverfisins getur haft áhrif á notkun virkra samgöngumáta. Það er því þörf á frekari rannsóknum til að varpa ljósi á hvernig skipulagshugmyndir og staðarhönnun hafa áhrif.

Efni rannsóknarinnar bíður birtingar snemma næsta árs í alþjóðlega vísindatímaritinu *Journal of Urbanism: International Research on Placemaking and Urban Sustainability*. Meðhöfundar undirritaðar eru Petter Næss, prófessor emeritus við NMBU (Umhverfis- og lífvísindaháskóla Noregs), Jukka Heinonen, prófessor við HI og Michał Czepkiewicz, dósent við Poznań háskólann í Póllandi.

Dr. Harpa Stefánsdóttir, prófessor í skipulagsfræði.

Við tökum gamla bílinn upp á

500.000 kr.

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan, öruggan bíl, sérmerktan á plani. Aðeins er tekinn 1 bíll uppí hvern nýlegan notaðan bíl. Þinn gamli þarf að vera með fulla skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má ræða aðra dila.*



SsangYong Rexton '20, beinskíptur, ekinn 52 þús.km. Verð: 5.990.000 kr.



Peugeot 3008 '15, sjálfskíptur, ekinn 65 þús.km. Verð: 1.850.000 kr.



SsangYong Tivoli dlx '18, sjálfskíptur, ekinn 20 þús.km. Verð: 2.890.000 kr.



Toyota C-HR C-LUB '21, sjálfskíptur, ekinn 84 þús.km. Verð: 3.490.000 kr.



SsangYong Korando '19, sjálfskíptur, ekinn 101 þús.km. Verð: 2.950.000 kr.



Jeep Compass S '21, sjálfskíptur, ekinn 74 þús.km. Verð: 4.490.000 kr.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá!

Sjáðu fleiri bíla á notadir.benni.is

Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bilabúð Benna
Notaðir bílar

LESENDARÝNI

Fyrirtæki og nærsamfélagið

Síðustu ár hefur umræða um samfélagslegt hlutverk fyrirtækja orðið sífellt meira áberandi.



Gunnar Egill Sigurðsson.

Meiri kröfur eru gerðar til fyrirtækja en bara að veita þjónustu og skila hagnaði. Meira að segja höfðustu fjárfestar taka umhverfis- og samfélagsstefnu fyrirtækja með í reikninginn þegar teknar eru ákvarðanir um kaup eða sölu á hlutabréfum. Fyrirtæki eru hins vegar misjöfn og það sama á við um samfélagsleg áhrif þeirra.

Verslanir Samkaupa er að finna víða um landið. Við reukum ekki aðeins verslanir í höfuðborginni og stærstu bæjum landsins, heldur reukum við einnig verslanir í byggðarlögum þar sem aðrar keðjur telja ekki hagkvæmt að vera. Þetta felur í sér áskoranir og rekstur sumra verslana er á stundum í járnnum, svo það sé nú bara sagt hreint út.

Fastur kostnaður við rekstur verslunar er um margt sá sami hvort sem hún er á höfuðborgarsvæðinu eða í fámennari byggðum landsins. Fyrir utan flutningskostnað eru laun þau sömu, vöruskostnaður sömuleiðis og einnig skattar og gjöld. Veltan er hins vegar oft mun minni og sveiflukennari. Rekstur sumra verslana á landsbyggðinni gengur aðeins upp vegna innlendra og erlendra ferðamanna yfir sumarmánuðina.

Við viljum gera það sem þarf til að halda verslunum í þessum byggðarlögum gangandi. Verslun er mikilvægur innviður í hvaða byggðarlagi sem er. Þær skapa atvinnu, en það er líka mikilvægt fyrir lífvænleika samfélaga að þar sé hægt að kaupa nauðsynjavörur án þess að keyra til þess lengri leið í aðra bæi. Þetta þekkir best það fólk sem býr á stöðum þar sem verslun hefur lagst af.

Meðal þess sem við höfum gert til að mæta þörfum nærsamfélaga okkar er vildarkerfi, sem við settum á markað um mitt ár 2021.

Þar fá vildarvinir fríðindi og aðgang að sértilboðum. Þessu hefur verið gríðarlega vel tekið um allt land og eru nú um 70 þúsund

viðskiptavinir okkar skráðir í vildarkerfið. Með því að nýta sér vildarkerfið fá viðskiptavinir 2% afslátt af matarkörfunni sem þýðir að helstu nauðsynjavörurnar eru þannig á lágsta verði sem völ er á á landinu. Má þar nefna ávexti og grænmeti, mjólkurvörur, helstu þurrvörur og ekki má gleyma jólakjötinu og meðlætinu.

En okkur finnst ekki nóg að reka bara verslanir. Við viljum hafa meiri jákvæð áhrif á samfélagið okkar og fólk sem þar býr. Eitt dæmi um slíkt er verkefnið Mataraðstoð gegn matarsóun, sem hófst á síðasta ári og hefur þegar skilað verulegum árangri.

Verkefnið hófst þannig að fimm verslanir okkar gáfu 60-70 kassa á hverjum degi til Hjálpræðishersins. Þar er maturinn nýttur til þess að elda heitar og næringarríkar máltíðir sem eru gefnar áfram til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Í dag er verkefnið í átta verslunum og gefur allt að 300 manns að borða daglega. Það besta við þessi verkefni er að við erum að minnka sóun um leið og við hjálpum fólk í neyð. Þetta er verkefni sem við viljum virkja í fleiri verslunum og víðar um landið.

Til að vinna markvisst að bættum árangri hefur verið innleiddur umhverfisstjórnunarhugbúnaður frá Klöppum, en hugbúnaðurinn gerir okkur kleift að vakta og greina alla helstu umhverfisþætti í starfsemi og vinna að lágmarkun umhverfisáhrifa. Vöktunin nær til allra verslana og starfsstöðva Samkaupa.

Við höfum sömuleiðis skipt út kælikerfum, sem minnkar raforkunotkun og dregið verulega úr allri notkun plast í verslunum okkar. Eins ætlum við að nota lífrænan úrgang sem fellur til hjá okkur til moltugerðar, sem mun nýtast bændum víða um landið í verkefninu Samkaup fyrir grænna Ísland.

Við hjá Samkaupum erum öll af vilja gerð til að verða enn betri þegn í okkar nærsamfélögum og ef lesendur Bændablaðsins hafa hugmyndir um það hvernig við getum gert betur þá get ég lofað að þeim verður vel tekið!

Gunnar Egill Sigurðsson,
forstjóri Samkaupa.

Bændablaðið www.bbl.is

Nú mega jólin koma...
full búð af góðum gjöfum fyrir alla!

www.kb.is

BÚREKSTRARDEILD
BORGARNES

BETRA FÝRIR ÞIG, VÉLINA ÞÍNA OG NÁTTÚRUNA

ASPEN 2 5L e
ASPEN 4 5L e

ASPEN
FUEL FOR PROFESSIONALS

Finndu þinn söluaðila á www.aspenfuels.is

ASPEN
FUEL FOR PROFESSIONALS

Snjallar lausnir



Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is

Framkvæmdarsvæði

Við bjóðum margar góðar lausnir á aðstöðu fyrir starfsmenn og stjórnendur á framkvæmdarsvæðum. Auðvelt og fljótlegt er að setja upp skrifstofur, gísteiningar og salerni í stærðum og gerðum sem hentar best hverju einstaka verkefni.

Stólpi Gámar

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS



Staka frá Stuðlum.



Oktavía frá Feti.



Skíma frá Kvistum.



Gifting frá Hofi I.



Alfa frá Blesastöðum 1A.



Gróska frá Dallandi.



Vissa frá Holtsmúla 1.



Ólafía frá Lækjamóti.

Hryssur sem hlutu heiðursverðlaun haustið 2023

Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslenska hestinn var reiknað eftir alla dómara ársins í lok október 2023 og birt í WorldFeng. Þar kom í ljós að 11 hryssur á Íslandi hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Mikill fjöldi hryssna hefur náð þessum árangri síðastliðin ár m.a. vegna breytinga í útreikningi á kynbótamati en svo virðist sem kerfið sé að komast í vissst jafnvægi. Ef að líkum lætur mun þó kynbótamat keppniseiginleika líta fljótlega dagsins ljós og verður áhugavert að sjá hvaða breyting sú innleiðing mun hafa á niðurstöður kynbótamats þeirra eiginleika sem dæmdir eru á kynbótasýningum en áhrif keppnisdóma verður í gengum erfðastuðla.



Elsa Albertsdóttir.

Viðmið heiðursverðlauna hryssna er að þær hafi að lágmarki 116 stig í aðaleinkunnum kynbótamats og eigi að minnsta kosti 5 dæmd afkvæmi. Röðun hryssna er samkvæmt aðaleinkun kynbótamats en í ár eru það þrjár hryssur sem hljóta viðurkenningu byggt á kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs. Hér á eftir verður fjallað um þessar hryssur og dómsorð afkvæma, auk Þráns frá Flagbjarnarholti sem náði fyrstu verðlaunum fyrir afkvæmi.

Verona frá Árbæ

Efta hryssan árið 2023 og þar með Glettubikarhafinn, er Verona frá Árbæ. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Aroni frá Strandarhöfði og Vigdís frá Feti. Ræktandi Veronu er Gunnar Andrés Johannsson og eigandi Marianna Gunnarsdóttir.

Verona er með 126 stig í kynbótamati aðaleinkunnar en hún á 12 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,30 í aðaleinkun og eru 6,4 ár að aldri.

Dómsorð afkvæma: Verona frá Árbæ gefur stór hross. Höfuðið er skarpt með vel opin augu en merarskál. Hálsinn er grannur með klipna kverk. Bakið er burðugt með öflugum lend og samræmið jafnvægisgott og hlutfallarétt. Fætur eru þurrir með mikil sinaskil en geta verið nágegngir bæði að framan og aftan. Hófar eru úrvalsgóðir, efnisþykkir með hvelfdan botn en þróðleiki er alla jafna ekki mikill. Töltið er skrefmikið, brokkið takthreint en getur verið ferðlítið. Skeiðið er öruggt og skrefmikið. Stökkið er mjúkt en getur verið

sviflítið bæði á hægu og greiðu, fetið er takthreint en vantar stundum framtak. Verona gefur myndarleg alhliðahross með fínlegan framtak og mjög gott samræmi sem fara vel á gangi og eru þjál í reið. Verona hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

Staka frá Stuðlum

Hryssan í öðru sæti er Staka frá Stuðlum. Hún er undan Akk frá Brautarholti heiðursverðlaunahryssunni Þernu frá Arnarhóli. Ræktendur hennar og eigendur eru Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson. Staka er með 124 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkun en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm upp á 8,28 að meðaltali og er meðalaldur þeirra við sýningu 5,2 ár.

Dómsorð afkvæma: Staka frá Stuðlum gefur stór hross. Afkvæmin eru myndarleg á höfuð, vel opin augu og með beina neflínu. Hálsinn er reistur og hátt settur, með hvelfdan yfirlínu en bógar geta verið beinir. Bakið er breitt og vöðvafyllt, og lendin er öflug. Afkvæmin eru sívöl og fótahá með sterklega fótagerð en réttleiki er ekki góður. Hófar er vel lagaðir með hvelfdan botn og þykka hæla. Afkvæmin eru öll nema eitt alhliðahross. Tölt er brokk er skrefmikið og lyftingargott, en brokkið getur skort ferð og öryggi. Skeiðið er jafnan gott og getur verið úrval, skrefmikið og ferðmikið. Stökkið er rúmt og hæga stökkið er gott. Þróðleiki og fet eru afar misjöfn að gæðum. Staka gefur stór og afar myndarleg hross sem eru þjál í vilja og fara mjög vel í reið með góðum fótaborði. Staka hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Oktavía frá Feti

Hryssan í þriðja sæti er Oktavía frá Feti. Hún er undan Burkna frá

Feti og Ófeli frá Gerðum. Ræktandi hennar er Brynjar Vilmundarson en eigendur eru Þormar Andrésón og Ævar Örn Guðjónsson. Oktavía er með 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkun en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,24 aðaleinkunnar og voru þau sýnd við meðalaldur 5,8 ár.

Dómsorð afkvæma: Oktavía gefur hross í meðalstærð. Höfuðið er skarpt með vel borin eyru. Hálsinn er reistur og grannur. Baklínan er fremur góð og lendin öflug, afkvæmin eru samræmisgóð, sívöl og hlutfallarétt. Fætur eru ekki sterklegir og fremur nágegngir. Hófar hafa hvelfdan botn og þróðleiki er um meðallag. Afkvæmin eru flest klárhross með úrvalstölt bæði á hægu og hröðu. Það er takthreint, rúmt og hágennt en misskrefgott. Brokkið takthreint með góðri skreflengd og fótaborði. Aðeins eitt afkvæmanna er vel vakurt. Greiða stökkið er ferðmikið með góðum fótaborði og sama á við um það hæga. Fetid er takthreint. Oktavía gefur fínleg, framfalleg og léttbyggð hross sem að uppistöðu eru klárhross. Þau fara glæsilega í reið með mikinn vilja og þjálmi. Oktavía hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.

Skíma frá Kvistum

Hryssan í fjórða sæti er Skíma frá Kvistum. Hún er undan fyrstu verðlaunahestinum Kráki frá Blesastöðum 1A og Skálm frá Berjanesi. Ræktandi hennar og eigendur eru Kvistir ehf. Skíma er með 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkun en hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,09 aðaleinkunnar og voru þau sýnd við meðalaldur 5,6 ár.

Dómsorð afkvæma: Skíma gefur hross í meðalstærð. Höfuðið er meðalfrítt en hálsinn góður með frekar skásetta bóga. Bakið er burðugt, breitt og vöðvafyllt, samræmið hlutfallarétt og jafnvægisgott. Fætur eru þurrir en stundum grannir en lítið snúnir. Hófar eru fremur efnismiklir með hvelfdan botn og vel lagaðir. Þróðleiki er í meðallagi en nokkuð misjafn. Afkvæmin eru bæði klár- og alhliðageng, ef skeiðið er til staðar er það nokkuð skrefgott en skortir svif. Töltið er takthreint léttstígt og með

góðri lyftu, bæði á hægu og greiðu. Brokkið er takthreint og fjaðrandi með góðum fótaborði, greiða stökkið er skrefgott og það hæga takthreint, léttstígt með góðri fótlyftu. Fetid er takthreint en skrefstærð misjöfn. Skíma gefur framfalleg léttstígt hross með góða yfirlínu. Þau fara afar vel í reið með góðum fótaborði, bæði viljug og þjál. Skíma hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.

Gifting frá Hofi I

Hryssan í fimmta sæti er Gifting frá Hofi I. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Hágang frá Narfastöðum og Vöku frá Hofi I. Ræktandi hennar og eigandi er Þorlákur Örn Bergsson. Vaka er með 118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunnar en hún á 11 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,23 í aðaleinkun og voru þau sýnd við meðalaldur 5,6 ár.

Dómsorð afkvæma: Gifting frá Hofi gefur hross í rúmu meðallagi. Höfuðið er skarpt með vel opin augu, hálsinn er langur með góða yfirlínu en reising og setning er misgóð. Bakið er burðugt með öflugum lend en hún getur verið gróf. Afkvæmin eru langvaxin og sívalvaxin en stundum brjóstjúp. Fætur eru þurrir og fremur öflugir en geta verið nágegngir bæði að framan og aftan. Hófar hafa hvelfdan botn, þróðleiki er í góðu meðallagi. Afkvæmin eru alhliðageng með rúmt tölt sem er misskrefgott, hæga töltið hefur góðan fótaborð. Brokkið er takthreint. Skeiðið er allajafna gott en vantar stundum svif. Greiða stökkið er ferðmikið en hæga stökkið skortir svif. Gifting frá Hofi gefur viljug og þjál alhliðahross sem fara vel í reið með góðum höfuðburði. Gifting hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fimmta sætið.

Alfa frá Blesastöðum 1A

Hryssan í sjötta sæti er Alfa frá Blesastöðum 1A. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Orra frá Þúfu og Blúndu frá Kílhrauni. Ræktandi hennar er Magnús Trausti Svavarsson en eigandi er Ingjald Ám. Blúnda er með 117 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkun en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,03

í aðaleinkun og voru þau sýnd við meðalaldur 5,2 ár.

Dómsorð afkvæma: Alfa gefur afkvæmi undir meðallagi að stærð. Höfuð að jafnaði svipgott en oft heldur gróft. Hálsinn er yfirleitt hátt settur með háum herðum en yfirlína fremur bein. Bakið er oftast vöðvafyllt en stundum fremur svagt, lendin er misjöfn, stundum gróf en öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt og jafnbola. Fætur eru þurrir en sinaskil fremur lítil. Réttleiki misjafn en flest afkvæmin eru nágegng að aftan. Hófar góðir með hvelfdum botni. Þróðleiki slakur. Töltið er takthreint, rúmt og með góðri fótlyftu. Gæði brokksins getur brugðið til beggja átta, en þegar það er gott er það skrefmikið og rúmt. Þegar skeið er til staðar er það ferðmikið og taktgott en það er tveir vefringar í hópnun. Stökkið er hátt og ferðmikið, en hæga stökkið fremur sviflítið. Afkvæmin eru áskæin í vilja og fara vel í reið með miklum fótaborði. Alfa hlýtur heiðursverðlaun og sjötta sætið.

Gróska frá Dallandi

Hryssan í sjöunda sæti er Gróska frá Dallandi. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Huginn frá Haga I og Gnótt frá Dallandi. Ræktendur hennar eru Gunnar og Þórdís en eigandi Hestamiðstöðin Dalur ehf. Gróska er með 116 stig í kynbótamati aðaleinkunnar en hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,18 í aðaleinkun og voru þau sýnd við meðalaldur 6,2 ár.

Dómsorð afkvæma: Gróska gefur stór hross. Höfuð er svipgott og eyrun vel borin. Hálsinn er langur og reistur við háar herðar. Bakið hefur að jafnaði góða yfirlínu og lendin er öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt. Sinar eru öflugar og réttleiki góður. Hófar eru efnismiklir, með þykkum hælum og hvelfdum hófbotni. Þróðleiki yfirleitt mikill. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross. Töltið er rúmt með góðri fótlyftu. Brokkið er takthreint og rúmt með góðri fótlyftu. Þegar skeið er til staðar er það rúmt, skrefmikið og öruggt. Stökkið er rúmt, skrefmikið og með góðri fótlyftu. Hæga stökkið er oft fremur sviflítið en með góðri fótlyftu. Fetid er misgott, tvö afkvæmanna hafa úrvalsgott fet.



Gerpla frá Hólabaki.

Afkvæmin eru viljug og þjál og fara vel í reið með góðum fótaborði. Gróska hlýtur heiðursverðlaun og sjöunda sætið.

Vissa frá Holtsmúla 1

Hryssan í áttunda sæti er Vissa frá Holtsmúla 1. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Orra frá Þúfu og Vöku frá Arnarhóli. Ræktendur og eigendur eru Miðsitja ehf, Ása Hreggviðsdóttir & Birgir Ellert Birgisson. Vissa er með 116 stig í kynbótamati aðaleinkunnar en hún á 16 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,05 í aðaleinkunn og voru þau sýnd við meðalaldur 6,2 ár.

Dómsorð afkvæma: Vissa gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuð lýtalaust með beinni neflínu. Hálsinn yfirleitt grannur og reistur. Baklína oftast góð, lendin misjöfn, stundum aðeins gróf. Afkvæmin eru hlutfallarétt og fótahá. Fótagerð og réttleiki í meðallagi. Hófar með þykkum hælum en geta verið heldur víðir. Prúðleiki í meðallagi. Töltið er taktgott, skrefmikið með góðri fótlyftu. Brokkið er oftast taktgreint og með góðri fótlyftu. Afkvæmin eru öll, nema eitt, vel vökur. Stökkið yfirleitt rúmt og taktgott. Fetid er taktgott en stundum fremur skrefstutt. Afkvæmin eru þjál og með góða framhugsun. Fegurð í reið einkennist af góðum fótaborði. Vissa hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og áttunda sætið.

Ólafía frá Lækjamóti

Hryssan í níunda sæti er Ólafía frá Lækjamóti. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Aðli frá Nýjabæ og Rauðhettu frá Lækjamóti. Ræktandi hennar og eigandi er Sonja Línal Þórisdóttir. Ólafía er með 114 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 121 stig í kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs. Hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 7,94 í aðaleinkunn og voru þau sýnd við meðalaldur 5,4 ár.

Dómsorð afkvæma: Ólafía gefur mjög stór hross. Höfuð er svipgott og eyru fínleg en stundum aðeins djúpir kjálkar. Hálsinn er reistur og langur. Bakið er breitt og vöðvafyllt og lendin öflug. Afkvæmin eru fótahá og sívalvaxin. Fótagerðin er traust og réttleiki yfirleitt góður. Hófar prýðilegir með hvelfdum botni. Prúðleiki yfirleitt yfir meðallagi.



Katla frá Steinnesi.

Afkvæmi Ólafíu er klárhross. Töltið er taktgreint, skrefgott með góðri fótlyftu. Brokkið er skrefmikið og taktgreint. Stökkið er rúmt og skrefmikið en hæga stökkið er sviflítið. Fetid er taktgreint og skrefmikið. Afkvæmin eru viljug og fara vel í reið. Ólafía hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og níunda sætið.

Gerpla frá Hólabaki

Hryssan í tíunda sæti er Gerpla frá Hólabaki. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Gusti frá Hóli og Eldingu frá Hólabaki. Ræktandi hennar og eigandi er Björn Magnússon. Gerpla er með 113 stig í kynbótamati aðaleinkunnar og 118 stig í kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs. Hún á 14 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,11 í aðaleinkunn og voru þau sýnd við meðalaldur 6,6 ár.

Dómsorð afkvæma: Gerpla gefur stór hross. Höfuð er með beinni neflínu og vel opnum augum en eyrun stundum aðeins gróf. Hálsinn er langur og reistur. Eitt afkvæmanna hefur framhallandi baklínu en annars er baklína góð og lendin oftast öflug. Afkvæmin eru langvaxin og sívöl. Fótagerðin í meðallagi en sinaskil eru stundum lítil. Réttleiki heldur slakur en flest afkvæmanna eru nágeng. Hófar yfirleitt efnistraustir. Prúðleiki heldur slakur með einni undantekningu þó. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross þó sum þeirra tæpi á skeiði. Töltið er skrefgott með góðri fótlyftu, það sama má segja um brokkið. Greitt stökk er ferðmikið og teygjagott og bæði hægt og greitt stökk eru með góðri fótlyftu. Fetid er taktgreint og skrefgott. Afkvæmin eru viljug og fara vel í reið, með mikilli reisingu og fallegum fótaborði. Gerpla hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og tíunda sætið.

Katla frá Steinnesi

Hryssan í ellefta sæti er Katla frá Steinnesi. Hún er undan Gammi frá Steinnesi og Kylju frá Steinnesi. Ræktandi hennar er Magnús Jósefsson og eigandi er Ágúst Þór Jónsson. Katla er með 113 stig í kynbótamati aðaleinkunnar en 118 stig í kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs. Hún á 16 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm að meðaltali 8,03 og voru þau sýnd við meðalaldur 5,6 ár.

Dómsorð afkvæma: Katla frá Steinnesi gefur frekar stór hross. Höfuð er svipgott og eyru fínleg. Hálsinn er hátt settur við háar herðar og skásetum bógum. Baklína er góð og lendin öflug.

Afkvæmin eru fótahá og yfirleitt hlutfallarétt. Fótagerð er traust en réttleiki tæpur, afturfætur nágengir og framfætur snúnir. Hófar eru með hvelfdum botni en efni í meðallagi. Prúðleiki er góður. Afkvæmi Kötlu eru klárhross að upplagi þó eitt þeirra sé sæmilega vakurt. Töltið er taktgott með góðri fótlyftu. Brokkið er lyftingagott en rými í meðallagi. Stökkið er með góðri fótlyftu en stundum sviflítið. Fetid er misgott en oft skrefmikið. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaborði og framhugsun. Katla hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og ellefta sætið.

Þráinn frá Flagbjarnarholti

Þráinn frá Flagbjarnarholti hlýtur nú viðurkenningu fyrir fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi. Hann er undan heiðursverðlaunahrossunum Álfri frá Selfossi og Svartsdótturinni Þyrlu frá Ragnheiðarstöðum. Ræktendur Þráins er Jaap Groven og eigandi Þráinsskjöldur ehf. Þráinn er með 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar og 16 dæmd afkvæmi. Meðaltal aðaleinkunnar sýndra afkvæma er 8,07 og eru þau afar ung að árum 4,6 ára að meðaltali.

Dómsorð afkvæma: Þráinn frá Flagbjarnarholti gefur fremur stór hross. Höfuðið er skarpt með beina neflínu og vel borin eyru sem eru stundum gróf. Hálsinn er reistur og grannur við háar herðar. Bakið er með nokkuð góða baklínu, vöðvafyllt og lendin löng. Afkvæmin eru samræmisgóð, bolurinn jafn og sívalur og framhæð og fótahæð góð. Fætur eru réttir, þurrir með fremur góð sinaskil og öflugar sínar. Hófar eru efnisgóðir með hvelfdan botn, prúðleiki er í meðallagi.

Afkvæmin eru bæði klár- og alhliðahross en vekurðin er ekki mikil enn sem komið. Töltið er skrefmikið með góðum fótaborði. Brokkið, hæga og greiða stökkið er skrefmikið. Fetid er taktgreint. Þráinn gefur myndarleg og samræmisgóð hross sem fara vel í reið bæði skrefmikil og með góðum fótaborði. Þau eru ung að árum en bæði viljug og þjál. Þráinn hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

ÖLL ALMENN MÚRVINNA

- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
- Flotun •
- Hleðslur •
- Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



781 7777

husrad@husradverktakar.is

Fjósbitar frá Andersbeton fyrir kýr og ungvíði.
Gólfplötur undir allar gerðir mjaltþjóna.
Flutt heim á býli.

Flatgryfjur og fylgihlutir, ss. yfir, hliðar og undirplast, fergingarnet, dekkjahringir og jöfnunarvarsar.

Rúlluplast bæði með og án meindýravarna, ss. vörn bæði fyrir fugli og músunum.
Rúllunet og bindigarn.
Verð á plasti og neti miðað við afhendingu á býli.

Haughrætur og dælur.

Litli Krummi ehf.
Benedikt Hjaltason
s.8946946
fjosbitar@simnet.is



Sniðug lausn!

Hafðu samband við okkur og fáðu allar nánari upplýsingar eða kíktu í heimsókn.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is




Geymslugámar með bílskúrshurð

Við bjóðum í fyrsta sinn hentuga 20 feta sérútbúna geymslugáma með bílskúrshurð sem auðveldar aðgengið mikið. Gámarnir eru hentug geymslulausn undir búslóðir, frístundatæki eða í raun hvað sem er. Komdu og skoðuðu.

Stólpi Gámar

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS



Forystuhrúturinn Frakki 20-895 frá Holti.

Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Utanhald um forystufé í Fjávís

Í lok síðasta árs var að mestu lokið við forritun á forystufjárhluta Fjávís þar sem lokið var við útreikninga á forystufjárhlutfalli, yfirlit yfir forystufé búans, möguleiki á skráningu á dómum á forystuhæfni og mati bónda á gripaupplýsingum forystufjár.

Auk þessa er hægt að taka út yfirlit yfir allt lifandi forystufé á landinu, staðsetningu þess og forystufjárhlutfall fyrir þá sem þurfa að vinna með slíkt.

Sjálfkrafa útreikningar á forystufjárhlutfalli í Fjávís er lykkillinn að því að halda utan um forystufjárstofninn til framtíðar. Til að hægt sé að reikna út forystufjárhlutfall gripa á réttan hátt þurfa upplýsingar um ætterni gripisins að vera réttar og að ekki séu göt í ættartré gripisins og að forfeður séu skráðir með rétt forystufjárhlutfalli.

Þar sem hingað til hefur ekki verið haldið með reglubundnum hætti utan um forystufé í gegnum skýrsluhaldið eru þau gögn sem voru inni í Fjávís þegar útreikningarnir voru virkjaðir ekki nægjanlega góð til að hægt væri að reikna rétt forystufjárhlutfall á alla gripi í kerfinu. Ástæðan er fyrst og fremst eins og áður var nefnt, göt í ætternisfærslum þessara gripa eða að hluti af forfeðrum gripisins hafa ekki verið skilgreindir sem forystufé í skýrsluhaldinu.

Með því að uppfæra skráningar á gripum sem hafa verið mikilvægir í ræktun forystufjárins í gegnum tíðina s.s. þeim forystufjárhrutum sem verið hafa í notkun á sæðingastöðvunum teljum við þó að náðst hafi utan um megnið af því forystufé sem er lifandi í dag og þar með að finna flest þau bú sem halda forystufé. Þar með er björninn þó ekki unninn því af ofangreindum ástæðum er reiknað forystufjárhlutfall þessara gripa ekki alltaf rétt og til þess að hægt sé nýta Fjávís sem tæki til utanhalds um íslenska forystufjárstofninn er mikilvægt að við náum að leiðrétta og uppfæra sem flesta lifandi gripi í kerfinu því það eru jú þeir sem munu leggja grunninn að næstu kynslóðum forystufjár.

Þegar talað er um forystufjárhlutfall erum við að tala um hversu stórt hlutfall af erfðavísu gripisins komi úr forystufjárstofninum. Þetta mat byggjum við á upplýsingum um forfeður gripisins. Lamb þar


sem báðir foreldrar eru skilgreindir sem hreinræktað forystufé myndi þá reiknast með 100% forystufjárhlutfall en lamb þar sem annað foreldri er hreinræktað forystufé en hitt ekki, reiknast þá aðeins með 50% forystufjárhlutfall. Réttar ætternisfærslur og skráningar eru því lykilatriði í að ná að halda utan um forystufjárstofninn. Gripur sem er undan hreinræktaðri forystuá en hefur ekki skráðan föður reiknast því eingöngu með 50% forystufjárhlutfall, þar sem við getum gengið að því vísu að allir gripir eigi tvo foreldra en við getum ekki gengið að því vísu að báðir séu forystufé ef upplýsingar vantar.

Það er því mikilvægt fyrir eigendur forystufjár að yfirfara sína gripi inn í Fjávís þannig að hægt sé að leiðrétta og uppfæra skráningar þannig að þeir fái rétt forystufjárhlutfall. Yfirlit yfir forystufé búans er hægt að sjá í skýrslunni „Forystufé“ sem finna má undir valmyndinni „Yfirlit“. Þar sést einnig hvert forystufjárhlutfall gripisins er í kerfinu. Mikilvægt er að láta vita af þeim gripum sem ekki hafa rétt forystufjárhlutfall eða ef einhverjir gripir koma alls ekki fram í yfirlitinu. Einnig er mjög mikilvægt að þeir sem af einhverjum ástæðum hafa valið að halda sínu forystufé utan skýrsluhaldsins láti skrá það inn í Fjávís þannig að það komi inn í skrásetningu á forystufjárstofninum.

Nú stendur yfir sérstakt átaksverkefni í að ná utan um forystufjárstofninn í landinu. Markmiðið er fyrst og fremst að ná vel utan um það forystufé sem er lifandi í dag þannig að hægt verði að nýta Fjávís til að halda utan um forystufjárstofninn til framtíðar og að það verði einfaldlega eðlilegur hluti af góðu skýrsluhaldi. Hægt er að senda tölvupóst með athugasemdum og ósk um leiðréttingar á netfangið forystufe@rml.is eða hafa samband í síma 5165000. Þeir starfsmenn sem fyrst og fremst munu aðstoða við leiðréttingar og skráningar á forystufé eru Árni B. Bragason, Guðfinna Harpa Árnadóttir og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir.

Erfðanefnd landbúnaðarins og Fræðasetur um forystufé hafa styrkt og stutt við þetta verkefni.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir,
verkefnastjóri Þróunar og verkefnastofu hjá RML.



Mynd 1. Kynbótamatíð fyrir „lifun kálfa“ og „gang burðar“ skiptist í átta undireinkunnir. Útbúnaðar hafa verið tvær samsettar einkunnir úr undireinkunnunum: Burður feðraáhrif og burður mæðraáhrif.

Kynbótamat fyrir „lifun kálfa“ og „gang burðar“

Kynbótamat fyrir tvo nýja eiginleika hefur nú litið dagsins ljós í skýrsluhaldskerfi nautgripa-ræktarinnar, Huppa.is, og á nautaskrá.is.

Eiginleikarnir sem var ræðir kallast „lifun kálfa“ og „gangur burðar“ og er matið þróað af Agli Gautasyni, lektor hjá Lbhl. Við vonumst til að birting þessa kynbótamats geti hjálpað okkur í baráttunni gegn allt of miklum kálfadauða í íslenska kúastofninum.

Mat fyrir lifun kálfa (LK) byggir á gögnum sem ná aftur til 2004 og flokkast mælingar í tvo flokka; dauðfæddir kálfar og kálfar sem fæðast lifandi. Í mati fyrir gang burðar (GB) eru til gögn frá árinu 2018 þegar byrjað var að safna upplýsingum um burðarerfiðleika í burðarskráningum gripa í Huppu og skiptist burðarerfiðleikaskráningin í fjóra flokka. Mat fyrir LK og GB skiptist í einkunnir fyrir 1) burð hjá 1. kálfs kvígum og 2) burði hjá eldri kúm. Að auki skiptist matið í einkunnir fyrir mæðraáhrif og feðraáhrif/bein áhrif. Ástæða þess er sú að við hvern burð fá tveir einstaklingar mælingu: Móðir kálfsins og kálfurinn sjálfur. Mæðraáhrif eru áhrif móður á burðinn en feðraáhrif/bein áhrif eru áhrif kálfsins á eigin fæðingu. Mat fyrir LK og GB skipist því í átta undireinkunnir: LK 1 feðraáhrif, LK 2 feðraáhrif, LK 1 mæðraáhrif, LK 2 mæðraáhrif, GB 1 feðraáhrif, GB 2 feðraáhrif, GB 1 mæðraáhrif og GB 2 mæðraáhrif.

Til þess að gera matið skýrara í framsetningu, meðal annars, eru auk þess birtar tvær samsettar einkunnir: Burður feðraáhrif (BFA) og burður mæðraáhrif (BMA) (sjá mynd 1). Samsettu einkunnirnar eru birtar á nautaskrá.is en í Huppu má sjá allar einkunnir með því að velja grip, flippann kynbótamat og svo allar einkunnir. Ef litið er til þessara einkunna hjá sæðinganautum lýsir BFA getu afkvæma nautanna til að fæðast lifandi og auðveldlega. Því hærri einkunn, því meiri líkur á að kálfar undan viðkomandi nauti fæðist vandkvæðalaust og lifandi. Ef horft er á þessar einkunnir hjá kúm gildir í raun það sama, hærri einkunn þýðir meiri líkur á að kálfar sem kýrin eignast fæðist lifandi og án átaka vegna áhrifa kálfsins á eigin burð. Einkunn fyrir BMA lýsir getu dætra nautanna til að eignast lifandi kálfa á auðveldan hátt. Því hærri einkunn, því meiri líkur á að dætur viðkomandi nauts muni bera lifandi kálfum án vandkvæða. Ef verið er að horfa á þessa einkunn



Þórdís Þórarinsdóttir.

Guðmundur Jóhannesson.

hjá kúm þýðir hærri einkunn meiri líkur á að kýrin beri lifandi kálfum vandkvæðalaust vegna eigin áhrifa á burðinn.

Mikilvægt er að hafa í huga að mat fyrir þessa eiginleika er spá fyrir gripi sem ekki hafa reynslu, eins og er raunin með allt kynbótamat ungra gripa. Hátt mat þýðir ekki að allir kálfar fæðist lifandi né heldur að lágt mat segi til um að allir kálfar fæðist dauðir. Matið segir til um ákveðnar líkur og lág einkunn þýðir þá meiri líkur á dauðfæddum kálfum og hátt mat minni líkur.

Nýju einkunnirnar eru ekki hluti af heildarkynbótáeinum gripa.

Nýting við bústjórn

Kynbótamat þessara eiginleika er hægt að hagnýta sér sem bústjórnartæki. Naut sem fá lágt mat fyrir BFA ætti sem dæmi að forðast að nota á kvígum og nota þau frekar á eldri kúr sem hafa borið einu sinni eða oftar. Á sama hátt er hægt að horfa á matið fyrir BMA á þann hátt að dætur nauta með hátt mat fyrir þann eiginleika eiga auðvelt með að fæða lifandi kálfa. Þannig er hægt að veita og meta eiginleikana saman til þess að minnka líkur á dauðfæddum kálfum. Kynbótamatíð á því að geta hjálpað okkur til þess að draga úr tíðni dauðfæddra kálfa.

Kálfadauði á Íslandi

Of mikill kálfadauði, sér í lagi hjá 1. kálfs kvígum, hefur verið viðvarandi vandamál í íslenska kúastofninum. Í gagnaskrá kynbótamatsins, sem nú spannar 20 ára tímabil aftur í

tímann, fæðast eingöngu 74% kálfa undan 1. kálfs kvígum lifandi. Í tilfelli kálfa sem fæðast við annan og þriðja burð er hlutfallið 91%. Engin ein skýring er á þessu vandamáli en ýmis umhverfisáhrif, s.s. bústjórn, virðast eiga stóran þátt. Árið 2021 birti RML skýrslu um þessi mál: „Kálfadauði hjá fyrsta kálfs kvígum“ en hana má finna á þessari vefsíðu <https://www.rml.is/is/kynbotastarf/nautgripaeraekt/fagrad-i-nautgripaeraekt/verkefni>.

Einhver hluti virðist þó vera erfðatengdur en arfgengi fyrir „lifun kálfa“ hjá 1. kálfs kvígum (LK 1) er 7-9%. Þá er erfðapróun LK 1 feðraáhrif neikvæð sem þýðir að aukning á kálfadauða er ekki einungis vegna umhverfisáhrifa heldur einnig erfðapátta. Vegna þessa veita LK 1 feðraáhrif og LK 1 mæðraáhrif 70% í samsettu einkunnum fyrir burð feðraáhrif (BFA) og burð mæðraáhrif (BMA).

Dæmi um naut með reynslu

Í meðfylgjandi töflu má sjá nokkur naut með reynslu og einkunnir þeirra fyrir samsettu einkunnirnar, BFA og BMA. Bolti 09021 og Dropi 10077 fá lágur einkunnir fyrir BFA en hlutfall lifandi fæddra kálfa undan þeim og 1. kálfs kvígum er undir meðallagi. Loki 12071, Ýmir 13051, Risi 15014 og Jötunn 17026 fá hins vegar góðar einkunnir fyrir BFA þar sem hlutfall lifandi kálfa undan þeim og 1. kálfs kvígum er yfir meðaltali.

Ef litið er á einkunn fyrir BMA fá Bolti 09021, Loki 12071 og Ýmir 13051 lágur einkunnir enda er hlutfall dætra þeirra sem eignast lifandi kálf við fyrsta burð undir meðaltali. Í tilvikinu Dropa 10077, Risa 15014 og Jötuns 17026 sýnt dæmið við og herra hlutfall dætra þeirra eignast lifandi kálfa við 1. burð. Einkunnir þeirra eru því hærri.

Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson,
ráðunautar á búffárræktar- og þjónustusviði.

	Burður feðraáhrif (BFA)	Hlutfall lifandi fæddra kálfa undan kvígum *	Burður mæðraáhrif (BMA)	Hlutfall lifandi fæddra kálfa undan dætrum við fyrsta burð **
Bolti 9021	72	69%	77	62%
Dropi 10077	84	69%	127	78%
Loki 12071	117	87%	82	70%
Ýmir 13051	127	82%	88	71%
Risi 15014	110	79%	121	81%
Jötunn 17026	120	78%	113	83%

* Hlutfall lifandi fæddra kálfa undan nautunum þar sem mæður eru fyrsta kálfs kvígur
** Hlutfall lifandi fæddra kálfa undan dætrum nautanna við þeirra fyrsta burð

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Ný framsetning á riðuarfgerðum í Fjávís

Í síðastliðnum mánuði voru settar fram nýjar skilgreiningar á næmi PrP-arfgerða fyrir riðusmiti. Skilgreiningarnar byggja á eldri rannsóknnum, nýjum rannsóknum á gömlum riðuhjörðum og PMCA næmiprófunum og taka til allra sex sætana sem er nú hægt að láta greina.



Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Í kjölfarið var ráðist í að uppfæra framsetningu á niðurstöðum riðuarfgerðagreininga í Fjávís í samræmi við þessar nýju skilgreiningar og þá verkferla sem unnið verður eftir við úrvinnslu á niðurstöðunum.

Niðurstöður riðuarfgerðagreininga voru fyrst settar fram á myndrænan hátt í Fjávís fyrir rúmu ári síðan með mismunandi litum flöggum eftir því hvaða arfgerð gripurinn bar. Hefðbundna samsetta arfgerðin úr þrem sætum stýrði litum á flöggunum en breytileikar í einhverjum af þeim þrem nýju sætum sem voru greind fengu grátt flagg enda þá ekki ljóst hvernig unnið yrði með þá breytileika.

Í nýrri framsetningu er notast við sama litabema og í þeirri eldri, það er að rauði liturinn er „verstur“ og táknar mikla áhættu sem síðan fer minnkandi eftir því sem litirnir breytast í gulan, síðan bláan og loks grænan þar sem dökkgrænt flagg táknar hina verndandi ARR-genasamsætu.

Í nýrri framsetningu á riðuarfgerðum hefur hver genasamsæta nú fengið sitt sérstaka flagg þar sem heiti sætisins og tákn breytileikans sem stýrir mótstöðunni kemur fram og litur flaggsins skilgreinir þá næmi samsætunnar. Þar sem hver gripur hefur ávallt tvær genasamsætur, eina frá föður og aðra frá móður ætti gripur með greiningu í öllum 6 sætum ávallt að fá tvö flögg sem lýsa þá samsetningu hans.

Þær upplýsingar sem liggja til grundvallar merkingu gripsins með flöggum geta annars vegar komið úr niðurstöðum greiningar á lífsýni eða úr svokallaðri Fjávísgreiningu sem er búin til í Fjávís í þeim tilfellum þar sem hægt er að spá um arfgerð afkvæmis út frá arfgerðum foreldra. Í einhverjum tilfellum hafa gripir verið greindir oft en einu sinni fyrir eitt eða fleiri sæti. Dæmi um þetta er til dæmis gripur sem er með eldri greiningu frá þeim tíma er aðeins var greint í sætum 136 og 154 en hefur síðan verði greindur aftur fyrir öll 6 sætin. Annað dæmi er til dæmis gripur sem hugsanlega var í vor greindur aðeins fyrir eitt eða fá sæti en síðan hafa hin sætin verið greind seinna. Einn gripur getur því verið með niðurstöður úr fleiri en einu sýni og Fjávísarfgerð og eru nú öll þessi gögn lögð saman til að mynda eins skýra mynd af arfgerð gripsins eins og hægt er.

Eins og með önnur gögn sem unnið er með í ræktunarstarfinu er mikilvægt að tryggja gæði þeirra áður en farið er að vinna úr þeim. Það þarf því að gera ákveðnar villuprófanir á sýnaniðurstöðunum til að tryggja eins og hægt er að rétt niðurstaða hafi verið tengd við réttan grip áður en farið er að vinna með þær. Það geta jú alltaf orðið mistök við sýnatöku eða skráningu og jafnvel við greiningu á sýni.

Þegar sýnaniðurstöður berast eru þær lesnar inn í Fjávís. Hafi sýnið verið forskráð á gripinn við sýnatöku þarar Fjávís niðurstöðurnar saman við gripinn með sýnanúmerinu. Hafi sýnið ekki verið forskráð er það engu að síður lesið inn í Fjávís og geymt þar til hægt er að tengja sýnanúmerið við ákveðinn grip. Öll gögn eru lesin inn í Fjávís og geymd en eftir innlestur fer af stað ákveðið ferill prófana sem sker úr um það hvort óhætt sé að nota gögnin í áframhaldandi vinnslur.

Eftirfarandi prófanir eru gerðar á gögnunum fyrir úrvinnslu:

1. Skoðað hvort leyfileg gildi séu í öllum sætum til að tryggja að ekki hafi slæðst villur inn í niðurstöðurnar.
2. Ef til er meira en ein greining fyrir gripinn er skoðað hvort þeim greiningum ber saman.
3. Ef upplýsingar eru fyrir hendi um arfgerðir foreldra er skoðað hvort þær passa við niðurstöður afkvæmisins.
4. Skoðað er hvort óeðlilegur fjöldi breytileika finnst. Þar sem ekki er vitað til þess að gripur geti erfst nema einn breytileika frá hvoru foreldri ætti hver gripur að hámarki að vera með tvo breytileika þannig að ef fleiri finnst þarf að skoða það betur.

Þau gögn sem staðist hafa þessa prófun eru tekin til áframhaldandi úrvinnslu. Gripirnir fá flagg í samræmi við gögnin og þau eru notuð í arfgerðarspám fyrir afkvæmi. Í þeim tilfellum þar sem gögnin hafa ekki staðist þetta próf lenda þeir gripir á villulista og

ekki er unnið með þau áfram fyrir en búin er að skera úr um hvað er rétt í hverju tilfelli fyrir sig.

Eins og áður var nefnt ættu allir gripir sem hafa upplýsingar um öll 6 sæti að fá 2 flögg. Þegar kemur að því að úthluta flöggum er byrjað á því að skoða hvort það finnst breytileikar sem gefa rauð, blá eða græn flögg. Ef enn þá vantar flagg eða flögg hjá gripnum kemur inn gult flagg sem táknar villigerð eða að enginn breytileiki hafi erfst annaðhvort frá öðru eða báðum foreldrum. Gripir sem ekki hafa upplýsingar um öll 6 sæti geta einnig fengið flagg eða flögg ef breytileikar finnst í þeim sætum sem upplýsingar eru til fyrir. Dæmi um þetta gæti verið gripur sem hefur bara greiningu í sæti 171 og er greindur með QR í því sæti. Hann fær þá eitt dökkgrænt flagg en ekki er mögulegt að spá fyrir um hin sætin og því stendur hann með eitt flagg þar til upplýsingar fást fyrir hin sætin.

Vinnu vegna uppfærslu á Fjávís með tilliti til nýrrar úrvinnslu á riðuarfgerðagögnum er ekki lokið. Enn á eftir að uppfæra arfgerðarspárnar í Fjávís en það verður gert í kjölfarið á þessari uppfærslu. Arfgerðarspárlutinn er mjög mikilvægur þar sem eftir því sem þéttari grunnur upplýsinga byggist upp í gegnum greiningar á riðuarfgerðum verður hægt að spá fyrir um arfgerðir fleiri gripa með meira öryggi og nýta þær upplýsingar þegar velja á hvaða gripri nauðsynlegt er að senda úr sýni til greiningar. Með þeim verkferlum sem nú hafa verið settir upp við úrvinnslu gagnanna í Fjávís er verið að hámarka öryggi á þeim arfgerðarspám sem unnar verða í Fjávís og geta í framtíðinni sparað greininu umtalsverða fjármuni í greiningarkostnað.

Leiðbeiningar á grunnatriðum við innleiðingu verndandi arfgerða, genasamsætur og erfðir er að finna á heimasíðu RML og í hrútaskrá 2023-2024.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, verkefnastjóri Próunar og verkefnastofu hjá RML.

ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor [afgreiðslutími +/- tvær vikur]

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

SIJÓNTÆKJAVERSLUN

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA

Gulltryggð gæði

40

ár
á Íslandi

STIGA
ST5266 P

Hágæða snjóblásarar
Fjölbreytt úrval

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

NÝI ÖKUSKÓLINN

Réttindin gilda í Evrópu

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is

C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Fyrsta Bændablað
ársins 2024
kemur út
11. janúar

shamal
Pressur


Skrúfu- og stimpil loftpressur,
loftkútar, slöngur, tengi og
aðrir fylgihlutir.



LANDVÉLAR | SMÍÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR

Lausnir á lager



Það glampaði á gullmola og gimsteina

– Af lambaskoðunum haustið 2023

Þátttaka í lambadómum var góð í haust og jókst talsvert á milli ára. Skráðir hafa verið dómara á 57.588 lömb í Fjárvis.is, sem er fjölgun um rúmlega 4.000 lömb frá fyrra ári.



Eyþór Einarsson.

Aukin þátttaka skýrist líklega aðallega af tvennu.

Annars vegar því að lömbin voru með vænsta móti í haust og því mikið af álitlegum lömbum til að skoða. Hins vegar er ljóst að sú bylting sem er hafin tengd ræktun gegn riðu hefur ákveðin örvarandi áhrif á kynbótastarfið.

Skoðaðir voru rúmlega 11.800 lambhrútar. Þeir mældust að jafnaði með þykkari bakvöðva en áður hefur mælst, eða 31,6 mm. Í hópnum voru 70 hrútlömb sem mældust með bakvöðva á bilinu 40 til 44 mm. Þykkustu vöðvarnar í haust mældust í gimbrum en þær voru með 45 mm vöðva. Önnur frá Sölvabakka í Refasveit og hin frá Bæ 1 í Hrutáfirði. Lömbin reyndust heldur feitari en áður og mældist bakfita í hrútum 3,4 mm að jafnaði. Að meðaltali hlutu hrútarnir 84,9 stig og vógu 48,1 kg. Til samanburðar þá var meðal lambhrúturinn með 85 stig haustið 2022, vó 47,7 kg og mældist með 31 mm þykkum vöðva.

Það að lömbin væru holdmeiri en áður endurspegladist í góðri gerð sláturlamba, en samkvæmt tölum frá MAST þá var gerðareinkunnin í haust sú hæsta sem verið hefur, eða 9,58, og fallþungi sláturlamba hefur aðeins einu sinni verið meiri á landinu. Var nú 17,2 kg en hæst hefur landsvigtin farið í 17,4 kg sem var árið 2021.

Hæstu hrútar

Þrjú lambhrútar hlutu 92 stig í haust, en enginn hrútur fór svo hátt á síðasta ári. Sá hrútur sem raðast efst yfir landið er Arnold 23-332 frá Ketilsstöðum á Tjörnesi. Hann er svarflekktóttur að lit en trúlega hefur flekkóttur hrútur ekki áður staðið hrúta fremstur á landsvísu. Faðir hans, Tindastóll 21-123, er frá Syðri-Sandhólum og er sonur Glitnis 19-848 frá Efri-Fitjum og MMF er Lási 13-985 frá Leifsstöðum. Annar raðast hrútur nr. 230 frá Laxárdal í Hrutáfirði. Hann er undan Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 og er MFF hans Dreki 13-953 frá Hriflu. Þriðji í röðinni er síðan kollóttur hrútur frá Efri-Fitjum í Fitjárdal, lamb nr. 8. Sá er sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík og MFF Dúlli 17-813 frá Miðdalsgröf.

Í meðfylgjandi töflu er listi yfir hæststigið lambhrúta landsins, raðað eftir sýslum. Séu hrútar jafnir að heildarstigum er þeim raðað eftir samantöldum stigum fyrir gerðarþætti (frampart, bak, malir og læri), þá eftir bakvöðvaþykkt, síðan fituþykkt og ef einhverjir standa enn jafnir ræður lögun vöðvans röð.

Breyting á dómstiga – hvaða áhrif hafði hún?

Tvær breytingar voru gerðar á dómstiganum á þessu ári og því var áhugavert að sjá hvaða áhrif það hefði á útkomu dóma í haust. Í fyrsta lagi voru kröfur auknar um bakvöðvaþykkt um 2 mm fyrir hverja einkunn sem gefin er fyrir bak lambhrúta. Fyrir hæstu einkunnir var krafan aukin um lágmarks fituþykkt og mörk fyrir hámarksfitu rýmkuð. Nú er því krafan fyrir bakeinkunn upp á 10 (miðað við 45 kg hrútlamb) að bakvöðvinn nái 40 mm þykkt og að fituþykktin sé á bilinu 2 til 4



Arnold 23-332 frá Ketilsstöðum er hæststigið lambhrútur landsins haustið 2023.

Mynd / EE

mm. Áður voru lágmarkskröfur fyrir einkunnina 10 að bakvöðvaþykkt væri 38 mm og að fitan væri á bilinu 1,5 til 3,0 mm. Þar sem bakvöðvi var almennt meiri en nokkur sinni áður í haust, olli breytingin ekki mikilli lækun en meðaleinkunn fyrir bak lækkar um 0,14 stig milli ára. Dreifni einkunnna var hins vegar betri. Ef ekki hefði verið búið að herða á skalanum hefðu um 190 hrútar hlotið 10 fyrir bak í haust en raunin varð að þeir voru 67.

Hin breytingin á dómstiganum tengist ullardómum. Nú er allt vægi einkunnarinnar sett á gæði og ullarmagn en eldveggir í skalanum gagnvart því hvernig kindin er á litinu voru teknir út. Þessi breyting skiladði meiri dreifni í einkunnagjöf fyrir ull. Í heildina hækkar meðaleinkunn hjá hrútum fyrir ull um 0,13 stig á milli ára. Væntingar standa til þess að breytingin skili betra mati á gæði ullar en ljóst er að áfram verður verkefnið að samræma vinnubrögð við dóma og auka færni í því að ná sem best utan um þennan eiginleika.

Frábær útkoma ARR hrútanna

Það sem var kannski hvað mest spennandi í haust var hver útkoma yrði á lömbum undan þessum fyrstu hrútum stöðvanna sem valdir voru til að dreifa verndandi arfgerðum gegn riðuveiki í sauðfjárstofninn. Skemmst er frá því að segja að útkoman var ákaflega góð. Þetta voru einfaldlega oftast en ekki bestu lömbin sem bændur áttu í haust. Sérstaklega hvað varðar ARR hrútana og má með sanni segja að víða hafi glampað á gullmola og gimsteina í lambahópnum bænda.

Gullmoli náði þeim frækna árangri að eiga hæststigaða lambhrútahópin ásamt Glæsi frá Litlu-Ávík. Synir þessara hrúta voru með 85,8 stig að jafnaði. Styrkur Gullmola lá sérstaklega í öflugum læraholdum. Synir hans hlutu 18,2 stig að meðaltali sem var hæsta meðaleinkunn sona stöðvahrútanna í haust. Þá var einkennandi hve þroskamikil afkvæmi Þernuneshrútanna voru. Til marks um það, að þá stendur nú Gullmoli þriðji eftur allra reyndra stöðvahrúta lifandi og dauðra í kynbótamati fyrir „fallþunga – bein áhrif“ með 125 stig og Gimsteinn sjötti með 123 stig. Gimsteinn var sá hrútur stöðvanna sem átti flesta skoðaða syni, eða rúmlega 390. Á meðfylgjandi lista yfir hæstu hrúta hverrar sýslu eiga þeir Gullmoli og Gimsteinn samtals 6 lambhrúta.

Af öðrum stöðvahrútum sem létu verulega að sér kveða sem feður úrvalhrúta í haust má nefna Fróða 18-880 frá Bjargi en hann á flesta hrúta á topplistanum, eða 6 alls. Rammi 18-834 hélt uppteknum hætti og er áfram sá hrútur sem skilar þykkasta bakvöðvanum. Því er ekki að undra að hann stendur eftur í kynbótamati fyrir bakvöðvaþykkt með 143 stig. Sævar 21-897 frá Ytri-Skógum

Uppruni	Númer	Nafn	Faðir	Bungi (kg)	Örnvöbi	Örnfita	Lögun	Féttvegur	Haus	Háls+herbar	Bringa-útlöngur	Bak	Málir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls	
Gullbringu- og Kjósarsýsla																			
1 Miðdalur	L117		22-012 Egir	56,0	34,0	5,4	4,5	110,0	8,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	88,5		
2 Miðdalur	23-013	Örn	21-004 Hallmundur	53,0	34,0	4,2	4,0	113,0	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	88,5		
3 Kiðafell	L84		19-001 Arður	65,0	34,0	6,0	4,0	111,0	8,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	88,5		
4 Kiðafell	L5		20-890 Hnaus	66,0	37,0	5,2	4,5	112,0	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,0	8,0	8,0	9,0	88,0	
5 Kiðafell	23-001		19-001 Arður	61,0	36,0	5,7	4,0	110,0	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	88,0	
Borgarfjarðarsýsla																			
1 Kópaveikyr	L31		22-157 Stafur	59,0	37,0	5,4	4,5	109,0	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	90,0		
2 Hægingin	23-108	Bursti	19-889 Kústur	56,0	34,0	4,0	5,0	111,0	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	90,0		
3 Skarö 1	23-164	Bakki	20-891 Jáður	52,0	35,0	4,0	5,0	112,0	8,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	89,5		
4 Múlaekot	23-002	Tígull	22-433 Spæði	48,0	33,0	3,2	4,0	107,0	8,0	9,0	9,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	89,0		
5 Oddsstaðir 1	23-147	Bjalki	21-151 Háki	50,0	35,0	1,9	5,0	110,0	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	89,0	
Mýrasýsla																			
1 Hundastapi	23-654	Stapi	21-125 Demantur	57,0	41,0	4,5	4,5	111,0	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	7,0	8,5	89,5	
2 Stafholtssveggir	23-044	Blöðinnur	21-130 Múli	59,0	44,0	4,6	5,0	112,0	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	89,5	
3 Staðarhraun	23-660		20-877 Grettir	59,0	41,0	4,1	5,0	110,0	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	89,5	
4 Fúsavatn	23-006	Præll	19-109 Eflur	56,0	38,0	3,3	5,0	108,0	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	89,0	
5 Staðarhraun	23-664		20-877 Grettir	58,0	41,0	3,0	5,0	114,0	8,0	9,5	9,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,0	88,5	
Snaefells- og Hnappadalssýsla																			
1 Máfahlíð	23-001	Svali	22-005 Klaki	55,0	37,0	2,5	5,0	109,0	8,0	9,5	9,5	9,5	19,5	9,0	8,0	8,0	9,0	91,5	
2 Hraunháls	23-448		22-443 Selfói	48,0	39,0	4,4	4,5	108,0	8,0	9,5	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	8,0	90,0		
3 Hjarðarfall 2	23-743		20-890 Hnaus	61,0	42,0	5,0	5,0	113,0	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,0	7,5	8,0	9,0	90,0	
4 Máfahlíð	23-333	Kvár	21-001 Bassi	53,0	38,0	3,2	4,5	112,0	8,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	9,0	90,0	
5 Sandholt 17	23-638	Orvar	21-637 Frískó	52,0	33,0	4,5	4,5	112,0	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	90,0	
Dalassýsla																			
1 Svábabörð	23-654	Sigmar	18-083	50,0	36,0	4,1	4,5	108,0	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	90,0		
2 Klifmyri	23-423		21-497 Snagi	57,0	36,0	5,5	4,5	109,0	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	88,5	
3 Hlíð	23-307	Hroki	19-874 Hnökk	43,0	34,0	3,8	4,5	107,0	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	88,5		
4 Sælingsdalstunga	23-798	Kóngur	19-885 Allri	63,0	36,0	3,4	4,5	110,0	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	88,5	
5 Hlíð	23-308	Póstur	21-671 Sendill	52,0	35,0	3,6	4,5	108,0	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	9,0	88,5	
Barðastrandarsýslur																			
1 Innri-Múli	L60		17-852 Bikar	52,0	31,0	4,8	4,5	111,0	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	89,5	
2 Árbær	23-048		21-038 Sónn	54,0	35,0	3,0	4,5	108,0	7,5	8,5	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	89,0		
3 Árbær	23-917	Kristall	21-899 Gimsteinn	61,0	36,0	4,7	4,5	112,0	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	89,0		
4 Árbær	23-279		21-040 Hnökk	58,0	35,0	5,2	4,5	109,0	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	89,0		
5 Bakki	23-001		19-010 Bor	45,0	34,0	2,4	4,5	113,0	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,5	8,0	8,5	89,0		
Ísafjarðarsýslur																			
1 Minni-Hlíð	23-202	Tóbiás	22-218 Kaspían	55,0	37,0	4,5	5,0	109,0	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	88,5	
2 Ketilseyri	23-060	Tolli	17-872 Suddi	52,0	34,0	2,0	4,5	110,0	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	88,5	
3 Ketilseyri	23-058	Erró	21-896 Þór	53,0	34,0	3,5	5,0	106,0	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	88,0	
4 Kirkjuból 1 og 2	23-404		22-401 Úði	49,0	34,0	5,3	4,0	106,0	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	87,5		
5 Minni-Hlíð	23-225	Legolas	21-208 Stígur	58,0	35,0	4,8	4,5	109,0	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	87,5	
Strandasýsla																			
1 Laxárdalur 3	L230		20-890 Hnaus	54,0	40,0	2,4	5,0	107,0	8,0	9,5	9,0	10,0	10,0	19,5	8,5	8,0	9,5	92,0	
2 Árnes 2	23-169	Ingo	18-263 Nasi	48,0	35,0	4,6	4,5	103,0	8,0	9,5	9,0	9,0	10,0	19,5	9,0	8,0	9,0	91,0	
3 Árnes 2	23-364	Loki	21-314 Kjói	50,0	34,0	5,9	5,0	104,0	8,0	9,5	9,0	9,0	9,5	19,5	9,0	8,0	9,5	91,0	
4 Heydalslár 1 og 3	23-104	Garri	21-899 Gimsteinn	61,0	36,0	4,5	4,5	108,0	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,5	90,5	
5 Smáhamar 2	23-230		20-324 Páll	58,0	40,0	2,5	4,5	110,0	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,5	8,0	9,0	90,0	
Vestur-Húnavatnssýsla																			
1 Efri-Fitjar	L8		19-887 Glæsir	63,0	36,0	5,5	5,0	111,0	8,0	9,5	10,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,5	92,0	
2 Efri-Fitjar	23-664	Magni	19-883 Kraftur	61,0	41,0	6,3	5,0	107,0	8,0	9,5	9,5	10,0	10,0	19,0	8,0	8,0	9,5	91,5	
3 Hnappur	23-673	Gaukur	20-874 Hnökk	58,0	36,0	3,5	4,5	110,0	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,5	91,5	
4 Grænlivammur	23-284		18-880 Fróði	56,0	36,0	2,5	4,0	110,0	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8				

Meira um báknið

Þegar kerfið refsar þeim sem leggja sig fram um að gera allt rétt. Það er opinbert leyndarmál að villibráðamarkaðurinn er að stærstum hluta undir yfirborðinu og enginn vilji virðist vera til að gera neitt í því.



Oddný Anna Björnsdóttir.

Hins vegar er þeim sem sækja um leyfi, vinna sínar afurðir í vottuðum vinnslum, setja saman ítarlega gæðahandbók og reyna í öllu að fara eftir þeim reglum sem um starfsemi gilda, íþyngt fram úr öllu hófi. Í þessari grein verður sagt frá reynslu villibráðaframleiðanda, félagsmanni í Samtökum smáframleiðenda matvæla sem er að framleiða í vottaðri vinnslu, ásamt öðrum framleiðendum. Við höfum fengið fjölmargar sambærilegar reynslusögur frá félagsmönnum í annars konar framleiðslu, en einnig stærri aðilum innan matvælagæisins og vonum að þetta dæmi hreyfi við kerfinu.

Í úttektina fyrir skilyrt leyfi mættu þrjú eftirlitsaðilar. Einn þeirra hafði allt á hornum sér og var þegar búinn að ákveða að leita allra leiða til að finna eitthvað að til að geta stöðvað starfsemi. Ein af kröfunum hans var að fjaðrir fuglanna mættu ekki snerta kjötið sem er ógerlegt. Einn var jákvæður og opinn fyrir því að finna lausnir á því hvernig best væri að gera þetta. Þriðji aðilinn var hlutlaus. Þessi heimsókn sýndi vel hið mikla ósamræmi sem er á milli eftirlitsaðila og hversu mikið persónulegt vald þeir hafa. Framleiðandinn fékk skilyrt leyfi eftir þessa heimsókn, þökk sé eftirlitsaðilanum sem var tilbúinn til að hugsa í lausnum. Eftir að skilyrt leyfi er fengið tekur við reglubundið eftirlit.

Gæðahandbókin yfirfarin í hverri heimsókn

Þegar framleiðandinn fékk fyrstu reglubundnu eftirlitsheimsóknina var hann nýbúinn að ganga í gegnum strangt og sligandi leyfisveitingaferli sem hafði tekið heilt ár – meðal annars vegna þess að villibráð var hreinlega ekki til í kerfinu hjá Matvælastofnun. Samhliða því hafði hann unnið ítarlega gæðahandbók með aðstoð fagfólks.

Eftirlitsaðilinn biður um gæðahandbókina, flettir í gegnum hana og segist þurfa að fara yfir hana. Þegar eftirlitsþeginn hváir og segir að MAST sé nýbúið að samþykkja hana og spyr hvers vegna hann þurfi líka að gera það, var svarið: „Vegna þess að ég má það.“ Og til að sýna mátt sinn og megin hefur eftirlitsaðilinn eftir það tekið gæðahandbókina til yfirlestrar og rukkað fyrir það í hvert

sinn sem hann hefur komið í eftirlit, þó stutt sé síðan síðast og ekkert hafi breyst í bókinni eða framleiðslunni.

Stórkostleg ofrukkun

Sami eftirlitsaðili rukkaði viðkomandi framleiðanda fyrir fjögurra klukkustunda eftirlit, þrátt fyrir að hafa verið á svæðinu í einn klukkutíma; plús akstur. Tímagjaldið eru 25.000 kr. Í ofanálag rukkaði hann annan aðila sem átti ekki að fá eftirlit þann dag, fyrir klukkutíma í eftirlit plús akstur, vegna þess að þeir áttu stutt, óformlegt spjall inni á kaffistofunni. Sem sagt tvöfaldan akstur og samtals fimm klukkustunda eftirlit fyrir heimsókn sem stóð yfir í eina klukkustund. Sem betur fer hafði framleiðandinn þor til að kvarta til MAST og var tímunum á hann fækkað í tvo.

Framleiðandinn þurfti að undirgangast óeðlilega strangt reglubundið eftirlit fyrstu árin. Komið var í eftirlitsheimsókn í hvert skipti sem hann var að framleiða sem var í 3-4 daga í senn og magnið lítið. Auk þess var salmonellusýni tekið í hvert skipti (sem hann þurfti að greiða fyrir), þrátt fyrir að allt hafi verið í góðu lagi í fyrri heimsóknum, hann aðeins fengið minni háttar athugasemdir og öll sýnin fram að því verið neikvæð. Eins voru áherslur ólíkar milli eftirlitsaðila og skortur á samræmingu og skipulagi. Eftir að hafa gert ítrekaðar athugasemdir um þetta óhóflega eftirlit og kostnað var nýlega dregið úr því.

Letjandi og dregur úr nýsköpun


Það kemur því ekki á óvart að margir matvælaframleiðendur hafi gefist upp og hætt, hikað við að útvíkka starfsemi sína eða hreinlega ekki treyst sér til að fara út í matvælaframleiðslu. Jafnvel sjálfur Fiskikóngurinn er nú búinn að gefast upp af þessum ástæðum, eins og hann greindi frá í nýlegu útvarpsviðtali.

Það að svona íþyngjandi kröfur og kostnaður sé settur á smáframleiðendur sem oft eru í árstíðabundinni starfsemi og eru að leggja sig alla fram um að framleiða einstakar, hágæða afurðir, oft samhliða fullu starfi, er með öllu ólíðandi.

Maður láir þeim ekki sem eru í þessari árstíðabundnu villibráðaframleiðslu að hika við að sækja um leyfi þegar þeir heyra sögur eins og þessa. Það er kannski það sem eftirlitskerfið helst vill. Sliga þá sem taka skrefið upp á yfirborðið og láta sem það viti ekki af þeim sem eru á svarta markaðinum. Við biðlum til matvælaáráðherra, sem er æðsti yfirmaður matvælaeftirlitskerfisins, að finna leiðir til að tryggja að svona vinnubrögð fái ekki að viðgangast lengur.

Oddný Anna Björnsdóttir framkvæmdastjóri.

Forsniðið efni PRECUT



Efnispakkar á timburhúsum

TIMBURGRINDARHÚS



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

SÍMI: 565 1560 einingar@einingar.is

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík

Sími 5868000 www.roggi.is

verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

Trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir, loftpressur, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Ölverð á heimasíðu www.roggi.is



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237

Við færum þér öruggar lausnir á aðventunni.



VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

GARÐYRKJA



Mynd / Susanne Friis Pedersen, NIBIO

Heilnæmar afurðir og virðing fyrir náttúru, umhverfi og samfélagi

Framleiðsla lífrænt ræktaðra matvæla hefur farið mjög vaxandi á undanförunum árum í nágrannalöndum okkar.



Ingólfur Guðnason.

Heildarframleiðsla lífrænt vottaðra matvæla í Danmörku telur nú yfir 10% af heildarframleiðslu þeirra sem nalgast að vera heimsmeit. Svipaða sögu er að segja af aukinni framleiðslu lífræna landbúnaðarafurða í flestum Evrópulöndum. Íslendingar eiga langt í land með að komast nærri þeirri tölu, allt of fáir framleiðendur sinna þessari hlíð matvælaframleiðslu og er garðyrkjan þar engin undantekning. Talsvert er flutt inn af lífrænu grænmeti og ávöxtum sem hægt væri að framleiða hér á landi því markaðurinn fer ört vaxandi með aukinni umhverfisvitund neytenda.

Lífrænt ræktaðar matjurtir eru ekki aðeins framleiddar til að gefa neytendum kost á heilnæmu grænmeti á notkunar- og tilbúnum áburði, kemiskum varnarefnum og erfðatækni. Vakin hefur verið athygli á því að lífrænar ræktunaraðferðir stuðla að bættu umhverfi á svo margvíslegan hátt, til dæmis með nýtingu á lífrænu hráefni sem næringargjafa og aukinni kolefnisbindingu með heilbrigðri jarðvegsrækt. Virðing fyrir náttúrulegum ferlum og verndun líffræðilegrar fjölbreytni eru atriði sem lífrænar ræktunaraðferðir taka mið af og skiptir meðvitaða neytendur sífellt meira máli.

Garðyrkjuskólinn býður upp á nám í lífrænni matjurtframleiðslu

Í Garðyrkjuskólanum á Reykjum, sem nú er starfræktur sem deild innan Fjölbrautaskóla Suðurlands, er kennnd sérstök námsbraut um lífræna matjurtaræktun svo fjölgja megi menntuðum garðyrkjufraeðingum í þeirri grein. Þessi námsbraut hefur verið starfrækt frá árinu 2014 og nýtur sívaxandi vinsælda enda ótal tækifæri til framtíðar fyrir þá sem tileinka sér þekkingu á lífrænum framleiðsluáðferðum.

Fjölbreytni einkennir námið. Kenndir eru grunnáfangar garðyrkjunnáms eins og grasafræði, plöntulífeðlisfræði og almenn ræktunarþekking en einnig lífrænar ræktunaraðferðir í gróðurhúsum og garðlöndum. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál, grundvallaratriði vistfræði, verndun lífræns og ábyrgja jarðvegsræktun ásamt sjálfbærni. Lögð er sérstök áhersla

á umhverfis- og samfélagslega ábyrgð framleiðenda, jafnt gagnvart neytendum og náttúru. Kennslan er að hluta til verkleg og er í boði bæði í staðarnámi og fjarnámi.

Grunnstofdir lífrænnar ræktunar eru fjölmargar og áherslur hafa breyst með aukinni þekkingu. Horft er til heilnæmis afurðanna sjálfrá á öllum stigum ræktunarinnar en fjölmörg önnur áhersluatriði eru höfð til grundvallar:

- Lífrænir næringargjafar
- Ræktun í lifandi jarðvegi
- Líffræðileg fjölbreytni
- Uppbygging lífrænnar langtímafrjósemi jarðvegs og verndun hans
- Endurnýting lífræna efna, t.d. með jarðgerð og efnahringrás innan býlis
- Kolefnisbinding
- Skjól fyrir erfðabreyttum lífverum
- Eiturefnalaus ræktun
- Velferð búfjár
- Virðing og umhyggja gagnvart samfélagi og mannaudi
- Sjálfbærni
- Áherslur lífrænnar framleiðslu allt frá frumframleiðslu til endanlegrar afurðar
- Vottun þriðja aðila til að tryggja trúverðuleika framleiðslunnar

Ný aðgerðaáætlun matvæla-ráðuneytis um stóruáknar áherslur í lífrænni framleiðslu vekur vonir.

Í aðgerðaáætlun um eflingu lífrænnar matvælaframleiðslu sem matvælaráðuneytið kynnti fyrir skemmstu er lagt til að ráðist verði í metnaðarfullar aðgerðir til aukinnar lífrænnar framleiðslu með því að örva eftirspurn, tryggja traust neytenda, styðja við aðlögun að lífrænum búskaparháttum og styrkja alla virðisdeðjuna. Áætlunin felur meðal annars í sér að bjóða fjárfestinga- og tækjastyrki, sérstakan stuðning við afurðastöðvar, aukid úrval lífræna næringargjafa til ræktunar, að styrkja nýsköpun, vöruþróun og rannsóknir ásamt öðrum tillögum. Þessu fagnar Garðyrkjuskólinn og býður fram krafta sína til að ná þessum markmiðum með samstarfi og þróun þekkingar ásamt ráðuneyti og hagaðilum lífrænnar garðyrkjuframleiðslu.

Finna má upplýsingar um garðyrkjunnámið á heimasíðu Fjölbrautaskóla Suðurlands: <https://www.fsu.is/>

Ingólfur Guðnason,
brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu, Garðyrkjuskólanum á Reykjum/FSU.

LESENDARÝNI

Á framleiðsla mjólkur að vera í samræmi við þarfir þjóðarinnar?

Í búvörulögum frá 1993 er að finna kjarnann í þeirri landbúnaðarstefnu sem er útfærð nánar í samningum stjórnvalda og bænda á hverjum tíma.



Erna Bjarnadóttir.

Í b) lið 1. gr. laganna er kveðið á um að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

Þessi lagagrein hefur alla tíð verið leiðarstef í starfsumhverfi mjólkurframleiðenda. Árlega er tekin ákvörðun um heildargreiðslumark mjólkur sem byggir á innanlandssölu afurðanna og söluhorfum fyrir komandi ár. Greiðslumark komandi árs, 2024, hefur þannig verið ákveðið 151,5 milljónir lítra. Þetta er hin opinberu skilaboð til bænda um hve mikið magn mjólkur þeir skulu útvega íslenskum neytendum. Á móti er svo mælt fyrir í d) lið 1. gr búvörulaganna að „... kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í samræmi við kjör annarra stétta“.

Opinber stuðningur hefur minnkað verulega

Mjólkurframleiðendur hafa í meginatriðum búið við óbreytt fyrirkomulag á stuðningi við greinina frá 1. september 2005. Hornsteinn þess skipulags er ofangreint markmið að innanlandsframleiðsla mæti þörfum innlendrar eftirspurnar á hverjum tíma. Þetta kemur skýrt fram bæði í búvörulögum og samningum um starfsskilyrði nautgriparæktar. Þessu hafa bænder

svarað með því að auka framleiðslu mjólkur úr um 109,5 milljón lítrum árið 2005 í 148 milljónir lítra árið 2022 sem er um 35% aukning.

Á móti hafa framlög samkvæmt búvörusamningum til mjólkurframleiðenda dregist saman að raunvirði og dreifast að auki á meiri framleiðslu. Samkvæmt uppgjöri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) fyrir árið 2022 námu tekjur kúabúa, 44 kr/lítra af greiðslum samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkur framleiðslu og 5,7 kr/lítra í tekjur af jarðræktar- og landgreiðslum. Samtals 49,7 kr/lítra.

Afurðastöðvaverð samkvæmt uppgjöri RML var 112,1 króna á lítra. Opinber stuðningur nam því 31% tekna á lítra mjólkur árið 2022 í stað 47,1% árið 2005.

Í niðurstöðum starfshóps ráðuneytisstjóra þriggja ráðuneyta sem birtust á heimasíðu matvælaráðuneytisins 5. desember sl. kemur fram að samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús hækkaði framleiðslukostnaður um 40% frá 2019-2023 meðan tekjur jukust samkvæmt búreikningum um u.þ.b. 14%. Við þetta bætist að verðlagsgrundvöllurinn vanmetur stórlega áhrif vaxtahækkana á rekstrarkostnað kúabúa.

Þetta tvennt, stórlækkað opinbert framlag á hvern lítra mjólkur og vanmat verðlagsgrundvallarins á raunverulegum framleiðslukostnaði, eru meginástæðurnar fyrir rekstrarvanda kúabænda um þessar mundir.

Mjólk og mjólkurvörur eru mikilvægur þáttur í næringu landsmanna

Fyrir stuttu kom út skýrslan „Hvað borða Íslendingar?“ en hún var unnin af hálfu embættis landlæknis

og Rannsóknarstofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og fóll í sér landskönnun á mataræði þjóðarinnar árin 2019-2021. Þar má lesa um framlag mjólkur og mjólkurvara til mismunandi næringarefna. Þar kemur t.a.m. fram að 21% af hitaeningum, 24% af próteinum, 65% af kalki og 33% af jöði (en neysla á jöði er of lítil hér á landi og fer minnkandi) koma úr mjólk og mjólkurvörum. Er að vænta stefnubreytingar frá stjórnvöldum um hvaðan þessi næring á að koma?

Hefur orðið stefnubreyting?

Í áður nefndum niðurstöðum starfshóps ráðuneytisstjóra þriggja ráðuneyta frá 5. desember sl. segir að núverandi stuðningskerfi landbúnaðar „... endurspeglir hvorki þarfir atvinnugreinarinnar í heild né stefnu stjórnvalda á málefna sviðinu“. Einnig kemur þar fram að breyta þurfi áherslur „þannig að stutt verði við fjölbreyttari starfsemi og framleiðslu landbúnaðarafurða í samræmi við áherslur landbúnaðarstefnu“.

Hvergi verður hins vegar séð í fyrirliðgjandi stefnuskiðjum að hverfa eigi frá þeirri stefnu sem fram kemur í því sem rammað er inn í b) lið 1. gr. núgildandi búvörulaga og vitnað var til í upphafi, þ.e. að framleiðsla mjólkur mæti þörfum þjóðarinnar. En ef líta á fram hjá augljósri þörf fyrir að mæta fordæmalausrí hækkan framleiðslukostnaðar hjá öllum sem greinina stunda hlýtur að vera spurt: Hafa stjórnvöld breytt landbúnaðarstefnunni þvert ofan í gildandi lög og án þess að alþingismenn eða bændur hafi verið hafðir með í ráðum?

Erna Bjarnadóttir,
hagfræðingur hjá MS.

Barist gegn riðuveiki í sauðfé:

Breytið ekki strax um aðferð

Nýlega fannst verndandi arfgerð gegn riðuveiki í íslensku sauðfé. Það voru gleðileg tíðindi, sem vöktu von um að rækta mætti þol gegn veikinni í fjárfestunum í stað þess að farga öllu fé á riðubæjum.



Sigurður Sigurðarson.

Stundum þurfti að farga þúsundum fjár í heilum varnarhólfum þegar engin ráð, sem beitt var, dugðu til að draga úr miklu tjóni, sem var meira en þekktist í öðrum löndum og stöðva vaxandi útbreiðslu veikinnar, sem var líkleg til að leggja landið allt undir sig á fáum árum. Bændur sem voru hart leiknir, sveitarfélög og Bændasamtökin kröfðust róttækra aðgerða. Reynsla sýndi að riða kom sjaldnar aftur, ef hús og umhverfi voru hreinsuð vel eftir niðurskurð. Þess vegna var bætt við fyrri varnaráð rækilegri sótthreinsun eftir þrif og eyðingu heymítla (heymaurar), þegar rannsókn benti til þess, að þeir gætu geymt og viðhaldið riðusmitefni. Í klóli af heyi eru 1-6 milljónir míta af 7 tegundum. Niðurskurðurinn var neyðarráð, en aðferðin gjörbreytti árangrinum. Þar sem vandlegast var unnið og vakað yfir hverju skrefi aðgerðanna, heppnaðist útrýming riðunnar fullkomlega. Riða kom ekki aftur í nýtt fé á neinum bæjanna, sem voru

margir tugir (Fjárborg í Reykjavík, Barðaströnd o.fl.). Á öðrum svæðum, þar sem ekki var sótthreinsað með sömu nákvæmni, kom veikin á ný upp á stöku bæjum. Líkur benda til þess að veikinni hafi verið útrýmt úr 21 af 24 sýktum varnarhólfum. Í Skagafirði og Húnaþingum herjar veikin enn á fáum bæjum nær því árlega, líklega vegna þess að ekki var sótthreinsað alls staðar þar sem fé var ekki tekið aftur, þrátt fyrir reglur um það. Viðskipti með smitmengaðan varning, tæki, hey og fé var heldur ekki alls staðar með fullri varúð.

Nú vakna spurningar um það, hversu langt megi ganga í að slaka á vörnum, sem vel dugðu til að útrýma veikinni á stórum hluta landsins, sem fyrr segir og hversu fljótt megi breyta um stefnu í vörnum. Að mínum dómi vantar enn þekkingu og vissu um áhrif og afleiðingar þeirra aðferða, sem nefnd sérfræðinga hefur afhent yfirdýralækni og þær síðan lagðar fyrir matvælaráðherra. Þar er lagt til að skilja eftir við förgun riðuhjarða kindur með verndandi arfgerð gegn veikinni (ARR/ARR) og einnig kindur með hugsanlega verndandi arfgerðir. Óvíst er hvort þessar kindur, sem eiga að lifa, geti dreift smiti, geymt riðuna og e.t.v. vakið hana upp á ný.

Í sérfræðinganeftinni eru tveir dýralæknar, Hákon Hansson á Breiðdalsvík og Ólafur Jónsson á Akureyri, sem hafa lengri reynsla en flestir aðrir af baráttu gegn riðu í

fremstu línu. Þeir eru ekki að öllu leyti sammála tillögunni, sem ráðherra var send og hafa skilað sérálit. Þeir leggja til að ekki verði breytt um stefnu næstu 5 árin, en þó unnið af kappi við ræktun á riðupölnu fé með ARR arfgerð og fé með þá arfgerð fái að lifa þegar niðurskurður er ákveðinn. Í fyrstu verði höfuðáhersla lögð á varnir á riðusýktum svæðum. Eftir fjárskipti verði eingöngu tekin lömb af ósýktum svæðum með verndandi arfgerð. Að vísu er óvissa um afleiðingar kappsfullrar ræktunar frá fáum kindum. Gallar kynnu að koma fram í nýjum stofni þannig til komnum.

Nýlegar upplýsingar benda til að hin verndandi arfgerð gefi ekki fullkomna vörð gegn riðu (Spánn, Rúmenía). Það er því ýmislegt, sem vantar á þekkinguna enn þá.

Ég hef sjálfur stundað rannsóknir á riðuveiki í áratugi og baráttu við hana á Íslandi og í öðrum löndum. Ég þekki því sögu veikinnar og glímuna við hana allvel. Ég er sammála fyrrnefndum dýralæknum um að fresta breytingu á baráttu við riðuveiki í 5 ár hvað varðar hugsanlega verndandi arfgerðir. Þá verði stefnan og árangurinn metinn. Annað er fljótræði og óverjandi að leggja það á fjáreigendur, sem eiga ósýktan fjárfestofn og hafa mátt þola tjón og sálarangist í baráttu við þessa illvígu veiki.

Sigurður Sigurðarson
dýralæknir.

Atvinnuvegur á traustum grunni

Hrossin hafa alla Íslandsbyggð haft sérstöðu á meðal búpenings landsins, ekkert húsdýranna stóð manninum nær en hesturinn nema ef vera skyldi hundurinn.



Kristinn Hugason.

Ísland hefði enda verið óbyggilegt án hestsins. Hann var reið- og trússhestur, burðar- og dráttardýr og akhestur, eftir að kerrur og vagnar komu til sögunnar. Reiðmennska sem íþrótt var og ástunduð hjá ýmsum alla tíð. Þegar á nítjándu öldina leið öfluðu bændur sér og mikilla tekna með lífhrossaútlutningi. Um miðja tuttugustu öld ruddi véltækni sér til rúms og var þá reiknað með að saga hestsins væri úti. Hefðbundinn útlutningur hrossa hrundi einnig. Framsýnir menn höfðu þó allnokkru fyrir byrjað að kynna hestinn sem reið- og sporhest úti í heimi og hestneigt fólk sem flutt var á mölina fór og að stunda útreiðar. Hestamennska í þéttbýlinu jókst og varð almennari og útlutningur eflidist að nýju en nú eingöngu sem reiðhrossamarkaður á breiðu verðbili. Íslenska hestinum var þar með borgið. Þetta er í raun eitt af glæsilegustu dæmum sem þekkjast um að gömlu landkyni í útrýmingarhættu sé fundið nýtt hlutverk og tilvist þess þar með borgið.

Á fyrrihluta síðustu aldar grasseruðu illvígar fjárpestir sem leiddu til niðurskurðar sauðfjár. Bændur í stóðsveitum, þar sem víða var mikil hefð að búa við fjölda hrossa, hleyptu upp stóðum sínum og fóru að framleiða folaldakjöt. Ísland er og þannig gert frá náttúrunnar hendi að hér er mikið víðlendi grasi vaxið, það hentar því afar vel fyrir beitarpening. Þetta allt opnaði síðar meir á möguleika til að starfrækja nýjan atvinnuveg innan hrossahaldisins, til hliðar við kjötframleiðsluna, sem eru nytjar á blóði úr fylfullum hryssum til að framleiða verðmætt frjósemishómón (PMSG/eCG).

Blóðnyttjar og uppbygging öflugrar þekkingardrífinnar atvinnustarfsemi

Söfnun blóðs úr fylfullum hryssum hófst hér á landi seint á áttunda áratug síðustu aldar og hefur staðið yfir æ síðan og er fyrir löngu síðan orðin rótgróin afurðaframleiðslugrein innan íslensks landbúnaðar. Fyrst í stað var blóðið flutt út ómeðhöndlað til vinnslu erlendis. Síðar var farið að þróa starfsemina í átt að fullvinnslu en ýmsir byrjunarörðugleikar komu upp, hvoru tveggja af þekkingar- og rekstrarlegum toga. Úr því öllu hefur



þó ræst og leiðin síðan legið stöðugt upp á við.

Fyrirtækið Ísteka ehf. var stofnað árið 1990 og hefur frá upphafi framleitt virka lyfjaefnið sem þarf til að fullvinna áður nefnt frjósemishómón. Með hagnýtingu þess næst að bæta framleiðni og velferð búfjár og draga úr kolefnisfótspori í nútíma landbúnaði.

Hvað nánari útskýringu þessa og fjölmargs annars varðar skal vitnað til heimasíðu fyrirtækisins, www.isteka.is.

Ísteka er framsækið og þekkingardrifið fyrirtæki. Konur eru 52% starfsfólksins, þær skipa 33% stjórnar fyrirtækisins og 60% stjórnenda. Helmingur starfsfólks er háskólamenntaður, allt frá B.Sc.-gráðu upp í Ph.D. og af fjölmörgum þjóðernum. Allar tekjur fyrirtækisins eru í erlendum gjaldeyri og námu um 1,7 milljörðum íslenskra króna á árinu 2022 og eru vaxtarmöguleikarnir miklir.

Sjónarmið um velferð búfjár

Á síðustu árum hafa blóðnyttjarnar mátt sæta harðri gagnrýni og haldið er fram að í þeim felist kerfisbundið dýraníð. Hvort tveggja bændur og fyrirtækið hefur þar verið haft að skotspæni. Þessu er mótmælt sem tilhæfulausum áburði. Staðreyndirnar tala enda sínu máli en hvergi í nokkurri annari búgrein eru meidsli fátíðari og afföll minni en í blóðnyttjunum. Búgreinin er og undir miklu eftirliti og er þar stuðst við lög um velferð dýra, nr. 55/2013 og tilheyrandi reglugerðir settar við þau lög.

Í fyrstu grein dýravelferðarlaganna segir svo auk almennra ákvæða: „... Enn fremur er það markmið laganna að þau [dýrin] geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“ Augljóst er að ekki er þetta ákvæði betur tryggt í nokkru búfjárhaldi en í blóðnyttjunum. Þær fara fram á tólf vikna tímabili ár hvert, ekki er tekið blóð oftar en í átta skipti úr sömu hryssunni og alltaf framkvæmt af dýralæknum í samræmi við viðurkennt verklag. Samanlögð árleg dvöl hryssnanna við blóðtöku er að jafnaði um ein klukkustund. Í annan tíma lifa hryssurnar undir

vöklu auga mannsins vissulega en óáreittar með öllu; nema hvað varðar aðgerðir þeim til góða eða mjög svo þóknarlegar, s.s. ormalyfsgjöf, hófhirðing, beit og útgjöf og svo vitanlega að vera hleypt til hests.

Staða búgreinarinnar og horfur

Staða blóðnyttjanna sem búgreinar er góð; vaxtarmöguleikar í útlutningi afurðarinnar eru miklir og færir greinin nú þegar fleiri hundruð milljónir inn í hagkerfi sveitanna. Þetta gæti enn vaxið og þá án þess að knýja bændur til stórfjárfestinga með tilheyrandi vaxtabyrði og mögulegum skuldavanda. Nú eru þó blikur á lofti og af mannavöldum, þar eð matvælaráðherra ákvað öllum að óvörum að taka til greina áminningarbréf ESA frá 10. maí sl. og felldi úr gildi reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum, nr. 900/2022. Þess í stað setti ráðherra starfsemina undir reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni og innleiddi þar með tilskipun 2010/63/EB. Skoðun Ísteka, studd m.a. lögfræðiálitum, er sú að reglugerðin eigi ekki við og að ráðherra hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Hér er ekki um vísindastarf að ræða; blóðnyttjarnar eru hrein og klár afurðaframleiðsla og úrvinnslan vissulega framkvæmd með gagnreyndum aðferðum hagnýtra vísinda sem eru síður en svo á tilraunastigi.

Ísteka fyrir sitt leyti og forysta Bændasamtaka Íslands, f.h. umbjóðenda sinna, hafa mótmælt þessum gjörningi matvælaráðherra sem ítarleg lögfræðiálit benda til að hafi verið rangur. Í þessu efni mætti og spyrja ríkisstjórnina og þingmenn ýmsa, sem mótmælt hafa svokallaðri gullhúðun EES-gerða, samanber fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins frá 13. október sl., hvað svona lagað sem mætti jafnvel kalla eitthvað enn meira en gullhúðun, eigi að fyrirstilla.

Leyfi Mast til handa Ísteka, til að framkvæma blóðtöku úr hryssum, gildir til 5. október 2025. Ísteka hefur tilkynnt yfirvöldum að fyrirtækið líti svo á að þrátt fyrir áður nefnda breytingu á regluverki muni fyrirtækið vinna skv. gildandi leyfi og endurnýja það í fyllingu tímans reglum samkvæmt. Jafnframt hlýtur röng ákvörðun matvælaráðherra, sjá fyrr, að verða afturkölluð. Fyrirtækið áreittar hér með þá staðreynd að það hefur gilt leyfi til blóðtöku til og með 5. október 2025 og mun vinna samkvæmt því.

Nú líður að helgum tíðum. Ísteka þakkar árið sem er að líða og óskar lesendum öllum árs og friðar.

Kristinn Hugason, samskiptastjóri Ísteka.

Þorrablót og skemmtanir um allt land



Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórnar stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.

BEST Í SÍNUM FLOKKI

LEYSIR ÖLL VERK AF HENDI OG FER LÉTT MEÐ...



MF 5S | 105-145 HP

SETUR NÝ VIÐMIÐ SEM FJÖLHÆF ÁMOKSTURSTÆKJAVÉL

HÁMARKS AFKÖST- LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR
Hækkar rána þegar kemur að mótorafl og tog

LANGBESTA ÚTSÝNIÐ Í SÍNUM STÆRÐARFLOKKI
Eina alvöru lágnefjan á markaðnum

ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ
Aðeins 4 metra snúningsradíus

ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM
OKKAR GLEÐILEGRA JÓLA!

BÚVÉLAR

Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

TIL LEIGU

Gott, um 200 fm. einbýlishús á vinsælum stað í 230 Keflavík til leigu í 3 mánuði.

Til greina kemur að selja húsið á leigutímanum, eða eftir leigu. Skjólsæl og róleg staðsetning.

Allar nánari upplýsingar gefur Jóhann í síma: 868-3144.

Snjallar lausnir

Hafðu samband við okkur og fáðu allar nánari upplýsingar eða kíktu í heimsókn.



Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is

Hentugar húseiningar

Hver grunneiningin er 20 fet og vel einangruð í hölf og gólf og kemur tilbúin með hurð, gluggum, loftljósum, rafmagnsofni og rafmagnsinnstungum. Auðvelt er að sníða nýjar húseiningar eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Stólpi Gámar

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS

LESENDARÝNI

Hvernig verður íslenskur landbúnaður 2040?

Mér datt í hug að skella í smá grein þar sem ég set á mig spámannsgleraugun og horfi til hvernig ég sé landbúnað hérlendis þróast fram til ársins 2040.



Finnþógi Magnússon.

Ég mun takmarka mig við umfjöllun um nautgripærkt, sauðfjárrækt og jarðrækt en mjög spennandi tímar eru framundan í öðrum búgreinum líka og við munum einnig sjá nýjar búgreinar spretta fram eins og t.d. skordýrærkt, sem mun byggja á endurnýtingu lífræns hráefnis.

Þessi grein byggir ekki á djúpum vísindum og ætti því ekki að takast of alvarlega en getur kannski verið ágætis innlegg inn í hugrenningar núverandi og verðandi bænda um hvernig þeir sjá sinn rekstur fyrir sér árið 2040.

Nautgripærkt

Ef framhald verður á þróun undanfarinna ára og ekki gripid til sérstakra aðgerða til að draga úr stækkun mjólkurkúabúa má gera ráð fyrir að þeim muni halda áfram að fækka hratt og verða komin niður í kringum 150 framleiðslueiningar árið 2040 og stór hluti þeirra í meirihlutaeigu hagsmunaaðila og fjárfesta.

Ef við gerum ráð fyrir svipaðri fjölgun landsmanna og ferðamanna á komandi árum og svipuðu neyslumynstri má gera ráð fyrir að heildarframleiðsla mjólkurafurða verði í kringum 200 milljón lítra. Kyngreint sæði ásamt erfðamengisúrvali og flutningi fósturvísna mun gerbreyta ræktunarstarfinu og búum með holdagripahjarðir mun fækka þar sem hreinræktaðir holdagripir sem koma frá mjólkurframleiðslunni munu auka mjög mikið hagkvæmni kjötframleiðslunnar.

Miklar breytingar verða í fóðrun og umhirðu gripanna þar sem greining á ástandi gripanna með gervigreind mun skipa stórt hlutverk og alls konar sjálfvirkni við fóðrun og umhirðu gripanna mun aukast. Turnar munu koma sterkir inn sem fóðurgeymslur enda passa þeir mun betur inn í sjálfvirknipakkann en gryfjur og rúllur. Einhverjir bændur hefja notkun á þurrheshlöðum með upphitðu súgþurrkunarlofti sem lið í minnkun metanlosunar búanna og framleiðslu mjólkur með sérstaka eiginleika til ostagerðar.

Nýting mykju mun snarbatna og það verður algengt að köfnunarefni og endurunnum fosfór úr seyru verði blandað í mykjuna í stað notkunar á tilbúnum áburði. Stór hluti styrkja til búgreinarinnar mun byggja á dýravelferð og lágmarkun umhverfisspors framleiðslunnar.

Jarðrækt

Landverð mun hækka mjög mikið vegna mikillar eftirspurnar bæði innlendra og erlendra fjárfesta sem munu sækjast eftir hlunnindum og möguleikum á kolefnisbindingu í t.d. skógrækt og uppgræðslu illa gróins lands. Bylting mun eiga sér stað í ræktun og umhirðu

ræktarlands samfara aukinni áherslu á hámarkun uppskeru með sem minnstu umhverfisspori. Drenlagnir munu koma sterkar inn og hefðbundnum opnum skurðum verður lokað í stórum stíl sem mun auka hagkvæmni við alla vinnslu landsins mikið. Grunnar vatnsrásir munu koma í stað opinna skurða á flatlendi þar sem þörf er á að koma yfirborðsvatni af ræktarlandi.

Notkun á tilbúnum áburði eins og við þekkjum hann í dag verður mjög lítil en í staðinn verður mikil áhersla á notkun annarra lífræna hráefna sem áburðargjafa eins og t.d. húsdýraáburðar, seyru og fiskimykju.

Köfnunarefni sem unnið er úr andrúmslofti verður notað til að hækka N hlutfall lífræna hráefnanna og farið verður að nota sérvirkar örveruflóru til að auka umsetningu jarðvegs og niðurbrot næringarefna og losun fastbundinna efna eins og t.d. fosfórs úr jarðvegi.

Akuryrkja mun aukast mikið og verður áherslan þar bæði á aukna kornrækt en ekki síður á aukna próteinframleiðslu til að mæta núverandi þörf en ekki síður þeirri gríðarlegu viðbótþörf sem skapast með þeirri margföldun sem mun eiga sér stað í umsvifum fiskeldis.

Ræktun á fóðurrófum/næpum verður umtalsverð til að mæta innlendri fóðurbörf og ræktun á hampi, líni, burnirót, kúmeni og fleiri plöntum sem geyma verðmæt heilsuþætandi efni mun skapa góðar tekjur fyrir klára og útsjónarsama ræktendur.

Sala kolefniseininga verður orðin stór hluti af innkomu margra bænda og stór hluti núverandi eyðimarka okkar á láglandi verður komin í umbreytingu yfir í framtíðarræktarland þar sem umsjónarmenn landsins fá greitt fyrir kolefnisbindingu landsins og uppskera um leið próteinríkan plöntumassa sem fer í graspróteinframleiðslu og síðar í lífkolagerð – en lífkolin verða síðan notuð við landgræðslu þar sem þau eru fullkomin til að bæta rakaheldni í rýrum jarðvegi og geyma næringarefni.

Sauðfjárrækt

Fjárþendur munu á þessum tímabili hafa gjörbreytt sinni nálgun og munu leggja áherslu á sambærilega nálgun og bændur gerðu í Kanada þegar sambærilegt kerfi og viðgengst hér hafði siglt í strand.

Markaðssetning lambkjötsins mun byggja á áherslu á að lambkjötið sé í sama flokki og villibráð og stærstur hluti kjötsins verður seldur ferskur bæði innanlands og erlendis og skilaverð verður ca tvöfalt hærra en það er í dag á núverandi. Stór hluti sauðfjár verður alinn á láglandi og margir bændur stunda framleiðslu með þremur sauðburðum á hverjum 2 árum. Búskapurinn mun áfram verða samsettur af litlum einingum með tugi og hundruð fjár þar sem aðaltekjur munu koma annars staðar frá en stærri einingar með þúsundum fjár munu skapa möguleika á góðri afkomu án utanaðkomandi tekna.

Finnþógi Magnússon
spámaður.



Mynd / Úr safni Bændablaðsins

Landbúnaður – úr vörn í sókn

Ríkisstjórnin samþykkti föstudaginn áttunda desember tillögur matvælaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og undirritaðs um aðgerðir til stuðnings þeim bændum sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna efnahagsástandsins.



Sigurður Ingi Jóhannsson.

Þetta eru mikilvægar aðgerðir sem leggur meðal annars áherslu á nýliðun og kynslóðaskipti með aðstoð við yngri bændur. Þessar aðgerðir og frumvarp að lögum sem heimilar aukið samstarf og samruna afurðastöðva í kjöti koma til með að bæta aðstæður í einni af grundvallarvinnugrein okkar á Íslandi. Það er þó ekki nóg. Horfa verður til framtíðar og rífa greinina upp úr þeim hjólförum sem hún hefur setið í, hjólförum sem eru mótuð af afskiptaleysi og hugsunarleysi á ákveðnum sviðum í íslensku samfélagi.

Ég fullyrði að fáar atvinnugreinar hafa þurft að berjast við jafnmikinn skort á skilningi og landbúnaður hefur gert hér á landi. Ef við lítum út fyrir landsteinana, hvort heldur er til annarra Norðurlanda eða ríkja Evrópusambandsins, þá virðist ríkja almennari skilningur á mikilvægi þess að styðja þurfi við landbúnað, duglega, til að styðja við blómlegt atvinnulíf og byggðir. Að ekki sé talað um mikilvægi fæðuöryggis sem hér á eyjunni Íslandi er augljóslega gríðarlegt hagsmunamál allra landsmanna.

Fæðu- og matvælaöryggi

Ég tel að við getum lært mikið af Noregi sem er að mörgu leyti á svipuðum stað og við hvað varðar alþjóðlegar skuldbindingar, dreifða byggð og norðlæga breiddargráðu. Hægt er að skipta

umgjörð landbúnaðarins upp í fjögur svið. Fyrst má telja fæðu- og matvælaöryggi og er aukin matvælaframleiðsla augljóst hagsmunamál þegar kemur að þeim þáttum. Við hér á Íslandi búum að því að til dæmis notkun sýklalyfja er hverfandi og á svipuðum stað og Noregur en löndin tvö eru einstök í alþjóðlegu samhengi. Heimurinn getur lært af íslenskum landbúnaði hvað þetta varðar og einnig almenna dýraværd þar sem verksmiðjubúskapur í landbúnaði er afar sjaldgæfur.

Landbúnaður um land allt

Mikilvægt er að tryggja gott ræktunarland. Nú stendur yfir vinna við að skilgreina ræktunarland, nokkuð sem er mikilvægt til að standa vörð um vaxtarmöguleika landbúnaðar. Við þurfum einnig að styðja og hvetja til landbúnaðarframleiðslu og búskapar.

Í þessu þarf pólitísk stefna að taka mið af tækifærum mismunandi byggðarlaga og þeirri mismunun sem verður til vegna landfræðilegra þátta og fjarlægða.

Aukin verðmætasköpun

Búskapur er ekki eyland. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk leggi allt sitt að veði til þess að stofna bú meðan ekki er búið nægilega vel að greininni. Ekki er langt síðan fyrrverandi landbúnaðarráðherra talaði um sauðfjárrækt sem lífsstíl. Þau ummæli dæma sig auðvitað sjálf. Það er þó ljóst að ef ekki verður horft til framtíðar og lagður grunnur að betri samkeppnishæfni þá verður sauðfjárbúskapur dýr lífsstíll, þar sem fólk leggur allt að veði fyrir ánægjuna af því að rækta sauðfé og viðhalda aldalangri menningu íslenskra bænda. Ég óttast að þeim fari fækkandi sem eru reiðubúinir að fórna tekjum sínum og lífsgæðum fyrir það að geta verið bóndi. Það má ekki gleymast að það að vera bóndi

er atvinna, alveg eins og heildsali eða bankastarfsmaður. Sömu gildi ríkja í sveitum varðandi það að fólk vill skapa áhyggjulausa framtíð og lífsgæði fyrir börnin sín. Þess vegna er mikilvægt að virðiskeðjan sé samkeppnishæf og búin öflugar einingar. Einnig þarf að hlúa vel að þekkingu og hæfni í landbúnaði.

Sjálfbær landbúnaður

Bændur hafa frá landnámi verið vörslumenn landsins. Það hefur verið þeirra hagur að búa vel að bústofni sínum og landi. Í þeim áskorunum sem uppi eru í loftslagsmálum er mikilvægt að landbúnaðurinn sé hluti af lausninni en ekki sé reynt að gera hann að hluta af vandamálinu. Við höfum ákveðna möguleika til að styðja við landbúnað og bændur í þeirri vinnu sem þarf að ráðast í til að berjast gegn loftslagsbreytingum og einnig til að verjast áhrifum þeirra.

Uppfærsla á tollum

Flestar þjóðir líta á það sem skyldu sína að styðja við landbúnað í löndum sínum með tollum á innfluttar landbúnaðarvörur. Hér á landi þurfum við að uppfæra þær tölur sem eru til viðmiðunar í tollskrá. Þá er einnig möguleiki að nýta þær heimildir sem til dæmis Noregur gerir og leggja á sérstakt verðjöfnunargjald á innfluttar landbúnaðarvörur til að vernda íslenska framleiðslu – og bæta kjör bænda á Íslandi.

Kæri lesandi. Jóláhátíðin er að ganga í garð. Þá munu vandaðar íslenskar landbúnaðarafurðir vera bornar á borð til að fagna fæðingur frelsarans. Matur er mikilvægur hluti af hátíðinni. Þá er mikilvægt að við munum hvaðan gott kemur. Gleðilega hátíð.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
formaður Framsóknar og
innviðaráðherra.

Komið er að skuldadögum

Það er komið að skuldadögum í orkumálum. Það er fyrir-sjáanlegur orkuskortur í landinu og fyrir Alþingi liggur fyrir neyðarfrumvarp sem snýst um að bjarga vetrinum.



Guðlaugur Þór Þórðarson.

Frumvarpið felur í sér skammtímalausn til þess að tryggja orku til heimila og lífilla og meðalstóra fyrirtækja en allir eru sammála um að slík trygging sé nauðsynleg. Staðan sem við horfumst í augu við í orkumálum er heimagerður vandí. Við höfum ekkert gert sem heitið getur í grænorkumálum í 15 til 20 ár, bæði hvað varðar rafmagn og heitt vatn.

Ég hef verið að benda á þetta í tvö ár og það er kannski það eina jákvæða í stöðunni að nú sé fólk farið að hlusta.

Ég er gjarnan spurður hvenær og hvort ég ætli ekki að virkja meira. Ég mun ekkert virkja, það eru orkufyrirtækin sem reisa og reka virkjanir. Það má öllum vera ljóst að við höfum stigið stór skref í því sem snýr að okkur. Við rufum nú ára pólitíska kyrrstöðu með samþykkt Rammaáætlunar.

Stærsta einföldunarmál sögunnar í orkumálum var samþykkt með aflaukningarfrumvarpinu sem felur í sér að hægt er að fara í tæknibreytingar á þeim virkjunum sem þegar eru til staðar með það að markmiði að ná út úr þeim meira afli, án þess að þær breytingar þurfi að fara í gegnum Rammaáætlun. Við samþykktum orkusparnaðarfrumvarp, gjarnan kennt við varmadælur sem tryggir betri orkunýtni. Við höfum sett af stað stærsta jarðhitaleitarátak aldarinnar og það fyrsta í einn og hálfan áratug, sem er löngu tímabært. Þrjú frumvörp um sameiningu átta stofnana í þrjár,

á málefnaviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, hafa verið samþykkt í ríkisstjórn. Við höfum unnið að einföldun leyfisveitingaferla varðandi græna orkuöflun. Í vikunni verða kynntar hugmyndir um nýtt einfaldað fyrirkomulag um vindorku.

Niðurstaða starfshóps um skattalegt umhverfi orkuvinnslu mun væntanlega liggja fyrir á næstu dögum en hópnun er m.a. ætlað að kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga.

Neyðarfrumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi tekur á skammtímaáætlun. Við erum löngu byrjuð að taka stór skref til þess að finna lausnir til lengri tíma. Nú skiptir máli að orkufyrirtækin, þingið og þjóðin standi saman um öflun grænnar orku í landinu.

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og
loftslagsráðherra.

Bændablaðið kemur næst út
11. janúar 2024

Stjórnvöld standa með bændum

Yfirstandandi ár hefur verið krefjandi fyrir landbúnað á margan hátt.



Svandís Svavarsdóttir.

Til viðbótar við þær miklu aðfangaverðshækkningar sem urðu í kjölfar heimsfaraldurs og innrásar Rússa í Úkraínu hafa bæst við miklar stýri vaxta-hækkningar vegna dýrtíðar. Þetta leiddi til þess að stjórnvöld settu á fót hóp ráðuneytisstjóra þriggja ráðuneyta til að greina stöðuna í landbúnaði og leggja til aðgerðir. Þessi vinna hefur borið ávöxt og í vikunni birtist álit fjárlaganefndar Alþingis um þær ráðstafanir sem ráðuneytin lögðu til. Þá tók fjárlaganefnd á grundvelli þeirra greininga sem ráðuneytin unnu ákvörðun um að leggja til aukastuðning við mjólkurframleiðendur vegna framleiðslu þessa árs, að upphæð 500 milljóna. Heildargreiðslur sem greiddar verða núna á næstu vikum nema því 2,1 milljarði króna. Í tillögunum er lagt til að ungir bændur sem tekið hafa við búum eða staðið í framkvæmdum á síðustu árum, frá árinu 2017, fái sérstakan stuðning en einnig að almennur stuðningur komi til allra framleiðenda mjólkur, til sérhæfðra bóva í nautakjötsækt og til fjölskyldubúa þar sem að ætla má að fjölskyldur hafi stærstan hluta sinna tekna úr sauðfjárrækt.

Greiningar leiða í ljós veikleika

Í greiningum hópsins kemur í ljós að áskoranirnar eru einkum tvíþættar, annars vegar bráðavandi vegna mikilla sviptinga á rekstrarumhverfi vegna aðfangaverðshækkana og hækkandi fjármagnskostnaðar, og hins vegar langtímaáskorun sem hefur þá birtingarmynd að raunlaun bændna hafa lækkað eða staðið í stað á gildistíma búvörusamnings. Það er þróun sem við getum ekki og eigum ekki að samþykkja sem samfélag. Nýta þarf tímann vel á næstu misserum til þess að hefja undirbúning að nýju stuðningskerfi landbúnaðar sem tekur við þegar gildandi búvörusamningur renna sitt skeið. Sú vinna mun hefjast á nýju ári og með hækkandi sóli. Ljóst er að ef að okkur á að takast

að snúa þessari þróun við, þannig að bændur á Íslandi geti lifað í sama efnahagslega raunveruleika og aðrir íbúar, þurfum við að vera óhrædd að spyrja spurninga. Ég hef nefnt það áður að skoða þurfi að hvaða marki mismunandi stuðningsform hafa aukið fjármagnskostnað án þess að tilsvaramandi framleiðniaukning verði. Slík form stuðnings hafa mikinn fórnarkostnað. Markviss stuðningur sem styður við atvinnugreinina með skilvirkum hætti þarf að vera markmiðið, enda er þá framtíðarsýn að finna í landbúnaðarstefnu sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor.

Jákvæð teikn á lofti

Þrátt fyrir að áskoranir hafi verið á árinu voru ýmis jákvæð teikn á lofti. Landbúnaðarstefna fyrir Ísland var samþykkt á vordögum ásamt því að í fjármálaáætlun er nú gert ráð fyrir því að veita tveimur milljörðum í stuðning við kornrækt á tímabili áætlunarinnar. Mikil tækifæri eru í kornrækt og strax á næsta ári byrja að berast ný yrki hingað til lands til tilrauna, sem eru afurðir þeirra fjármuna sem stjórnvöld hafa ákveðið að veita til plöntukynbóta. Þau verkefni munu skila miklum árangri og í haust var í fyrsta skipti reiknuð kynbótaspá fyrir bygg á grundvelli erfðamengisúrvals líkt og tekið var í notkun í ræktun mjólkurkúa nýverið. Þá mun fjárfestingarstuðningur aukast á næstu árum til að byggja upp þá innviði sem þörf er á til þess að kornrækt geti dafnað og íslenskir bændur geti á þessari öld brauðfætt þjóðina, til viðbótar við að leggja henni til mjólk, grænmeti og kjöt.

Lokasigur gegn riðu

Þá samþykkti ég nýverið tillögu yfirdýralæknis um að breyta um stefnu í baráttunni gegn riðu. Nú er gerlegt að rækta þessa óværu burt og hafa stjórnvöld komið til móts við kostnað sem því fylgir, bæði á þessu ári og á næsta ári. Okkar færasta vísindafólk í þessum málum hefur skrifað skýrslu um aðgerðir sem unnt er að ráðast í til að hraða innleiðingu þessara verndandi arfgerða og unnið er að þeim í mínu ráðuneyti. Ljóst er, miðað við mikinn áhuga bændna á notkun sæðis frá hrútum sem bera verndandi

og mögulega verndandi arfgerðir, að mikill árangur mun nást hratt á næstu árum. Matvælaráðuneytið mun styrkja þá notkun þannig að við náum meiri árangri. Þannig fara líkur á nýjum riðutilfellum hratt minnkandi sem er sameiginlegt markmið okkar allra, enda hefur fjárhagslegur og samfélagslegur kostnaður þessa sjúkdóms verið gríðarlegur síðustu áratugi.

Dýrtíð verður að linna

Ljóst er að rekstrarumhverfi landbúnaðar, líkt og annarra atvinnugreina, er afar háð gengi efnahagslífsins. Mikilvægt er að okkur sem samfélagi takist að vinna niður verðbólgu og þar með skapa skilyrði fyrir lægra vaxtastigi. Það verkefni taka stjórnvöld alvarlega. Fyrir landbúnað, þar sem fjármagnskostnaður er hár miðað við veltu, er þetta einkar mikilvægt en einnig vegna þess að bændur, ólíkt því sem er raunin hjá flestum öðrum atvinnurekendum, stjórna ekki verðlagningu afurða, heldur eru þeir frumframleiðendur. Því eru tækifæri þeirra til þess að dreifa byrðunum af hækkandi aðfangakostnaði takmarkaðri en flestra annarra. Til þess að rétta stöðu bændna mælti ég fyrir máli í þinginu sem gerir félögum frumframleiðenda búvara heimilt að stunda samstarf og samvinnu. Þau skilyrði byggja á hinni svokölluðu finnsku leið og frumvarpið færir umhverfið á Íslandi í sama horf og í nágrennalöndum okkar verði það að lögum. Það er bæði sanngjarnt og eðlilegt að tækifæri íslenskra bændna til samvinnu og samstarfs séu ekki síðri en annarra. Málið er í meðförum þingsins og ég hef mikla trú á því að niðurstaða fáið í því á næstu mánuðum.

Samandregið tel ég þrátt fyrir áskoranir að framtíð íslensks landbúnaðar sé björt. Við eigum jarðnæði, frjósaman jarðveg, vatn og það sem mestu máli skiptir, metnaðarfullt og vel menntað ungt fólk sem er tilbúið að framleiða matvæli fyrir landsmenn. Öll grundvallarskilyrði til búskapar eru hér góð ef okkur lánast að breyta því umhverfi sem greinin býr við til betri vegar.

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.

ÚTFARAKÓR REYKJAVÍKUR

utfarakor.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

ZETOR



Starfsmenn Zetor hafa langa reynslu af verkefnastjórnun, umsjón verka og eftirliti ásamt því að sinna hlutverki byggingastjóra samkv. lögum.

Zetor ehf. Sérhæfir sig í:

Verkefnastýringu á undirbúnings- og framkvæmdastigi verkefna. Byggingastjórn 1,3, gerð kostnaðaráætlana, útboðsgagna og verkáætlana ásamt gerð áhættugreininga og merkingum vinnusvæða.

Zetor ehf. | Suðurhrauni 10 | Garðabæ
s. 869-0700 | zetor@zetor.is

Meirapróf

Næsta námskeið 18. janúar 2024

Tilboð:
Öll réttindi C + D + CE + B/far
Minni réttindi C1 + C1E
B/far + Harkari

kr. 640,000
kr. 199,000
kr. 150,000



Skráning ovs@ovs.is

Sími: 5881414
Netfang: www.ovs.is

Jólahjólin fást hjá okkur í Nítró

KAYO 60



Kr. 219.000,-

KAYO 180



Kr. 479.000,-

KAYO 140



Kr. 339.000,-

CFMOTO 520



Kr. 1.499.000,-

Mikið úrval af barna cross- og fjórhjólum. Eigum einnig CFmoto fjórhjól á lager. **Kíkið á útvalið á nitro.is.**
Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

NITRO

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848

LESENDARÝNI



Seigla á fundi um skóga í Evrópu

Pann 9. nóvember sl. var haldinn í Berlín fundur til undirbúnings næsta ráðherrafundar um vernd skóga í Evrópu, sem haldinn verður í Bonn í októberbyrjun 2024.

Ísland hefur tekið þátt í því samstarfi frá upphafi árið 1990.

Á fundinum í Berlín var fjallað um það sem kallast á ensku resilience en þýða mætti sem seigla á íslensku. Verður það eitt meginatriði á ráðherrafundinum eftir tæpt ár. Það sem á eftir fer er samantekt á minnisblaði, svokölluðu High Level Policy Brief, sem lagt var fyrir fundinn í Berlín. Gagnlegt er fyrir Íslendinga að fylgjast með þessari umræðu ekki síður en aðra Evrópubúa.

Samhengi

Öfgar í veðurfari og tíðara stórfellt rask á borð við vindfall, þurrka og skógarelda eru ógn við sjálfbærni skógræktar. Augljóst er að skógar þurfi að vera seigir til að þola auknið álag og ná sér eftir rask sem fylgir örum loftslagsbreytingum.

Heilbrigði skóga og vernd skógarvistkerfa hafa alla tíð verið grunnþættir í sjálfbærni skógræktar og gert okkur kleift að viðhalda og bæta framboð á mismunandi vistkerfisþjónustu eins og skógarafurðum, líffræðilegri fjölbreytni, kolefnisbindingu og ýmsum verndarhlutverkum skóga. Aukin tíðni rasks, sem fylgir loftslagsbreytingum, krefst ræktunar skóga sem sýna góða seiglu. FOREST EUROPE ferlið áformar að koma á fót áhættusjóði fyrir skóga (FORISK), þ.e. samevrópskum samstarfsvettvangi um áhættustjórnun og forvarnir, með það að markmiði að styðja við sjálfbærni skógræktar og aðstoða við að auka seiglu evrópskra skóga til framtíðar.

Seigla: Hvað er það?

Hugmyndir fólks um hvað felist í seiglu skóga eru mismunandi. Algengasta skilgreiningin vísar til getu skógar til að snúa aftur til nokkurn veginn fyrra horfs í kjölfar rasks.

Hins vegar verða alltaf einhverjar breytingar vegna þróunar eða tilviljanakenndra þátta. Seigla felur þannig ekki í sér að tegundasamsetning (trjáa og annarra lífvera) í skógi í kjölfar rasks ná sömu stöðu og áður var, heldur að skógurinn ná að veita svipaða vistkerfisþjónustu og áður. Heildrænna hugtak er félags- og vistfræðileg seigla skóga.

Hún tekur tillit til þarfa fólks, margs konar nýtingu þess á skógum og framleiðslu skógarafurða á sjálfbærna hátt. Skógur getur t.d. talist sýna vistfræðilega seiglu ef hann nær sér á 100 árum eftir rask. Hann sýnir þó e.t.v. ekki ásættanlega félagslega seiglu nema hann ná sér á mun skemmri tíma.

Hvernig er hægt að auka seiglu skóga?

Þótt aðstæður í evrópskum skógum séu misjafnar og áherslur í meðferð og nýtingu þeirra sömuleiðis gilda svipuð grundvallaratriði víðast hvar. Þrjú dæmi um atriði sem auknið geta seiglu skóga fara hér á eftir.

1. Forvarnir

Vísbendingar eru um að fjölbreyttir skógar (t.d. fjölbreyttir m.t.t. aldurs trjáa, trjátegunda og/ eða formgerða) sýni meiri seiglu en einsleitir skógar. Því er það lykilstefna við endurnýjun skóga að breyta einrækt í fjölbreyttari skóga í þágu aukinnar seiglu. Forendurnýjun, þ.e. að gróðursetja í skógarbotninum áður en til endanlegs skógarhöggs kemur, auðveldar skjóta endurheimt skógarins og eykur tegundafjölbreytni og fjölbreytni í aldri, stærð og formgerð.

2. Samþætting við aðlögun að loftslagsbreytingum

Brýnt er að nýrækt og endurnýjun skóga feli í sér aðlögun að loftslagsbreytingum (e. prestation), þannig að skógarinn saman standi af tegundum sem eru hvað best aðlagðar breyttu loftslagi framtíðarinnar og skili þeim afurðum og vistkerfisþjónustu sem þörf er á. Tré sem eru gróðursett núna þurfa að lifa vel sem unglöntur við núverandi aðstæður en þurfa að vaxa hvað best við aðstæður eins og þær verða eftir miðja öldina. Um er að ræða flókið viðfangsefni sem krefst mikilla rannsókna og þekkingarlegrar færni.

3. Seigla skóga, framleiðslu þeirra og samfélagsins

Aukin seigla skóga er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að efla sjálfbærni út fyrir sjálfa skógana. Aætlanir um aukna seiglu í framleiðslu skógarafurða gætu falið í sér þróun nýrrar tækni og vara til að bregðast við breyttum viðargæðum og úrvali svo dæmi sé nefnt. Aukin seigla samfélagsins kann að krefjast aukinnar fjölbreytni með því að skipta út hefðbundinni auðlindanýtingu fyrir virðisaukandi vörur og vistkerfisþjónustu.

Þessi dæmi undirstrika að sjálfbær skógrækt þarf að þróast frekar í takt við loftslagsbreytingar og aukna hættu á raski. Hægt er að nota seiglu skóga sem viðmið til að styðja við ákvarðanatöku í þeim efnunum.

Pröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri.

Landbúnaður á krossgötum

Landbúnaður er undirorpinn duttlungum stjórn mála hvers tíma, en flest þjóðríki tryggja framleiðslu innlendra matvæla fyrir sína þegna með tollvernd og niðurgreiðslu.



Högni Elfar Gylfason.

Óöryggi í rekstri íslenskra búna hefur aukist verulega vegna breyttra áherslna stjórn málamanna og um leið versnar afkoman. Undanfarin ár hefur íslenskur landbúnaður átt undir högg að sækja og er í raun kominn á heljarþróm. Stór hluti ástæðunnar er að ráðandi stjórn málaöfl hafa fært áhersluna frá sjálfbærni þjóðarinnar í framleiðslu matvæla yfir í að treysta öðrum þjóðum fyrir framleiðslu þeirra. Þannig hafa tollar verið felldir niður og innflutningstakmarkanir á erlendar landbúnaðarafurðir minnkaðar til að liðka fyrir auknum innflutningi. Á sama tíma hafa íslensk stjórnvöld dregið verulega úr beinum stuðningi við landbúnað. Það hefur leitt til versnandi afkomu greinarinnar, þá hafa miklar verðhækkningar á aðföngum ásamt gifurlega háu vaxtastigi auknið skaðann. Í kjölfarið hefur framleiðslan minnkað og búum í rekstri fækkað vegna viðvarandi taprekstrar.

Þrátt fyrir stóraukinn innflutning og niðurfellingu tolla hefur verið til neytenda ekki lækkað að sama skapi. Hins vegar hafa innflytjendur, heildsalar og stórkaupmenn auknið hagnað sinn, en sýnt hefur verið fram á að íslenskir stórkaupmenn hagnast mun meira en kollegar þeirra bæði austan hafs og vestan. Þannig er verið að farna innlendi matvælaframleiðslu fyrir aukinn hagnað stórfyrirtækja á Íslandi.

Byggðastefna stjórnvalda

Í 65. grein íslensku stjórnarskrárinnar er kveðið á um jafnrétti landsmanna:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og stöðu að öðru leyti.“

Þrátt fyrir þessa mikilvægu grein stjórnarskrárinnar hafa stjórnvöld mismunað þegnum landsins á afar fjölbreytilegan hátt eftir búsetu.

Þannig hefur til dæmis verið þrengt bæði að heimilum og fyrirtækjum í dreifbýli með herra raforkuverði, okurverði á raforku til stórnotenda í dreifbýli (ylræktarbændur), eyðileggingu pósthjónustu sem veldur auknum kostnaði við að nálgast póstin, niðurskurði á heilbrigðisþjónustu úti á landi með tilheyrandi kostnaðarauka íbúa fjarri stórum þéttbýlisstöðum, endalausum niðurskurði í viðhaldi vega í dreifbýli, líftilli uppbyggingu farsímasambands í dreifbýli sem veldur öryggisleysi, ásamt því að notkun rafrænna skilríkja er víða ekki í boði þrátt fyrir auknar áherslur ríkisvaldsins og annarra í þá átt.

Trúarbrögð ráðherra landbúnaðarmála

Eftir að fyrri ráðherra landbúnaðarmála setti landbúnaðarráðuneytið ofan í skúffu bætti arftaki hans, Svandís Svavarsdóttir, um betur og lagði ráðuneytið til hinstu hvílu. Bjó hún til nýtt ráðuneyti sem nefnt var matvælaráðuneyti, en þar virðist lítil áhersla á að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fjölskyldubúa eða stöðu landbúnaðar almennt.

Fremur virðast áherslur ráðherrans felast í því að finna leiðir til að koma í veg fyrir hefðbundinn landbúnað. Óljósum, örökstuddum og ósönnuðum fullyrðingum um skaðsemi íslenskrar landbúnaðarframleiðslu er haldið á lofti og notaðar til að vinna gegn henni. Matvælaráðherra hefur verið staðinn að því að tala niður íslenska kjötrframleiðslu í sjónvarpi á sama tíma og hann eyðir tugmilljónum af skattfé almennings til rannsókna á framleiðslu skordýra í dýrafóður.

Þá er umræða um að almenningur leggi sér skorkvikindi til munns fremur en kjöt í nafni loftslagsmála með ólíkindum. Það væri slæmt ef íslensk stjórnvöld tækju undir slíka vitfirringu og enn verra ef þau ynnu eftir slíkri ófgahugmyndafræði.

Til framtíðar

Enn eru tæp tvö ár til alþingiskosninga og mikilvægt að sem fæst mál komi frá núverandi ríkisstjórn. Þannig yrði hægt að tala um skaðaminnkandi tímabil, en mörg mál sem stjórnin hefur keyrt í gegnum þingið eru ýmist vanhugsuð, illa undirbúin eða beinlínis andstæð hagsmunum íslensku þjóðarinnar.

Þá yrðu Íslendingar lausir við ný óþörf mál líkt og þreföldun

úrvinnslugjalds heyrúlluplasts, stórhækkun gjaldskrár Matvæla- stofnunar, gjaldtöku fyrir starfsleyfi dýralækna, innleiðingu EES reglna án umræðu á Alþingi, stóraukinn kostnað á flugsamgöngur og skipaflutninga til Íslands að skipun Evrópusambandsins, stofnun haturstofnunar forsætisráðherra til að stjórna hugsunum og tjáningu almennings, afhendingu stjórnarskrárbundins valds til erlendra stofnana í stórum stíl og margt fleira.

Nú hafa matvælaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra lagt fyrir ríkisstjórn tillögur að aðgerðum til stuðnings þeim bændum sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna núverandi efnahagsástands. Það er óskandi að aðgerðir þessar muni til skamms tíma koma í veg fyrir gjaldþrot eða uppgjör einhverra bænda. Hins vegar er vandinn margfalt stærri en þessar aðgerðir geta leyst. Stærsti vandinn er kannski sá að ráðherrar ríkisstjórnarinnar skilja ekki eðli vandans eða þeir vilja ekki vita af honum. Vandinn er ekki eingöngu „vegna núverandi efnahagsástands“, heldur vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar sem að hluta til er farið yfir fyrir í þessum skrifum. Hugsjónir sumra um takmarkalaust viðskiptafrelsi án ábyrgðar og ranghugmyndir annarra um yfirvofandi eyðingu heimsins vegna kjötrframleiðslu íslenskra bænda er kjarni vanda íslenskrar matvælaframleiðslu. Þegar svo meðlimir slíkra sérstrúarsöfnuða sitja í ráðherrastólum verður vandinn stærri og alvarlegri.

Staðan leysist ekki af sjálfu sér, heldur þarf nýja ríkisstjórn og nýja sýn í stjórn landsins.

Sú sýn þarf að innihalda sterkan íslenskan landbúnað þar sem allir aðilar að virðisbætur matvæla, frá framleiðslu til neytenda, fái sanngjarnan hlut sem dugi fyrir kostnaði. Það er ætíð nauðsynlegt hverri þjóð að hafa aðgang að nægum heilnæmum matvælum og þá ekki síst á viðsjárverðum tímum þegar stórtækar náttúruhamfarir og hörmuleg stríðsátök geisa víða um heim.

Miðflokkurinn mun áfram líkt og hingað til standa þétt með íslenskum landbúnaði og Íslandi öllu.

Högni Elfar Gylfason, varaþingmaður Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi.

Héraðsritið Húni

Nokkur vönduð héraðsrit eru gefin út víða um landið, svo sem Breiðfirðingur, Goðasteinn í Rangárbíngi, Húnavaka í Austur-Húnavatnssýslu og Húni í Vestur-Húnavatnssýslu og verður það síðastnefnda kynnt hér í stuttu máli.



Ólafur R. Dýrmondsson.

Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga gefur Húna út og er ritið fánlegt hjá því og í verslun Kaupfélags Vestur-Húnavetninga á Hvammstanga.

Skemmst er frá að segja að í nýjasta Húna sem kom út á liðnu vori er fjölbreytt efni að vanda. Á blaðsíðunum 256 er einkum þjóðlegur fróðleikur svo og greinargóðar fréttir úr sveitunum og frá Hvammstanga, eins konar annállar. Þá er minnst látiðna í héraðinu. Meðal annars efnis má nefna

fróðlegt yfirlit um brúarsmíði, skógrækt í Húnaþingi vestra, hrossaræktarþúfi á Lækjamóti og búskap fyrir tíma svo sem um göngur á Víðidalstunguheiði haustið 1955.

Birt er athyglisverð fjölskyldusaga hjónanna Karls Friðrikssonar og Guðrúnar Sigurðardóttur á Hvammstanga, sagt frá mislingafaraldri um 1960 og í grein um æviferil Signýjar Hallgrímsdóttur frá Stóru-Borg, móður Ásgeirs Jónssonar frá Gottorp, eru birtar vísur hennar undir ýmsum bragarhátum. Reyndar er í ritinu töluvert af öðrum kveðskap að vanda eins og algengt er í héraðsritum.

Ritnefnd Húna hefur skilað þarna góðu verki. Umbrot, leturgerð og prentvinnsla Húna er með ágætum og er ritið öllum til sóma sem að útgáfu þess standa.

Ólafur R. Dýrmondsson (oldyrm@gmail.com)

Um umhverfismat:

Svo bregðast krosstré sem önnur tré

Ég hef verið að glugga í nýlega birt umhverfismat frá Umhverfisstofnun um valkosti á vegum og vegabótum á Þjóðvegi 1 um Mýrdal.



Reynir Ragnarsson.

Ég átti svo sem ekki von á neinum jákvæðum undirteknum frá þeirri stofnun um láglandisveg um Mýrdal með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall og til Víkur og þar með láglandisvegi allt til Austfjarða. Það vita flest allir að Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og alls konar undirnefndir og ráð á þeirra vegum, eru og hafa verið á móti öllum endurbótum og framkvæmdum, hvort sem um vegabætur, raforkuver, rafínur, jarðgöng, eða jafnvel hvalveiðar, hefur verið að ræða.

Get ég nefnt mörg dæmi þessu til staðfestingar eins og til dæmis þegar allt í einu slökknaði á öllum hugmyndum um Hvalárvirkjun á Vestfjörðum. Ótal ófgafélög risu upp á afturlappirnar þegar minnst var á fleiri atvinnuöguleika þar eins og fiskeldi.

Stöðvun virkjunarframkvæmda í Þjórsá sem komnar voru á framkvæmdastig og síðast en ekki síst nú með framgöngu þeirra við að koma í veg fyrir að vegaaætlun Alþingis um láglandisveg og göng í gegnum Reynisfjall komist til framkvæmda. Beita með sínu verklagi alls konar rangfærslum og lygum sem núna kallast víst á fimna máli falsfréttir.

Þetta hefur ekkert breyst og mun ég rekja það nánar síðar, þar sem það rúmast ekki með þessari grein. Ég batt hins vegar vonir mínar við



Vegagerðina, sem ég þekkti að öllu góðu af eigin raun, sem fyrrverandi ýtumaður, verktaki, lögregluumaður og umferðarfulltrúi.

Ég trúði að hún myndi standa við sínar áætlanir og yfirlýst markmið um láglandisveg allt frá Hveragerði og austur á firði. Yfirlýst markmið Vegagerðarinnar eru þessi: Umferðaröryggi – greiðfærni á vetrum – þjóðvegur úr þéttbýli – og stytting vegar.

En „svo bregðast krosstré sem önnur tré“ og Vegagerðin virðist nú ætla að láta sig hafa það að bregðast öllum þessum markmiðum og gerast taglhnýtingur þess félagskappar sem hún hefur átt í hvað mestu basli og baráttu við.

Fyrst er hún fengin til þess að falla frá þeim vegavalkosti sem hún hafði hannað og birt. Síðan að bæta við nýjum vegavalkosti, fram hjá Vík, arfavitlausum valkosti sem er algjörlega á skjön við yfirlýst markmið Vegagerðarinnar þannig að furðu vekur og sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur lýst samhljóða að komi ekki til greina.

Í stað styttingar er vegurinn til Víkur í valkosti 4, lengdur um 2,5 km og fyrir innansveitarfólk, eins og úr Reynis- og Dyrhólahverfi, lengist þeirra leið fram og til baka um 5 km. Bætt er við tveim brekkum upp í hæð á við Hallgrímskirkju, gríðarlegu brúarmannvirki yfir Grafargil og síðan langt eftir öllu fyrirhuguðu framtíðar byggingalandi á Suður- og Norðurvíkurtúnum. Þorps sem er í hvað mestum vexti, sem þekkt hefur hér á landi.

Svo bitur hún höfuðið af skömminni með því að telja þetta besta valkostinn.

Þrátt fyrir að valkostir 1 til 3 um láglandisveg hafi skorað herra í þeirra eigin könnunum í markmiðum Vegagerðarinnar. Ég get ekki skilið þessa kúvendingu öðruvísi en annaðhvort er Vegagerðin orðin eins og taglhnýttur trússhestur, í taumi umhverfisöfgasinna, rúin eigin stefnumörkun og verkfrelsi, eða búið er að raða inn í hennar stjórnunarstöður heilapvegna ofstækisfólki, sem hefur önnur markmið í heiðri heldur en þau sem koma fram í stefnuskrá Vegagerðarinnar.

Eða þá að Vegagerðin hafi ekki lesið þessa ráðgjöf sem virðist vera unnin fyrir hana af VSO ráðgjöf, og hefur sjálfsagt kostað sitt. Eða þá að hún er gengin til liðs með þeim sem sjá sér hag í því að kynna og mæla með svo snarvitlausum valkosti að hvorki sveitarstjórn né nokkur upplýstur íbúi getur fallist á þann valkost og þar með sé málið dautt.

Ég segi bara að lokum: „Guð hjálpi Vegagerðinni og leiði hana á réttan veg.“

Reynir Ragnarsson
fyrrverandi umferðarfulltrúi,
lögregluvarðstjóri og
þjörgunarsveitarmaður.

Sérniðin þjónusta
að þínum þörfum

FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Músa- og kakkalakkafælar SEM VIRKA



Evrópsk
framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND

www.kaupland.is
sími 8449484

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond

IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



En nú nálgumst við þann stað að hægt sé að tala um sjálfbæra fjölgun geita og bænda en betur má ef duga skal. Mynd / BPV

Gleymum ekki geitinni

Áhugi á geitum og afurðum þeirra eykst með hverju ári. Spunnin geitafiða, hágæða mjólkur- eða kjötafurðir seljast vel og eftirspurn oftast mikið meiri en framboð.



Brynjar Þór Vigfússon.

Einnig hefur þróast þó nokkur ferðapjónusta í kringum geitina. Enda geitin skemmtileg og vinaleg og verðug til að auka hróður Íslands erlendis. Aðdáunarverður er óþrjótandi áhugi framtaksmikilla einstaklinga um allt land með sínar litlu hjarðir og vinnuna að baki við alla ræktunina og afurðirnar.

„Geitin er kýr fátæka mannsins“, er haft í flimtingum og líklegast rétt ef leitað er á tekjulistum en sé litið yfir ánægjuvögina má sjá geitabændur svífa hátt um á glaðlegu skýi. Ég fullyrði að allir geitabændur haldi geitur sér til skemmtunar með það að markmiði að viðhalda viðkvæmum stofninum á lífi. Tekjur og hagnaður eiga samt að fylgja með eins og í öllum öðrum búgreinum.

Ef ekki væri fyrir hugsjón og þrautseigju dugandi aðila værum við ekki með íslensku geitina á lífi því margt hefur dunið á. En nú nálgumst við þann stað að hægt sé að tala um sjálfbæra fjölgun geita og bænda en betur má ef duga skal. Til að grundvöllur sé fyrir að hjarðir stækki, bændum fjölgi og hvati til meiri nýtingu afurða, verður að vera fjölþættur stuðningur í boði. Fjármagn, ráðgjöf, pláss á markaði og við umræðuborðið.

Geitabændur fagna hverju nýfæddu kiði, hverjum mjólkurlíttra, afurðum á markaði og framþróun en þó sérstaklega nýjum bændum. Þó þyðir það að opinberar greiðslur til þeirra minnki umtalsvert ár

frá ári. Gleðin lifir ekki lengi ef varnarbaráttan er endalaus og án sigra. Það er því dapurt fyrir greinina þegar umtalsverð hækkun er á nauðsynlegu stílabókinni, eftirlitsaðilinn gleymir að kíkja við eða að afurðastöðvar bjóði sláturgripum einungis upp á dagsparta til að komast að í vinnslu.

Þannig virðist stundum enn þá litið niður á eða framhjá greininni og er það mjög miður og ætti að vera markmið allra aðila að breyta því til batnaðar.

Við sem þjóð höfum tekið á okkur skuldbindingar við að vernda íslensku geitina sem við verðum þá einnig að standa við og þétt að baki. Því má það ekki enda að stórum hluta á ábyrgð geitabænda með sínu takmarkaða lausafé að halda lífi í geitastofninum. Stofninn er enn þá í bráðri útrýmingarhættu og ekki má mikið út af bregða svo illa fari aftur.

Hjálpum bændum við ræktun og í að koma afurðum sínum á markað og virkjum þannig betur hlutverk geitarinnar sem nytjadyr í matar- og menningarflóru landsins.

Vel gerðir ostar, grafinn vöðvi eða hægeldað geitalari með ora grænum og brúnni er herramanns matur sem hentar við hvaða tilefni sem er. Því er nauðsynlegt að við stöndum saman í hvívetna þegar kemur að geitinni og sláum hvergi af. Til geitabænda segi ég, takk kærlega fyrir ykkar óeigingjarna starf við að viðhalda stofni af þrautseigju og hugsjón í erfiðu umhverfi. Höldum áfram og sýnum saman hvað í okkur býr.

Með hátíðarkveðju óska ég að við sýnum geitabændum hvers kyns stuðning og hjálpmust að við að halda lífi í geitinni og sveitinni á nýju ári.

Brynjar Þór Vigfússon,
formaður búgreinadeildar
geitabænda BÍ og
formaður Geitfjárræktar-
félags Íslands

Er ég ekki bóndi?

Þessi orð rifjuðust upp fyrir mér þegar ég las greinargerð hóps ráðuneytisstjóra um fjárhagsvanda landbúnaðar.



Ingvi Stefánsson.

Í þeirri ræðu gagnrýndi ég harðlega þau hrossakaup sem þáverandi forysta BÍ gerði í aðdraganda búvörusamninga 2016. Fyrir þá sem vilja kynna sér málið betur má nálgast þá ræðu á bbl.is undir fyrirsögninni „Fulltrúi svínabænda gekk út af fundi Búnaðarþings.“ Fyrir þá sem ekki hafa tíma til að lesa ræðuna kemur m.a. fram í henni að þáverandi forysta BÍ gaf eftir tollasamning við ESB til að fá 10 ára búvörusamning.

En aftur að greinargerð starfshópsins. Mér dettur helst í hug orðið rörsýn þegar ég er búinn að kynna mér innihaldið. Hvernig hægt er að fjalla um stöðu íslensks landbúnaðar út frá svona þröngu sjónarhorni er mér algjörlega óskiljanlegt. Það er nú einu sinni þannig að hvíti geirinn (kjúklingur og svín) er með um 57% markaðshlutdeild á seldu kjöti innanlands síðustu 12 mánuði skv. mælaborði landbúnaðarins. Hvað með eggjabændur? Orðið egg kemur einu sinni fyrir í skýrslunni sem telur þó alls 5.124 orð. Hver er svo niðurstaðan, jú, enn einn plásturinn á opið beinbrot. Það er þó vissulega tilefni til að gleðjast yfir því að stjórnvöld og skýrsluhöfundar virðast vera að gera sér grein fyrir að núverandi umgjörð um starfsskiilyrði landbúnaðarins gengur hreinlega ekki upp og nauðsynlegt er að ráðast í kerfisbreytingar.

Ég veit að maður á ekki að vera neikvæður, sérstaklega ekki á aðventunni sem er tími ljóss og friðar. Ég spyr mig samt oft að því hversu illa þarf að vera komið fyrir íslenskum landbúnaði til að ráðist



Mynd / Úr safni Bændablaðsins

verði að rót vandans? Vissulega kemur margt til sem hefur skert afkomu bænda síðustu misserin eins og hækkandi vaxtastig, miklar fjárfestingar vegna bætts aðbúnaðar, heimsfaraldur, stríðsrekstur í Úkraínu o.s.frv. Stóra kýlið sem enginn virðist samt þora að stinga á er tollverndin og hvernig hún hefur verið að þróast. Samningur sem voru gerðir við ESB 2007 og 2015 (tók gildi 2018) ásamt því að magntollar hafi verið festir í sömu krónutölu allt frá árinu 1995 hafa orðið til þess að tollverndin virkar í besta falli mjög illa og er stöðugt að rýrna að verðgildi. Hvaða afleiðingar hefur þetta haft í för með sér síðasta áratuginn eða svo? Jú, innflutningur á kjöti var nánast enginn fyrir 12-13 árum en nú er innflutt svína-, kjúklinga- og nautakjöt komið með um fjórðungs markaðshlutdeild innanlands.

Til að bregðast við harðnandi samkeppni við innflutning hefur búum fækkað og einingar stækkað. Þar með erum við í hvíta geiranum að mati sjálfskipaðra sérfræðinga ekki bændur lengur heldur verksmiðjuframleiðendur. Því finnst sumum í lagi að tollverndin haldi áfram að þróast eins og verið hefur síðustu misserin. Hverjar eru svo afleiðingarnar? Enn frekari fækkun búa og neytendur velja meira af innfluttu kjöti sem aftur minnkar eftirspurn á ÖLLU innlendu kjöti. Allt er þetta gert í þágu neytenda til að auka „frelsi“ á markaði. Er

mögulegt að frelsið verði svo mikið að innlenda framleiðslan hopi alfarið fyrir innfluttu kjöti? Hverju myndi sú staða skila í pyngju neytenda til lengri tíma litið?

Ég ætla að lokum að gera tilraun til að lýsa íslensku landbúnaðarkerfi í fáum setningum eins og ég upplifi það. Stjórnvöld vilja styðja við „hefðbundinn“ landbúnað – lesist ær og kýr – en er nokk sama um hvíta geirann. Þannig eru gerðir búvörusamningar sem ganga út á að styrkja „hefðbundnu“ greinarnar. Á sama tíma er slakað á tollverndinni af því hvíti geirinn má missa sín. Við hagræðum í hvíta geiranum til að bregðast við aukinni samkeppni. Neytendur velja innflutt kjöt í síauknum mæli sem bitnar á ÖLLUM bændum, líka sauðfjár- og kúabændum. Til að redda bráðavandanum eru skipaðar nefndir og í framhaldinu greiddar sprettgreiðslur og annað slíkt með nokkuð reglulegu millibili.

Er ekki orðið tímabært að ráðast að rót vandans?

Fyrir ykkur sem starfið fyrir hönd bænda við endurskoðun á búvörusamningum. Ekki láta segja ykkur hvað má fjalla um og hvað má EKKI fjalla um. Búvörusamningar án skýrrar stefnu og framtíðarsýnar í tollvernd eru álíka nýtsamlegir og salerni án skeinipappírs.

Góðar stundir.

Ingvi Stefánsson, formaður
búgreinadeildar svínabænda.

Landbúnaður og jól

Það er ýmislegt sem tengir saman landbúnað og jól, fleira en það að frelsari vor Jesús Kristus var lagður í jötu í fjárhúsum við fæðinguna.



Halldóra Kristín Hauksdóttir.

bændur gætu gengið til gegninga að lokinni messu.

Bóndinn verður að ganga í sín daglegu verk hvað sem dagatalið og klukkan segir. Menn reyna þó að hagræða störfum þannig að hægt sé að njóta hátíðanna.

Á jólum hefur ávallt tíðkast að gera sérstaklega vel við sig í mat og drykk. Þá var einnig hugað að því að allar skepnur fengu sem bestan viðurgerning.

Mér finnst einnig að ákveðin matarlykt fylgi jólunum, áður fyrr var það sérstaklega af hangikjöti og oft vegna matreiðslu á rjúpum,

nú síðar meir af hamborgarhrygg og purusteik og síðan kalkún og nautakjöt sem tengjast oft áramótunum. Hér áður fyrr var ekki mikið verið með grænmeti sem meðlæti. Eplalyktin minnir ekki lengur á jólin en „ilmurinn úr eldhúsinu er svo lokkandi“ sem fyrr og minnir okkur á jólin og gerir okkur eftirvæntingarfull.

Þannig eru flestar okkar landbúnaðarvörur beint og óbeint tengdar jólunum. Ekki má gleyma rjóma og eggjum sem sérstaklega er mikið notað af á þessum tíma í t.d. kökubakstur og ísgerð. Jafnframt eru bændur í dag farnir að rækta í auknum mæli greni og furu sem jólatré sem eru síðan upplýst með íslenskri sjálfbærri orku.

Varðandi eggjaframleiðslu, eða þá grein sem ég er í forsvari fyrir, er þetta helst að segja að framleiðslan gekk almennt vel á árinu og markaðurinn virðist vera í góðu jafnvægi. Heilbrigði varphænsna er gott, þökk sé hversu vel er staðið að uppeldi og ræktun stofnsins.

Þá fagna ég því að eggjaframleiðendur hafa nú lokið því verkefni að hafa alla varpfulla

í lausagöngu. En um var að ræða umfangsmiklar breytingar á regluverki um aðbúnað og hollustuhætti sem Matvælastofnun hefur eftirlit með. Sú framkvæmda og var mjögleg kostnaðarsöm. Eggjaframleiðsla, eins og flest allar búgreinar í landbúnaðinum, eiga nú í verulegum rekstrarerfiðleikum vegna hárra vaxta ásamt miklum hækkunum á öllum aðföngum.

Vonandi ber okkar ráðamönnum gefa til þess að skapa bændum það starfsumhverfi sem nauðsynlegt er með tollvernd og öðrum aðgerðum þannig að við getum um ókomna tíð gætt okkur á íslenskum gæðamat á jólum sem og aðra daga.

Í tilefni jólaföstunnar læt ég þessa fallegu vísu fylgja með.

*Jólafastan bjartan ber
boðskap helgra tíða
fögnuð ríkan færir þér
frið og alúð blíða*
(Ingólfur Ómar Ármannsson)

Halldóra Kristín Hauksdóttir,
formaður búgreinadeildar
eggjabænda.



BÆNDAGED
Hugsaðu um þig - Hugsaðu um geðheilsuna þína!
Geðheilsa bænda er mikilvæg.
Deildu þínum hugsunum og reynslu, leitaðu ráðgjafar og stuðnings og taktu tíma fyrir þig.
baendaged.bondi.is

Helstu verkefni deildar nautgripabænda

Í þessari grein ætla ég að fara yfir nokkur af þeim verkefnum sem hafa verið á borði stjórnar deildar nautgripabænda síðustu misseri.



Rafn Bergsson.

Rekstrar-skilyrði í mjólkur- og nautakjöts-framleiðslu hafa farið hratt versnandi undanfarið.

Þrátt fyrir hækkanir á afurðaverði duga þær alls ekki til. Nautgriparækt er fjármagnsfræk grein, það er mikið fjármagn bundið í jörð, húsum, tækjum, búnaði o.fl. miðað við veltu. Því til viðbótar hafa bændur byggt mikið upp undanfarið og bætt aðstöðu og aðbúnað mikið.

Þetta veldur því að þær gríðarlegu vaxtahækkningar sem dunið hafa á undanfarið bitna gríðalega illa á greininni. Það er verulegt áhyggjuefni að harðast bitnar þetta á fólki sem hefur nýlega hafið búskap eða hefur verið að fjárfesta til framtíðar.

Það er að segja þeim sem ætla að framleiða matvæli til framtíðar. Þessu verður að bregðast við.

Endurskoðun búvörusamninga

Endurskoðun búvörusamninga á að fara fram á árinu 2023. Vinna við það hófst í vor með fundum með hverri búgrein fyrir sig. Í byrjun maí var komið að nautgriparæktinni.

Á þessum fundi var farið yfir tillögur og áherslur frá búgreinapingi varðandi búvörusamninga. Það kom ítrekað fram í þessum viðræðum að engir viðbótarfjármunir kæmu inn í samningana. Þann 28. september kynntu Bændasamtök Íslands fulltrúum matvæla- og



Mynd / Jón Eiríksson - úr safni Bændablaðsins

fjármálaráðuneytisins í nefnd um endurskoðun búvörusamninga kröfugerð BÍ vegna endurskoðunarinnar. Fljótlega á eftir var skipaður starfshópur þriggja ráðuneytisstjóra um fjárhagsvanda í landbúnaði og hefur verið beðið eftir hvað út úr þeirri vinnu kæmi. Nýlega voru niðurstöður hópsins kynntar.

Ljóst er að hópurinn hefur farið í talsverða vinnu til að greina stöðuna og eru niðurstöðurnar í takt við það sem Bændasamtökin hafa haldið fram. Það er jákvætt að skilningur á stöðunni sé með sama hætti. Í niðurstöðunum felst viðurkenning á að staðan er óviðunandi. Það er hins vegar alveg ljóst að þær aðgerðir sem þar eru boðaðar duga alls ekki til að taka á þeim vanda sem margir kúabændur eru í. Bæði eru of litlir fjármunir til skiptanna og eins eru alltof margir sem falla utan við þá hópa sem aðgerðirnar ná til. Það þarf að fara í röttækari aðgerðir til að tryggja rekstrargrundvöll kúabænda til framtíðar svo við komumst út úr þessum endalausum plástursaðgerðum sem skila litlu til lengri tíma lítið.

Jöfnun sæðingakostnaðar

Jöfnun kostnaðar við kúasæðingar hefur verið lengi til umræðu. Á aðalfundum Landssambands kúa-

bænda 2019 og 2020 voru samþykktar ályktanir um að leita skyldi leiða til að jafna kostnað bænda við kúasæðingar. Í lok árs 2020 var skipaður starfshópur um málið. Hópurinn skilaði niðurstöðum að hausti 2021. Lítið gerðist í málinu næstu misseri en síðla árs 2022 var þráðurinn tekinn upp aftur og fundað með búnaðarsamböndunum sem reka sæðingastarfsemi.

Niðurstaðan var að þrjár aðilar vildu sinna sæðingunum, það eru Búnaðarsamtök Vesturlands, Búnaðarsamband Suðurlands og Búnaðarsamband Eyjafjarðar sem tæki yfir Skagafjörð og Húnavatnssýslur. Framkvæmdastjóri Bssl hefur leitt vinnu þessara aðila við að leggja mat á aðstöðumun milli svæða sem að mestu leyti er tilkominn vegna mikils munar á akstri á hverja sæðingu.

Í framhaldi var óskað eftir breytingu á reglugerð til að tryggja fjármuni til að jafna þennan aðstöðumun. Og mun nýtt fyrirkomulag taka gildi um næstu áramót.

Kyngreining á sæði

Í mars síðastliðinn kom út skýrsla um möguleika á kyngreiningu á nautasæði hér á landi. Í framhaldinu var stofnaður starfshópur skipaður

fulltrúum Bændasamtakanna, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Nautastöðvarinnar og Fagráðs í nautgriparækt til að vinna að innleiðingu á tækninni. Hópurinn hefur verið að skoða hvernig best verði staðið að verkefninu.

Nauðsynlegt er að vanda til verka bæði til að reksturinn á kyngreiningunni verði sem hagstæðastur og ekki síður til að viðunandi árangur náist sem allra fyrst. Tvenns konar tækni er í boði til kyngreiningar og er nú verið að meta hvor tæknin hentar okkar aðstæðum betur. Vonandi liggur það fyrir fljótlega á nýju ári og í framhaldinu komist meiri hreyfing á verkefnið.

Hugum að eigin líðan

Þessi misserin eru margir að kljást við erfiða skulda- og fjárhagsstöðu. Ég þekki vel af eigin raun, frá fyrri tíð, hvernig er að vera í þessum sporum. Það er ljúandi og erfitt að vera endalaust með kvíða og áhyggjur af stöðunni og hvað framtíðin beri í skauti sér. Því hvet ég ykkur sem í þessari stöðu eruð til að vera ófeimin við að leita eftir aðstoð eftir þörfum. Hvort sem er fjármálaráðgjöf til að leita að leiðum til að bæta stöðuna og ekki síður aðstoð ef andlega líðanin er ekki nægilega góð. Það er auðvelt í þessum aðstæðum að falla í vonleysi og þunglyndi. En það gerir málin enn erfiðari úrlausnar ef fólk nær ekki að vera í þökkalegu jafnvægi og halda einbeitingu á verkefnið.

Að lokum vil ég óska bændum gleðilegra jóla og farsæls nýárs. Með von um bjartari tíma fyrir íslenskan landbúnað.

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda.



Hilltip Icestriker 900–1600L Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.




Hilltip Snowstriker VP Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þögríms Jónssonar ehf.

Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is



Völvuspá Bændablaðsins:

Kraftur komandi árs

Eins og síður er kastaði völva Bændablaðsins beinum sínum og opnaði fyrir flæði þess kynngikrafts sem árið 2024 ber í skauti sér. Hæst ber þar sú geta okkar til þess að framkalla þann veruleika sem við þráum innra með okkur. Munum að við höfum – með þeim hugsunum og mætti sem töfrað geta allt – alla burði til þess að veita óskum okkar kjölfestu.

Tunglstaðan í ársbyrjun er minnkandi og það er ekki fyrr en þann 25. janúar sem tunglið er í fullu veldi, svokallaður úlfamáni. Veitir það þeim sem vilja, nokkurn tíma til að líta í eigin barm og hefja vegferð sína í lok hins fyrsta mánaðar með þöglum styrk úlfsins. Leysum úr læðingi þá töfra sem okkur ber og löðum að okkur þá veröld sem við viljum.



Vatnsberi

Stöðugleiki í tilfinningamálum verður sérstaklega áberandi á nýju ári. Vatnsberinn hefur ekki alltaf tekið skynsamlegustu ákvarðanirnar er kemur að ástinni og getur verið heldur fljótfer sem kemur honum illa. Hann mun leita undir yfirborðið eins og vatnsmerkjum sémir og með vorinu finna þá manneskju sem honum er ætlað. Vatnsberinn fær ótal tækifæri til að víkka út sjóndeildarhringinn yfir árið, þá helst innra með sér, enda kemur það ferðalag sífellt á óvart. Ferðalög utan landsteinanna eru jafn mikilvæg og ferðir innan hugans og ætti vatnsberinn að nýta hvert tækifæri til að opna nýjar víddir í líf sitt. Hann þarf þó að gæta þess að halda geðheilsunni í jafnvægi og vera duglegur að leita lausna ef vandamál koma upp. Vera óhræddur við að deila sinni líðan og hafa í huga að þannig gengur best að vinna úr hlutunum. Vatnsberinn er heillandi og heiðarlegt merki að upplagi og hugljúfi sinnar nánustu.



Fiskur

Fiskarnir munu upplifa ríka þörf fyrir aukna virðingu þetta árið en þeir hafa gjarnan átt það til að upplifa að þeir tali gegn tónum eyrum þótt þeim liggi mikið á hjarta. Óvægin sjálfsskoðun er mörgum nauðsynleg og rétt er að taka skrefið í þá áttina þó óþægileg sé. Fisknum er ráðlagt að hægja á sér og velta fyrir sér hvað skiptir hann raunverulega máli, hvað veitir honum hamingju og frelsi. Árið mun færa fisknum dýpri sjálfsþekkingu og andlegan vöxt í bland við skemmtilegar áskoranir. Nokkur skref fyrir utan þægindarammann eru jákvæð og æskilegt er að setja sér markmið sem hægt er að ná. Fjölskyldan er fisknum mikilvæg og þarf hann að rækta sambönd sín þar líkt og annars staðar þó auðvelt sé að gleyma þeim sem standa manni næst. Fjárhagslegur stöðugleiki einkennir stjórnumerki fisksins fyrstu mánuði ársins og getur hann farið vaxandi með árinu ef vel er að gætt.



Hrútur

Árið 2024 verður ár fullt orku og frumkvæðis. Sköpunargáfan eykst til muna og því fullkomið tækifæri til að hefja ný verkefni, áhugamál eða jafnvel að hefja nám. Hrúturinn hefur tekið út tilfinningalegan þroska síðastliðið ár sem snýr að honum sjálfum og hvernig hann kys að vinna með þau sambönd sem að honum standa. Aukið hugrekki veitir honum tækifæri til þess að styrkja tengslanetinn og endurnýja kynni við gamla vini auk þess sem hrúturinn þarf að vera opnari fyrir samskiptum og takast á við þær áskoranir sem rísa, fyrr en síðar. Ferðalög eru í kortunum og ýmis verkefni, bæði andleg og annars eðlis þeim tengd. Ástin er á rólegu nótnunum og ekki er gæfulegt að hröfla við neinu þar heldur njóta þess sem veitir gleði og öryggi. Áframhaldandi áhersla á heilsufarið er í forgrunni, þá helst með hreyfingu hvort sem er að takast á við andlega líðan eða líkamlega hreysti.



Naut

Árið mun bera með sér breytingar, bæði í starfi og einkalífi, en til þess að það gangi eftir þarf nautið að vera sveigjanlegt og opið fyrir nýjum tækifærum. Fjárhagslegur stöðugleiki verður lykillinn að árangri og fyrstu mánuði ársins mun nautinu bjóðast verkefni sem glæða sköpunargáfu þess og um leið auka flæði peninga. Nautið hefur staðið í flutningum og rúmruski síðastliðið ár og getur glatt sig við það að nú er tími rólegrheita sem ætti að nýta til endurnýjunar á þeim hliðum sjálfs þess, hvort sem er líkama eða sálar. Rólegt hefur verið í ástarmálum nautsins, einhverjar glæður lifa í óreyndri ást og er sjálfsagt að blása í þær á næstu mánuðum. Eldri naut eru þó afar staðföst og ekki þekkt fyrir að vera með galgopahátt í ástarmálunum svo gæta þarf að seinagangur hamli ekki glæðum að verða að báli. Ferðalög eru í kortunum á fyrsta ársfjórðungi nýs árs þar sem nautið ætti að styrkja tengslanet sitt með tilliti til starfa í framtíðinni.



Tvíburi

Félagsleg samskipti nýs árs verða í brennidepli hjá tvíburanum sem aldrei fyrr, auk þess sem öll tengsl munu blómstra. Ný og gömul sambönd þarf þó að rækta og leysa skyldi úr öllum þeim samskiptaörðugleikum sem hafa hlaðist upp síðastliðin misseri. Tvíburinn kann illa við deilumál, en slík óleyst geta lagst á taugakerfi þeirra með óskemmtilegum afleiðingum. Haldast andleg líðan og líkamleg þétt í hendur, ekki síst hjá tvíburanum sem stundum fer allan tilfinningarússíbanann á tveimur klukkutímum og því nauðsynlegt að þar séu öll mál á hreinu. Starfsvettvangurinn er jákvæður enda tvíburinn hamhleypa til verka ef svo ber undir, lausnamiðaður og vinsæll, en þessir eiginleikar gefa honum byr með ný tækifæri í sjónmáli. Að vera opinn fyrir nýjungum svo og skoðunum annarra getur opnað fyrir áhugaverða möguleika síðla sumars sem munu breyta lífssýn tvíburans sem um munar. Sveigjanleiki og listin að hlusta eru í forgrunni á árinu auk þess sem tvíburinn ætti að rækta innri ró.



Krabbi

Árið 2024 verður tilfinningalega sveiflukennt og þarf krabbinn að finna jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Eitthvað verður um að sambönd gliðni og þá er að vinna í málunum og finna lausn sem hentar öllum. Þetta er þó ekki endilega neikvæð upplifun heldur gætu þarna opnast skemmtilegir möguleikar á opnara lífern. Heilsa og vellíðan verða mikilvæg og gæta þarf þess að að stoppa og anda djúpt við og við. Ástin er í kortunum og þá helst virðist sem máltækið „Lengi lifir í gömlum glæðum“ eigi vel við. Krabbar eiga að vera óhræddir við að stíga út fyrir þægindahringinn og njóta þess að upplifa allt sem þeir þróa, enda lífið stutt. Að vera opinskár um tilfinningar sínar og opinn fyrir nýjungum getur haft jákvæð áhrif á krabbann eftir áralangan doða. Persónulegur þroski kemur í kjölfarið sem mun opna ýmsar dyr og glæða áhuga á fjölbreyttum sviðum. Starfsframinn siglir lygnan sjó og ekki verður mikið um breytingar fyrr en mögulega rétt í árslok þegar óvæntar uppákomur rugga einhverjum bátum.



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Gleðileg jól



Bændasamtök Íslands senda sínar allra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og hlökkum til að takast á við bústörfin á komandi ári.



Ljón

Heilindi í samskiptum þurfa að vera öðru frammar á nýju ári og þarf ljónið að vinna með traust á margan hátt. Að sama skapi er rétt að hafa heiðarleika í forgrunni og efasemdir um jákvæðan ásetning annarra ætti að blása í burt nema að vel ígrunduðu máli. Peningar og viðskipti eru ljóninu afar hugleiknir í ár og það veltir sífellt fyrir sér nýjum leiðum til að auðgast. Um leið og það jafnvægi kemst á innri ró þess, ætti það að geta séð fyrir sér flæði auðæfa sem aukast eftir því sem andleg líðan er betri. Kærleiksrik og persónuleg tengsl munu blómstra að sama skapi þegar innri ró hefur komist á, en svo verður ekki fyrr en ljónið er heiðarlegt við sjálft sig og kemst að niðurstöðu um hvernig það vill raunverulega haga lífi sínu. Þá er hægt að taka næstu skref. Ástarmál kvenljóna verða í brennidepli um mitt sumar þegar sólin skín sem hæst, en að þeim laðast þá helst karlmenn undir meðalhæð. Karlljónið þarf enn um sinn að glíma við sjálft sig, en mun þó eiga smáævintýri hér og þar.



Meyja

Þetta verður ár sjálfskoðunar og persónulegrar þróunar, en í byrjun árs ætti meyjann að setja á blað hugmyndir um hvernig næstu skref lífs hennar líta út. Hver eru markmiðin, hverju vill hún ná fram og að sama skapi auðga sjálfa sig. Ákveðin markmið í starfi og heilsu hafa verið meyjunnar ofarlega í huga og nú er tími til að hefja þá vegferð enda mikill ávinningur í lok árs, ef haldið er af stað. Meðfram því þarf hún að æfa sig í að standa keik á sínu og láta ekki vaða yfir sig, og eykst sjálfstraust á árinu til muna ef vel er haldið á spöðunum í þessum efnunum. Meyjunnar er tamt að halda jafnvægi milli tómsunda og tíma til afslöppunar en þarf að geta þess að rækta hugann að sama skapi, enda hættir henni til að vera svolítið löt. Sterkur og skýr hugur veitir byr undir segl markmiðanna og því þarf meyjann að geta þess að rækta sjálfa sig með einlægni. Ástarmálin eru á rólegri nótnunum en meyjann getur huggað sig við það að hún er eitt elskadasta merkið og vinsælasta enda tilfinningaþroski hennar mikill og smitar gjarnan út frá sér.



Vog

Samskipti verða lyklatríði á árinu og mun vogin styrkja félagslegar og tilfinningalegar tengingar, ekki síst við sig sjálfa. Hún æfir sig í að fylgja innsæinu án afskipta annarra og með tengingu við innra sjálfið. Vogin þarf að æfa sig í að hafa hugrekki til þess að segja sína meiningu jafnframt því að gera sér grein fyrir hversu vel hún er metin og dáð. Sjálfstraust, dugur og þor eru hennar einkunnarorð á árinu. Jafnvægi er voginni mikilyægt og finnur hún til óróa ef hennar innsta tengslanet er ekki sem skyldi, en sambönd styrkjast meðfram innri vexti og þroska. Ástarmálin eru hæst á baugi hjá voginni af öllum stjörnumerkjunum enda þögull þokki vogarinnar á tímum sterkari en eldglæringar sporðrekanans. Rétt er að taka fram að ástarsambönd sem myndast í ár eiga eftir að verða afar sterk, sérstaklega ef rólega er farið af stað. Heilt yfir er árið 2024 ár gæfu og gengis og má vogin trúna því að stjörnurnar séu henni hliðhollar yfir heilt.



Sporðdreki

Árið 2024 mun færa sporðrekanum dýpri skilning á eigin tilfinningum og löngunum auk þess að upplifa ýmiss konar breytingar í persónulegu og atvinnulegu lífi sem krefjast aðlögunarhæfni. Næstu mánuðir snúast að miklu leyti um persónulegan vöxt þar sem gott er að fara yfir liðinn veg og velta fyrir sér hvað hægt sé að læra af reynslunni. Margir sporðrekar setja markið hátt á árinu, bæði í starfi og einkalífi en þar sem sporðdrekin er eitt tilfinningaríkasta merkið mun það án efa setja ástríðu sína í forgrunn, hvort sem það tengist starfi eða nánnum samböndum. Eitthvað verður um að sporðdrekin hefji listnám eða annað skapandi nám sem mun koma honum á óvart og velta af stað róttækum breytingum. Á árinu dýpka sum sambönd á meðan önnur geispa golunni, en lítið virðist vera um nokkurn milliveg þar. Sporðdrekin fær skýrari sýn á hvað drífur hann áfram og nærir, en þarf að æfa sig í að vera hógvær og tillitssamur.




Bogmaður

Árið sem er að ganga í garð verður ár ævintýra og uppgötvana. Ferðalög og menntun verða lykilþættir og þyrfti bogmaðurinn að geta þess að vera opinn fyrir nýjum hugsanagangi. Mikil gleði og hamingja mun vera ríkjandi á árinu og ætti bogmaðurinn að njóta þess til hins ýtrasta. Ekki er úr vegi að dreifa gleðinni í kringum sig og hafa það bak við eyrað að gjarnan opnast dyr ef orka gleðinnar bankar upp á. Bogmaðurinn fær aukið sjálfstraust á árinu sem kætir hann mjög og verður til þess að hann ákveður að taka einhver skref sem ekki áður hafa verið stigin. Heimurinn opnast og nýjar upplifanir eru ráðandi. Tengslanetið þéttist og ástarsambönd að sama skapi verða innilegri og einlægari. Bogmaðurinn þarf þó að geta þess að hafa taumhald á sinni nýfundnu tilfinningasprengru og hafa nokkra yfirsýn – að minnsta kosti yfir hvern mánuð í senn. Sérstaklega með tilliti til þess að á árinu verða þónokkrar breytingar sem hafa þarf auga með ef þær eiga að þróast í jákvæða átt.



Steingeit

Þetta er ár nýrra upphafa. Steingeitin fer út fyrir þægindarammann og tekur skref að þeim breytingum sem hún hefur lengi viljað taka. Ekki er víst að breytingarnar eigi sér stað fyrst um sinn, en þrautseigja og þrjúská eru einkennismerki steingeitarinnar svo og tiltölulega röksemdarleg hugsun sem getur fleytt henni áfram ef viljinn er mikill. Gæta þarf að heilsunni, bæði andlegri og líkamlegri, en steingeitinni er tamt að láta sjálfa sig dala. Árið mun, heilt yfir, vera uppbyggilegt á margan hátt og þónokkur langþráð markmið verða unnin. Fjármálin eru hátt á baugi og minna skyldi steingeitina á að sella er að gefa en þiggja, en peningastreymið verður stöðugt í vasa hennar yfir næstu mánuði. Ástarmálin koma skemmtilega á óvart og verður mikið um óvæntar gjafir í heimi tilfinninganna. Bæði sem hægt er að þreifa á svo og þær sem koma róti á hjartað. Heilt yfir mun árið vera steingeitinni gott ef hún leyfir tilfinningunum að flæða óbeisluðum, en þó innan marka velsæmis. Hlusta af kostgæfni á aðra en leyfa hjartanu að ráða för.



Naðurvaldi

Stjörnufræðingar víða um heim, bæði hjá NASA og eins og lesa má á vefsíðu Stjörnufræðivefsins, vilja meina að í raun séu stjörnumerkin þrettán. Kemur það til vegna stöðu möndluls jarðar, eða pólveltunnar sem tekur um 26.000 ár og því eru stjörnumerkin sem sjá má á himni ekki lengur á sama stað og fyrir þúsundum ára. Upphaflega höfðu Babýlóníumenn stjörnumerkin þrettán talsins og var naðurvaldi, stjörnumerki á miðbaug himins eitt þeirra. Myndgerð Naðurvalda er maður haldandi á höggormi, samanber grísku goðsögnina, guðinn og lækinn Asklepios. Er naðurvaldi ríkjandi frá 30. nóvember til 17. desember, þekktur fyrir eigingirni og öfundsfýki, en einnig er hamn litríkur og skemmtilegur persónuleiki auk þess að vera afar vel gáfum gæddur. Ef honum væri úthlutað varanlegt sæti meðal merkjanna myndu sæti hinna skarast sem svo svarar: **Vatnsberi** 16. febrúar til 12. mars, **Fiskar** 12. mars til 18. apríl, **Hrútur** 18. apríl til 14. maí, **Naut** 14. maí til 21. júní, **Tvíburi** 21. júní til 20. júlí, **Krabbi** 20. júlí til 10. ágúst, **Ljón** 10. ágúst til 16. september, **Meyja** 16. september til 31. október, **Vog** 31. október til 23. nóvember, **Sporðdreki** 23. nóvember til 29. nóvember, **Naðurvaldi** 29. nóvember til 18. desember, **Bogmaður** 18. desember til 19. janúar, **Steingeit** 19. janúar til 16. febrúar. Eins og kemur hér glögglega fram eru tímatöl stjörnumerkjanna þrettán ekki jöfn að lengd, líkt og þau tólf sem nú ríkja – en í þeim virðist sólin ríkja um mánuð í senn.

*Óskum landsmönnum öllum
gledilegra jóla og farsældar
á nýju ári*



BYKO
GERUM PETTA SAMAN


LANDSTÓLPI

 *fremst
fyrir bragðið
Síðan 1907*


STREYMI
heildverslun

 **FLÓRA**
GARÐYRKJUSTÖÐ


50 YEARS
ENGINEERING EXPERIENCE


LÍFLAND

PÓR hf

VHE
HUGVIT Í VERKI

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Röggi ehf.


REYKJABÚÍÐ
- SÍÐAN 1947 -

 **VÉLAVAL**
www.velaval.is

 **VAGNAR &
ÞJÓNUSTA**


Sölufélag
garðyrkjumanna
**Íslenskt
grænmeti**
Þú veist
hvaðan það
kemur

FRAKTLAUSNIR

Sprettur
ÁBURÐUR



LímtréVirnet

RAG
import - export

N1


ÍSFUGL


VÍKURVAGNAR EHF.




Kemst þú í gegnum vöfundarhúsið?



Getur þú fundið 13 mismunandi nöfn spila í stafaruglinu?

L	U	S	Y	Ó	N	O	J	Æ	I	K	J	H	S	Ó	Þ	Ð
T	U	Ý	H	Þ	I	Ú	P	N	R	S	O	Æ	H	P	A	Ð
E	P	T	Ó	J	P	V	A	J	S	U	Í	G	B	Y	I	Y
Æ	Á	X	Ó	Ó	H	K	B	E	R	V	Þ	O	H	O	H	A
I	L	V	T	F	Ú	D	J	U	H	N	T	S	T	V	H	R
G	P	A	Ó	U	Ö	T	Ð	Ð	N	A	Ð	I	L	É	E	J
Ý	K	Á	N	R	Y	A	Ö	E	L	A	U	M	A	K	H	R
H	K	Í	N	G	M	Á	S	N	I	X	K	Í	Ó	Ý	U	A
R	J	Ú	É	I	A	L	X	Y	R	Á	H	P	S	T	X	T
Ö	M	Í	Ð	K	Ó	V	D	P	U	K	Ð	B	É	M	Y	Ó
T	É	I	U	N	L	M	I	L	Í	Ö	N	P	N	Þ	Ý	V
M	E	D	E	É	R	E	S	T	Ð	X	I	B	S	A	R	U
V	F	S	L	I	O	A	P	P	L	T	É	K	G	É	K	Æ
K	L	V	Ð	J	M	T	É	P	R	E	X	M	A	N	N	I
Ó	Ý	I	Í	S	M	Y	X	A	A	S	Y	O	R	Ð	K	É
É	Ú	S	Í	É	Í	M	V	S	D	R	L	S	Ö	J	K	Æ
F	Y	T	B	F	Ý	S	Y	Ó	A	H	I	Þ	A	Ð	Æ	R



Hvernig snýr teningurinn þegar búið er að velta honum fjórum sinnum?



1



4



2



5



3



6



Hve margar jólahúfur finnur þú í blaðinu?

*Óskum landsmönnum öllum
gledilegra jóla og farsældar
á nýju ári*

matís



**Búnaðarsamband
Skagafjarðar**



VÉLABÁSINN

Dásamleg bíldrusla

– Prufuakstur á Land Rover Series III

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Að þessu sinni tekur Bændablaðið til kostanna bifreið af gerðinni Land Rover Series III, framleidda árið 1981. Þetta eru margreyndir jeppar sem voru birtingarmynd íslenskra sveita og hálendisferða á áratugum áður.

Þegar Land Roverinn er skoðaður að utan sést að útlitið einkennist nánast alfarið af skörpum hornum og flötum hliðum. Mest er þetta áberandi ef horft er á bílinn frá hlið, en afturendinn er alveg flatur og lóðréttur og myndar niutíu gráðu horn við þakið. Þá gefa kringlótt framljósín bílnum góðlegt útlit. Myndirnar tala sínu máli, en ekki er hægt að segja annað en að þetta sé afar fögur bifreið.

Þegar inn er komið tekur á móti manni innrétting sem er óravig frá því sem tíðkast hefur í nýjum bílum undanfarna áratugi. Allt er klætt með svörtum vínýl og ekkert gert til að gera útlitið áhugavert. Þetta er þó merkilega praktískt, enda er stór og rúmgóð hilla þvert yfir allt mælaborðið.

Sætisstaðan er ekki upp á marga fiska, en mjúkur svampurinn bjargar því sem bjargað er. Þegar bíllinn var nýr var sjálfsagt hægt að stilla sessuna eitthvað en bakið er alveg fast. Ökumaðurinn þarf því að sitja í hálfgerðri fósturstillingu með risastórt stýrishjólið í fanginu.

Lítill truflun

Ekkert útvarp er í þessum bíl eða önnur affreying sem leiðir hugann frá akstursánægjunni. Athyglin getur því verið óskert við að fylgjast með umhverfinu, hlusta á vélina eða öll hin fjölmörgu hljóð sem heyrast víðs vegar um bílinn.

Nokkrar stillingar eru á miðstöðinni. Að sumri til er hægt að opna litla hlera rétt fyrir neðan framrúðuna, sem hleypa inn fersku og köldu lofti. Bíllinn þarf þó að vera á ferð til að blásturinn hafi einhver áhrif. Síðan er miðstöð sem nýtir hitann af vélinni til að blása inn heitu lofti. Á henni eru tvær stillingar, annars vegar andvari og hins vegar gola.

Í vatnshrið ræður heiti blásturinn ekki við að þurrka upp móðuna á framrúðunni og er því gott að hafa klút innan handar til að geta séð í gegnum glerið. Í þessu samhengi er rétt að benda á rúðþurrkurnar sem hafa tvær stillingar: hratt og geysihratt. Því þarf stöðugt að slökkva og kveikja á þeim ef ekki er stórrínging.

Alls konar stangir og takkar

Það er ákveðinn sjarmi yfir tökkunum og stöngunum í svona gömlum Land Rover. Vinstra megin við stýrið eru þrjár veltirofar sem stjórna miðstöð og ljósum og einn snúningsrofi fyrir rúðþurrkurnar. Þá er kveikjúlásinn vinstra megin við stýrið, öfugt við flesta bíla. Við hliðina á honum er svo sérstakur rofi sem þarf að draga út til að drepa á bílnum, en það er ekki hægt að gera með lyklinum. Hægra megin við stýrið er svo stöng fyrir stefnuljós og flautu.

Á gólfinu fyrir miðjan bíl eru svo fimm stangir. Sú stærsta er fyrir almennar gírskiptingar, sú gula er til að virkja fjórhljóladrifíð og sú rauða til að setja bílinn í lágadrifíð eða til að aftengja fjórhljóladrifíð. Þá er ein lítill stöng fyrir yfirgirinn,



Land Rover voru algengir bílar á árum áður en eru nú orðnir sjaldgæf sjón. Þrátt fyrir að vera gamaldags og uppfullur af ókostum þá er hver ökuferð upplifun. Þetta er rúmgóður bíll sem kemst nánast allt á seiglu.

Myndir / AL



Hönnuðir Land Rover hafa líklega notast mikið við vinkil þegar bíllinn var teiknaður, enda niutíu gráðu horn víða.

sem er aukahlutur. Aðalgírarnir eru fjórir og sá hæsti frekar lágur og kemur það sér vel að hafa overdrive úti á þjóðvegum. Síðasta stöngin er svo fyrir handbremsuna. Framan við allar þessar stangir er handlúgjöf sem getur gagnast í þeim tilfellum sem bíllinn er notaður við landbúnaðarstörf.

Þessi bifreið er firnastór, enda um lengri gerð af Land Rover að ræða. Það er sætispláss fyrir tólf manns, þó bifreiðin sé ekki skráð fyrir nema níu. Þá stendur einungis farþegunum þremur á fremsta bekk til boða að nýta sér öryggisbelti. Þeir sem sitja á miðjubekknun geta ríghaldið í járnör sem hefur verið soðið fyrir aftan sætisbök fremsta bekkisins. Öftustu sætin eru tveir bekkir þar sem farþegarnir sitja þvert á akstursstefnunna.

Þryðilegt geymslupláss er í bílnum og tekur hann lengi við farangri. Geymslurýmið er hins vegar alls ekki praktískt með öll þessi sæti og lítinn afturhlera. Því getur verið þrautin þyngri að koma fyrir stærri hlutum eins og reidhjól.

Nær 100 eftir dúk og disk

Að flestu leiði er gott útsýni úr bílnum, enda allir gluggabogarnir örþunnir

og sætisstaðan há. Helsti gallinn er að efri ramminn á framrúðunni er akkúrat í sjónlínunni. Því þurfa fullvaxnir ökumenn að sitja hoknir til að sjá langt fram á veginn. Þetta er sérstaklega mikið vandamál þegar stoppað er við umferðarljós og þarf að beygja sig vel fram til að sjá hvenær ljósið verður grænt.

Aksturseiginleikar bílsins mótast að miklu leyti af því að Land Rover á margt skylt með dráttarvél. Upplifunin er því mun nær því að aka International Harvester 434 en Tesla Model 3. Dísilmótörinn er ekki með nema 67 hestöfl og vegur bíllinn tæp tvö tonn. Hann nær því ekki upp í hundrað kílómetra hraða nema eftir dúk og disk, að því gefnu að hann aki niður í móti með vindinn í bakið. Ef það er hins vegar brekka eða mótvindur þá er mikil barátta að halda bílnum á þjóðvegahraða.

Hávaðinn er geipilegur við nær allar akstursaðstæður, nema þegar ekið er í rólegheitunum innanbæjar. Standi til að leggja í langferð er nauðsynlegt að vera með eyrnatappa, því vélin öskrar þegar ekið er á áttatíu kílómetra hraða úti á þjóðvegi, enda engin hljóðeinangrun, og þegar ekið er á malarvegi hringlar í öllu.

Land Rover er afar óheppilegur sem borgarbíll þar sem hann er með



Innréttingin er óravig frá nútímabílum. Sætisstaðan er óeðlileg en mjúkur svampurinn vegur upp á móti.

víðan beygjuradús. Þá fylgir því líkamlegt erfiði að koma bílnum fyrir í þröngt stæði þar sem stýrið er nær öyfirfígánlega þungt, sérstaklega þegar bíllinn er kyrrstæður.

Ólíkt því sem oft er fleygt fram um Land Rover, þá fjaðrar þessi tiltekni bíll nokkuð vel. Það skýrist í fyrsta lagi af því að þetta er lengri týpan sem gerir hreyfingar yfir öjfnur ekki eins kvikar og á þeim stuttu. Í öðru lagi er búið að skipta út upprunalegu fjaðrablöðunum fyrir svokallaðar parabolic fjaðrir, sem gefa meiri mykt á kostnað burðargetu. Þá eru dekkinn belgmikil og auðvelt að minnka loftþrýstinginn til að gera bílinn enn þýðari, hvort heldur sem áætlunin er að aka yfir hraðahindrun eða hálendisveg.

Kemst allt á seiglu

Þegar malbikinu sleppir koma í ljós hinar sterku hliðar bílsins. Hann er rásfastur þegar búið er að virkja fjórhljóladrifíð og eins og áður segir nokkuð mjúkur. Land Roverinn er með hásingar að framan og aftan og veggþæðin einstaklega góð, þótt þetta sé óbreyttur jeppi. Drifkúlurnar á hásingunum eru staðsettar aðeins til hliðar og getur ökumaðurinn því miðað við að allra stærstu steinarnir

fari undir bílinn þar sem hann er hæstur. Það eru samt hverfandi líkur á því að reka upp undir bílinn á venjulegum fjallaslóðum, enda er hann það hárfullorðinn maður getur skriðið undir hann. Þá er hann merkilega öflugur í grófum torfærum og virðist hann ná endalausum gripi, þrátt fyrir að vera á frekar fingerðum dekkjum. Hann fer ekki hratt yfir en kemst nánast allt á seiglu.

Að lokum

Þrátt fyrir alla sína ókosti er Land Rover uppfullur af yndisþokka sem vegur upp á móti öllu því neikvæða. Það er ekki hægt að mæla með þessum jeppa ef hann er eini bíllinn á heimili. Sem aukabíll er hann hins vegar stórskemmtilegur og hver ökuferð upplifun. Þá vekur bíllinn jákvæða athygli hvert sem hann fer, hvort sem það er frá fimm ára piltum eða áttræðum konum.

Lesendur þurfa að gera ráð fyrir talsverðri slagsíðu í þessum bíladómi, enda sá sem þetta skrifar eigandi bílsins og vitaskuld ekki alveg hlutlaus. Þeir sem eru áhugasamir um að sjá fleiri myndir og myndbönd af bílnum geta flett upp @landroveradventuresiceland á Instagram.



Íslenskar jólahæfir:

Jólabæðið sæla

– Hin (ó)þrifna íslenska þjóð

Misjöfnum sögum fer af baðferðum forfeðra okkar, en heiminum þótti víst íslenska þjóðin ein sú óþrifalegasta um árabíl.

Einhverjar vísbendingar í rituðu máli gefa þó til kynna að þeir sem bjuggu nálægt heitum laugum væru vel hreinir, en áttu við að stríða óloft í illa samansettum húsakynnum sínum. Daunn af húsdýrum blandaðist við fúalof og brælu lýsis sem notað var í lampa. Við þetta bættist lykt af mat og matarundirbúningi ýmiss konar auk þess sem vinsælt þótti, er óloftið keyrði úr hófi fram, að kveikja í eini eða næfrakolum til að „bæta“ loftið. Fyrir utan að vanalegast var ekki hægt að opna glugga ef gluggar fyrfundust þá á heimilinu.

„Saurseill maður er jafnan auðsæll“

Ekki má gleyma þvottavenjum þeim er viðhöfðust, en samkvæmt bókinni Íslenskum þjóðháttum kemur fram að „Ekki var síður að þvo fatnað oftar en hjá var komist. Rúmföt, t.d. rekkjuvöðir, voru þvegin í hæsta lagi einu sinni eða tvisvar á ári. Skyrtur voru þvegnar hálfsmánaðarlega.“

Fler og önnur veggjatíla lifðu kóngalífi innan veggja heimila en var slíkur óskapnaður víða álitinn merki hollustu og heilsubótar, „drægju illa vessa úr líkamanum“. Ekki þótti sóðaskapur og óþrifnaður vera af hinu illa og var málshátturinn „Saurseill maður er jafnan auðsæll“ hafður í hávegum. Á meðan íslenska þjóðin lifði ágætis lífi án þess að þvo sér reglulega á bak við eyrun fór sá vani heldur fyrir brjóstið hjá ferðalöngum er sóttu landið heim, svo og Íslendingum sem ferðast höfðu um heiminn.

Kemur fram í Alþýðubók Halldórs Laxness árið 1929 heimikið yfirlit yfir óþrifnað þessarar þjóðar sinnar. Meðal annars skrifar hann með þjósti:

„Þótt alkunnugt sé að Íslendingar eru náttúraðir fyrir óþverraskap, spillir ekki að ámálga þessa heimsfrægd vora einu sinni enn. Verður þá fyrst að minnst á þá ósvinnu sem lýsir sér í leti þeirra að hirða líkama sinn. Það er ekki liðinn nema röskur mannsaldur síðan kaupmaður nokkur fyrir norðan varð nafnkunnur út um sveitir fyrir „að nudda andlitnið á sér upp úr vatni á hverjum morgni“.

Fer skáldið mikinn og vikur bæði að tannhirðu og hrækingum með mikilli vanþóknun. Lýsir hann mönnum með grænar og svartar tennur þar sem úr munnum stendur „afskapleg lykt“ – þar sem hrákann stendur úr.

Brotið úr brókum og baðvatnið hitað

Eitt var þó sem var flestum heilagt, sama hvernig stóð á hreinlæti yfirleitt. Það var jólabæðið.

Á meðan flestum þótti mikilvægt að þrifa bæði hífýli og fatnað fyrir hátíðarnar var eitt öllu frammar, en það var að komast í bað. Fyrst þurfti þó að standa í ströngu við þvotta á rúmfötum og klæði þar sem margir áttu ekki slíkt til skiptanna og þurftu að húka berrassaðir í bælinu á meðan þvegið var af þeim.

Var þá vonast eftir svokölluðum „fátæktarþerri“ svo þvotturinn þornaði fyrir utandyra, en að því loknu var komið að jólabæðinu sæla. Heilmikið umstang var við er hitað var vatn á hlöðum og snjórn gjarnan nýttur til þessa. Heitu vatninu var svo hellað í bala eða aðrar kirnur sem heimilismenn annaðhvort sátu í eða nýttu til alþrifa á sjálfum sér með sæluhrolli í hjarta.

Ekki skal afklæðast láninu

Eftir þessa stórhreingerningu voru heimilismenn jafnan skínandi fínir og hreinir og helst var svo að því gætt að allir fengu nýja flík áður en hringt var inn til jólanna, svo ekki lenti fólk í jólakettinum.

Voru flestir ánægðir með hina árlegu hreingerningu þó gætti ótta hjá sumum, enda þjóðtrúin sterk meðal annars er kom að því hvernig best væri að klæða sig úr. Var almennt álitnið að ef sokkur og skór var tekinn samtímis af fæti þá klæddi maður sig úr láninu. Að sama skapi var þó hægt að klæða sig í lánið aftur með sömu aðferð afturábak. En það var að mörgu að huga á þessum tímum.

Jólabæðið hins vegar stendur fyrir sínu enn þann dag í dag og m.a. margir sem sækja laugar á aðfangadagsmorgun. Að þeim orðum loknum má hér koma fram að samkvæmt dagskrám sundlauganna eru þær þó nokkrar víðs vegar um land sem hafa opið á aðfangadag, þó ekki lengur en til klukkan 13.00. /SP



Kæru bændur, vinir og ættingjar !
 Guð gefi ykkur, gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
 Bestu þakkir til viðskiptavina minna á árinu sem er að líða.
 Megi árið 2024 fara ykkur öllum gæfu og frið.
 Með kærri þökk fyrir góðar stundir.

JólaKveðja,
 Ásta Veðramóti.

Búminjasafnið Lindabæ, Skagafirði óskar
 gestum, velunnurum og styrktaraðilum
 gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
 Þökkum heimsáknir og gjafir á árinu.

BÚMINJASAFNIÐ
Lindabæ

Kveðja, Sigmar og Helga

TORO

Hátíðlegar sósur fyrir rétta bragðið

Náttúruleg hráefni

- Án MSG
- Án pálmaolíu
- Lágt kolefnisspor

KROSSGÁTA Bændablaðsins

210

ÆDIS-LEGUR KANTUR SVEIGUR SJÓÐUR VAPP SKYNJA ÁINN

BRIGSLA

GEYSI-UPPHÆÐ STEIKJA

ÍLÁT

NÝLEGA PRÍLADI HVÆÐEINA

PUÐA MJÚKT LÆÐA

DEDÚA

DÍKI BLAKA TVEIR EINS

ÁTT

ERGELSI

TÍÐAR ALDINS AKNEYTI SKJÓGRA SPEKTAR

JURT

ÁGÆTASTUR VANEFNI

ÁTT HEFJA

TVEIR EINS DRÍFA EINATT

BEST TÉÐAR

TILBÚÐ

DYLIJA FLÍK GJALDA FÉLAG ÖLDURHÚS

TITILL VADALL

SPJALD DÆS

ERGIR TÍMABÍLS

STUTT-NEFNI

PORA DREITILL ÖFUG RÖÐ

DÁSEMD FUGL

PUKRAST

RÁÐDEILD

HAFNA

MYND: RODRIGO ANTONIO (CC BY-SA 4.0)

HÖFUNDIR BH - BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

209

HÁRFLÓKI EIGND PUNGUD E HLÖÐFERI HINDRA T FYRR-NEFNDUR KÍKTU GRIPA L

HALLAMÁL BAUGJA L ÓÐ BRE T T I FAT

D U F L A TILÐUR P J A T T

KIRTILL B R I S HLÖÐFERI HREYKJA P Á K U R

LÓUKYK VILJI B Í EMBRETTI SKOKK S T A Ð A NETTVAKIN O

TITILL J M LÍKAN FORRI VELA V I S T I R VIB-BURÐUR TVEIR EINS KLÍNA G G

Á B Ó T I ÞRÓTTA-FÉLAG PAKKHÚS K R ÖTRYGGUR Ó T R Ú R AFSAL

ÓPEKKUR Ó D Æ L L ÁSTUNDUN I Ð N I FRESTUR T Ö F

DY NÚMER K E L D A FUGL M KK NAFN MONT A L L A N R

T A L A SAMGULL PASSA G U M S SJÓNAR-VOTTA REYNDUR V I T N A

M MÆLI LID LÓ H E R DRÁPA K V I Ð A VELTA M

HÖLUNDUR BH - BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

NULL OG NIX HVAÞNING GELUNAFN SAGGI R A K I TVEIR EINS PAKSKEGG S S

Ö R V U N ÞJÁLFUN Ö G U N R R OMSA NÓTA R U N A

HVIDA K A S T VIB-KVEMUR N Æ M U R ERG F Ú L

KEPPANDI I Ð K A N D I BYGJA R E I S A

Mátulega hátíðlegur ís

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Það er nær ómögulegt að fá alvöru rjómaís út úr búð á Íslandi og hvað þá úti í ísbúð. Þar sem rjómaísinn er búinn til úr jurtafeiti og „gamli ísinn“ er búinn til með smjöri.

Hvort tveggja annars bara fylltir efnasamböndum sem enginn þekkir deili á nema að vinna á tilraunastofu. Þetta er svo sem ekki vandamál 11 og ½ mánuð á ári en þegar það eru jól gildir ekkert nema rjómaís með rekjanlegt upprunavottorð til hins íslenska kúastofns.

Það eru margar leiðir til að búa til ís. Best er að nota ísgerðarvél sem frýstir ísblönduna á meðan hún hrærir lofti í ísinn. Sennilega eiga fæstir slíka ísvél og þá er einfaldast að þeyta rjóma með hefðbundnum hætti. Hræra svo í hann bragðefnum. Yfirleitt eggjum og súkkulaði. Þessi aðferð á það reyndar til að framkalla leiðinlega áferð. Auk þess að vera glerharður þegar hann kemur úr kælikápnunum. Svona þarf þetta ekki að vera. Það er hægt að nýta sér nokkrar náttúrulegar og eina ónáttúrulega leið til að halda ískristalsmyndun í lágmarki og fá silkimjúka áferð á jólaísinn.

Byrjum á náttúrulegu leiðunum

Með því að búa til búðing úr mjólk og maismjöli er hægt að binda vatnið sem annars myndi kristallast fast við sterkjuna. Dropar, hvers konar, eru áfengir og hægja á myndun kristalla og ostahleypirinn í rjómaosti gefur okkur silkimjúka áferð. Engar áhyggjur, ísinn mun ekki bragðast eins og ostakaka. Það er í það



Silkimjúkur rjómaís með amerísku súkkulaðisíröpi. Borinn fram í elg – til hátíðarbrigða.

Mynd / Hari

minnsta önnur grein. Ónáttúrulega leiðin er svo ekki ónáttúrulegri en svo að nota sæta niðursoðna mjólk úr dós. Þessa mjólk má finna í flestum búðum sem eiga uppruna sinn austur en Glettingur. Á ensku heitir þessi afurð sweetened condensed milk en á dósinni sem ég fann í Austur-Evrópubúð í Hamraborginni stóð, upp á slóvensku held ég, meleko zageszczon.

Það er til önnur tegund af dósamjólk sem heitir á ensku evaporated milk. Það er ekki alveg það sama. Hún er ekki nógu sæt þannig að í hana þyrfti að bæta sykri og jafnvel þá dugir það ekki

alveg nógu vel. Því sykurinn í okkar ónáttúrulegu dósamjólk er svo gott sem síróp og er einmitt það sem hindrar, eða hægir vel á, blessuðum kristöllum frá því að myndast.

Ísgerðin

Til að útbúa búðinginn fara 240 millilítra af Nýmjólk og 50 grömm af sykri í pott. Hita upp að suðu en ekki láta sjóða. Næst þarf að hræra 10 millilítra af kaldri mjólk saman við matskeið af maismjöli. Blanda við heitu mjólkina í pottinum, ásamt örliðu af salti. Hræra vel yfir lágum hita í tvær til þrjár mínútur

þangað til blandan þykkar örliðu. Taka af hitanum og hræra kúfaða matskeið af rjómaosti, 150 millilítra af niðursoðnu mjólkinni og tvær teskeiðar af góðum vanilludropum saman við. Setja í flát og kæla.

Þetta er uppskrift að vanilluís en á þessu stigi er hægt að bæta hvaða bragði sem er saman við búðinginn. Hann tekur lengi við tilraunum. Vanilludroparnir gera svo engan usla þótt þeir haldi sér í öðrum bragðtegundum. En ef þeir þurfa að víkja er gott að skutla skvettu af öðrum dropum eða líkjöri í sem tónar við bragðið. Jafnvel bara smá slettur af koníaki eða sérrí. Það á

Mátulega hátíðlegur ís

500 ml rjómi (G-rjómi)
250 ml mjólk
150 ml sæt niðursoðin mjólk
50 g sykur
1 msk. rjómaostur
1 msk. maismjöl
2 tsk. vanilludropar
¼ tsk. salt

alltaf vel við. Eins er hægt að leika sér með hlutföllin af niðursoðnu mjólkinni og rjóma. Ef gera á t.d. súkkulaðiís með kakói er gott að auka aðeins magnið af niðursoðnu sætmjólkinni til að veiga upp á móti bitru kakóinu.

Það er hægt að gera jarðarberja-útgáfu með því að nota sultu og þá er sennilega óþarfi að auka á sætuna því sultan er líka sæt.

Rjómahlutinn af ísnum fæst með því að þeyta 500 millilítra af honum í stóra skál. Best að nota G-rjóma í ísinn. Hann er laktósafrír sem er gott fyrir jólaborðhaldið, prumpulega séð, en tekur örliðu lengri tíma að þeyta. Á móti því kemur að G-útgáfan heldur þeytingu betur en sá ferski.

Þegar rjóminn er þeyttur er köldum búðingnum bætt saman við. Það er hægt að blanda honum varlega með sleif en einfaldast er að hella blöndunni í mjörri bunu saman við rjómann í lokin á þeytingunni.

Setja ísinn í loftþétt frostþolin flát og fysta í nokkra klukkutíma. Ekki verra ef flátið er þegar kalt. Gott að taka ísinn út og setja í kæli í hálf tíma, klukkutíma áður en bera á hann fram. Það á reyndar líka við um harða mömmujólaísinn sem, þrátt fyrir allt, allir elska.

ERFINGJAR LANDSINS

Framtíðarbóndi með blandað bú

Hann Valdimar Óli er hress og öflugur strákur sem lætur ekkert stöðva sig enda framtíðin björt og áhugasviðið búskapur.

Nafn: Valdimar Óli
Valþórsson.

Aldur: 12 ára.

Stjórnumerki: Steingeit.

Búseta: Breiðmýri,
Reykjadal og á Akureyri.

Skóli: Brekkuskóli.

Skemmtilegast í
skólanum: List- og
verkgreinar.

Áhugamál: Búskapur og
öll almenn sveitastörf.

Tómstundaiðkun: Veiði
og garðvinna.

Uppáhaldsdýrið: Íslenska
sauðkindin.

Uppáhaldsmatur: Svið
og rófustappa.

Uppáhaldslag: Með vaxandi þrá.

Uppáhaldslitur: Dökkgrænn.

Uppáhaldsmynd: Dalalíf.

Fyrsta minningin: Þegar ég var
2-3 ára með pabba á fjósvélinni.



Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Allt fjárrag og að keyra dráttarvélar.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Ég ætla að verða bóndi með blandað bú og hænur og svín sem hobbí.

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Létt

	3	7	2	4		9	5	
5	4	9		6		7		
		8		9		3	6	
8		3	7	2		1		
			9	8	6			
		5					8	6
	8		6		3		9	
3	9				2			1
1					9	6		3

Þung

	4			7				
				1		2	4	
	6			3		5		
7	1							9
				4	7			
	5	2	6					
		7	1	2				
		8						
2				5	4			3

Miðlungs

2			7		3	4		
1				6		9	8	
	4							7
8		1						
		6	8		4			5
	9							6
5	7				8	2		
		2						
	6				3			

Þyngst

8	9						6	
					4	2		1
			4					3
9	7			8				
				5				
	5			6				1
7	3				9	6		
								5
1					2			

Jólahúfa

– Ein stærð

Efni:

50 g hvítur þrefaldur Þingborgar-
lopi og 50 g Slettuskjött, skærrautt,
sem er litaður tvöfaldur Þing-
borgarlopi.

Áhöld:

40 eða 50 sm hringprjónar
4.5 mm og 6 mm.

Húfan:

Fitjið upp með hvíta lopianum 68
lykkjur á 4,5 mm prjóninn. Prjónið
stroff 2 sléttar og 2 brugðnar 10-12
sm. Þegar stroff er hálfnað prjónið
eina umferð slétta fyrir uppbrotið
á húfunni.



s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvalinni lambsull í sauðalitum. Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatönum, sjón er sögu ríkari. Lopinn í húfunu sem uppskrifin er að hér á síðunni fæst í Þingborg, póstsendum bæði innanlands og utan.

Ullarverslunin er staðsett í
Gömlu Þingborg sem er 8 km
fyrir austan Selfoss.

Verslunin er opin alla daga
nema sunnudaga frá 10-17.



Skriptið yfir á 6 mm prjóninn og
prjónið tvær umferðir með rauða
litnum. Aukið um 2 l í seinni
umferðinni jafnt yfir prjóninn.

Þá er prjónað áfram. Takið
fimmtu hverja lykkju óprjónaða
tvær umferðir í röð og prjónið þær
í þeirri þriðju.

Endurtakið þetta 6 sinnum.
Þá ættu að vera komnar u.þ.b. 25
umferðir. Þá byrjar úrtaka.

Takið úr á öðrum hverjum
stað þar sem lykkjur eru teknar
óprjónaðar.

*Takið yfir á hægri prjóninn
tvær lykkjur í einu óprjónaðar,
prjónið eina lykkju og steypið
þeim óprjónuðu yfir báðum í einu,
þannig verður miðjulykkjan ofaná*

Endurtakið umferðina á enda.
Hættið að taka óprjónaða lykkjur
á þessum stað eftir fyrstu úrtöku en
haldið áfram með hinar húfunu á
enda. Prjónið 10 umferðir án úrtöku
og endurtakið hana síðan, en tekið
er úr alls fjórum sinnum á þennan
hátt.

Þá ættu að vera 15 lykkjur eftir á
prjóninum, slítið frá og notið nál til
að þræða í lykkjurnar og gangið vel
frá endanum. Búið til dúsk að vild.

Hægt er að hafa húfunu dýpri
ef vill, þá þarf að eiga meiri lopa.
Eins er hægt að stækka hana á
þverveginn, þá þarf að bæta við
minnst fjórum lykkjum á stroff og
fimm á hinn hlutann.

Hönnun: *Margrét Jónsdóttir.*

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. auk 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028 og deiliskipulaga.

Háteigur í Þykkvabæ. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 á lóðinni Háteigur L165390 þar sem núverandi notkun landbúnaðarsvæðis verði breytt í Verslunar- og þjónustusvæði. Um er að ræða áform um uppbyggingu á ferðapjónustu með stækkun íbúðarhúss og byggingu gistihúsa innan lóðarinnar fyrir allt að 25 gesti.

Gaddstaðaejja. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 á lóðinni Gaddstaðaejja L196655. Um er að ræða byggingu brúar út í eyjuna sem þolir bílaumferð og umferð gangandi fólks. Fyrirhugað er að hafa íbúðabyggð norðan til á eyjunni, fyrir allt að 12 einbýlishús og sunnan til er gert ráð fyrir hóteli með afþreyingu s.s. baðlóni, fyrir allt að 200 gesti. Einnig er möguleiki á útivistarsvæði syðst á eyinni. Gert er ráð fyrir að gerð verði breyting á aðalskipulagi þar sem núverandi óbyggðu svæði verði breytt í íbúðarsvæði að hluta og hins vegar í verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing skipulagsáforma að deiliskipulagi

Bjargshverfi. Deiliskipulag íbúðabyggðar.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023 að kynnt yrði lýsing skipulagsáforma að deiliskipulagi fyrir Bjargshverfi, nýtt íbúðahverfi innan þéttbýlisins á Hellu vestan Ytri-Rangár þar sem gert verði ráð fyrir allt að 100 íbúðareiningum í mismunandi tegundum húsa, einbýlis, par- og raðhúsum. Gerð verði grein fyrir tengingum við aðra vegi og samgöngum innan svæðisins. Tengsl við þéttbýlið austan Ytri-Rangár gerð skil með áformuðum göngubrúum og göngustígum. Aðkoma að svæðinu er um Suðurlandsveg og Árbæjarveg frá Suðurlandsvegi. Lýsingarnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 27. desember.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum.

Gaddstaðir 50, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Gaddstaði 50, norðan Suðurlandsvegur við Hróarslæk. Áform eru um byggingu vélaskemmu og annarra landbúnaðarmannvirkja í stað eldri útihúsa á lóðinni. Aðkoma að svæðinu er frá Rangárvallavegi gegnum land sveitarfélagsins.

Mosar, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir um 16 ha land Mosa L227577. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að skipta lóðinni upp í 8-15 lóðir undir sumarhús þar sem stærð hverrar lóðar yrði á bilinu 0,4 - 2,0 ha. Aðkoma er af Bjallavegi (nr. 272) um nýjan aðkomuveg að Mosum.

Rangárstígur, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. desember 2023 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Rangárstíg dags. 27.11.2017. Breytingin gerir ráð fyrir að heimiluð verði gisting í flokki II fyrir allt að 10 manns á hverri lóð. Tillagan var grenndarkynnt öllum lóðarhöfum við Rangárstíg. Gerð hefur verið breyting á texta greinargerðar í aðalskipulagi þar sem umrædd heimild hefur verið færð inn. Aðkoma er af Þykkvabæjarvegi.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 25. janúar 2024.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til
Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000
eða með tölvupósti birgir@ry.is

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra



FRÆÐSLA



Hrafnstönd er meðalstór kafönd og er nokkuð auðþekkanleg frá öðrum andartegundum sem finnast á Íslandi. Steggurinn er gljásvartur og kollan dökkmöbrún. Hrafnstönd er eina öndin í hópi svartanda sem verpur á Íslandi. Stofninn er ekki stór, einungis örfá hundruð og má segja að hún sé fremur sjaldgæf. Þeir fuglar sem verpa hér finnast helst við Mývatn og á örfáum öðrum vötnum. Hún er að langmestu leyti farfugl og eru vetrarstöðvarnar á sjó í Vestur-Evrópu. Einungis litlir hópar af hrafnstöndum hafa haft vetrarsetur á Skjálfanda og við Hvalsnes og Þvottáskriður. Aðrar tegundir af svartöndum hafa ekki orpið á Íslandi en sumar þeirra sjást reglulega á sjó við Íslandsstrendur og þá gjarnan í hópi með æðarfuglum eða hrafnstöndum.

Mynd og texti / Óskar Andri Viósson

Tíska:

Hátíðarklæðnaður við allra hæfi

Jæja, nú líður óðum að því að við klæðumst okkar allra besta og má þá annaðhvort líta yfir fataskápinn eða fyrir þá sem kjósa að lenda ekki í jólakettinum, kaupa sér nýja flík. Hér er örlítið yfirlit sem gæti hjálpað við valið.

Klassískur rauður kjóll: Tímalaust val enda rauður kjóll tákn jólaanna, sama á hvaða aldursskeiði maður er. Mælt er með dökkrauðum lit fyrir extra elegance og gott er að bera einfalda „statement“ skartgripni við.

Flauelskjóll: Veldu kjól í dökkum litum eins og djúpgrænum, vínrauðum eða dökkbláum, aðsníðinn, í a-sniði eða skósíðan. Þykkt efnið er afar fagað og því verður sníðið að passa vel.

Pallíettur: Umvefðu sjálfa þig í glitrandi pallíettum sem minna á snjókornin og frostið. Hér má klæðast kjólum, samfestingum eða í raun hverju sem er og njóta þess að dansa um eins og diskókúla.

Hvítur kjóll: Ekki endilega hefðbundnasti liturinn, en þykkt hvítt efni með loðkraga, smágerðum skreytingum eða jafnvel blúndu koma skemmtilega á óvart. Hægt er að bera skartgripni eða skó í sterkum litum á móti fyrir þá sem vilja brjóta þemað aðeins upp.

Köflótt dress: Öll höfum við einhvern tíma átt flík í notalegu köflóttu ullarefni. Dökkblátt með dökkgrænu, svart og grátt, fjólublátt og rautt og svo má lengi telja. Þetta er hátíðarmynstur sem gefur frá sér hlýju jafnframt því að vera alltaf tímalaus klassík.

Metallitaður glamúr: Metallitir hafa verið að færa sig upp á skaftið nýverið, enda hver stælur ekki senunni í gullkjól eða jakkafötum? Gæta þarf þó þess að halda fylgihlutum sem einföldustum og í lágmarki ef stefnan er sett á senubjófinn.

Blúndur: Þeir rómantísku geta valið flíkur úr ljósrauðu eða hvítu blúnduverki

jafnt sem þeir sem aðhyllast goth-stefnu geta puntað sig í svörtum eða dökkfjólubláum litum. Blúndur eru fjölhæfur valkostur sem henta fyrir ýmsa viðburði og ætti ekki að líta framhjá.

Samfestingur: Það er fátt einfaldara en að smella sér í mjúkan og glæsilegan samfesting sem á það sameiginlegt að vera bæði stílhreinn og hátíðlegur þegar háu hælarnir eru paraðir við. Fullkomið val myndu flestir halda fyrir hátíðarnar, en þó má ekki gleyma að salernisferðir geta verið erfiðar.

Vafningskjóll: Hver man ekki eftir wrap-around-dressinu sem Diane von Furstenberg kom á kortið? Einn fjölhæfasti valkostur síðari tíma sem fer öllum vel, en vafningskjóll í hátíðlegum lit er bæði stílhreinn og þægilegur og á alltaf við.

Vintage kjóll: Það er gaman að finna sér klassískan vel sníðinn kjól frá árum áður sem smellpassar og enginn annar á. Slíkar gersemar má finna á mörkuðum, second-hand verslunum eða núorðið á netinu ... nema þá er nú ekki hægt að máta, heldur þarf að kaupa upp á von og óvon. Sem sumum þykir afar spennandi.

Klassísk jólaþeysa: Faðmaðu hátíðarandann með klassískri jólaþeysu skreyttri einhverjum gæðum á borð við snjókorn, hreindýr eða jólatré.

Flauelsjakki: Stakur flauelsjakki í djúpum litum má para við hvaða buxur sem er og gefa viðkomandi fagað útlit. Dökkblár, djúpgrænn og dökkvínrauður eru allt litir sem fara vel.

Köflótt skyrta: Þótt fjálglegum orðum hafi verið farið um köflótt efni hér á undan þykir nóg fyrir þá sem ekki ganga í kjólum að bera annaðhvort vel sníðna skyrta EÐA bindi/slaufu og vasaklút í stíl. Jafnvel sokka ef til eru. Vandað efni í bland við hefðbundna jólalíti á köflunum er stílhreinn kostur sem getur komið skemmtilega á óvart.

Kaðlapeysa: Snyrtilega þrjúkjóla kaðlapeysa er tímalaus klassík, annaðhvort í ljósum eða dökkbláum lit og fer vel á, ef legið er fyrir framan arineld. Sumir kjósa þó að liggja naktir



Leikarinn ástsæli, Burt Reynolds, kys hér að liggja nakinn á bjarnarfeldi við arineld í stað þess að svitna þar í kaðlapeysu.

á bjarnarfeld nær arinnum, enda kaðlapeysur í þykkara lagi.

Skór: Sérstæðir spariskór geta lífgað upp á settlegra dress og vilja sumir hafa hálstau í stíl við skóna. Með slíka samsetningu má leika sér og geta þeir ævintýragjörmostu valið sér æpandi líti.

Sérsumuð jakkaföt: Það getur verið gaman að láta sérsumu á sig jakkaföt, þó ekki sé nema einu sinni á ævinni. Best er að hafa þau sem klassískust og þótt kostnaðurinn sé nokkur verður hann þá e.t.v. áskorun á að halda sér í formi.

Rifflaðar flauelsbuxur: Á meðan fólk í riffluðum flauelsbuxum minnir helst á pabbatískuna árið 1992 er vert að staldra við. Rifflaðar flauelsbuxur, dökkgrænar t.d., eru ef til vill ekki svo vitlaus hugmynd? Af hverju ekki að gerast djarfur og versla sér svo sem eins og eitt stykki í almennilegu / gefandi sníði?

Tíglapeysa: Tíglapeysur eru á lista sem tímalaus klassík og þá helst með v-hálsmáli, fyrir þá sem eru hrifnir af þeirri hugmynd. **Vínrauðar buxur:** Þessi hugmynd gæti haldist í hendur við riffluðu flauelsbuxurnar.

Þegar öllu er á botninn hvolt þyrfti einungis að gæta að því að viðkomandi buxur séu úr vönduðu og þykku efni.

Inniskór: Hér er ekki verið að tala um rykfalla flókaskó heldur fremur hátísku-inniskó Gucci ef inniskó má kalla, lágbotna og loðfóðraða.

Upplagðir ef verið er að striplast eitthvað í tilefni hátíðanna en viðkomandi strípalingur vill samt þykja virðulegur.

/SP

senmatic

Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loftlagsstýringar
 Áburðarblendarar
 Skjámyndakerfi
 Gluggabúnaður
 Mótorlokar
 Mælitæki
 LED lampar

Arvirkinn

Eyravegi 32 • 800 Selfoss
 Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig mun frelsast og hann mun ganga inn og út og finna haga.“

Jóh. 10.9

biblian.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Farþegabáturinn Ingólfur 2779, 30 farþegaskip, tvær aðalvélar, keyrðar 3.000 klst. Dekkrani. Frábær farþega-bátur. Upplýsingar í s. 866-9650.



Til sölu Scania R144 GA4X2NA, árgerð 1997. Með þriggja öxla flatvagni (úr áli). Upplýsingar í s. 772-0030.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl. 13-16.30.



JCB Fastrac 185, 80 km hámark, Cummins, dráttargeta 33 t. keyrður 7.500 tíma. Góð dekk, lítur vel út miðað við aldur. Verð kr. 6.900.000 +vsk. S. 773-6325.



Íslenska hestaałmanakið 2024 fæst í hestaverslunum og á www.https://snerra.is/is/vefverslun/ Fri heimsending í næsta póstbox.



Nettar fóðurstöðvar með barnalás, afhendum lokaðar með 2 beitukubbum. Henta inn í og undir innréttingar, húsgögn og við vegg. Leiðbeiningar og öryggisblöð fylgja, getum bæði sent og mætt. Vottun og varnir slf. vottunogvarnir@gmail.com. S. 770-8881.



SsangYong Korando, 4x4, árgerð 2019, sjálfskiptur, ekinn 101.000 km. Verð kr. 2.950.000 – notadir.bennis.is s. 590-2035.



SsangYong Rexton, 4x4, árgerð 2020, beinskiptur. Ekinn 52.000 km. Verð kr. 5.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang; hak@hak.is www.hak.is



Scania 113, árg. 1988. Með framdrifi, búkka og krana, ekinn 400.000 km. JK910. Verð kr. 1.500.000. Malarvagn Miller, árg. 2017, með vigt. Þriggja hásinga á einföldu, lagfærður eftir tjón. AFK60. Verð kr. 2.500.000. Staðsetning á Fljótsdalshéraði. S. 893-3443.



Sexhjól til sölu. Polaris Bigg Boss 6x6 570. Árgerð 2017, kom á götuna 2018. Vel með farið hjól með nýjum mótur frá því í vor. Ný dekk allan hringinn frá sama tíma. Verð 2.100.000 m/vsk. kr. 1.693.548 án/vsk. Upplýsingar Guðni í s. 842-5661.



Til sölu ýmsar stærðir og hraðar af nýjum Interroll ryðfríum tromlu-móturum. Valdimar s. 894-4329

2ja manna infrarauður saunaklefi
 Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
 Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.

Rafmagnspotturinn HYDRO
 Stærð 200x200x95cm.
 Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
 Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
 s. 5445550



Áramótatilboð á brettagöfflum með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð áður 189.000 m/vsk. Tilboð kr. 170.100 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Til sölu, Merlo P40.7 lyftari, árg. 2012, notkun: 7.200 tímar. Deutz mótur. skrifstofa@kletturskip.is, s. 775-0600.

Óspakseyrargátan
 sakamálasaga

Finnbogi Hermannsson

Óspakseyrargátan Ný íslensk sakamálasaga eftir Finnboga Hermannsson. Óspakseyrargátan gerist á Vestfjörðum árið 1910 og á sér sviplegan endi eftir löng og þrúgandi réttarhöld, bæði á Ströndum og í Reykhólasveit. Óspakseyrargátan fæst hjá höfundu, póstfang: finnbh@simnet.is s. 861-8993.



Orðasmiðir óskast. Skógarafurðir ehf. óska eftir skemmtilegum tungubrjótum í nafnaleik á nýrri vöru sem kemur á markað á nýju ári. Kíkið á Fésbókarsíðu: Skógarafurðir ehf. fyrir 19. des. Til styrktar góðu málefni að eigin vali. [#sóknaráætlun](https://www.facebook.com/skogarafurdir)

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO
 QUALITY FOR LIFE

UNSIINN

Schmidt
 FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.

BRIMCO

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
 Sími: 894 5111 - www.brimco.is



Áramótatilboð á FK Machinery rúllugreipum með þrítengi. Verð áður kr. 99.000 m/vsk. Tilboð kr. 89.100 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hauksson.is



Áramótatilboð á Weckman WS 70G sturtuvögnum. Burðargeta/hlassþyngd 7 tonn. Verð áður kr. 1.590.000 m/vsk. Tilboð kr. 1.390.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hauksson.is



Backhoe fyrir dráttarvélur og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudypt: 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163



Til sölu Valtra N - 113, árgærd 2014. 130 hö. með tækjum. Notkun 6.175 vst. Þjónusta reglulega hjá Vélaverkstæði Þóris. Óflug ámoksturstaeki. Vökva-læsing skóflu. Útskot á dráttarkrök. Þægileg stjórnstæki. Geymd inni á vetrum. Afturdekk, ástand gott. Verð kr. 6.800.000 +vsk. Uppl. í s. 862- 9380, textaskilaboð eða messenger.



Áramótatilboð á girðingarefni frá Estate Wire. 5 strengja tünnet. Verð áður kr. 14.900 m/vsk. Tilboð kr. 14.100 m/vsk. Iova gaddavir. Verð áður kr. 9.100 m/vsk. Tilboð kr. 8.600 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hauksson.is



Bretttagafflar fyrir ámoksturstaeki. Ásoðnar festingar - Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Þólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratakur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Nýjar ljósavélar, rafstöðvar 70 kva. og 90 kva. Tilbúnar til afhendingu. Staðgreiðsluverð frá kr. 1.990.000 +vsk. Upplýsingar í s. 696-9468 eða á agnar@husagerdin.is



MF6615 DYNA4. Árg. 2016. Óflugur vinnupjarkur með einfalda uppsetningu. 140/160 hestöfl. Verð kr. 9.290.000 +vsk. Afivelar ehf. S. 480-0000. Afivelar.is



Bretttagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta: 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Þólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Doosan DX 530. Árg 2015. 7000 vst. Skófla og hraðtengi. Trimble án skjás og hatta. Smurkerfi. Verð kr. 25.000.000 +vsk. Davíð s. 787-1199 david@vinnuvelarehf.is



VALTRA N103 HITEC 5. Árg.2015. Sterk og áreiðanleg ámoksturstaekjavél. 110 hestöfl. Verð kr. 7.590.000 +vsk. Afivelar ehf. S. 480-0000. Afivelar.is




Gúmmirampar fyrir brettatjakk. Stærð: L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd: 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Til sölu glæsilegt málverk eftir Þránd Þórarinnsson. Stærð: 180/200. Myndefni er Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar. Verð kr. 750.000. Uppl. í s. 898-9475.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager - 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhljól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 l eða 60 l tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðabjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Koni tveggja pósta bílalyfta 2004 árgærd. Lyftir 3000 kg. Breidd 2,88 m. Hæð 3,7 m. Ásett verð kr. 450.000. Lyfta í góðu standi, var tekin niður vegna kaupá á stærri lyftu. S. 544-5151. Biljófur ehf. Hlödver.



Snjóbólarsari fyrir traktor, breidd 180 cm. Verð kr. 695.000 +vsk. Við kynnum fjöldann allan af nýjungum strax á nýju ári. Fylgstu með á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520

Innanundirföt frá Janus á frábæru verði. 68% merinóull.

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Frábær jólagjöf!

JanusPro® peysa Verð: 8.990 kr. Stærðir: XS-3XL Verð: 7.750 kr.

JanusPro® buxur

Vefverðun: Khvinnufot.is

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

KH VINNUFÖT
Öryggi fyrst og fremst

Ísvélar

1-50 tonn/sólarhring

KG G

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

BETRA FYRIR ÞIG, VÉLINA ÞÍNA OG NÁTTÚRUNA

Hreinna eldsneyti 0% etanól

Finndu þinn söluaðila á www.aspenfuels.is

ASPEN
FUEL FOR PROFESSIONALS

LED perur fyrir Flúrlampa!

3 Stærðir - Allar perur : Verð kr. 1.000

- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.

Sími: 866-9693

Facebook: Gróðurhús SMH ehf

Þriggja arma LED ljós sem skráfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur

80W - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000

KRANAR

- Bryggjukranar
- Iðnaðarkranar
- Báta- og skipakranar

Við erum sterkir í krönum og bjóðum staðlaðar lausnir og sérsmiði frá TMP og Heila.

VINNUVÉLAR & ÁSAFL

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær - Iceland - www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplogur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2,8m Verð: 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjölplogur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:

Verð frá 70.000 kr.*

Stlétt plata 3-punkta
EURU/SMS EURO stór
JCB 3CX hrað CASE 580SR

Slitblöð

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plöga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplogar VT320 & VT380
Sterkir plögar með flotgrind
fyrir meiri hraða.
Verð frá 2.890.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr.*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, með föstum
vængjum, glussastýring á
túðu, 3p tengi. Drifskóft.
Fyrir +70hp
Verð 2.490.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3, 210 Gardabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Glussadrifnar haughræur á ámoksturs-tæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útlón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Harðfisksvals. Einfasa, um 15 cm á breidd. Nánari upplýsingar s. 897-6684. Smíjukot ehf. Eiríkur Haraldsson.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Glussaknúnar vatnsdælar fyrir tankbila og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klt. Einnig dælar með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valta. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Bragðgott og meyrnt nautakjöt. 1/3 um 20 kg af kjöti, hakk, gúllas, snitsel og steikur. Afhending vikulega. www.myranaut.is eða s. 868-7204.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hjóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Vélavít ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Gardabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Klósettdælar fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacz-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Díselhitari 12 og 24 volt. 5 kw. Öll þjónusta. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Háþrýstidælar fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitara fyrir háþrýstidælar. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is, www.hak.is s. 892-4163.



Sjálfsogandi dælar frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhrein vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurólúðryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hef til sölu gamla Scaniu, árgerð 1988. Ekin 530.000 km. Búkkabíll með sturtupalli. Einnig eru gámafestingar á bílnum. Númer til en liggja inni. Gamall reynslubolti sem getur enn ýmislegt, kram í finu lagi en þarfnast vissulega ástar að utan. Verð kr. 450.000 eða tilboð s. 846-8050.



Innihræur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudypt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163 hak@hak.is / www.hak.is



New Holland T5.120. Árg. 2019. Mikið upperð vél. Margt nýtt. 120 hestöfl. Verð kr. 10.790.000 +vsk. Afvélvar.is S. 480-0000. Afvélvar.is



Glussadrifnar gólfhræur. Vinnudypt: 1,9 m. Stærð á skrófu: 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði: 75 L/min. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólf- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Díselhitari 5kw 12, 24 og 220 volt. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185



Gólfhiti, gólfhræsing fyrir 16 mm. rór. Ryklaus hræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Upplýsingar og tilboð s. 892-0808 - Oliver.

Einkamál

Ungir menn, athugið. Við eigum glæsilega dóttur á miðjum þrítugsaldri sem langar að kynna hjartagóðum ungum jarðbundnum manni sem er sjálfstæður og vinnusamur. Dóttir okkar er vel menntuð, harðdugleg, mikill dyra- og mannvinnur, sem líður ekkert kjaftæði. Áhugasamir sendi inn erindi á netfangið lillamus@internet.is fyrir 24. desember 2023.

Leyniregla fálkans kemur saman að nýju á milli jóla og nýárs. Sami staður og sami tími. Gleðin verður að halda áfram.

Óska eftir

Kaupi vínlyplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Leita eftir gömlum reiðtygjum í endurvinnsluverkefni. Taumlásar, leðurtaumar, mál, nasa-/stallmúlar. Hafid samband í s. 660-7667 Sigríður Þóra.

Óska eftir vatnabáti undir 6 m/ snjóleða með innspýtingu eða fjórhjóli japönsku, allt má þarfnast viðhalds/adhalds, allt skodad s. 699-6854, Jón.

Harmoniku Zero Zette, dómustærð, pianoborð, fjögurra kóra, 120 bassa (ekki kasetto), helst ekki eldra en 10 ára. Upplýsingar í s. 852-5060.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drennottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Til sölu 4ra öxla Scania vörubíll með PM- 80 krana, kraninn með spili. Upplýsingar í s. 772-0030.

Til sölu Huyndai Tucson Premium árg. 2016. Ekin 114.000 km. 185 hestöfl (stærri vélin). Fjórhjóladríf glerþoppur/topplúga. Dráttarkrókur (hægt að taka af). Sumar- og nagladekk Verð kr. 3.790.000. Nánari upplýsingar í s. 664-8551.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafid samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Bændablaðið

www.bbl.is



Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



2024

ÚTGÁFUDAGAR BÆNDABLAÐSINS

JANÚAR

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

FEBRÚAR

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29		

MARS

S	M	Þ	M	F	F	L
						1 2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

APRÍL

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

MAÍ

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

JÚNÍ

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

JÚLÍ

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

ÁGÚST

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

SEPTEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

OKTÓBER

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

NÓVEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

DESEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega og að jafnaði á fimmtudögum nema þegar frídagur hliðra útgáfudögum.

Dreifingarstaðir Bændablaðsins eru mörg hundruð talsins úti um allt land. Lista yfir þá má finna á vefsíðunni okkar, [bbl.is](#). Efni blaðsins birtist einnig á vefsíðunni **bbl.is** milli útgáfudaga, en þar má einnig nálgast PDF útgáfu blaðsins og gerast áskrifandi. Einnig heldur blaðið úti samfélagsmiðlasíðum á **Facebook** og **Instagram** undir nafni blaðsins. Þar má finna meira myndefni og vídeó sem tengjast umfjöllunarefni blaðsins.

Æskilegt er að hafa samband tímanlega ef koma á auglýsingu eða aðsendri grein í blaðið. Auglýsendur skrá sjálfir smáauglýsingar á vefnum: [bbl.is/smaauglysingar](#). Netfang ritstjórnar er [bbl@bondi.is](#) en auglýsingadeildar [thordis@bondi.is](#).

Einnig er hægt að hringja í síma 563-0300. Netföng starfsmanna má finna á [bbl.is](#).



LANDSTÓLPI

Sterkir í stálgrindarhúsum



Vesturbyggð
Áhalda- og þjónustuhús - 300m²



Löður ehf.
Reykjanesbæ - Bílþvottastöð - 260m²



Höfði Development ehf.
Grenivík - Hesthús 304m²



Eimskip hf. - Sundahöfn
Hlið og stjórnstöð
Verkstæði - Endurklæðning

*Við hjá Landstólpa erum stolt af
verkunum okkar árið 2023. Þökkum fyrir
ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða og óskum
ykkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

Jólaþakveðja, starfsfólk Landstólpa



Orkugerðin ehf.
Flóahreppi - Viðbygging og nýtt hús
fyrir gufuketil - "Í vinnslu"



PharmArctica ehf.
Grenivík - Viðbygging við framleiðsluhús - 1.000m²



Laxar fiskeldi ehf.
Bakka í Ölfusi - Yfirbygging yfir ker - 1.868m²



Landsnet hf. - Alverk
Breiðadal - Tengivirki - 105m²



Helgastaðir - Ólafur og Ólöf
Bláskógabyggð - Hesthús og
vélageymsla - 400m² og 250m²



Samherji fiskeldi ehf.
Öxarfirði - Seiðaeldi - 706m² - "Í vinnslu"



Landsnet hf. - Alverk
Njarðvíkurheiði - Tengivirki og spennahús
323m² og 235m² - "Í vinnslu"



Háafell ehf.
Nauteyri - Seiðaeldi - 1.400m² - "Í vinnslu"